FORNLEIFASKRÁNING Á ÞREMUR JÖRÐUM Í RAUÐASANDSHREPPI

HVALLÁTRAR, BREIÐAVÍK OG KEFLAVÍK



BIRNA LÁRUSDÓTTIR OG SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR BECK

REYKJAVÍK 2016

FS624-13051

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumynd: Úr Breiðavíkurveri, sjá 139:017

©2016

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG:fsi@instarch.is

www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR....4

Fyrri rannsóknir....5

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF....6

3. AÐFERÐIR OG SKÝRINGAR....8

4. FORNLEIFASKRÁ....10

5. NIÐURSTÖÐUR....199

Bæjarstæði og býli....200

Kirkjur, mannabein og meintir legstaðir....201


Verstöðvar....202

Minjar á bjarginu....202

HEIMILDASKRÁ:....204

VIÐAUKI: KORT....206

1. Inngangur



Sumarið 2013 fór fram fornleifaskráning á þremur jörðum í Rauðasandshreppi í V-Barðastrandarsýslu: Hvallátrum, Breiðavík og Keflavík. Verkið var unnið fyrir styrk frá Fornminjasjóði en einnig kom Vesturbyggð að fjármögnun. Skráningin var gerð í tengslum við deiliskipulag á Látrabjargi sem unnið var af arkitektastofunni Baark ehf. Hluti af skráningunni fylgdi sem viðauki með deiliskipulagsgreinargerð, þ.e. skrá yfir þær minjar sem voru inni á eiginlegum skipulagssvæðum, þar sem fyrirsjáanlegt var að framkvæmdir gætu orðið v/ bygginga eða vegagerðar í náinni framtíð. Þetta voru einkum byggðin á Hvallátrum, Brunnar, Bjargtangar, Breiðavíkurtún auk breytts vegarstæðis Örlygshafnarvegar.[1] Í þessari skýrslu birtist hins vegar heildarskráning minja á öllum jörðunum, burtséð frá skipulaginu.

Fornleifaskráning var gerð samhliða deiliskipulagsvinnunni og var samráð haft um minjar á svæðinu í öllu skipulagsferlinu, sem telst nokkur nýjung. Fornleifafræðingur vann með arkitektum allt ferlið og sat fundi með landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum. Auk þess var haft samráð við Minjastofnun meðan á verkinu stóð. Haft var að leiðarljósi að fornleifar feli í sér tækifæri, geti stuðlað að betra skipulagi, meira aðdráttarafli og auk þess að samvinna ólíkra sérfræðinga og samráð og umræða um menningararf (örnefni og minjar) geti leitt af sér sáttari íbúa og landeigendur á svæðinu, enda skapaðist frjór samræðuvettvangur við þá meðan á verkinu stóð. Að öðru leyti er hér vísað í deiliskipulagsgreinargerð um hugmyndafræði verkefnisins.

Birna Lárusdóttir stýrði verkinu en auk hennar vann Sólveig Beck Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur, við skráninguna. Vettvangsvinnan var byggð á heimildasöfnun sem fram

[1] Sjá deiliskipulagsgreinargerð: Birna Lárusdóttir, Borghildur Sturludóttir og Þórhildur Þórhallsdóttir 2014.

fór árið 1997 og var hluti af svæðisskráningu fornleifa í allri Vesturbyggð sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands.[2] Á vettvangi var rætt við fjölda heimildamanna, bæði í Breiðavík og á Hvallátrum. Þeim er hér með þakkað kærlega fyrir ánægjuleg viðkynni, hjálpsemi og ófáa kaffibolla ásamt fleiri veitingum en eftirminnilegastar þeirra voru glæný egg úr bjarginu.

Fyrri rannsóknir

Ekki hafa miklar fornleifarannsóknir farið fram á jörðunum þremur þótt ýmsar sagnir fari þar af fornleifafundum. Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörður, skoðaði nokkra staði í hreppnum í skráningaleiðangri árið 1913.[3] Hann greinir frá mannabeinafundi við byggingu nýs íbúðarhúss í Breiðavík og segist sjálfur hafa fundið þar nokkur mannabein skammt undir sverði. Síðan hafa oft komið upp bein þar við framkvæmdir, bæði manna- og hrossabein en aldrei hefur þó farið fram eiginleg fornleifarannsókn. Auk þess segir Matthías frá meintum ræningjadysjum í landi Hvallátra, annars vegar Kárna (BA-138:038) og hins vegar Kúlureit (BA-138:013G) í verstöðinni á Brunnum. Sjálfur virðist hann ekki hafa grafið í dysjarnar en fullyrðir þó að mannabein hafi komið út úr þeirri síðarnefndu.

Árið 1994 fór Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur á Þjóðminjsafni, um svæðið og skráði friðlýstar minjar í Rauðasandshreppi.[4] Fór hann á alla staði þar sem minjar hafa verið friðlýstar, kannaði staðina og mat minjagildi og hættu sem steðjaði að þeim en sökum tímaskorts gat hann aðeins teiknað upp hluta minjanna. Það er skemmst frá því að segja að þessar rannsóknir Guðmundar hafa komið að mjög góðu gagni og varpa jafnvel ljósi á breytingar sem hafa orðið á minjastöðum á síðustu 20 árum, ekki síst á verstöðvunum á Brunnum og í Breiðavíkurveri.

Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingur, hefur nýverið staðið fyrir sýnatöku úr öskuhaugum í verstöðvum, m.a. í Breiðavíkurveri, í þeim tilgangi að varpa ljósi á þróun fiskveiða og lífríkis í hafinu. Niðurstöður liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað.

[2] Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir 1997.

[3] Matthías Þórðarson 1925.

[4] Guðmundur Ólafsson 1995.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðaðar. Auk þess segir í lögunum: „Fornleifum….má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar krefst fjölþættra athugana á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;


i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins.

3. Aðferðir og skýringar

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-143:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Í skránni hér á eftir fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en

minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

BA-137 Keflavík

12 hdr. 1703. Bændaeign. Í eyði fyrir 1959. 1458 var Keflavík 12 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur, DI V, 163. 15.4.1480 fær Þorleifur Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. Keflavík, DI VI, 255-56. 17.4.1480 selur Þorleifur Björnsson Gísla Filippussyni Keflavík, DI VI, 257. 6.10.1483 gefur Gísli Filippusson Dýrfinnu dóttur sinni í heimanfylgju ámóts við Jón Jónsson Keflavík fyrir 12 h, DI VI, 501 sbr 607. 1514 gaf Jón Jónsson Íslendingur 1/6 af öllum reka í Keflavík til Sauðlauksdalskirkju, DI VIII, 517. 3.12.1533 bar séra Filipus Jónsson að foreldrar hans, Jón Jónsson Íslendingur og Dýrfinna Gísladóttir, hefðu gefið sér Keflavík í tannfé en hann hefði gefið jörðina bróður sínum Konráði Jónssyni til kvonarmundar, DI X, 69. 28.8.1539 fær Ögmundur biskup Daða Guðmundssyni m.a. Keflavík, sem hann hafði fengið af séra Filipusi Jónssyni og Dýrfinnu Gísladóttur móður hans, DI X, 469-70. 21.8.1543 fær séra Filipus Jónsson Guðrúnu Björnsdóttur eldri Keflavík til eignar fyrir 12. hdr, DI XI, 248-49 sbr. 492-93. 1576 var Keflavík 12 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar, Jarðabréf, 103. Samkvæmt örnefnaskrá fór Keflavík í eyði árið 1933. Keflavík á Brekkuhlíð inn að Forvaða en Keflavíkurbjarg út að forvaðanum Gorgán.
1920: 2,7 ha. garðar 618 m2, 1/4 sléttað. 1840: "graslítil jörð, en fjöru- og útigangsjörð með heimræði." SSV, 212. 1942: "Er bær þessi afskektur og einangraður. ... Frá Keflavík voru jöfnum höndum stundaðir sjóróðrar og



Horft niður í Keflavík til austurs. Bæjarhóllinn sést sem grænn blettur vinstra megin í kvosinni.

bjargferðir í Látrabjarg, bæði til fuglveiða og eggja ... Keflavík mun löngum hafa verið talin notasæl jörð, þótt ekki sé þar heyskapur mikill, hvorki á túni né utan túns. Sauðland er kjarngott, bæði sumar og vetur. Fjörusæld er mikil og veðursæld í öllum áttum. Trjáreki er þar all-mikill og bjargið gagnsamt ..." Bstbók, 93-94. 1959: "Þar er þröngt um og hrjóstrugt, þó er sæmilega grasgefið kringum bæjarstæðið, sem er skammt frá sjó ... Kostir kotsins eru: útræði, reki, hlunnindi af fugli í Bjarginu og óþrjótandi útbeit og fjörubeit. ... Aðstaða er óhæg í fjöru og lítið pláss fyrir báta." ÁFÍ 1959, 116.


BA-137:001 *Keflavík* bæjarhóll bústaður 65°30.626N 24°15.035V



Bæjarhóllinn í Keflavík (sjá minjar 001-004), horft í norðaustur

Í Vestfjarðariti III e. Birgir Þórisson segir um Keflavík: "Í Keflavík var lengst af tvíbýli, og jafnvel þríbýli, og var það þrennt sem stóð undir búsetunni. Auk útigangsins, voru það hlunnindin úr bjarginu, og sjórinn. ... Keflavík fór snemma í eyði, 1934, og olli því mest einangrun staðarins, ásamt því að íbúðarhús þar brann. ... Frá 1934 hefur Keflavík verið í eyði. Íbúðarhúsið í Keflavík brann, og flýtti það fyrir að jörðin færi í eyði. Þó var Ingimundur B. Halldórsson með fé í Keflavík framan af vetri 1940, en hann átti þá heimili á Brekku hjá tengdaforeldrunum." Samkvæmt örnefnalýsingu fór Keflavík í eyði 1933. Þýskum njósnara var leynt í Keflavík á árunum 1942-1943. Jörðin var að einhverju leyti nýtt frá Geitagili í Örlygshöfn fram eftir 20. öld. Keflavík er lítil vík, um 1,2 km breið og 1,2 km löng, syðst á Vestfjarðakjálkanum, um 7 km vestan við Rauðasand, um 6,5 km suðaustan við Breiðuvík BA-139:001 og um 10 km austan við Hvallátra BA-138:001.

Bæjarhóll Keflavíkurbæjarins sést ennþá vel, mjög grasigróinn og stæðilegur innarlega í víkinni á grasigróinni tungu milli Bæjarlækjar og Keflavíkurár. Hóllinn er um 15-20 m austan við Keflavíkurá á milli Hlunkurholts (stór sandalda vestan við Keflavíkurá) að suðvestan og Berga (Bergir, kk, ft., klettahjallar) að norðaustan. Gamla túnið í Keflavík er vel grasi- og mosagróið og nokkuð sléttlent, en mjög deigt, sérstaklega austan og ofan við bæ, og tekið að hlaupa í þúfur.
Í Vestfjarðariti III segir einnig: "Til íbúðar var baðstofa, 6,28x3,14 m (19,7 m2), með stöfum, syllum, súð og upprefti á hálfri baðstofu, torfþaki, gluggalaus, metin á 350 krónur." Bæjarhóllinn hefur staðið svotil ósnertur síðan bærinn fór í eyði árið 1934 og er hann um 80x70 m að flatarmáli og 1-3 m á hæð. Samkvæmt Keran Stueland Ólasyni stóð hluti gamla bæjarins uppi fram til um 1950-60 þegar Guðrúnarbúð (björgunarveitarskýli) var byggð. Tóftir gamla bæjarins eru enn mjög greinilegar á hólnum ásamt útihúsum og var tóftunum skipt upp í bæjartóft 001A-E, hólf 001F, kálgarð 001G, fjárhús 002, útihús 003 og útihús 004A og kálgarð 004B (sjá teikningu 001-004). Allar tættur standa grónar og eru þær hlaðnar úr torfi og hraun- og hellugrjóti. Á stöku stað eru þó hleðslur teknar að síga inn í tóftirnar. Öll þök eru að mestu fallin eða horfin með öllu. Megin bæjarhúsatóftirnar 001 eru samsettar af fimm húsum eða hólfum 001A-E. Talið er að síðasta íbúðarhúsið í



Keflavík hafi verið syðst í bæjarhúsatóftunum í húsi A. Innanmál hússins er um 4x4 m. Austur- og vesturveggir standa nokkuð vel ennþá en norðurveggur er hruninn inn. Veggir hólfsins eru 0,5-1,2 m á hæð. Engin greinileg ummerki um bruna eru sjáanleg. Í norðausturhorni A eru ryðgaðar leifar af eldavél. Þak hússins er hrunið inn en það hefur trúlega verið flatt skúrþak, byggt úr timbri og bárujárni með torfi ofaná. Timburþil hefur trúlega verið að sunnan og gengið hefur verið þar inn. Fast norðan við hús 001A er hús 001B. Hús 001B er stærst en um 3 m þykkur veggur aðskilur hús 001A og 001B. Megin hólf er um 6x5 m að innanmáli og liggur VNV-ASA. Gengið hefur verið inn í hólf 001B að vestan um timburþil sem er horfið. Í suðausturhorni inn í austurvegg er svo lítið hólf eða herbergi sem er um 2,5x2 m og liggur NNA-SSV. Norður- og austurveggir standa allt að 1,8-2 m hátt á meðan suðurveggur er nokkuð siginn. Hluti hólfsins að innan hefur legið a.m.k. 0,5 m dýpra/lægra en hlaðið fyrir utan. Veggir eru að mestu hlaðnir úr hellugrjóti. Ekki er útilokað að hér hafi einnig verið baðstofa með kjallara en þó gæti einnig allt eins hafa verið hér útihús og hlaða. Hús 001C er norðan við 001B og er það nyrsta húsið í bæjartóftinni. Um 2 m breiður veggur aðskilur húsin. Hús C er nokkuð hrunið saman en hefur það líklega verið um 5x2-3 m að innanmáli og liggur VNV-ASA. Veggir hússins eru um 0,5-1,2 m á hæð. Gengið hefur verið inn að vestan um timburþil. Engin greinileg ummerki eru um jötur eða garða. Hér gæti hugsanlega hafa verið gripahús eða skemma. Austan við hús B og C er hús 001D en veggur milli B og C ber við mitt hús D. Húsið liggur VNV-ASA og gengið hefur verið inn að austan. Innanmál er um 4x2 m. Inngangur er samfallinn en hefur hugsanlega verið um 0,5 m á breidd upp við suðurvegg í suðausturhorni húss. Leifar af hellu og torfþaki fylla upp í hólfið og sjást ennþá leifar af 4-5 timburstaurum sem haldið hafa helluþakinu uppi. Veggir eru signir og um 0,5-1 m á hæð. Hlutverk er óljóst en ekki er útilokað að hér hafi fjósið verið þar sem þetta hús er aðeins um 30 m vestan við Klíningshól 019 en "skamt fram af honum stóð fjósið" samkvæmt örnefnaskrá . Hólf 001E er fast austan við 001A en hólfið er mjög óljóst svo ekki er alveg víst að um eiginlegt hús sé að ræða. Hólfið er um 1x2 m að innanmáli og liggur NNA-SSV. Veggir eru vel grasigrónir og mjög óljósir eða <0,5 m á hæð og <0,5 m á breidd. Trúlega hefur verið gengið inn að sunnan. Hugsanlega gæti hafa verið hér eldiviðarskemma eða lítill geymsluskúr. Fast ASA við bæjartóft 001A-E er stórt opið hólf 001F. Hólf 001F er um 8x4-5 m að innanmáli og liggur NNA-SSV. Hólfið er slétt og grasigróið að innan. Það er afmarkað af bæjartóftum 001A-C að vestan og 001D norðan en að austanverðu er hólfið afmarkað af grjóthlöðnu garðlagi sem tengir saman suðausturhorn húss 001D og norðvesturhorn fjárhúss 002. Garðlagið er vel grasigróið, 0,3-0,5 m á hæð, 1-1,5 m á breidd og liggur NNA-SSV. Yfirborð hólfsins er í sömu hæð og bæjartóftir 001A-E. Þar sem hólf 001F og kálgarður 001G mætast er hins vegar 0,5-1 m hár grasigróinn bakki. Yfirborð kálgarðs 001G er því 0,5-1 m lægra en yfirborð hólfs 001F. Hlutverk hólfs 001F er óljóst en ekki er útilokað að í því hafi verið lítill kálgarður. Hólf 001G hefur mjög líklega verið kálgarður þar sem beðin og dældirnar á milli þeirra eru enn vel greinileg. Botn kálgarðs 001G er vel grasigróinn og hallar 2-5° til SSV. Beðin eru um 1 m á breidd. Kálgarðurinn er afmarkaður að vel grasigrónu grjót- og torfhlöðnu garðlagi að sunnan og vestan. Garðlagið er 1-1,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð en garðlagið kemur í ljós um 1 m í suður frá suðvesturhorni hólfs A og liggur þaðan um 12 m niður í SSV þar sem það beygir og liggur aðra 12 m í ASA þar sem það liggur inn á milli og tengist norðvesturhorni tóftar 003 og suðvesturhorni fjárhúss 002. Að norðan er eins og áður segir um 0,5-1 m hár bakki 1-2 m sunnan við hús 001A og 001E og hólf 001F. Að austan er kálgarður afmarkaður af fjárhúsi 002.

Tóftir 002-004 standa einnig á bæjarhólnum vestan og suðaustan við 001 en þeim var gefið sér númer þar sem þær eru nokkuð miklar um sig og eru ekki beint tengdar bæjartóft 001A-E.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920; Vestfjarðarit III, 217-220; Ö-Keflavík, 3 og 6

BA-137:002 tóft fjárhús 65°30.624N 24°15.014V



Fjárhústóft 002, horft í suðvestur.

Stórt fjárhús stendur enn á bæjarhólnum 001 en aðeins 5-6 m eru á milli bæjartóftar 001 og fjárhúss 002.
Fjárhús 002 stendur á grasigrónum bæjarhólnum suðaustanverðum og þjónar sem austurveggur kálgarðs 001G.
Fjárhústóft 002 virðist hafa verið einföld, um 13 m á lengd, 7 m á breidd og liggur NA-SV. Tóftin er vel grasi- og mosagróin en hún er full af þakleifum. Greinilegt er að þakið á tóftinni hefur verið hellu og torfþak sem haldið var uppi með um 18 þykkum timburstaurum sitt hvoru megin við mæni. Gengið hefur verið inn að austan fyrir miðju húsi en einnig er hugsanlegt að inngangur hafi verið á suðurvesturenda en hann er samfallinn. Óljóst er hvort húsinu hefur verið skipt meira upp en ekki er útilokað að timburþil hafi verið til staðar. Gluggi hefur einnig hugsanlega verið í norðvesturenda en þar er um 0,4 m djúp dæld ofan í vegginn. Veggir eru teknir að síga inn í tóftina og á nokkrum stöðum hefur efsti hluti þeirra fallið inn í tóft með þakinu. Veggir eru mikið til hlaðnir úr hellugrjóti og stórar hellur hafa verið í þakinu og yfir inngöngum. Veggir eru 2-3 m á breidd og 1,5-1,8 m á hæð, mest 10-16 umför. Innanmál tóftar hefur verið um 9x3 m en er nú aðeins minna vegna hruns. Engin greinileg ummerki eru um garðaundirstöður eða jötur vegna hruns.
Hættumat: engin hætta

BA-137:003 tóft útihús 65°30.618 N24°15.015V



Útihústóft 003, horft í suðvestur

Tóft 003 er á suðurenda bæjarhóls um 2 m SSV við fjárhús 002 og um 4 m norðan við Bæjarlæk. Þessi tóft er ekki teiknuð á túnakort Keflavíkur um 1920.
Bæjarhóll er hér grasigróinn og þýfður og brekka hallar 2-5° til suðurs.
Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og liggur NNA-SSV. Tóftin er um 5x5 m að utanmáli og 3x2 m að innanmáli. Gengið var inn að sunnan um 0,5 m breiðan inngang upp við austurvegg í suðausturhorni. Hleðslur eru nokkuð signar inn í tóftina svo veggir eru aðeins um 0,5-1 m á hæð og 1-1,2

m á breidd. Engar garða- eða jötuundirstöður greinanlegar. Hér gæti hafa verið útihús, hugsanlega hesthús eða fjárhús.
Hættumat: engin hætta

BA-137:004 tóft+garðlag útihús 65°30.625N 24°15.064V
Samkvæmt túnakorti af Keflavík frá 1920 var stór kálgarður um 5 m VNV við bæ 001. Á bæjarhólnum vestanverðum um 2-3 m vestan við bæjarhústóft 001 er enn stór kálgarður (004B) til staðar ásamt útihústóft (004A) í suðvesturhorni hans sem ekki er sýnd á túnakorti. Útihústóft 004A er um 25 m vestan við bæjarhús 001A og um 40 m austan við Keflavíkurá. Bæjarhóll er hér grasigróinn og þýfður og brekka hallar 2-10° til VNV.



Tóft 004, horft í austur.


Kálgarðurinn er um 22x18 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Garðlag umhverfis kálgarðinn að norðan, sunnan og austan er 0,3-0,5 m á hæð og um 1 m á breidd. Vestan við kálgarðinn er aðeins 1-1,2 m hár og 20-30° brattur bakki að vestan án greinilegs innri veggjar. Garðlag er hlaðið úr grjóti og torfi. Beðin í kálgarðinum eru ennþá vel greinileg, 1-1,5 m á breidd og liggja niður brekkuna til vesturs. Í suðvesturhorni kálgarðsins er einföld útihústóft sem er um 6x5 m að flatarmáli og snýr austur-vestur. Gengið hefur verið inn að vestan utan við kálgarðinn. Inngangur er nú samfallinn en virðist þó hafa verið um 0,5 m á breidd og verið staðsettur fast upp við suðurvegg í suðvesturhorni tóftarinnar. Hleðslur eru signar og veggir 1-1,5 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð (8-10 umför). Tóftin er full af leifum af stórum hellum, torfi og timburbitum úr þaki. Engin greinileg ummerki um jötu- eða garðaundirstöður eru sjáanleg. Hlutverk er óljóst en hér gæti hafa verið hesthús eða fjárhús.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920



Verbúðartóft 005, horft í suðaustur.

BA-137:005 tóft verbúð 65°30.331N 24°14.712V
"Meðan útræði var úr Keflavík, voru verbúðir innan til við ána, og sjást tóftirnar enn. Innst voru Innstabúð og Litlabúð, sem voru hlaðnar saman, grjótveggur á milli. Yzt og næst ánni var Hagamannabúð [031] og fyrir ofan hana Haugbúð. Árdalsbúð [044] var fyrir ofan Hagamannabúð, upp með ánni. Hún var höfð fyrir fjárhús, en var áður verbúð. Upp af Haugbúð var Hæstabúð. Ekki er nú vitað,




hverjir áttu og notuðu þessar búðir, en í skrá A.G. er þess getið til, að Hagi á Barðaströnd og Haugur (Auðshaugur) á Hjarðarnesi hafi átt tvær þeirra," segir í örnefnalýsingu. Tóft er rúmlega 50 m austan við slysavarnarskýlið Guðrúnarbúð í Keflavík, 5-600 m suður af bæjarhól 001. Þetta er austasta tóftin við sjávarsíðuna í Keflavík. Sennilega er tóft 033 af Innstubúð/Litlubúð en þessi tóft er enn innar og virðist því ekki nafngreind í textanum.
Grösugur bakki en bratt er frá honum niður í fjöru.
Greinileg og stæðileg tóft sem snýr A-V og leifar af lágu, sambyggðu hólfi við hana að austanverðu sem gæti verið rétt eða kálgarður. Tóftin er alls um 5 x 2,5 m að innanmáli með dyr syðst á vesturvegg. Hleðslur eru mjög heillegar og timburleifar í tóftinni. Þakhellur sjást víða ofan á veggjum. Sennilega hefur hún verið endurnýtt frá Keflavíkurbænum eftir að útræði leið undir lok.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 4

BA-137:006 tóft naust 65°30.381N 24°14.802V



Tóft 006, horft í suður.



Tóft er í Árgili, en um það rennur Keflavíkurá til sjávar. Hún er í brattri hlíð niður (austur) af Frönskum. Þetta er rúma 400 m suður af bæjarhól 001. Gróin en fremur grýtt og brött hlíð að Keflavíkurá. Fornleg tóft og sigin. Hún er 10 x 3 m stór frá norðri til suðurs, op snýr í suðurátt. Hún er reist utan í brekkuna sem þjónar sem vesturhlið. Hleðslur eru grónar en þó steinar á stangli ofan á austurhlið. Tóftin er mjó og ósennilegt að hér hafi verið hús undir þaki; hins vegar gætu hér hafa verið kvíar, jafnvel naust þótt draga hefði þurft báta býsna langt hingað upp, eða rúmlega 100 m frá fjörunni.

Hættumat: engin hætta

BA-137:007 heimild um lendingu 65°30.308N 24°14.834V
Í Jarðabók Árna og Páls 1703 eru nefnd tvö uppsátur fyrir báta í Keflavík, annað í aðallendingunni (fyrir 3-4 skip) en hitt rýmra, fyrir 12 skip eða fleiri: "Í öðrum stað er rýmra uppsátur (fyrir 12 skip eður fleiri), en þar er hætt lendíng, þá illt er í sjóinn og öngvir reitir til að leggja fisk á, verða og ei vel gjörðir, sökum grjótsins, stærðar og óhentugleika." Aðallendingin mun hafa verið hér um bil beint niðurundan skipbrotsmannaskýlinu, hér um bil þar sem Keflavíkuráin rennur til sjávar en austan við hana. Hún er skráð hér, enda gæti passað að uppsátur hafi þar verið þröngt. Hin lendingin var vestar og er hér skráð nr. 078.
Sandfjara með fjörugrjóti. Engin mannvirki sjást alveg við lendinguna en nokkur mannvirki sem upphaflega gætu verið naust eru upp af henni, sjá t.d. 054 og 055.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM VI, 310

BA-137:008 tóft heygryfja 65°30.655N 24°14.994V


Þrískipt tóft er staðsett aðeins um 50 m norðaustan við bæjarhús 001 og um 80 m austan við Keflavíkurá. Um 80 m norðaustan við bæinn er grasigróin brekka en engin ummerki eru um líklega tóft á því svæði.



Tóft 008, horft í vestur.

Á þessu svæði er þýft grasi- og mosagróið flatlendi sem tekið er að hlaupa í þúfur. Brekka hallar 2-5° til suðvestur í átt að bæjarhól.

Tóftin er þrískipt, um 19 m á lengd, um 5-6 m á breidd og snýr ASA-VNV. Hólf tóftarinnar liggja öll ASA-VNV en inngangar eru samfallnir eða ekki til staðar. Hólf A er vestast og er það um 2 m á breidd og 2-3 m á lengd að innanmáli. Vesturveggur hólfsins er illa hlaupinn í þúfur og enginn inngangur greinanlegur, ef hann var yfirhöfuð til staðar. Hólf B er um 3x1,5 m að innanmáli. Enginn greinilegur inngangur er inn í tóftina en þó er ekki óhugsandi að gengið hafi verið inn að sunnan. Hólf C er austast og er það um 3x2,5 m að innanmáli. Hugsanlega hefur verið inngangur inn í hólfið að sunnanverðu. Hólf A og C til endanna eru um 0,5 m lægri en miðhólf B. Fast ANA við hólf C er mjög þýft svæði þar sem gæti hugsanlega hafa verið enn eitt hólf D í viðbót en engin mjög greinileg dæld sést í þúfunum. Veggir eru um 1,2-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Fáar greinilegar grjóthleðslur eru í veggjum en fast sunnan við hólf B er stór grjóthrúga sem er um 1,5x1,5 m að flatarmáli og <0,4 m á hæð. Heimildamaður Gísli Már Gíslason, stakk upp á að hér væri um að ræða votheysgryfjur og að grjóthrúgan við tóftina hafi verið notuð til að fergja heyið. Samkvæmt Gísla er mikið um stör í heimatúni sem voru talin góð í vothey. Heimatún er mög deigt svo líklega hefur verið mjög erfitt að þurrka heyið.




Hættumat: engin hætta



Tóft af brunnhúsi 009, horft í ASA.

BA-137:009 tóft brunnur
65°30.609N 24°15.020V
Brunnhús er hálft ofan í Bæjarlæknum um 5 m SSV við tóft 003.
Á þessu svæði eru bakkar Bæjarlækjar grasigrónir og þýfðir og 0,2-0,5 m á hæð. Lækurinn er grýttur í botninn og <0,3 m djúpur. Lækurinn er á þessu svæði 2-3 m á breidd ofan og austan við tóftina, <0,4 m breiður þar sem hann rennur framhjá brunnhúsinu að sunnanverðu og um 2 m breiður vestan og neðan við tóftina.




Brunnhúsið er einfalt, um 4x3 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Innanmál tóftar er um 3x1-1,5 m. Gengið er inn í tóftina að vestanverðu en sá endi hefur annað hvort verið lokaður með timburþili eða alltaf verið opinn. Suðurveggur tóftarinnar er ofan í Bæjarlæknum en 0,2-0,5 breið og 0,2-0,4 m djúp upphlaðin rás er inni í tóftinni meðfram suðurvegg þar sem hægt hefur verið að ná í vatn. Bakki lækjarins er því grjóthlaðinn inni í tóftinni að norðanverðu en hann er nú siginn ofan í læk að hluta. Veggir eru hlaðnir úr stórgrýti og hellugrjóti en norðurveggur er fallinn að hluta út úr tóftinni. Stórt grjót er aðallega í suðurvegg ofan í læknum þar sem álagið hefur trúlega verið mest. Veggir eru 0,5-1 m á hæð, um 1 m á breidd og umför eru 4-8. Suðurhlið suðurveggjar er einnig tekin að síga ofan í læk.
Hættumat: hætta, vegna rofs

BA-137:010 tóft rétt 65°30.384N 24°14.831V



Rétt 010, horft í suðaustur.




Tóft er fast sunnan eða vestan við Keflavíkurá á stallinum þar sem Franskir áttu að vera (sjá 027), nyrst á stallinum og norðar en 028 og 029. Þetta er 4-500 m suður frá bæjarhól 001. Sléttur og grösugur stallur.
Tóftin er líklega af rétt. Hún er 10 x 6 m stór frá SA-NV, með op í suðurátt. Hleðslur eru stórkarlalegar og mikið hrundar, ná mest um 0,8 m hæð. Réttin mjókkar til norðurs og líkt og þar sé smáskot innst þótt ekki sé það afmarkað með hleðslu. Hugsanlega hefur hér verið stekkur frá Keflavík.
Hættumat: engin hætta




Tóft af rétt 011, horft í V.

BA-137:011 tóft+garðlag rétt 65°30.700N 24°14.996V
Nyrst í heimatúni Keflavíkur eru grjóthlaðin rétt 011A og yfirgróið gerði 011B fast sunnan við túngarð 061, um 60 m NNA við bæjarhól 001 og um 30-50 m suðaustan við Keflavíkurá vestan og suðvestan undir Bergum.
Á þessu svæði er þýft grýtt graslendi í túni sem hallar að mestu 2-5° til vesturs. Fast austan við rétt 011A er brekka sem hallar



30-40° niður að ánni og er hún hluti af Bergum. Réttin sést vel frá bæjarhólnum en gerðið er orðið nokkuð sigið og vel grasigróið á köflum.
Rétt 011A og gerði 011B ná yfir svæði sem er um 60 m á lengd, um 30 m á breidd og snýr NNA-SSV. Rétt 011A er nyrst á svæðinu rétt sunnan við túngarð 061 og er hún einföld og grjóthlaðin. Réttin er óregluleg að lögun (líkist nokkuð stóru D) og er hún mest um 9 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr VNV-ASA. Gengið er inn í réttina á suðurhlið fyrir miðju og er inngangur um 0,5 m á breidd en nokkuð siginn saman. Veggir eru um 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð (3-7 umför) en hraungrýtið er nokkuð tekið að síga inn í tóftina sérstaklega að austanverðu. Út frá suðaustur- og suðvesturhornum réttarinnar liggja tvö óljós grjóthlaðin garðlög um 50 m til SSV og eru um 25 m á milli þeirra þegar mest er. Í suðurenda beygir eystra garðlagið í vestur og liggur um 20 m í átt að vestara garðlagi en þar endar eystra garðlagið í stórri grjóthrúgu. Þar hefur hugsanlega verið hlið inn í gerðið þar sem garðlögin virðast ekki ná alveg saman á þessum stað. Garðlögin eru mjög sigin, 1-1,5 m á breidd og <0,5 m á hæð og vel grasigróin. Á fjórum stöðum (þrír á eystra garðlagi, einn á hinu vestara) eru óvenjulegar stórar grjóthrúgur á/í garðlaginu. Hrúgurnar eru 2-5 m á lengd, 1-3 m á breidd og <0,5 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þær hafa þjónað, ef einhver, en ekki er útilokað að a.m.k. ein þeirra, sem er á eystra garðlagi um 25 m SSA við réttina, hafi áður verið einhvers konar aðhald eða tóft sem hrunin er saman í hrúgu. Að minnsta kosti eitt annað garðlag 020D tengist gerðinu að austanverðu en það liggur í VNV niður brekkuna austan við gerðið frá útihúsi 020 og er því lýst þar nánar. Ekki er útilokað að fleiri garðlög leynist á svæðinu undir grasi og mosa.
Hættumat: engin hætta

BA-137:012 tóft fjárhús 65°30.593N 24°15.034V




Tóft af fjárhúsi 012, horft í A.

Grjót- og torfhlaðið fjárhús er sunnan við Bæjarlæk um 30 m suðvestan við brunnhús 003 og um 60 m SSV við bæ 001.
Á þessu svæði er stórþýft og grýtt vel grasigróið tún sem hallar 2-5° til vesturs niður að Keflavíkurá.
Fjárhúsið er hlaðið úr hraungrýti og hellum og er það um 7 m á lengd, um 5,5 m á breidd og liggur austur-vestur. Gengið hefur verið inn að vestan en inngangur er samfallinn. Líklegast hefur hann verið um 0,5 m á breidd á miðjum vesturvegg. Innanmál tóftar er 4x2,5 m. Greinileg grjóthlaðin garðaundirstaða er í hólfinu miðju en hún er rúmlega 3 m á lengd, um 0,5 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð og grasigróin í toppinn. Veggir tóftar eru 1-1,5 m á hæð (5-8 umför) og um 1,5 m á breidd en teknir að síga nokkuð inn í tóft. Enn eru leifar af timbri og staurum í tóftinni. Garðaundirstöður gefa til kynna að hér hafi verið fjárhús.
Hættumat: engin hætta


BA-137:013 tóft skotbyrgi 65°30.339N 24°15.254V
Tóft er fremst eða syðst á miðju Hlunkurholti sem er holtið vestan við Keflavíkurá, um 4-5 m frá bröttum bakka sem liggur niður í sjó. Stórt og kúlulaga holt, þýft og vaxið mosa og lynggróðri.



Tóft af skotbyrgi 013, horft í S.

Niðurgrafið byrgi, 0,6 m djúpt. Það er um 2 x 1 m stórt að innanmáli frá norðri til suðurs. Töluvert grjót er í botni og hundaþúfa á suðurbarmi. Veggir virðast ekki hafa verið upphlaðnir. Smádæld er fast vestan við byrgið, hugsanlega manngerð. Ekki er útsýni niður í fjöru en þokkalegt um part af holtinu. Sennilega er þetta skotbyrgi þar sem legið hefur verið fyrir ref.
Hættumat: engin hætta

BA-137:014 þúst útihús 5°30.585N 24°15.020V





Þúst 014, horft í SA.

Grasigróin ferköntuð þúst er um 10 m SSA við fjárhús 012 upp við þrjá stóra grjóthnullunga.
Á þessu svæði er stórþýft og grýtt vel grasigróið tún sem hallar 2-5° til vesturs niður að Keflavíkurá.
Þústin er samsett af stórum og aflöngum þúfum sem hugsanlega eru leifar af gamalli tóft sem hefur verið um 6 m á lengd, um 4 m á breidd og legið VNV-ASA. Þúfurnar eru um 0,5 m á hæð en í miðri þúst er einnig stór þúfa svo ekki er greinilegt hólf til staðar. Stórir grjóthnullungar eru NNA og VNV við þústina og einn minni í ASA-vegg hennar. Ekki er ljóst hvort um er að ræða náttúrumyndun eða mannvirki þar sem túnið er orðið nokkuð stórþýft og vel grasigróið en ekki er útilokað að hér hafi verið útihús sem hlaupið er í þúfur vegna ágangs búpenings.
Hættumat: engin hætta

BA-137:015 *Klyfberabrjótur* gata leið 65°30.371N 24°14.095V
"Nú er farið upp Kerlingarháls, en um hann var farið inn á Rauðasand. Þar átti að heita ruddur vegur, eftir því sem áður gerðist. ... vegurinn liggur rétt fyrir framan Þrotið og upp á Helguþúfuna. Þegar komið er niður úr brekkunum, sem heita Skekkingar, er komið að Helguþúfu, og liggur Klyfberjabrjótur þaðan og fram að Dalverpi. Er það nokkuð löng vegalengd.



Gata upp Klyfberabrjót 015, horft í SV.

Upp við brún á hálsinum eru Systrabrekkur. Þær eru beint upp frá bæ; var farið um skarðið í Klyfberabrjót og upp á Systrabrekkur," segir í örnefnalýsingu. Vegurinn er mjög greinilegur, liggur upp úr Keflavíkinni sunnan og austan við Helguþúfu. Þaðan liggur gatan upp í krákustígum og er auðrakin upp fremur harðlenda brekku. Einfaldur, vel troðinn stígur. Engar vörður eða vegarbætur sýnilegar, þótt vel megi vera að gatan hafi verið rudd á köflum. Hér er greinilega talsvert farið um af göngufólki. Hnit voru bæði tekin skammt ofan Helguþúfu en einnig uppi á brún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 4-5

BA-137:016 *Systur* varða 65°30.484N 24°13.985V
"Þegar komið er niður úr brekkunum, sem heita Skekkingar, er komið að Helguþúfu, og liggur Klyfberabrjótur [015] þaðan og fram að Dalverpi. Er það nokkuð löng vegalengd. Upp við brún á hálsinum eru Systrabrekkur. Þær eru beint upp frá bæ; var farið um skarðið í Klyfberabrjót og upp á Systrabrekkur. Í skrá A.G. Segir, að Systrabrekkur séu taldar draga nafn af Bæjarsystrum og fari tvennum eða fleiri sögum af, á hvern hátt það sé, en Hafliði þekkir ekki þær sögur. Á Systrabrekkum eru tvær vörður, kallaðar Systur. Þær bera við himin frá bæ séð," segir í örnefnalýsingu. Nú sjást engar vörður ef horft er upp á brúnina til austurs frá bæ og ekki vitað nákvæmlega hvar þær eiga að hafa verið - þó líkegast það hafi verið einhversstaðar við götuna yfir á Rauðasand (sjá 015).
Heimildir: Ö-Keflavík, 5

BA-137:017 *Kötludý* álagablettur fjársjóður 65°30.475N 24°14.884V


Kötludý 017, horft í NV.

"Nú verður farið heim eftir Árdalnum frá sjó, austan árinnar, heldur innar, en þar sem farið var upp á hálsinn. Þegar komið er upp hjá Bökkunum fyrrnefndu, taka við Hólar, þrír hólar. Þeir eru grasi vaxnir og grjót í. ... Milli hólanna er dý, sem heitir Kötludý. Þar á að vera grafinn ketill með peningum í. Vatnið úr því rennur í Árgilið," segir í örnefnalýsingu. Vegurinn milli bæjarhóls og slysavarnarskýlis liggur hér um bil yfir Kötludý, en staðurinn virðist nokkuð augljós út frá lýsingunni. Þetta er um 300 m suður af bæ 001. Lægð með mýrarsundi sem liggur frá NA-SV. Að vestanverðu er mosavaxinn grjóthryggur sem endar í klettahól nyrst, grýttar hæðir að austan einnig.
Mýrarsundið er slétt í botni, 15-20 m breitt. Ekkert manngert er sýnilegt í nágrenninu, nema lítil varða sem er á hól ofanvert við Kötludý að austan, norðan við veg að slysavarnarskýli. Keran St. Ólason man eftir að hafa heyrt dýið nefnt Gulldý og heyrði að þar væru faldir þrír gullkatlar. Ef grafið var eftir þeim átti bærinn að brenna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 5-6

BA-137:018 álagablettur 65°30.466N 24°14.893V
1942 segir í Barðstrendingabók: "Í Keflavík er álagablettur, er það grasbrekka niður með ánni að austanverðu fyrir neðan túnið. Er það huldufólksengi og má ekki slá þar, og hefir þótt illa gefast, ef út af var brugðið, ýmis óhöpp steðjað að skepnum, er það hey fengu, að sögn." Í örnefnalýsingu segir: "Framan við Kötludý [017] er álagablettur á engjunum. Er það grasbrekka niður að ánni austanvert, neðan túns. Var sagt, að þetta væri huldufólksengi, sem ekki mætti slá." Grasbrekka er við austanverða ána, neðan túns, beint suðvestan og neðan við Kötludý 017. Grösug brekka. Ekkert er að sjá í brekkunni og óljóst hvort túlka eigi hana og Kötludý sem einn og sama álagablettinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bstbók, 94; Ö-Keflavík, 6

BA-137:019 *Klíningshóll* þúst 65°30.633N 24°14.964V

"Nokkuð fyrir framan bæinn, ofan við Bæjarlæk, er Klíningshóll. Það er kringlóttur hóll, er gott var að þurrka á. Skammt frá honum stóð fjósið [sjá 076]." Klíningshóll er ávalur grasigróinn hóll um 40 m austan við fjárhús 002 og um 30 m suðaustan við heygryfjur 008.

Á þessu svæði er vel gróin deig mýri í heimatúni.

Hóllinn virðist náttúrulegur, vel grasigróinn og þýfður og stendur um 1-1,5 m uppúr mýrinni ASA við bæjarhól 001. Hóllinn er aflangur, um 20 m á lengd, um 18 m á breidd og snýr NNV-SSA. Ekki er þó útilokað að mannvirki gæti leynst í hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Keflavík, 6




Klíningshóll 019, horft í S.

BA-137:020 tóft útihús 65°30.674N 24°14.945V



Útihústóft 020, horft í S.



Grjót- og torfhlaðin útihústóft er um 110 m norðaustan við bæ 001 og um 60 m suðaustan við rétt 011A.

Á þessu svæði er grasigróin grýtt brekka utan í klettabeltinu Bergum norðaustan við bæ 001. Tóftirnar standa efst í brekkunni á grasigrónum hjalla. Brekkan hallar 10-20° til suðvesturs.

Á þessum stað virðast vera tvö hugsanleg byggingarskeið á svæði sem er um 18 m á lengd, um 10 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Greinilegasta mannvirkið er tvískipt grjót- og torfhlaðin útihústóft sem er um 9 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið er inn í bæði hólfin að suðvestan en hólf A er 5x2 m að innanmáli og liggur norðaustur-suðvestur á meðan hólf B er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Trúlega hefur verið timburþil þar sem gengið var inn í hólf A á meðan inngangur inn í B er í gegn um suðvesturvegg fast upp við norðvesturvegg. Er inngangur samfallinn en hefur verið um 0,5 m á breidd. Grjóthleðslur þessarar tóftar eru mjög greinilegar þó þær séu nokkuð signar. Enn sjást leifar bárujárns og timburs úr þaki ofan í og í nágrenni tóftar. Ekki virðist hafa verið hægt að ganga á milli hólfanna án þess að fara út fyrst. Veggir eru 1-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð (2-8 umför). Hugsanlega gætu hafa verið hér hesthús eða fjárhús. Engin ummerki sjást um garðaundirstöður eða jötur vegna sigs. Þriðja hólf C er um 1 m suðaustan við hólf A en hólf C virðist vera eitthvað elda en hólf A og B þar sem lítið sem ekkert sést af grjóthleðslum og tóftin er mjög

vel grasigróin. Veggir hólfs A og hólfs C virðast ekki vera á sama byggingarstigi. Innanmál hólfs C er 3x1 m og liggur norðvestur-suðaustur líkt og hólf B. Trúlega hefur verið gengið inn í hólfið í vesturhorni tóftar í gegn um suðvesturvegg. Veggir tóftarinnar eru 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Norðaustan við hólf B gæti einnig verið hugsanlegt hólf D. Þar er um 0,4 m djúp dæld ofan í grasigrónar þúfurnar sem er um 5 m á lengd, 2-3 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda dældar vottar fyrir hugsanlegum torfvegg og inngangi inn í hólfið meðfram útvegg hólfs B, annars eru engir eiginlegir veggir, aðeins dæld ofan í brekkuna. Ekki er útilokað að hér gæti verið um heygarð að ræða en einnig gæti verið að eldri tóft hafi verið rænd grjóti og ný byggð ofan á. Tvær óljósar dældir í viðbót má greina á milli þúfa ofan við útveggi hólfa A og B á milli hólfa C og D en líklega er þar aðeins um náttúrulegar myndanir að ræða.
Hættumat: engin hætta

BA-137:021 *Húsadalur* örnefni 65°30.665N 24°14.653V
"Fyrir ofan túnið eru hjallar, sem heita Bergir. Þeir ná fram undir Árgil. Þar má heita gróðurlaust. ... Innan til við Bergi er laut, sem heitir Húsadalur. Þar er bleyta og mýrar og þaðan kemur Bæjarlækurinn," segir í örnefnalýsingu. Húsadalur er auðfundinn ef bæjarlæk er fylgt til austurs. Hann er um hátt í 300 m austur af bæjarhól. Fallegt lítið lækjargil, hallandi og býsna klettótt neðan til en breikkar ofar og þar er botn sléttur; þar er lækurinn lygn. Ekki er vitað við hvaða hús dalurinn er kenndur og þar sjást engar mannvistarleifar. Hugsanlega hafa það verið bæjarhúsin heima eða jafnvel hús sem börn hafa byggt sér - tæplega beitarhús, enda tíðkast þau ekki á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 7



Bræður 022, horft í N.

BA-137:022 *Bræður* varða 65°30.976N 24°13.916V
"Lægðin, þar sem Keflavík beygir til austurs (þ.e. dalurinn), heitir Dalverpi. Þar sem Dalverpi byrjar, eru tvær vörður, sem heita Bræður. ... Vörðurnar eru norðaustur frá bæ við götuna, sem farin var að Sauðlauksdal [sjá 023]. Vörðurnar eru nokkuð fyrir framan Árgil, en það er gil, sem áin rennur eftir fyrir heiman tún," segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir: "Í skrá A.G. [Ara Gíslasonar] segir, að þær séu hlaðnar af þeim bræðrum, Össuri skáldi Össurssyni og Jóhanni, bróður hans. Jóhann átti heima í Dýrafirði. Þegar hann heimsótti bróður sinn, kvöddust þeir þarna og hlóðu þessar vörður. Hafliði hefur ekki heyrt þessa sögu." Vörðurnar eru, eins og lýst er, þar sem dalverpið byrjar. Þetta er hátt í 1 km ANA frá bæjarhól 001.
Vörðurnar eru hlaðnar fremst eða syðst á urðarholti. Glæsilegar vörður og vel hlaðnar, frekar líkar en sú vestari er þó mjórri, þéttar hlaðin og úr fínna grjóti. Um 2 m eru á milli varða. Sú vestari, A, er eiginlega í mannsmynd,

undir henni eru líkt og fætur - tveir stórir steinar en holrúm á milli. Hún er ferköntuð í grunninn, gríðarslétt að utanverðu og um 0,5 m á kant en breikkar lítillega upp á við. Varðan er hlaðin uppi á lágum kletti og alls rúmlega 2 m há. Varða B er eins og áður segir um 2 m austar, um 1 m á kant og ferköntuð í grunninn. Hún er heldur gisnari en varða A en þó ákaflega vel hlaðin, úr þunnum og flötum hellum - ámóta há. Ágætt hefur verið að hafa vörður á þessum slóðum til að vísa á leiðina að Sauðlauksdal.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 7-8

BA-137:023 gata leið 65°31.249N 24°12.056V
"Lægðin, þar sem Keflavík beygir til austurs (þ.e. dalurinn), heitir Dalverpi. Þar sem Dalverpi byrjar, eru tvær vörður, sem heita Bræður [sjá 022]. ... Vörðurnar eru norðaustur frá bæ við götuna, sem farin var að Sauðlauksdal," segir í örnefnalýsingu. Gatan að Sauðlauksdal sést vel, t.d. skammt austan við Bræður.
Leiðin liggur víðast hvar um grösugar lægðir milli urðarholta.
Gatan er mjög glögg og má með góðu móti rekja hana frá Bræðrum og að Konráðsvörðu (024). Þetta er einfaldur troðningur og sennilega talsvert farinn af gönguföIki á sumrum, í það minnsta eru gönguskilti við leiðina sem vísa m.a. á Keflavík og inn á Rauðasand. Sumsstaðar má merkja bæði efri og neðri leið og má vera að sú efri hafi einkum verið farin af þeim sem komu yfir Brúðgumaskarð á leið yfir í Sauðlauksdal. Víða eru vörður við leiðina en þær eru ekki skráðar sérstaklega nema þær sem eru nafngreindar, þ.e. Bræður 022 og Konráðsvarða 024.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 7

BA-137:024 *Konráðarvarða* varða leið 65°31.280N 24°11.720V


Konráðarvarða 024, horft í V.

Í örnefnalýsingu segir: "Þegar haldið er lengra fram dalverpið, u.þ.b. hálftíma gang, er komið að vörðu, er heitir Konráðarvarða. Hún mun vera ævagömul. Segir í skrá Ara Gíslasonar, að getið sé um þann, sem hlóð hana, í fornum ættartölum. Þessi varða er undravel hlaðin. Hún er mjóst neðst og hlaðin á tveimur steinum, eins og á hlóðum, og var hægt að rugga henni til. Var sagt, að lengi vel hafi ekki verið hægt að koma í hana hníf." Varðan er um 1,3 km norðaustur af Bræðrum 022.
Hún er hlaðin á grýttum hól fast við götuna sem lá í Sauðlauksdal 022 - hún er hér norðan eða vestan við vörðuna, í lægð.
Varðan er ótrúlega vel hlaðin og í líkum stíl og Bræður - næstum í mannsmynd. Hlaðið er úr flötum hellum upp í rúmlega 3 m hæð. Varðan stendur fullkomlega, ekkert hurnið úr henni og er algerlega slétt að utanverðu. Hún er ferköntuð í grunninn og á bilinu 50-70 cm á kant. Hún er hlaðin á náttúrulegum steinum en neðsta umfarið er geysistór, flöt og þykk hella sem nær undir meira en helming af grunnfleti vörðunnar og hefur væntanlega verið komið fyrir til að undirlagið væri alveg slétt. Fleiri vörður eru við leiðina þótt þeirra sé ekki getið sérstaklega hér.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 8


BA-137:025 vegur leið
"Vegur liggur utan úr víkum bak við Keflavík um Beinavörðubrekkur í Dalverpi og neðan Sandhúfubrekkur. Þá er komið á Kerlingarháls og örstutt að Miðhyrnu; þar mætast vegirnir. Norðan til, hátt í Dalverpi, eða í efstu brún, liggur hjalli, sem nefndur er Prestahjalli og liggur að Hafnalautum áleiðis til Breiðavíkur. Er sagt, að presturinn í Sauðlauksdal hafi farið þennan hjalla, ef hann fór til Breiðavíkur að vetrarlagi, því að ófærðarlítið hafi verið á þessum hjalla, ekki fest þar snjó," segir í örnefnalýsingu. Skv. gömlu herforingjaráðskorti hefur leiðin frá götunni sem lá frá Sauðlauksdal að Keflavík og stefnt þaðan að Brúðgumaskarði.
Heimildir: Ö-Keflavík, 8

BA-137:026 *Arnarvörður* varða
"Dalverpi endar við Arnarvörður, en þar er hákjölurinn milli Keflavíkur og Sauðlauksdals. Arnarvörður eru tvær," segir í örnefnalýsingu. Arnarvörður munu að líkindum hafa verið á merkjum milli Keflavíkur og Sauðlauksdals. Ekki var farið þangað sumarið 2013. Talið er að þetta séu tvær litlar vörður.
Heimildir: Ö-Keflavík, 8

BA-137:027 *Franskir* örnefni legstaður 65°30.383N 20°14.842V
1942: "[Á Hlunkurholti heita] Fransar. Er mælt að franskir ræningjar hafi verið dysjaðir þar," segir í Barðstrendingabók. "Þá verður farið út fyrir Keflavíkurá. Utan við ána verður fyrst fyrir stórt malarholt, nokkurn veginn kringlótt í lögun og slétt að ofan. Það heitir Hlunkurholt. ... Holtið má heita gróðurlaust. Bakkar niður af því innan til heita Franskir, og eru þeir lægri en annars staðar. Bakkarnir niður að Hlunkurholti niður að víkinni eru annars snarbrattir. Sagt er, að franskir menn hafi farizt þarna og verið dysjaðir." Franskir eru taldir vera á sléttum stalli utan eða vestan við Keflavíkurá, norðaustan undir Hlunkurholti. Grösugur stallur með stórum mýrarbletti eftir endilöngu. Fremst eða syðst á honum eru tóftir (sjá 028 og 029) og sömuleiðis nyrst (010). Ekki er ljóst hvar á Frönskum legstaðurinn var talinn vera. Upp af mýrarsundinu er brött en grösug brekka upp á Hlunkurholt en nyrst á stallinum er dálítið mosavaxið grjótholt. Víða er þýft í mýrarjaðrinum en annars ekkert að sjá sem minnir á legstað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bstbók, 94; Ö-Keflavík, 9

BA-137:028 tóft naust 65°30.351N 24°14.869V
"Á Frönskum [027] hefur verið hjallur og naust," segir í örnefnalýsingu. Tvær rústir sem koma heim og saman við þessa lýsingu eru syðst á Frönskum, frammi á bakkanum, sjá einnig 029. Hér er skráð sú vestari.
Sléttur og gróinn stallur en snarbrattar hlíðar beint fram af tóftinni til suðurs og austurs.
Tóftin er einföld, 10 x 5 m stór frá norðri til suður, vesturlanghlið grafin inn í bakka. Op snýr í suður að sjónum en þar fram af er snarbrattur bakki niður, 15-20 m hár. Ef þetta er naust má ætla að það hafi verið erfitt að draga upp báta og e.t.v. hefur spil verið notað þótt engin merki sjáist um það nú. Dyr eru einnig á austurlanghlið. Hleðslur eru að miklu leyti hrundar, mest um 0,4 m háar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 9


Rústir 028 og 029, horft í SA. Slysavarnarskýli og fleiri tóftir fjær.



BA-137:029 tóft hjallur
65°30.350N 24°14.847V
"Á Frönskum [027] hefur verið hjallur og naust," segir í örnefnalýsingu. Tvær rústir sem koma heim og saman við þessa lýsingu eru syðst á Frönskum, frammi á bakkanum, sjá einnig 029. Hér er skráð sú eystri, en einungis eru rúmir 5 m á milli þeirra.
Sléttur og gróinn stallur en snarbrattar hlíðar beint fram af tóftinni til suðurs og austurs. Það er eins og stígur liggi frá fjörunni í sneiðing upp bakkann og beint inn um dyr á tóftinni.
Löngu fallin tóft, sporöskjulaga, um 5 x 3,5 m stór frá austri til vesturs. Hún er með dyr í suðurátt, beint fram af bakkanum og niður að sjó. Tóftin er algróin og sigin. Sennilega tengist tóftin útræði - tæplega er hún af nausti en gæti verið eftir hjall þótt ekki sé það augljóst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 9

BA-137:030 brú 65°30.642N 24°14.755V


Leifar af brú 030, horft í SV.


Brú liggur yfir lækinn í Húsagili, um 200 m austur af bæjarhól í Keflavík 001.
Lækurinn rennur í fallegu, litlu gili. Hann breiðir úr sér á þessum stað og er allt að 3 m en grunnur og greiðfært yfir hann.
Leifar af brú sjást yfir lækinn á þessum stað. Hún gæti hafa verið gerð af börnum, enda mjög smátt grjót í henni. Hún er 4-5 m löng og liggur frá bakka að sunnanverðu og út í rúmlega miðjan læk. Hleðslan er um 1 m breið og steinarnir mosagrónir. Ekki er um eiginlega hleðslu að ræða heldur hrúgu en hún er þó býsna regluleg í laginu.
Hættumat: hætta, vegna rofs

BA-137:031 *Heimamannabúð* tóft verbúð 65°30.274N 24°15.430V
1703 segir í Jarðabók Árna og Páls: "Verstaða er þar, og sækja þángað Rauðsendíngar til fiskjar. Þerrar búðir eru þar engar. Vermannabúðir eru þar nú 7. Hafa stundum verið færri, stundum og 8. Þar við liggja vermenn um vorvertíð, sem byrjast með sumri eður seinna (eftir því sem árar), og endast nú um Maríumessu (þíngmaríumessu), tilforna Jónsmessu ..." 1942 segir í Barðstrendingabók: "Í Keflavík var fyrrum veiðistöð, allt fram um miðja síðustu öld. ... Veiðistöð í Keflavík mun að mestu hafa lagzt af, þegar saltfiskverkun hófst í nálægum veiðistöðvum, eftir 1870. Er mjög erfitt með flutninga í Keflavík, bæði á salti og fiski." Ennfremur segir í sömu bók: "Einnig voru verbúðir í svonefndri Stöð, fyrir miðjum víkurbotninum," og virðist átt við sama stað. "Þar gánga nú [1703]: 2 áttræðingar, 2 6-æringar, 3 5-mannaför. Engin fleiri skip um vertíðina. Öll þessi skip á Guðrún Eggertsdóttir." Verbúðir hafa verið á nokkrum stöðum við víkina, sjá einnig tóftir austan við slysavarnarskýli, t.d. 005, 033 og 044. Í örnefnaskrá er lýst verbúðum við Ormalækinn. Þar segir: "Vestan við Hlunkurholt eru Ormar [038], lægð,sem liggur með holtinu, í sveig kringum það. Ormar heita alla leið frá bæ. Þar er töluvert mýrlent á stykkjum. Ormalækur rennur eftir Ormum og til sjávar. ... Við Ormslæk eru tóttir af verbúðum, og einnig hafa verið þar krær til að hita kaffi og sjóða, lítil byrgi. Svæðið, þar sem tóttirnar eru, alveg við Ormalæk, heitir Gjóðra. ... Franskir og Gjóðra eru sitt hvoru megin á Hlunkurholti. Ein búðanna hét Heimamannabúð. Hafliði man hana uppistandandi. Sá, sem síðastur réri úr Keflavík, notaði þá búð. Það var Sveinn, afi Magnúsar Torfa Ólafssonar. Hann réri úr Keflavík alveg um aldamótin, en Hafliði er ekki viss um, hvort það var fyrir þau eða eftir. Sveinn ætlaði út fyrir til að róa, að Brunnum, Látrum eða eitthvað annað. Það var norðanátt, svo að ekkert gaf þangað, og fór hann þá ekki lengra en í Keflavík. Lendingin var upp

í sandinn, nefnd Stöð." Verbúðir eru beggja megin við Ormalæk, 500-600 m vestur af bæjarhól 001. Millli heimatúns og verbúðasvæðis er mikið og lítt gróið holt, Hlunkurholtið. Hér er lýst búðum sem eru norðan eða austan við lækinn en hinar búðirnar eru skráðar (ásamt fiskgörðum) undir sérnúmeri, sjá 032.
Austan við lækinn er gróin, lítil eyri, undir sérkennilegum kjalarlaga hól. Þar eru tvær búðir. Svæðið er aðallega



Rústir verbúða 031a og b, horft í SV. Ormalækurinn liðast hjá.




grýtt urð en gróningar þó inn á milli.
Austan við lækinn eru tvær mjög stæðilegar tóftir, væntanlega af verbúðum, og ná yfir svæði sem er alls um 16 x 12 m stórt frá austri til vesturs. Lýsingin hefst á þeirri sem er norðar, hér nefnd búð A. Þetta er einföld grjóthlaðin tóft, um 7 x 5 m stór og snýr nokkurn veginn austur-vestur, með dyr á suðurhlið miðri. Veggir eru mikið til hrundir en kampar við dyr standa best, allt að 1 m háir. Tóft B er 4-5 m suðaustar, mjög svipuð að stærð og gerð en þó örlítið rýmri að innanverðu. Dyr snúa eins og á A. Risastór jarðfastur klettur er í suðvesturhorni og hefur verið hlaðið utan í hann. Lítil kró, sennilega með hlóðum er sambyggð að norðanverðu, um 3 x 2 m stór frá austri til vesturs. Hún virðist markast af torfveggjum, er opin í vestur en markast þar af aflangri hellu sem er reist upp á rönd. Annars er króin næstum smekkfull af grjóti. Fast vestan við hana er svo meint soðningarhella (sem sjómenn eiga að hafa fært soðningu upp á), stærðar hella, þykk og mikil, rúmlega 1 x 0,5 m að flatarmáli og mjókkar til endanna. Ekkert hefur gróið yfir hana. Erfitt er að fullyrða um hlutverk hellunnar en hún er þó greinilega aðflutt og hefði áreiðanlega haft notagildi við matartilbúnað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM VI, bls. 309; Bstbók, 93-94 og 49; Ö-Keflavík, 9-10

BA-137:032 *Stöð* tóftir verbúð 65°30.207N 24°15.444V



"Vestan við Hlunkurholt eru Ormar [038], lægð, sem liggur með holtinu, í sveig kringum það. Ormar heita alla leið frá bæ. Þar er töluvert mýrlent á stykkjum. Ormalækur rennur eftir Ormum og til sjávar. ... Við Ormslæk eru tóttir af verbúðum,. Og einnig hafa verið þar krær til að hita kaffi og sjóða, lítil byrgi." 1942 segir í Barðstrendingabók: "Utanvert við [Hlunkurholt] heitir Ormalækur. Má þar enn sjá rústir af verbúðum." Í sömu bók segir einnig: "Einnig voru verbúðir í svonefndri Stöð, fyrir miðjum víkurbotninum," og virðist átt við sama stað. Tvær rústir eru fast við Ormalækinn (sjá 031) en handan við lækinn og á háum bakka þar við sjóinn eru fleiri verbúðarústir og fjöldinn allur af herslugörðum fyrir fisk.

Grösugt undirlendi ofan við brattan bakka ofan við Stöð. Þýft graslendi en mjög víða er grjót á stangli sem hefur væntanlega rúllað úr brekkunni fyrir ofan. Margar rústir sjást á þessum slóðum sem og þurrkgarðar. Rústirnar eru flestar neðst eða austast á svæðinu, næst sjávarbakkanum þar sem er mikið gróið, en þurrkgarðar í hlíðinni fyrir ofan, bæði á grónu svæði en líka í mjög grófri urð þar sem erfitt hefur verið að fóta sig. Alls er minjasvæðið um 250 x 60 m stórt frá norðri til suðurs. Lýsingin hefst á rústum fremst á bakkanum en þær ná yfir svæði sem er um 40 x 16 m stórt frá norðri til suðurs. Syðst er stök tóft, hér nefnd A. Hún er um 4 x 4 m að stærð að utanmáli, innra byrði er nærri fullt af grjóti. Á suður- og austurhlið liggja nokkrar hellur sem líta út fyrir að vera þakhellur. Dyr hafa sennilega verið í suðaustur þótt erfitt sé að fullyrða um það, veggjahæð um 0,5 m. Um 10 m norðar eru þrjár tóftir sambyggðar, hér nefndar B. Alls er lengjan um 22 m löng og mest um 7-8 m breið. Syðsta hólfið rís áberandi hæst og er þar greinilega hústóft en nyrðri hólfin tvö eru ógreinilegri - gætu verið eldri eða hafa e.t.v. aldrei verið undir þaki. Syðsta tóftin er um 9 x 6 m að utanmáli, rúmlega 5 x 2 m að innamáli frá norðri til suðurs. Dyr eru á miðri austurhlið en fram af þeim brattur bakki niður í fjöru. Norðan við tóftina eru tvö hólf sambyggð, hvort í framhaldi af öðru, og eru bæði opin til austurs, hvort um sig um 4 x 3 m að innanmáli frá norðri til suðurs. Bæði þessi hólf eru með lágum hleðslum og fremur litlum um sig (h. 0,3 m). Fast norðvestan við norðvesturhorn tóftar B er

hleðsla sem líkist helst lítilli vörðu, um 0,7 m há. Um 5 m vestan við syðsta hluta B er stök tóft fjær bakkanum, nefnd C. Hún er m 6 x 4 m stór frá norðri til suðurs, dyr á miðjum austurlangvegg. Hún er að mestu gróin en grjót sést þó í innra byrði veggja sem ná mest um 0,5 m hæð. Hugsanlegt er að grjót hafi verið fjarlægt úr rústarveggjum. D er líkt og lítil kró um 4 m norður af C og virðist hlaðin um náttúrulegt, jarðfast grjót að einhverju leyti. Hún er um 4 x 2 m stór frá austri til vesturs. Hleðslur eru mest 2-3 umför en þó víðast hvar ekki



Stöðin 032, horft yfir aðalverbúðasvæðið í S.




Stöðin 032, einn af fjölmörgum herslugörðum í brekkunni ofan við. Horft í S.

nema ein röð af grjóti. Ekki er ljóst til hvers króin hefur verið höfð, gæti hafa verið geymsla af einhverju tagi - eða jafnvel hlóðir? Önnur lík kró eða byrgi er um 5 m norðvestan við vörðu sem áður var lýst, norðvestur af B. Sú er tæplega 2 x 2 m á stærð, hlaðin á þrjár hliðar en minnir þó helst á hrúgald, mest 0,6 - 0,7 m hátt. Fleiri óskilgreindar mannvistarleifar má finna nyrst á svæðinu og reyndar líka sunnan við aðalrústirnar og víða eru grjóthrúgur sem gætu verið leifar af hleðslum. 3-4 m beint norður af B er t.a.m. flöt, stór hella sem minnir á hellu við rústir 031, en sú hefur verið kölluð "soðningarhella". Skammt suðaustan við hellu þessa er grjóthrúga, hugsanlega hleðsluleifar. Að lokum eru tvær smáhleðslur eða hrúgöld um 16 m NNV af B, hvor um sig um 1 m í þvermál, tilgangur óljós. Sunnan við rústasvæðið er síðan önnur flöt hella (á korti merkt 137032 x), nánar tiltekið rúma 40 m suður af tóft A. Hellan er stök og engin mannvirki eða hleðslur sjáanleg í nágrenninu - en hellan hlýtur að hafa verið flutt á staðinn. Þá hefur verið lýst helstu mannvirkjaleifum á svæðinu, öðrum en fiskgörðum. Nú verður sagt frá þeim, þó ekki í smáatriðum, enda um gríðarmörg og -mikil mannvirki að ræða. Garðarnir eru, eins og áður segir, víða á svæðinu sunnan, vestan og norðan við tóftirnar. Alls voru taldir milli 50 og 60 slíkir af ýmsum lengdum og gerðum. Þeir eiga sammerkt að liggja langflestir frá austri til vesturs og víða í nokkrum halla mót austri. Syðst á svæðinu liggur talsvert af görðum í graslendi sunnan við búðirnar, allir hrundir, en einnig er mikið af görðum uppi í mjög grófri urð vestan og norðan tófta. Allir garðar sem fundust voru kortlagðir með gps-tæki. Sumir þeirra eru hrundir en aðrir vel stæðilegir og ljóst að þeir hafa verið með ýmsu móti. Sumstaðar er varla um eiginlega hleðslu að ræða heldur hafa steinar einfaldlega verið reistir upp á rönd og hellur eða langir hnullungar lagðir á milli. Flestir garðar eru á bilinu 15-20 m langir og reglulegastir eru þeir syðst á svæðinu, í graslendinu. Þegar upp í urðina er komið eru þeir með ýmsu móti en almennt heldur lengri, allt að 25-30 m langir. Alls má ætla að allt að 1,2 km af herslugörðum hafi verið kortlagðir á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 9; Bstbók, 94

BA-137:033 *Innstabúð* tóft verbúð 65°30.342N 24°14.728V
Tvískipt tóft er rúma 10 m austan við skipbrotsmannaskýli í Keflavík, rúma 500 m suður af bæjarhól 001. Þetta eru líklega Innstabúð og Litlabúð en um þær segir í örnefnalýsingu: "Meðan útræði var úr Keflavík, voru verbúðir innan til við ána, og sjást tóftirnar enn. Innst voru Innstabúð og Litlabúð, sem voru hlaðnar saman, grjótveggur á milli. Yzt og næst ánni var Hagamannabúð og fyrir ofan hana Haugbúð. Árdalsbúð var fyrir ofan Hagamannabúð, upp með ánni. Hún var höfð fyrir fjárhús, en var áður verbúð. Upp af Haugbúð var Hæstabúð. Ekki er nú vitað, hverjir áttu og notuðu þessar búðir, en í skrá A.G. Er þess getið til, að Hagi á Barðaströnd og Haugur (Auðshaugur) á Hjarðarnesi hafi átt tvær þeirra."


Innstabúð 033. horft í A.



Grasi vaxinn hvammur en bratt er niður af honum, fram í fjöru til suðurs. Mjög stæðileg, tvískipt tóft, alls 13-14 x 6 m stór frá austri til vesturs. Hún skiptist í tvennt með háum (allt að 2 m) og vel hlöðnum vegg sem er um 1 m þykkur og hlaðinn þannig að hann er trapisulaga, þ.e. mjókkar upp á við og er hæstur í miðjunni. Austurhólf er stæðilegra og hefur sennilega verið notað lengur en hitt. Ekki eru op á milli hólfa en bæði snúa með dyr í suður. Austurhólfið er um 4 x 3 m að innamáli en hitt um 6 x 3 m frá austri til vesturs. Sennilega er þetta gömul verbúð. Hleðslur í innanverðum veggjum er ólíkrar gerðar, t.d. eru

fínar og fremur flatar hellur í norðurvegg á austurhólfi en stórt og gróft grjót að austanverðu. Enn sjást þakhellur og timbur inni í austurhólfi. Væntanlega hefur þessi tóft verið byggð upp á 20. öld og sennilega verið nýtt frá Keflavíkurbænum, enda eru síðustu sagnir um útróður frá Keflavík tengdar búðum við Ormalækinn, sjá 031.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 4

BA-137:034 *Seljagil* heimild um sel 65°30.996N 24°14.329V



Staðurinn í Seljagili sem hvað líklegastur þótti, engar greinilegar tóftir sýnilegar.

Í örnefnalýsingu segir: "Þá er farið fram í dalinn. Lítið grasgil kemur í Árgil rétt á móti Bræðrum austan ár. Það heitir Bústýrugil. ... Næst því er Seljagil. Þarna eru rústir, frá því er haft var þar í seli. Afi Hafliða hafði í seli. Það mun hafa verið fram undir aldamót, að því er Hafliði telur, þar til milli 1890-1900. Stóðu veggirnir af selinu, þegar Hafliði var barn. Sigríður ömmusystir hans, mundi vel sel, en ekki er víst, hvort hún var þar sjálf." Farið var á staðinn, þ.e. Í gilið sem kemur í Árgil á móti Bræðrum 022 en austan ár - og svo í Seljagil, sem ætti að vera næsta gil þar við. Þetta er 0,8-1 km norðaustur frá bæjarhól 001.
Á þessu svæði (sem ekki er mjög umfangsmikið) eru nokkur falleg og grösug gil. Það kom skrásetjara nokkuð á óvart, en engar greinilegar tóftir fundust. Var þó leitað á svæðinu öllu, ekki bara í gili því sem talað er um í lýsingunni. Í því tiltekna gili er einn staður sem leit úr fjarska út eins og mögulegar mannvistarleifar en reyndist, þegar nær dró, vera þýfi með smá jarðvegsrofi í. Hugsanlegt er að leifar selsins hafi horfið í leysingum/vatnavöxtum eða í það minnsta farið undir árframburð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 10

BA-137:035 gata leið 65°30.981N 24°14.625V

"Næst [við Hrómundargil] er Svarthamarsgil. Upp með því liggur gata. ... Gatan upp með Svartahamarsgili liggur í Hafnarlautir. Það er stór lægð út í áttina, sem farið er að Gili (í Örlygshöfn) og út í Brúðgumaskarð," segir í örnefnalýsingu.
Svarthamarsgil er eins og nafnið bendir til við svartan hamar sem er talsvert áberandi, um 6-700 m norðaustur af bæjarhól 001. Leiðin sést mjög vel upp með Svarthamarsgili (sem nú virðist oftar kallað Svarthamragil) að norðan- eða austanverðu.
Þar er brött brekka, mestmegnis urð en þó lyngivaxið á milli.
Gatan liggur hér í krákustígum, skýr og greinilegur troðningur. Leiðin er ekki vörðuð, a.m.k. ekki á þessum neðsta kafla (sjá



Gata 035 upp með Svarthamarsgili, horft í N.


þó vörðu 047, sem gæti verið Lyngmannavarða). Hún mun semsagt hafa sameinast fleiri götum í Brúðgumaskarði, sjá 139:061.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 11

BA-137:036 *Þjófurð* tóftir 65°30.910N 24°14.928V
"Næst [við Hrómundargil] er Svarthamarsgil. Upp með því liggur gata. Vestan við Svartahamarsgil er Svartiklettur, langur klettur og talsvert stór. Vatnsagi er í honum, og er hann svartur á bletti. Var hann hafður fyrir mið á sjó. Niður undan honum er Þjófurð. Hún er feikilega stórgrýtt. Í henni eru tvö byrgi, annað auðfundið, hitt ekki." Þjófurð er vestan við Keflavíkurá um 550 m norðan við bæ 001 og um 400 m norðaustan við Sveinsstekk 042. Sést Þjófurð vel frá bæ. Eitt greinilegt byrgi A fannst mjög ofarlega í urðinni suðvestanverðri undir tveim stórum klettum sem eru vel grónir mosa í kollinn. Annað hugsanlegt byrgi B fannst neðst í urðinni norðaustanverðri niðri á jafnsléttu um 50 m ASA við 036A einnig undir tveim stórum klettum en það byrgi er ekki eins sannfærandi.


Byrgi 036 A í Þjófurð.


Byrgi 036 B í Þjófurð.

Þjófurð er mjög stórgrýtt og erfitt er að klöngrast upp í gegn um hana. Urðin er í brattri brekku undir Svartakletti sem hallar 30-40° niður til suðausturs. Urðin nær aðeins niður á jafnsléttu. Lítið sem ekkert grjót er á bökkum Keflavíkurár.
Skotbyrgi A eins og áður sagði illfundið undir tveimur stórum klettum sem hallast upp að hvor öðrum og eru þeir báðir vel mosagrónir í kollinn. Undir þessum klettum er lítill hellisskúti sem er hæstur fyrir miðju eða um 1,5 m á hæð. Framan við skútann eru greinilegar hleðslur til að loka örlítið skútann af. Skútinn er grýttur í botninn en greinilegt er að grjótinu hefur verið hagrætt til að auðveldara sé að stoppa við inni í skútanum. Skútanum hefur verið lokað alveg að VNV með grófum grjóthleðslum. Gólfpláss er líklega um 1,5x2 m að flatarmáli. Hleðslurnar framan við skútann eru að mestu hellugrjót, um 1 m háar (5-6 umför), um 0,5 m breiðar og um 1,5 m langar og ná þær á milli klettanna. Úr byrginu er horft til ASA inn dalinn í átt að Keflavíkuránni. Byrgi 036B er ekki eins sannfærandi. Neðst í urðinni á jafnsléttu eru aðrir tveir stórir klettar sem hallast að hvor öðrum og



mynda lítinn skúta. Greinilega hefur grjóti verið raðað upp eins og til að loka aðeins skútanum beggja meginn. Að suðvestan eru hleðslurnar fallnar inn. Um 1-1,2 m eru til lofts frá malargólfi. Að norðaustanverðu liggja þrír stórir steinar hlið við hlið í nokkuð beinni röð framan undir klettunum við opið sem greinilega er af mannavöldum þó hleðslurnar séu ekki háar, <0,3 m. Byrgi B horfir í svipaða átt og byrgi A. Líklega er hér um að ræða það byrgi sem er auðfundið. Ekki er þó útilokað að fleiri byrgi finnist í urðinni. Meðfylgjandi teikning er af byrgi A.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 11

BA-137:037 gata leið
64°30.648N 24°15.013V
Á milli tóftar 008 og bæjarhóls 001 er grasigróin upphlaðin gata eða götur.
Gatan liggur um grasigróið þýft og deigt tún.
Gatan er 0,3-0,5 m há, um 2 m breið og um 70 m löng grasigróin upphækkun sem liggur í suðvestur frá suðvesturenda tóftar 008 að suðaustanverðu yfir að bæjarhól norðaustanverðum. Gatan deyr út þegar komið er upp á hólinn en hefur leiðin trúlega legið áfram upp á hólinn inn á milli kálgarðs 004B og bæjarhúsa 001A-C. Engar grjóthleðslur voru greinanlegar. Ekki er ólíklegt að gatan sé að miklu leyti hlaðin upp með torfi.
Hættumat: engin hætta



Upphlaðinn vegur 037 upp með Svarthamarsgili, horft í N.

BA-137:038 *Ræningjahóll* þjóðsaga aftökustaður "Næst [við Hrómundargil] er Svarthamarsgil. Upp með því liggur gata [035]. ... Gatan upp með Svartahamarsgili liggur í Hafnarlautir. Það er stór lægð út í áttina, sem farið er að Gili (í Örlygshöfn) og út í Brúðgumaskarð. Úr Hafnarlautum kemur Hafnargil, sem rennur til Keflavíkur og í ána, þegar það kemur niður. Í Hafnarlautum er hóll við veginn, sem heitir Ræningjahóll. Sagt er, að þar hafi ræningjar verið drepnir (óvíst, hvort þeir voru einn eða fleiri). Þetta er sérstæður hóll og steinar og gras í honum." Þegar komið er niður úr Brúðgumaskarði að suðvestan ofan í Hafnarlautir vestanverðar er lítill keilulaga hóll fast vestan við götu 061.
Hóllinn er um 2,2 km norðan við Keflavíkurbæ 001 og um 5,1 km suðaustan við Breiðavík 139:001. Hóllinn er mosa- og lyngigróinn malarhóll sem er 2-8 m á hæð, en hann er hærri að sunnanverðu. Hlíðar hólsins halla 20-30° niður til suðausturs, suðurs og suðvesturs. Klettastrýta er í toppi hólsins og standa tvær vörður í honum efst. Ekki arða af grasi er í hólnum.
Ekkert sést til fornleifa. Þessi hóll var talinn líklegastur til þess að vera Ræningjahóll þar sem enginn annar greinilegur stakstæður hóll sást á svæðinu en ekki er útilokað að um ranga staðsetningu sé að ræða. Um 100 m neðar og suðvestar í lautunum er aflöng grýtt og mosa- og lyngigróin hæð eða hjalli sem hugsanlega gæti einnig talist Ræningjahóll en þar sáust heldur engin ummerki um fornleifar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 11




Meintur Ræningjahóll 038, horft í N.

BA-137:039 *Beinvörðubrekkur* örnefni
"Upp af Hrómundarfæti [sem er framan við Selgil] er Hrómundarbrekka á leiðinni í Örlygshöfn, og þar upp af eru Beinvörðubrekkur. Þær liggja bak við Keflavík og blasa við þaðan. Liggur vegurinn út brekkurnar. Ekki er vitað, hvers vegna Beinvörðubrekkur heita svo. Þar eru engar vörður sjáanlegar," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki vitað hvar Beinvörðubrekkur eru en þó væntanlega einhversstaðar norðan við götuna sem lá frá Keflavík og yfir á Rauðasand.
Heimildir: Ö-Keflavík, 11

BA-137:040 heimild um brú 65°30.640N 24°15.114V
"Beint á móti bæ [001] var brú yfir ána. Þar var lambhús [041] og kringlótt tún, sem nefnt var Hjallatún." Samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá lá brúin yfir Keflavíkurá um 65 m VNV við bæ 001 á milli bæjarhóls 001 og lambhúss 041. Keflavíkurá er hér grýtt í botninn og 5-6 m breið. Bakkar árinnar eru grasigrónir og auðvelt er að komast niður og upp frá ánni. Ekkert sést til fornleifa. Við árbakkann sunnan megin eru þrír stórir steinar í hnapp sem hugsanlega gætu hafa verið hluti af undirstöðum ásamt stórum kletti á norðurbakka hennar en ekki er hægt að segja neitt um það með vissu. Trúlega hefur verið um timburbrú að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 11-12

BA-137:041 tóft lambhús 65°30.644N 24°15.138V




"Beint á móti bæ [001] var brú [040] yfir ána. Þar var lambhús og kringlótt tún, sem nefnt var Hjallatún," segir í örnefnalýsingu. Lambhús 041 er um 90 m VNV við bæjarhól 001 og um 10 m vestan við Keflavíkurá.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn, þýfður hjalli rétt norðaustan við lítinn læk sem rennur í Keflavíkurá. Lambhúsið er neðst í brekkunni undir hömrunum vestan Keflavíkur. Hjallinn hallar 2-5° niður til ASA.
Á þessu svæði eru hugsanlega fjögur hólf A-D í samfelldri beinni röð sem er um 18 m á lengd, um 9 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur, Lambhústóft A er stærst. Hún er grjót- og torfhlaðin, um 8,5 m á lengd, um 6,5 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Grjóthleðslur sjást bæði að innan og utan í veggjum. Tóftin er einföld og trúlega hefur verið gengið inn að suðvestan eða suðaustan en inngangurinn er fallinn saman og erfitt að segja til um það hvar hann hefur verið. Hleðslur eru bæði hellugrjót og hraungrýti en engar greinilegar garðaundirstöður eða jötur eru sjáanlegar vegna hruns úr veggjum inn í tóftina. Veggir eru 1-1,5 m á hæð (5-8 umför) og um 2 m á breidd en austur- og vesturveggir eru aðeins lægri en hinir. Innanmál tóftar hefur verið um 4-5x2-3 m en veggir eru nokkuð vel signir inn í tóft. Í fyrstu virðist aðeins ein tóft vera á svæðinu en annað óljóst hólf B er nokkuð greinilegt fast norðaustan við A þegar betur er að gáð. Hér er um að ræða vel grasigróna litla tóft sem er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, en veggir hennar eru aðeins um 1 m á breidd og <0,5 m á hæð. Hér gæti hafa verið heygarður. Hugsanlega má einnig sjá móta fyrir tveimur hólfum í viðbót í beinni línu út frá hólfi B en þau eru mjög óljós og sokkin. Hólf C hefur trúlega verið um 2x2 m að innanmáli en ekki sést móta



Lambhústóft 041, horft í SA.

fyrir neinum veggjum að suðaustan, hvorki í C eða D. Hólf C gæti hugsanlega einnig hafa verið heygarður. Hólf D er um 4x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hér gæti hugsanlega hafa verið heygarður eða kálgarður. Þessi tvö hólf eru mjög óljós og veggir varla um 1 m á breidd og <0,4 m á hæð. Vel getur verið að hólf B-D séu eldri en lambhús A.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 11-12

BA-137:042 *Sveinsstekkur* tóft+garðlag stekkur 65°30.703N 24°15.156V




"Upp af Hjallatúni [sjá 041] var stekkur og garðlag í kring. Það var nefnt Sveinsstekkur. Hafliði man ekki eftir tóftarbrotum þar." Um 150 m norðvestan við bæjarhól 001 er greinilegt garðlag sem liggur gróflega í vestur upp brekkuna ofan og vestan við Keflavíkurá. Engin greinileg ummerki eru um stekk á þessu svæði en hugsanlega má greina samfallna tvískipta tóft fast upp við garðlagið að sunnanverðu ofarlega í brekkunni, um 120 m vestan við rétt 011A og um 160 m norðvestan við bæ 001.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróin, þýfð og grýtt brekka sem hallar 2-5° til suðausturs niður að Keflavíkurá.
Tóft 042A og garðlag 042B ná saman yfir svæði sem er um 80 m á lengd, 20 m á breidd og snýr gróflega VNV-ASA. Garðlag 042B kemur í ljós um 10 m vestan við Keflavíkurá í stórþýfðu graslendi. Þaðan liggur garðlagið um 23 m í suðvestur áður en það beygir upp brekkuna í vestur. Um 7 m ofan og vestan við þá beygju er garðlagið skorið í tvennt af litlum læk sem rennur í Keflavíkurá. Í vestur liggur garðlagið um 30 m áður en það hverfur í gras og grjót. Garðlagið er grjót og torfhlaðið, 1-1,5 m á breidd og <0,5 m á hæð. Um 12 m neðan og austan við efri endann eru óljósar leifar af tvískiptri sokkinni tóft 042A sem vel gæti verið stekkjartóft. Langhlið tóftarinnar er tengd garðlaginu að sunnanverðu og er tóftin um 8 m á lengd, um 3 m á breidd (4 m með garðlagi) og snýr ANA-VSV. Hólfin eru nokkuð óljós en virðast hafa verið að minnsta kosti um 2x2 og 2x1 m að innanmáli. Hleðslur eru mjög signar eða <0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Engir greinilegir inngangar eru á tóftinni vegna sigs. Ekki er hægt að sjá að garðlagið hafi myndað lokað gerði á þessu svæði.



Sveinsstekkur 042, horft í SA.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 12

BA-137:043 tóft útihús 65°30.594N 24°14.834V




Einföld lítil tóft er ofan og austan við heimatún um 170 m ASA af bæjarhól 001 og um 30 m ANA við tóft 066.
Á þessu svæði er þýfð og grýtt grasigróin brekka sem hallar 10-20° í norðvestur niður að mógröfum 011.
Tóftin er einföld, um 3x3 m að flatarmáli og hlaðin úr torfi og grjóti. Innanmál um 1x1 m. Tóftin er vel grasi- og lyngigróin. Gengið hefur verið inn að norðvestan en inngangur er samfallinn. Veggir eru um 1 m á breidd og 0,3-1 m á hæð en suðausturveggur er hæstur. Hér gæti hugsanlega hafa verið hrútakofi eða mókofi.
Hættumat: engin hætta

BA-137:044 *Árdalsbúð* tóft fjárhús 65°30.364N 24°14.764V

"Meðan útræði var úr Keflavík, voru verbúðir innan til við ána, og sjást tóftirnar enn. Innst voru Innstabúð og Litlabúð, sem voru hlaðnar saman, grjótveggur á milli [sjá 033]. Yzt og næst ánni var Hagamannabúð og fyrir ofan hana Haugbúð. Árdalsbúð var fyrir ofan Hagamannabúð, upp með ánni. Hún var höfð fyrir fjárhús, en var áður verbúð. Upp af Haugbúð var Hæstabúð. Ekki er nú vitað, hverjir áttu og notuðu þessar búðir, en í skrá A.G. Er þess getið til, að Hagi á Barðaströnd og Haugur (Auðshaugur) á Hjarðarnesi hafi átt tvær þeirra," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 10 m norður af skipbrotsmannaskýlinu í



Árdalsbúð 044, horft í N.



Keflavík. Þetta er 4-500 m suður af bæjarhól 001. Sennilega er hér komin ein verbúðanna í textanum fyrir ofan, líklega Árdalsbúð, enda sjást í henni leifar af garða.

Á grösugum bakka en vestan við er snarbrattur bakki niður að á.

Sýnilega hefur tóftin síðast verið notuð sem fjárhús eða lambhús þótt upphaflega kunni hún að hafa tengst sjósókn. Hún er mjög heilleg og veggir lítið sem ekkert farnir að hrynja. Hún snýr N-S, dyr eru á suðvesturhorni en ekki mjög skýrar, bara lægð í vegginn. Innamál tóftar er um 5 x 3 m frá N-S og óljós garði eftir endilöngu. Leifar af timbri sjást innan veggja, stoðir og bitar og að auki sér í enda á hvalbein sem hugsanlega hefur verið nýtt í sperru. Iðagrænn hóll er framan eða sunnan við tóftina og dæld þar í en hallar mjög fram af bakkanum, niður í fjöru. Hugsanlega eru þarna eldri mannvistarleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Keflavík, 4

BA-137:045 varða 65°30.807N 24°19.288V



Varða á Brunnahæð, horft í NA.

"Suðvestan skarðsins er Brunnahæð, sem er há-Látraheiði milli Keflavíkur og Hvallátra. Landmælingavarða frá 1923 er á Brunnahæð," segir í örnefnalýsingu. Varðan sést enn. Hún er efst á Brunnahæð, sem má segja að sé hæsti punktur Látraheiðar. Þetta er rúma 3,5 km vestur af Keflavík.

Hæðin er flöt að ofan og grýtt mjög, mosavaxin. Ekki flatar hellur en fyrirtaks hleðslugrjót. Víðsýni er mikil til austurs og norðurs og sér út á bjarg þar sem er önnur landmælingavarða (sjá 138:122).

Varðan er digur og há, vel hlaðin, um 2,4 m á hæð og um 3 m á kant í grunninn. Hún er hringlaga að grunnfleti en byrjar

að mjókka upp í rúmlega 1 m hæð. Varðan er spísslaga í toppi. Þar efst er kantaður steinn sem stendur upp á endann. Aðkenning að hleðslu sést um 5 m suðvestan við, það er 5-6 m löng grjóthleðsla sem liggur N-S. Norðurendi hennar er hruninn. Tilgangur með henni er óljós en gæti þó tengst veru Bandaríkjamanna þar uppi á hæðinni um miðbik 20. aldar, en þeir munu hafa haft þar bækistöðvar við geimrannsóknir. Önnur merki um veru þeirra eru annars vírarusl á nokkrum stöðum kringum vörðuna og rusl sem hefur verið brennt.
Hættumat: engin hætta



Tóft af skotbyrgi 046, horft í SA.

Heimildir: Ö-Keflavík, 13

BA-137:046 tóft skotbyrgi
65°30.106N 24°15.517V
Lítið grjóthlaðið byrgi er á sjávarbakka í vestanverðri Keflavík, um 100 m suður af syðstu fiskigörðunum í verstöðinni sunnan eða vestan Ormalækjar, sjá 032.
Grösugur sjávarbakki.
Byrgið er um 2 x 1 m að stærð frá A-V, niðurgrafið en upphlaðið að innan. Veggir standa vel. Mjög sennilega er hér komið skotbyrgi þar sem hefur verið legið fyrir ref. Um 170 m vestar á ströndinni fundust hleðsluleifar sem gætu verið af öðru grjótbyrgi (sjá b).
Hættumat: engin hætta

BA-137:047 *Lyngmannavarða* varða
65°31.135N 24°14.341V
"Þarna upp á brún, nokkuð fyrir framan veginn til Breiðavíkur, er Lyngmannavarða. Hún stendur á hæð og ber við himin frá bæ séð. Þarna voru brekkur góðar, þegar farið var að rífa lyng, en það var haft til eldiviðar og undir í rúmin," segir í örnefnalýsingu. Varða var skráð á þessum slóðum en þó óvíst hvort það er sú rétta, enda eru margar vörður í hlíðunum upp af Keflavík. Þessi varða er á hæð skammt austan (um 50 m) við götuna sem liggur upp með Svarthamragili (sjá 035).
Urð, lyngivaxnar kvosir hér og þar. Sæmilegasta varða og sést vel að, enda hlaðin uppi á kletti. Ekki sést til annarra varða í kring nema Bræðra 022 í austri. Varðan er hátt í 1,9 m á hæð. Hún er ferköntuð í grunninn en hleðslan mjög gróf.




Varða sem gæti verið Lyngmannavarða 047, horft í S.

Ekki er útilokað að hún hafi einfaldlega átt að vísa á götuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 14




Tóft 048, horft í S.

BA-137:048 tóft útihús
65°30.576N 24°15.058V
Grjót- og torfhlaðin tóft er um 100 m suðvestan við bæ 001, um 2 m austan við Keflavíkurá og um 10 m sunnan við mótin þar sem Bæjarlækur rennur í Keflavíkurá.
Á þessu svæði er þýfður grasigróinn árbakki. Um 3 m austan og ofan við tóftina er eldri árbakki sem er um 1,5 m hár og brattur og einnig vel grasigróinn. Tóftin er einföld, um 7x7 m að utanmáli og liggur NNA-SSV. Innanmál tóftar er um 4x2,5 m. Óljóst er hvar gengið hefur verið



inn því bæði að norðan og sunnan eru veggir mjög rýrir. Einn stór timburstaur liggur nú skáhallt yfir tóftina og liggur hann á austur- og vesturveggjum. Veggir eru 1-1,2 m á hæð og um 2 m á breidd að austan og vestan en veggir að norðan eru aðeins 1 m á breidd og <0,5 m á hæð (1-3 umför). Suðurveggur er rýrastur eða aðeins ein röð af grjóti um 1 m á breidd og <0,3 m á hæð. Líklegast hefur verið þar timburgafl og þar verið gengið inn. Veggir eru vel grasigrónir en þó glittir í grjóthleðslur bæði að innan og utan. Engin ummerki eru um jötur eða garða í tóft en veggir hafa ekki hrunið það mikið inn að slíkt ætti ekki að vera sjáanlegt ef það hefði verið til staðar. Hugsanlega hefur verið hér hlaða eða hjallur.
Hættumat: engin hætta

BA-137:049 tóft útihús 65°30.562N 24°15.007V



Tóft 049 er á austurbakka Keflavíkurár um 10 m austan við ána, um 40 m suðaustan við útihús 048 og um 120 m sunnan við bæjarhús 001. Á þessu svæði er stórþýft grasi- og sinugróið tún sem hallar 2-3° til vesturs.
Tóftin er grjót- og torfhlaðin, tviskipt og snýr NNA-SSV. Tóftin er um 10 m á lengd og um 5 m á breidd en hólfin tvö eru svolítið ólík í útliti. Hólf A er um 6x4 m að utanmáli, liggur NNA-SSV og er grjót- og torfhlaðið á meðan hólf B er um 4,5x3 m að utanmáli, virðist aðeins vera hlaðið úr torfi og snýr norður-suður. Bæði hólfin eru ferköntuð. Hleðslur eru nokkuð signar inn í hólf A og eru því veggir um 1,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hólf A er að mestu hlaðið úr hellugrjóti og er vel grasigróið. Gengið er inn í hólfið að vestanverðu á miðjum vegg en inngangurinn er samfallinn. Hefur hann trúlega verið um 0,5 m á breidd. Innanmál hólfsins er 3x1 m og er það vel þýft að innan en ekki er útilokað að því hafi verið skipt í tvennt að sunnanverðu. Engin greinileg ummerki eru um jötur eða garða en ekki er útilokað að hér hafi verið fjárhús eða hesthús. Hólf B hefur verið hlaðið úr torfi SSV við hólf A. Hólf B er um 3,5x2 m að innanmáli og trúlega hefur verið gengið inn í norðurhorni þess upp við suðvesturhorn hólfs A. Veggir hólfs B eru vel grasigrónir en aðeins um 0,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Hugsanlega gæti hér hafa verið heygarður.
Hættumat: engin hætta

BA-137:050 *Nónvörður* varða eyktamark
65°30.110N 24°15.737V
"Á háhæðinni út frá Fuglagötum [046] eru Nónvörður, sem blasa við frá Keflavík og voru hafðar fyrir eyktamark," segir í örnefnalýsingu. Líklega er hér átt við vörðu sem er fremst eða yst á nefi beint upp og suður af verbúðum 031-032. Fremur flatt lyngholt en allt í kring er stórgrýtt urð. Á þessum stað er ágætlega stæðileg varða en þó ekki vel hlaðin, um 1,2 m há og stendur vel. Hún er rúmlega 1 m í þvermál að neðanverðu, stórir hnullungar þar neðst en mjókkar heldur upp á við og er smærra grjót í henni þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 15



Varða sem gæti verið Nónvarða 050, Horft í A.

BA-137:051 *Stígur* gata leið 65°30.146N 24°15.459V
"... Keflavíkurbjarg. Það er í raun og veru austasti hluti þess hamraveggjar, sem nefnt er Látrabjarg. ... Neðsti gangurinn heitir Stígur. Það er leiðin út í sjálft bjargið. Rétt utan við Brimnes, þar sem Stígurinn byrjar, er gjóta, sem nær á brún og heitir Brimnesgjóta. Út fjöruna er á leiðinni Forvaði, sem ekki er fært fyrir, nema um hálffallið. ....Utan við Gat og Forvaða tekur við sams konar stórgrýtisfjara út að grashöfða, sem heitir Lambhöfði. Þar má segja, að sjálft fuglabjargið hefist. Stígurinn er fær fyrir ofan neðstu kletta, og fært er af honum innan við Lambhöfða niður í fjöru. Ýmsir gangar og smáþræðingar eru ofan við Stíg, en flestir eru

nafnlausir," segir í örnefnalýsingu. Þessi leið var ekki skoðuð rækilega á vettvangi en væntanlega hefur ströndin sunnan verbúða 032 verið þrædd út í bjargið. Sunnan tóftanna sést raunar stígur, nú að mestu leyti gróinn sem liggur til suðurs og suðvesturs og gæti verið hluti af þessari leið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 15




Varða 052 ofan við Barnatjörn, horft í S.

BA-137:052 varða
65°30.726N 24°14.687V
Varða er ofan og vestan við svonefnda Barnatjörn, sem er skammt norðaustur af bæjarhól 001.
Helluhóll, mosagróin urð í kring.
Ekki merkileg varða, um 1 m í grunninn og um 0,5 m há. Hún er mestmegnis hlaðin úr flötum hellum og gæti hafa verið hlaðin af börnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík,16


BA-137:053 *Haugbúð* tóft rétt 65°30.358N 24°14.788V



Tóft 053 horft í NV.



Lítil tóft er hlaðin undir kletti ofan í bröttu gili vestan við slysavarnarskýlið í Keflavík. Þetta er rétt um 500 m suður af bæjarhól 001. Hér gæti verið komin Haugbúð en um hana segir í örnefnalýsingu: "Yzt og næst ánni var Hagamannabúð [053] og fyrir ofan hana Haugbúð." Lítið undirlendi, brött grasbrekka frá klettahól og niður að á. Tóftin er þokkalega stæðileg, hlaðin sunnan eða vestan undir kletti. Hún er einföld, 6 x 5 m stór frá austri til vesturs að utanmáli, dyr á suðvesturhorni. Vesturgafl er alveg útflattur og hruninn. Austurgaflinn er sléttur klettaveggur. Norðurveggurinn er heillegur og ágætlega hlaðinn (allt að rúmlega 1 m á hæð), annað að miklu leyti gróið. Óvíst er um hlutverk tóftar, gæti verið lítil rétt eða jafnvel naust/bátaskýli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 4



BA-137:054 *Hagamannabúð* tóft naust
65°30.352N 24°14.791V
Tóft er í gilinu sem Keflavíkurá rennur um, skammt vestan við slysavarnarskýli en 10-15 m suður af tóft 053. Hér gæti verið komin Hagamannabúð en um hana segir í örnefnalýsingu: "Yzt og næst ánni var Hagamannabúð og fyrir ofan hana Haugbúð [053]." Gróinn árbakki undir brekku. Tóftin er grafin inn í bakka, alls um 8 x 7 m stór, opin til suðvesturs. Hún er mikið gróin og töluvert af timbri innan veggja, gætu verið leifar af mæniás og stoðum. Veggir ná mest rúmlega 1 m hæð. Tóftin er einföld og opnast í átt að mynni gilsins sem áin rennur um. Grjót sést í veggjum á nokkrum stöðum. Tóftin lítur helst út eins og leifar af nausti.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 4




Tóft 054, horft í VSV.


BA-137:055 tóft rétt
Fjárrétt, grjóthlaðin að hluta, er beint niðurundan slysavarnarskýlinu í Keflavík, austan við Keflavíkurá.
Undir grónum bakka.
Réttin er að stofni til úr gömlum grjóthleðslum en síðan hefur timbri, járni og vírnetum verið tjaslað upp til að búa til aðhald. Upphaflega mannvirkið er tvö hólf, grafin inn í brekku. Alls ná þau yfir svæði sem er hátt í 16 x 10 m stórt frá austri til vesturs. Eystra hólfið er um 7 x 4,5 m frá austri til vesturs, alveg opið í suðurátt. Hleðslur þar eru fremur illa farnar en vesturhólfið er heillegra um 6 x 4 m stórt N-S og ná grjóthleðslur þar allt að 1,2 m hæð. Hlaðið er fyrir suðurgaflinn að hluta en op í suðaustur. Mjög sennilegt er að upphaflegu mannvirkin séu naust, hugsanlega hlaðin upp að einhverju leyti þegar réttin var gerð, auk þess sem timbri, vír o.fl. Hefur verið bætt við til að gera aðhaldið fjárhelt.
Hættumat: engin hætta



Rétt 055 neðan við slysavarnarskýli, horft í NA.



BA-137:056 tóft útihús
65°30.575N 24°15.037V





Tóft 056, horft í V.

Tóft 056 er á blábrún efri bakka Keflavíkurár um 10 m austan við tóft 048 og um 100 m sunnan við bæjarhús 001.
Árbakkinn er hér brattur og vel grasigróinn og um 1,2 m á hæð. Austan og ofan við árbakkann þar sem tóftin stendur er stórþýft grasigróið tún. Tóftin er einföld, um 7 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr ANA-VSV. Tóftin er mjög vel grasigróin og hleðslur eru mjög signar. Mjög greinilegt er að þessi tóft er eldri en aðrar tóftir í nágrenninu. Veggir tóftar eru um 1,5-2 m á breidd og um 0,3-0,5 m á hæð en engar greinilegar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Ytriveggir tóftar eru greinilegri en þeir innri. Innanmál tóftar er 2,5x1 m. Hlutverk tóftar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta



Þúst 057, horft í V.

BA-137:057 þúst
65°30.569N 24°14.930V
Þúst 057 er um 60 m ANA við tóft 049 og um 120 m suðaustan við bæjarhús 001.
Á þessu svæði er mjög deig grasi- og mosagróin mýri sem hallar 2-5° niður til VSV.
Þústin er vel grasi- og mosagróin, um 7 m á lengd, um 6 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Þústin er nokkuð sokkinn í mýri og aðeins <0,5 m á hæð. Engin greinileg dæld er í miðju þústarinnar. Ekki er alveg víst að um mannvirki sé að ræða en þar sem þústin er nokkuð reglulega kassalaga og áberandi hærri en þúfurnar í mýrinni umhverfis var ákveðið að skrá hana með. Hlutverk óþekkt.
Hættumat: engin hætta

BA-137:058 garðlag
65°30.582N 24°14.965V
Á milli tóftar 049 og þústar 057 er nokkuð sokkið torfhlaðið garðlag 058. Á þessu svæði er mjög deig, grasi- og mosagróin smáþýfð mýri.
Garðlagið er tvískipt (A og B) og liggur um svæði sem er um 55 m á lengd, um 40 m á breidd og liggur ANA-VSV. Garðlagið er torfhlaðið, um 1 m á breidd, <0,5 m á hæð og samtals tæpir 100 m á lengd. Garðlag 058A byrjar í vestri fast austan við tóft 049 og liggur frá austurvegg tóftarinnar um 40 m í ASA áður en hún beygir í rúnuðum boga í NNV. Í NNV liggur garðlagið um 40 m áður en það hverfur í mýrina. Ekki



Garðlag 058, horft í S.

er hægt að greina fleiri garðlög í mýrinni norðvestan við garðlag 058. Um 10 m norðan við beygjuna er annar garðlagsangi 058B sem liggur frá 058A um 12 m í ANA upp að þúst 057. Garðlag B heldur áfram um 4 m í norðaustur frá þúst 057 að ANA verðu en þar endar það einnig í mýri og þúfum. Hlutverk þessa garðlags er óljóst en hugsanlega gæti það hafa verið hluti af áveitukerfi eða stærra gerði.
Hættumat: engin hætta


BA-137:059 tóft+garðlag

65°30.627N 24°14.931V




Tóft og garðlag 059, horft í ASA.

Þúst og garðlög 059A-C er um 20 m ASA við Klíningshól 019 og um 70 m austan við bæjarhús 001.
Á þessu svæði er mjög deig grasi- og mosagróin mýri í heimatúni sem hallar 2-5° til VSV.
Einföld lítil þúst A og tvö garðlög B og C eru í mýrinni á svæði sem er um 20 m á lengd, um 15 m á breidd og liggur austur-vestur. Þúst A er kassalaga, um 4 m á lengd, 3-4 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Þústin er vel grasigróin og ólöguleg en veggir hennar eru 0,3-05 m á hæð og í miðju hennar er um 1x1 m stórt hólf með stórri þúfu í miðjunni. Ekki er alveg víst að hér sé um mannvirki að ræða en þar sem þústin er nokkuð reglulega kassalaga og mjög nálægt bæjarhól var ákveðið að hafa hana með. Hlutverk óþekkt. Sitt hvoru megin við þústina að norðan (3 m) og sunnan (8 m) í mýrinni eru tvö torfhlaðin garðlög sem liggja gróflega austur-vestur. Garðlögin eru bæði frekar rýr, um 1 m á breidd og <0,4 m á hæð. Garðlag B er um 20 m á lengd og frekar beint austur-vestur á meðan garðlag C er um 23 m á lengd og beygir örlítið til norðvesturs í vestur enda þess. Garðlögin tengjast hvergi saman eða þúst A. Hlutverk þessara garðlaga er óljóst. Hugsanlega gætu þau hafa verið hluti af litlu gerði sem sokkið er að í mýri en einnig er hugsanlegt að þau tengist einhvern vegin áveitu í heimatúni.
Hættumat: engin hætta



BA-137:060 tóft útihús

65°30.626N 24°15.103V





Útihústóft 060, horft í NA.

Tóft 060 er um 50 m vestan við bæjarhús 001 og um 5 m austan við austurbakka Keflavíkurár.
Tóftin stendur í blábrún eldri og eystri árbakka líkt og tóft 056. Árbakkinn er vel grasigróinn og þýfður en aðeins um 0,5 m á hæð á þessum stað. Árbakkinn hækkar eftir því sem sunnar dregur niður með ánni.
Tóftin er vel grasigróin, hleðslur eru signar og hún er nokkuð þýfð að innan en hefur þó trúlega verið einföld. Hún er torf- og grjóthlaðin, um 7,5 m á lengd og um 5 m á breidd að utanmáli og liggur NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og 0,5-0,8 m á hæð. Innanmál er um 4x2 m. Gengið virðist hafa verið inn í tóftina um 0,5 m breiðan inngang á vesturvegg í suðvesturhorni. Tóftin er mjög svipuð tóft 056 þegar tekið er tillit til sigs veggja og gróðurfars svo þær gætu mögulega verið á sama aldri. Hlutverk er óljóst en líklega hefur verið hér einhvers konar útihús eða aðhald.
Hættumat: engin hætta

BA-137:061 garðlag túngarður 65°30.621N 24°15.114V

Grjót- og/eða torfhlaðið garðlag, handgrafinn skurður og Keflavíkurá mynda saman nokkuð samfellda umgjörð umhverfis heimatún Keflavíkur 60-170 m frá bæjarhúsum 001.
Túngarður liggur um þýfða og vel grasigróna bakka Keflavíkurár og upp á grýtt klettaholt (Bergar) norðan við bæjarhól 001 og þaðan niður í deiga og þýfða mýri. Þar tekur við handgrafinn skurður og torfhlaðinn garður sem liggja að mestu um deiga og þýfða mýri aftur niður að Keflavíkurá sunnan við bæjarhól 001.
Umgjörðin umhverfis heimatún Keflavíkur er tígullaga og umlykur svæði sem er um 320 m á lengd, um 200 m á breidd og liggur NNV-SSA. Á austurbakka Keflavíkurár er grjóthlaðinn garður sem liggur meðfram ánni í NNV frá norðurbakka Bæjarlækjar þar sem hann rennur í ána og nær í mildum boga um 100 m til norðurs. Meðfram ánni er garðlag frekar rýrt, hleðslur signar, 0,5-1 m á breidd, <0,5 m á hæð (1-3 umför). Garðlagið hverfur í gras og þúfur um 6 m norðvestan við tóft 060 en kemur aftur í ljós á árbakkanum um 40 m NNA. Hægt er að rekja garðlagið þaðan í NNA um 70 m áður en það hverfur aftur ofan í árbakkann. Um 15 m NNA glittir í hugsanlegar grjóthleðslur í bakka árinnar sem hugsanlega gætu verið hluti af túngarðinum en engar leifar af túngarðinum er hægt að greina á yfirborði á því svæði. Túngarður kemur aftur í ljós um 40 NNA við svæðið þar sem hann hvarf áður en þar eru aðeins um 7 m eftir í NNA að norðuroddi heimatúnsins. Þar beygir garðlagið í ASA upp á klettabeltið Berga. Á þessu svæði á bakka Keflavíkurár er garðlagið tvöfalt á um 30 m kafla upp brekkuna í ASA. Syðra garðlagið er með greinilegt horn á meðan nyrðra garðlagið liggur beint út í ána, en syðra garðlagið er mun rýrara en hið nyrðra sem gæti gefið til kynna að stærra garðlagið sé hugsanlega eldra og hafi þjónað sem eiginlegur túngarður á meðan hleðslurnar meðfram ánni eru líklegri til að vera hleðslur undir girðingu. Nyrðra garðlagið er á þessu svæði rúmlega 1 m á breidd en hleðslur eru nokkuð signar eða <0,5 m á hæð. Garðarnir sameinast um 30 m ASA við Keflavíkurá í brekkunni vestan undir Bergum og heldur áfram norður fyrir bæ 001 mjög vel hlaðið í ASA-SA meðfram klettabeltinu sunnanverðu um 230 m áður en garðlagið hverfur út í mjög deiga mýri þar sem Bæjarlækur rennur niður í heimatún úr Húsadal. Um 75 m ASA við ána er garðlagið aftur tvöfalt á um 30 m kafla trúlega vegna einhverskonar endurbóta. Sunnan í Bergum liggur garðlagið um grýtta brekku þar sem það fellur nokkuð inn í umhverfið og eftir því sem suðaustar dregur verður garðlagið líkara hleðslum undir girðingu eða 0,5 m á breidd og <0,5 m á hæð



Hluti af túngarði 061, horft í SV.



Hluti af túngarði 061, horft í NA.

(1-2 umför). Þegar komið er niður að Bæjarlæk er það orðið mikið til torfhlaðið og er torfgarðurinn um 0,5-1 m á breidd og <0,5 m á hæð. Sunnan við Bæjarlæk tekur við skurður og uppgröftur úr honum í stað eiginlegs garðlags. Skurðurinn liggur frá Bæjarlæknum suðvestan með túninu um 200 m niður í Keflavíkurá um 160 m sunnan við bæ 001. Skurðurinn er 0,2-1,5 m á breidd og 0,3-1 m djúpur, er hann breiðastur við Bæjarlækinn og niðri við ána. Uppkastið úr skurðinu er austan við hann nær læknum en vestan við hann þegar sunnar dregur. Hrúgurnar eru nokkuð hlykkjóttar en mynda grasigróna garða meðfram skurðinum sem eru 0,5-1,2 m á breidd og 0,3-0,8 m á hæð. Stæðilegastur er garðurinn sunnan við Bæjarlækinn.
Hættumat: engin hætta

BA-137:062 varða 65°30.215N 24°15.567V

Grjóthlaðin varða er um 10-15 m ofan við verbúðir 032 í vestanverðu mynni Keflavíkur um 870 m suðvestan við bæjarhól 001. Varðan stendur hátt á blábrún mosagróins klettahjalla í miðri vesturhlíð Keflavíkur um 110 m sunnan við neðri beygju Keflavíkurvegar.
Varðan er grjóthlaðin, kassalaga og hlaðin að mestu úr hellugrjóti (15 umför). Hún er um 0,8x0,5 m að grunnflatarmáli og um 1,5 m á hæð en hún mjókkar lítið sem ekkert upp í topp. Grjótið er gróið mosa og skófum. Varðan sést ekki frá bæ 001 vegna Hlunkurholts en sést að öllum líkindum vel frá sjó. Hugsanlega er um mið að ræða.
Hættumat: engin hætta



Varða 062, horft í A.

BA-137:063 tóftir

65°30.686N 24°14.914V

Tvær grjóthlaðnar tóftir eru í brún Berga um 140 m norðaustan við bæjarhús 001 og um 40 m norðvestan við vörðu 069. Á þessu svæði er grýtt brún klettabeltis gróin mosa, grasi og lyngi hér og þar. Tvískipt grjóthlaðin tóft er fast norðvestan undir um 1 m háum kletti í brún Berga. Tóftin er um 10x7 m að utanmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Tóftin samanstendur af tveimur hólfum hlið við hlið sem liggja norðaustur-suðvestur líkt og langás tóftar og eru hólfin opin til suðvesturs. Innanmál er óljóst. Veggir eru hlaðnir úr grjóti en eru nokkuð signir, 1-2 m á breidd og <0,5 m á hæð. Hér gæti hugsanlega verið um að ræða lítil fjárhús eða stekk.



Önnur tófta 063, horft í NA.

Hættumat: engin hætta


BA-137:064 náma mógrafir 65°30.592N 24°14.893V



Mógrafir 064, horft í SV.

Samkvæmt Vestfjarðariti III e. Birgi Þórisson var mótak "lítið og lélegt." Meðfram túnskurði 061 um 130 m suðaustan við bæ og um 5 m vestan við tóft 066 er stór mógröf.
Á þessu svæði er deig þýfð mýri í heimatúni við brekkurætur þar sem landið tekur að hækka til austurs.
Mógröfin er greinilega hornrétt, um 25 m á lengd, um 3-4 m á breidd og liggur NNA-SSV meðfram skurði 061 að vestan verðu. Dýpt mógrafar er 0,3-0,5 m og er botn hennar mjög deig mýri. Ekki eru fleiri augljósar mógrafir í nágrenni mógrafar 064 en ekki er þó útilokað að allt svæðið austan við skurð 061 frá 064 og NNA að enda skurðar 061 fast sunnan við Bæjarlæk hafi verið eitt stórt mótekjusvæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Vestfjarðarit III, 217

BA-137:065 tóft útihús





Tóft 065, horft í NV.

65°30.559N 24°14.877V
Tóft 065 er um 30 m utan og austan við skurð 061, um 50 m sunnan við tóft 066 og um 175 m suðaustan við bæjarhús 001. Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagrón brekka sem hallar 2-5° til VNV fast ofan og austan við deiga vel gróna mýri. Tóftin er einföld, ferningslaga og virðist vera aðeins hlaðin úr torfi því engin ummerki sjást um hleðslugrjót. Tóftin er 3-3,5 m á lengd, um 3 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Gengið hefur verið inn að norðvestan en inngangur er samfallinn. Veggir tóftar eru 1-1,2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Veggir eru hæstir að suðaustan. Innanmál tóftar er aðeins 1x1 m. Hugsanlega hefur verið hér hrútakofi, mókofi eða heystæði.
Hættumat: engin hætta


BA-137:066 tóft+garðlag útihús 65°30.589N 24°14.867V

Útihús 066A og gerði 066B eru um 7 m utan og austan við skurð 061 og mógröf 064, um 25 m VSV við tóft 043 og um 140 m ASA við bæjarhús 001.

Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagrón brekka sem hallar 5-10° til VNV fast ofan og austan við deiga vel gróna mýri. Útihús 066A er grjót- og torfhlaðið, um 4 m á lengd, um 3,5 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Gengið hefur verið inn í tóft að norðvestan um inngang sem hefur verið um 0,5 m á breidd en er siginn. Veggir tóftarinnar eru aðeins um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Innanmál tóftar er um 1x2 m en dýpt þess að innan er <0,3 m. Hér gæti hugsanlega hafa verið hrútakofi eða aðhald fyrir kindur. Mjög líklega hefur verið lítið gerði B norðvestan og neðan við tóft A. Vel grasigróið garðlag liggur í norðaustur út frá norðausturhorni tóftar um 3 m en beygir svo niður brekkuna til norðvesturs. Garðlagið liggur í sveig niður til suðvesturs í átt að stórum steini sem er um 3 m norðvestan við inngang inn í tóft A. Garðlagið liggur um 7 m í suðvestur framhjá steininum en beygir svo upp til suðausturs og eftir 4 m aftur til norðausturs þar sem það tengist aftur tóft A eftir um 1,5 m en nú í suðvesturhorni hennar. Gerðið er um 8x3 m að innanmáli og liggur einnig norðaustur-suðvestur líkt og tóft A. Garðlagið er 1-2 m á breidd og 0,3-05 m á hæð en virðist að mestu vera torfhlaðið. Hleðslur eru mjög signar svo ekki er hægt að sjá út hvar gengið hefur verið inn í hólfið.



Tóft og gerði 066 horft í SV.



Hættumat: engin hætta

BA-137:067 náma mógrafir
65°30.650N 24°14.866V

Samkvæmt Vestfjaðrarriti III e. Birgi Þórisson var mótak "lítið og lélegt." Hugsanleg mógröf er við rætur Berga fast suðvestan við túngarð 061, um 130 m ANA við bæjarhús 001 og um 8 m ofan og norðan við þúst 068.

Á þessu svæði er nokkuð sléttlent þýft graslendi og mýri.

Gryfjan er löng og mjó og liggur NNV-SSA. Hún er um 12 m á lengd en aðeins um 0,5 m á breidd og <0,5 m á dýpt. Ekki er alveg víst að hér sé um mógröf að ræða en þó virðist það líklegasta skýringin á þessu mannvirki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Vestfjarðarit III, 217



65°30.639N 24°14.867V
Mógrafir 067, horft í N.

BA-137:068 þúst

Þúst 068 er um 5 m austan við túngarð 061, um 3 m suðaustan við þúst 069 og um 120 m ANA við bæjarhús 001.

Á þessu svæði við rætur Berga er þýft graslendi fast ofan og norðaustan við deiga mýri í heimatúni.

Þústin er eiginlega tvær aflangar hrúgur með 7-8 m breiðri og 0,5 m djúpri dæld á milli þeirra. Hrúgurnar eru 12-


14 m á lengd, 1-2 m á bredd og 0,5-1 m á hæð. Þústin er um 14 m á lengd, um 11 m á breidd og snýr VNV-ASA. Hrúgurnar gætu hugsanlega verið signar leifar af norður- og suðurgöflum útihúss sem hefur verið rænt grjóti. Ekki er alveg víst að um eiginlegt mannvirki sé að ræða en hugsanlegar hleðslur í vesturenda þústar gefa til kynna að á þessum stað hafi áður staðið einhvers konar mannvirki.
Hættumat: engin hætta



Þústir 068 og 069, horft í S.

BA-137:069 þúst
65°30.646N 24°14.881V
Þúst 069 er um 12 m suðvestan við túngarð 061, um 3 m norðvestan við þúst 068 og um 110 m norðaustan við bæjarhús 001.
Á þessu svæði við rætur Berga er þýft graslendi fast ofan og norðaustan við deiga mýri í heimatúni.
Þústin er nokkuð reglulega ferköntuð, um 9 m á lengd, um 8 m á breidd, 0,5-1,5 m há og liggur norður-suður. Þústin er mjög þýfð og engin greinileg hólf er að sjá í henni miðri en hún var skráð með vegna staðsetningar í heimatúni og reglulegrar lögunar sem er mjög svipuð að stærð og meðal útihús.
Hættumat: engin hætta

BA-137:070 tóft kvíar 65°30.659N 24°14.906V






Tóft 070, horft í N.

Grjóthlaðnar kvíar eru um 40 suðvestan við vörðu 075, um 15 m suðvestan við túngarð 061 og um 110 m norðaustan við bæjarhús 001.
Á þessu svæði er grýtt grasigróin brekka suðvestan í Bergum sem hallar 5-10° til suðvesturs. Tóftin stendur á litlum flötum hjalla í brekkunni sem er rétt nógu stór fyrir tóftina eða um 10x8 m að flatarmáli.
Tóftin er einföld og hlaðin úr stóru hraungrýti, um 7 m á lengd, um 3 m á breidd og liggur í boga norðaustur-suðvestur. Gengið er inn í tóftina að SSV um 0,5 m breiðan og 3 m langan rana sem liggur NNA-SSV. Þegar kemur að enda ranans í NNA beygir maður inn í tóftina til norðvesturs. Innanmál hólfsins er aflangt, um 3x1-1,5 m og liggur það norðvestur-suðaustur. Þrír stórir klettar mynda hluta af norðvesturvegg í brekkunni en minni grjóthleðslur á milli þeirra loka tóftinni. Þar eru hleðslur um 1 m á hæð. Annars staðar eru veggir 0,5-1 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð (2-3 umför) vegna sigs á hleðslum. Stærð, útlit og staðsetning tóftar gefur vísbendingar um að hér gætu hafa verið kvíar.
Hættumat: engin hætta

BA-137:071 tóft+garðlag útihús 65°30.665N 24°14.952V





Tóft 071, horft í SV.

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var einföld tóft um 80 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er lítil óljós tóft í heimatúni fast suðaustan við garðlag 020D, um 8 m sunnan við tóft 020 og um 85 m norðaustan við bæjarhús 001. Á þessu svæði er grasi- og mosagróin þýfð brekka sem hallar 5-20° til suðvesturs niður í átt að bæjarhól 001. Tóftin er einföld, um 3x3 m að utanmáli og hefur hún verið hlaðin úr torfi og grjóti. Hleðslur eru mjög signar og því er enginn greinilegur inngangur en veggir eru um 1,5 m á breidd og <0,5 m á hæð. Innanmál hennar er 0,5x0,5 m. Hlutverk er óþekkt. Tóftin er helmingi minni en húsið sem sýnt er á túnakorti svo ekki er alveg víst að hér sé um sama hús að ræða. Engin tóft í heimatúni á þessu svæði passar við teikningu túnakorts ef miðað er við fjarlægð frá bæ og legu tóftar. Ekki er útilokað að tóftin hafi verið stærri en hluti af henni verið algerlega rifinn og sléttaður og tóft og garðlag 020 byggð ofar. Einnig gæti þó verið að á túnakorti sé um að ræða hluta af tóft 020 (sjá 020A) sem hafi seinna verið stækkuð til norðvesturs, en slíkt er ekki hægt að staðfesta án frekari rannsókna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

BA-137:072 þúst
65°30.682N 24°15.125V
Greinileg ferhyrnd þúst er á vesturbakka Keflavíkurár um 45 m suðaustan við Sveinsstekk 042 og um 120 m norðvestan við bæjarhól 001.
Á þessu svæði er mjög þýfður mosa- og lyngigróinn mói.
Þústin er vel mosagróin, um 9 m á lengd, um 3 m á breidd og liggur VNV-ASA. Hugsanlegt hólf er í norðvestanverðri þústinni en hún er það þýfð að það er mjög óljóst. Þúfur eru stórar og miklar og allt að 0,5 m á hæð. Mjóar rifur eru á milli þúfa þvert á þústina. Enginn hugsanlegur inngangur er sjáanlegur. Ef um mannvirki er að ræða er það trúlega mjög gamalt. Hlutverk er óþekkt.
Hættumat: engin hætta



Þúst 072, horft í SA.

BA-137:073 þúst 65°30.884N 24°14.801V
Vel grasgræn og þýfð þúst er vestan við Keflavíkurá um 50 m suðaustan við Þjófurð 036 og um 520 m NNA við bæjarhól 001. Á þessu svæði er vel grasigróinn þýfður árbakki.Þústin er m 16 m á lengd, um 14 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og liggur NNA-SSV. Þegar þústin er skoðuð eru engin greinanleg hólf, hleðslur eða annað sem gæti gefið til kynna að hér sé um mannvirki að ræða en þústin var skráð til vonar og vara því hún er greinilega grænni



Þúst 073, horft í SA.



Þúst 074, horft í SV.

og meira áberandi en umhverfið í kring. Ekki er útilokað að á þessu grasigróna svæði innarlega í árdalnum hafi áður verið einhverskonar útihús eða aðhald sem hlaupið er í þúfur.
Hættumat: engin hætta

BA-137:074 þúst
65°30.611N 24°15.045V
Rétt norðan við Bæjarlæk sunnan undir bæjarhól 001 er stór aflöng þúst sem er um 15 m VNV við brunnhús 009 og um 20 m VSV við útihús 003. Á þessu svæði er þýft grasi- og mosagróið heimatún. Þústin er um 18 m á lengd, um 9 m á breidd og liggur norður-suður. Þústin er óljós og ávöl, aðeins um 0,5 m á hæð og engin dæld er sjáanleg í miðju hennar. Ekki er ljóst hvort um mannvirki eða náttúrumyndun er að ræða en ekki er útilokað að hér hafi áður verið útihús eða annað mannvirki.
Hættumat: engin hætta

BA-137:075 varða 65°30.674N 24°14.869V




Varða 075, horft í SV.

Grjóthlaðin varða er í brún Berga um 150 m norðaustan við bæjarhús 001, um 20 m norðaustan við túngarð 061 og um 100 m VSV við Barnatjörn. Varðan stendur um 14 m hærra í landslagi en bæjarhóll.
Á þessu svæði er mosa- og lyngigróin grýtt klettabrún. Varðan er kassalaga og vel hlaðin að mestu úr hellugrjóti. Hún er um 0,8x0,5 m að flatarmáli, um 1,5 m á hæð (12-14 umför) og mjókkar lítið sem ekkert upp í topp. Varðan sést mjög vel frá bæ. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega gæti verið hér um eyktamark að ræða, þ.e. ef varðan hefur haft eitthvað sérstakt hlutverk yfirhöfuð.
Hættumat: engin hætta

BA-137:076 heimild um útihús 65°30.632N 24°15.014V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var langt útihús á bæjarhól um 10 m suðaustan við bæ 001.
Ekkert er á þessum stað annað en sléttað, grasigróið tún.
Ekkert sést til fornleifa en hugsanlega hefur áður staðið hér fjós.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

BA-137:077 tóft
65°30.696N 21°14.783V





Byrgi 077 A, horft í NV.

Leifar af tveimur litlum byrgjum eru sunnan við vesturenda Barnatjarnar, en hún er austan við gamla bæjarhólinn í Keflavík 001. Þetta er um 200 m austur af bæ. Hleðslurnar eru á smáklettabungu en gróin kvos er neðan eða suðvestan við, nær bæ. Syðra byrgið (A) er í raun hleðsla uppi á jarðföstum klettum, um skot sem er á milli þeirra. Hlaðið er um skotið svo úr verður óreglulegt byrgi, um 3 x 2 m á stærð, með dyr í suðvestur. Það er illa hlaðið en úr svo stóru grjóti að nær útilokað er að börn hafi gert það. Veggir ná mest um 0,7 m hæð. 5 m norðar (eða austar) eru leifar af alveg samanhrundu byrgi (B) sem hefur verið um 2,5 x 2 m að stærð. Ekkert lag er á hleðslunum en miklu smærra grjót hefur verið í veggjum þess.
Hættumat: engin hætta

BA-137:078 *Stöð* heimild um lendingu 65°30.224N 24°15.383V



Horft yfir Keflavíkina til A. Lendingin sést vel fyrir miðri mynd, eins og lygn læna.

Í Jarðabók Árna og Páls segir 1710: "Lendíng er þar brimasöm þó sækjandi. Uppsátur er þröngt mjög, í aðallendíngunni, ei nema fyrir 3 a 4 skip. Í öðrum stað er rýmra uppsátur (fyrir 12 skip eður fleir, en þar er hætt lending, þá illt er í sjóinn...." Í Barðstrendingabók segir árið 1942: "Lending er góð í Keflavík í norðan og austan átt, en brimasamt í allri hafátt." Í örnefnalýsingu segir: "Sveinn ætlaði út fyrir til að róa, að Brunnum, Látrum eða eitthvað annað. Það var norðanátt, svo að ekkert gaf þangað, og fór hann þá ekki lengra en í Keflavík. Lendingin var upp í sandinn, nefnd Stöð. Þarna beygir fjaran, og klettar mynda vinkil, og á bletti er skjól í öllum áttum. Þótti gott að láta fé liggja þarna. Stöðin er rétt niður undir Ormalæknum, hann rennur niður í vinkilinn." Í Barðstrendingabók 1942 segir: "Einnig voru verbúðir í svonefndri Stöð, fyrir miðjum víkurbotninum." Tvær meginlendingar hafa því

verið í Keflavík. Önnur var hér um bil beint niður undan skipbrotsmannaskýlinu, sjá nr. 007, og er það sennilega sú sem nefnd er "aðallendingin". Önnur lending var vestar, niðurundan Ormalæknum, en við hann eru verbúðir og fiskgarðar 031-032. Svo virðist sem bæði lendingin og verbúðirnar (sjá 031-032) hafi verið nefndar Stöð. Ef horft er niður í Keflavíkina ofanfrá úr fjarska sést að lendingin er lygn læna, sæmilega djúp en sýnilega meiri grynningar austan við. Engin mannvirki sem minna á naust eru upp af þessari lendingu og sennilega hafa bátar einfaldlega verið dregnir efst upp í fjöru eða mögulega upp í kvos við Ormalækinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM VI, 310; Bstbók, 94; Ö-Keflavík, 10

BA-137:079 tóft naust 65°30.348N 24°14.775V



Tóft 079, horft í NA, slysavarnarskýlið í Keflavík í baksýn.

Óljós dæld sést 6-7 m austur af rétt 055.
Grösugur bakki.
Þetta eru líkast til leifar af nausti eða uppsátri. Dældin er grafin inn í háan bakka og er fremur óregluleg, um 5 m löng og 1 m breið frá norðri til suðurs. Ekki sést grjót í veggjum.
Hættumat: engin hætta

BA-137:080 *Kapteinseyri* þjóðsaga
"Í skrá Ara Gíslasonar er nefnd Kapteinseyri, lítil slétt eyri utan við Franska [sjá 027]. Sagt er, að þar eigi skipstjórinn að vera grafinn ... Hafliði þekkir ekki þetta nafn og ekki söguna," segir í örnefnalýsingu. Kapteinseyri er ekki þekkt í dag og ekki hægt að benda á stað sem þykir líklegur út frá lýsingunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keflavík, 9

BA-137:081 hleðsla 65°30.712N 24°14.776V
Eins konar bryggjur hafa verið hlaðnar út í Barnatjörn, önnur um miðbikið og hin við norðurendann. Þetta er um 250 m ANA af bæ 001.Fremur grunn tjörn og að mestu grýtt í botni. Bakkar eru grýttir en mosi og lyng víða.



Hleðsla 081 úti í Barnatjörn, horft í V.

Eins og nafnið bendir til hefur hér væntanlega verið leikstaður barna. Nyrðri bryggjan er í raun ekki annað en grjóthrúga úti í tjörninni, um 2-3 m löng og um 1 m breið. Mjög skammt er þaðan í tjarnarendann, ekki nema um 2 m. Hinar bryggjuleifarnar eru óljósari um miðbik tjarnar, um 15-20 m suðvestar, þar sem hún dregst saman og skammt er milli bakka. Þar virðist hafa verið hlaðið yfir en hleðslan, eða grjóthrúgan öllu heldur, nær þó ekki saman í miðjunni en gæti hafa verið alls 3-5 m löng.
Hættumat: engin hætta

BA-137:082 *Hæstabúð* heimild um verbúð
Í örnefnalýsingu segir: "Upp af Haugbúð [053] var Hæstabúð." Ekki er gott að staðsetja Hæstubúð (þótt heitið gæti átt við einhverja tóftanna í námunda við slysavarnarskýlið.
Heimildir: Ö-Keflavík, 4

BA-138 Látur (Hvallátur)

30 hdr. 1703. Bændaeign. Landnámsjörð. Þar var bænhús. 1959: "Margbýlt er og hefur verið á Hvallátrum. Er byggðin öll í þorpi nyrzt í víkinni." ÁFÍ 1959, 121. 1458 var B. 30 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur - DI V, 163. 26.9.1465 selur Þorleifur Árnason sr. Jóni Snorrasyni H. fyrir 40 hdr. - DI V, 449-50 sbr. 450-51. 1514 var H. í eigu Jóns Jónssonar Íslendings og gaf hann 60 sauða beit á vetur, tolllaust skip, bjarg, hvannskurð og sölvafjöru í Hvallátralandi til Sauðlauksdalskirkju - DI VIII, 517. 3.12.1533 hafði Jón Jónsson gefið sr. Jóni Koðránssyni sonarsyni sínum 10 hdr í H. en Dýrfinna Gísladóttir hafði ekki viljað samþykkja gjöfina - DI X, 69. 21.8.1543 fær séra Filipus Jónsson Guðrúnu Björnsdóttur eldri H. til eignar fyrir 30. hdr - DI XI, 248-49 sbr. 492-93. 1576 var H. 30 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103.
1920: 8 ha. garðar 1898, 3/4 sléttað. 1840: "graslítil jörð, en fjöru- og útigangsjörð hin bezta." SSV, 211. 1942: "Á Hvallátrum hefir um langan aldur verið margbýli og mikil búpeningshöfn, einkum sauðfé. Nú eru þar átta búendur. Tún eru þar stór, greiðfær, sendin og nokkuð harðlend. Kartöflugarðar eru þar ágætir og allmiklir. Engjar eru mjög litlar, aðeins valllendisblettir á bjargbrúninni. Fjörubeit er mikil og útigangur fyrir sauðfé mikill, svo að lömb eru stundum eigi tekin í hús fyrr en á þorra, og sleppt með einmánuði. Hefir vetrarbeit löngum þótt gagnsöm og kjarngóð á Látrabjargi, en mörg kindin hefir þar hrapað. ... Sölvatekja mun og að fornu hafa verið mikið notuð á Látrum ... Veiðiskapur hefir mjög verið stundaður á Hvallátrum, bæði á sjó og landi. Útræði er þar ágætt, eggjatekja og fuglatekja í bjarginu. Eru dæmi til þess, að 36 þúsund af fugli hafi veiðst í Látrabjargi á einu vori ... Loks hafa refaveiðar jafnan verið stundaðar þar af miklu kappi. / Útræði er ágætt frá Hvallátrum, ... bæði vor, sumar og haust, og aflasæld hin mesta báðum megin við Látraröst. Boði er fyrir framan lendinguna og hlífir hann mikið fyrir brimi ... Fram til 1890 var sótt mjög að Hvallátrum til sjóróðra á vorvertíð, sunnan úr sýslunni, einkum úr Múlasveit, Flateyjarhreppi og af Barðaströnd, og svo af Rauðasandi. Var þá mest róið á steinbít. Vorið 1882 var þar fyrst verkaður saltfiskur til verzlunarvöru. Það vor gengu þar 15 bátar til fiskjar. / Aðkomumenn reru flestir á Brunnum eða á Látranesi, nema Rauðsendingar, þeir reru heiman frá Látrum ásamt heimamönnum. - Nú róa aðeins heimamenn frá Látrum. ...Til skamms tíma voru fuglaveiðar stundaðar af miklu kappi á Látrum. Aflaðist jafnan vel og stundum ágætlega. Þær eru nú lítið stundaðar. Hafa Látur jafnan verið taldir með fengsælustu stöðum sýslunnar og jafnvel á Vestfjörðum. En ekki hafa aflaföng verið tekin þar án fyrirhafnar og mannrauna ..." Bstbók, 96-97. Um róðra frá Hvallátrum sjá: Bstbók, 193-203 og um bjargferðir Bstbók, 204-212, ÁFÍ 1959, 117-20. 1959: "Jörðin er kostajörð, en krefst fjölmennis, áræðis og mikillar atorku, ef kostir jarðarinnar eiga að nýtast að fullu. Minnzt hefur verið á hlunnindin af Bjarginu og fiskveiðarnar, en þar að auki hefur verið rekinn á Látrum mikill landbúnaður, með fjölda búpenings, nauta, sauða og hrossa. Tún eru frekar stór, en engi lítið, útbeit ágæt í Bjarginu og fjörubeit notadrjúg. Refaveiðar voru stundaðar á vetrum með góðum árangri, meðan skinnin voru í verði." ÁFÍ 1959, 121-22.

BA-138:001 *Hvallátur* bæjarhóll bústaður 65°31.687N 24°27.358V



Bústaðurinn með græna þakinu stendur á bæjarhól Heimabæjar 001.


Í Hvallátraþorpinu, sem er upp af norðanverðri Látravík, voru nokkur býli á 20. öld en þar hafa þrír bæir verið taldir helstir og upprunalegastir: Heimabær, Húsabær og Miðbær. Hér er skráður bæjarhóll Heimabæjar. Þess má geta að í heimildum er iðulega talað um Hvallátra sem eina jörð en heiti bæjanna koma varla fyrir í heimildum fyrr en seint á 19. öld. Í örnefnalýsingu Þórðar Jónssonar segir: "Sunnanvert við gilið er hóll, gegnt Húsabænum, og hallar frá honum niður að Gilinu, sá heitir Skiptingshóll. Á honum sunnanverðum hefir löngum staðið bær og stendur enn, heitir sá Heimabær. Sunnanvert við hann og aðeins ofar stóð áður fyrr bænhús, en nú stendur þar íbúðarhús á sama stað, eða í Bænhúshól."

Bærinn hefur staðið hér um bil í miðju túni og er þar nokkuð áberandi hóll, a.m.k. ef staðið er vestan eða sunnan við. Á honum er nú sumarbústaður.

Alls má ætla að bæjarhóll Heimabæjar sé um 60x40 m stór frá norðri til suðurs. Hann er síst greinilegur að austan, þar sem hann rennur saman við hlíðina og að sunnanverðu, þar sem húsið Gimli stendur nú. Á hólnum stendur nú sumarbústaður sem var reistur eftir að leifar síðasta bæjarins höfðu verið rifnar árið 1982. Sunnan og vestan við sumarbústaðinn er kálgarður með hlöðnum veggjum enn óhreyfður og norðan við bústaðinn er enn stæðileg tóft með grjóthlöðnum veggjum, leifar af eldhúsi. Kálgarðurinn er hlaðinn á þrjár hliðar og myndar eiginlega "L" vestan og sunnan við bæjarstæðið, alls um 35 x 25 m stór frá norðri til suðurs (ræman vestan við bústaðinn er um 10 m breið en sunnan við hann um 15 m). Lögun kálgarðs virðist alveg sambærileg við það sem sýnt er á túnakorti frá því 1915. Norðantil mun hóllinn hafa verið lækkaður mikið með jarðýtu fyrir 1960 og þar með talinn Skiptingshóllinn, sem var norðan við rúst eldhússins. Til eru margar gamlar ljósmyndir af gamla Heimabæ og nokkrar þeirra eru prentaðar í Niðjatali. Á þeim sjást ýmsar breytingar á bæjarstæðinu á 20. öld. 1916 er íbúðarhús sagt ársgamalt, "byggt úr grjóti og timbri, með kjallara til geymslu undir, allt þiljað innan, og með lofti og gólfi, járnþaki og pappa undir, portbyggt; 7,53 x 3,77 m (28,4 m2 að grunnfleti), veggháð 4,6 metrar. Í húsinu voru 3 herbergi og eldhús... (sjá Vestfjarðarit III, bls. 223). Ýmsar breytingar á þessu íbúðarhúsi má merkja á myndum í bókinni Niðjatali. 1953 hefur bærinn t.a.m. verið stækkaður til suðurs. Ekki er ljóst hvenær síðasti torfbærinn á Heimabæ var rifinn. Á hinn bóginn er vitað að byggingar úr torfi og grjóti hafa verið við lýði á bæjarhólnum löngu eftir að íbúðarhús sem var að mestu úr timbri var reist. Hlöður úr torfi og grjóti voru til að mynda að húsabaki, austan við bæ, en þar er nú grasslétta. Þá verður að lokum lýst eldhústóftinni norðan við sumarbústaðinn. Ekki er ljóst af myndum í Niðjatali hvernig tengslum hennar við íbúðarhúsið var háttað en svo virðist sem hún hafi ekki verið áföst því. Tóftin snýr frá norðri til suðurs, með dyr í suður, í átt að sumarbústaðnum. Veggir standa fullkomlega, eru allt að rúmum 2 m á hæð og hefur væntanlega verið haldið við. Ekki sést hrun eða brak úr þaki inni í tóftinni. Hún er um 4 x 2 m að innanmáli N-S. Lítið útskot gengur inn í vegginn til austurs innst í tóftinni; þar munu hafa verið hlóðir. Útskot þetta er um 1,2 m á lengd og 0,8 m breitt, undir helluþaki. Veggir tóftarinnar eru mjög þykkir og veglegir (2-3 m), að mestu grónir að utanverðu en hleðslur að innan mjög haglega gerðar og heillegar. Þykkt veggja sést einna best í inngangi tóftarinnar, en hann minnir helst á dálítil göng, 2 m löng. Suðaustan við eldhúsið eru leifar af áfastri tóft sem er ekki nærri því eins skýr og það. Hún er um 2 x 2 m að innanmáli en fjarar út til norðurs, þar sem inngangur hefur að líkindum verið. Veggjahæð í innsta eða syðsta hlutanum er mest um 1 m. Fast vestan við þessa tóft grillir í leifar af samanhrundum kofa sem virðist undir helluþaki en allt er þetta óskýrt sökum hruns og gróðurs. Kofi þessi hefur þá varala verið stór, væntanlega 1-2 m í þvermál að innanverðu. Eitthvað hefur fundist af ösku og beinaleifum í blómabeðum vestan við sumarbústaðinn sem nú stendur. Bústaðurinn er ekki niðurgrafinn þótt einhverjir stöplar kunni að vera það. Meiri skemmdir hafa væntanlega orðið á nyrsta hluta hólsins við sléttun fyrir 1960. Að lokum er rétt að geta þess að Þorvaldur Búason hefur gert uppdrátt af húsaskipan á Heimabæ um 1940, byggðan á ljósmyndum og öðrum tiltækum heimildum.



Inni í eldhústóft á bæjarstæði Heimabæjar 001. Horft í S. Uppdráttur af tóftinni hér neðan við.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvallátrar ÞJ, 3; Túnakort 1920; Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915; Vestfjarðarit III, 223

BA-138:002 *Bænhús* heimild um bænhús 65°31.678N 24°27.326V
1710: "Þar hefur verið bænhús, sem fyrir löngum tíma er affelt," segir í Jarðabók Árna og Páls. 1840 segir í sóknarlýsingu: "Bænhús hafa til forna verið á Látrum.." "Austnorður af Stórugróf [sem er laut,sem liggur upp í gegnum túnið] er Bænhúshóll. Þar neðan við, á Heimabæjartúni, var Bænhús, síðast notað sem geymsla. Er mjög langt síðan það var aflagt sem bænhús. Bænhúsið var að lokum rifið og byggt íbúðarhús á rústunum. Bænhúsið var lítið torfhús. Höfðu veggirnir að innan verið hlaðnir úr völdu grjóti. Húsið var um átta álnir á lengd og fjórar á breidd. Enginn man, hvenær húsið var gert." Bænhúsið var þar sem nú er íbúðarhúsið Gimli, um 20 m SSA og örlítið ofar en sumarbústaðurinn sem stendur á gamla bæjarstæði Heimabæjar 001.



Íbúðarhúsið Gimli stendur á bænhússtæðinu. Á myndinni sést hvernig rutt hefur verið framan úr hólnum vinstra megin. Horft í S.


Húsið stendur á flöt vestan undir allháum hól sem virðist að öllu leyti náttúrulegur, með kletti framan í. Hann er kallaður Bænhúshóll.
Húsið (Gimli) stendur á sléttri flöt og sýnilegt að hún hefur verið sléttuð og rutt framan úr Bænhúshólnum því að þar er mjög bein lína, far eftir ýtutönn. Fram af húsinu hallar skarpt til vesturs. Ekki er með góðu móti hægt að segja að þetta sé hluti af bæjarhól þótt stallurinn sé í beinu framhaldi af honum. Engar minjar sjást, hvorki umhverfis Gimli né heldur á hólnum ofan við, og engar sagnir eru um að mannabein hafi fundist á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM VI, 311; SSV, 213; Ö-Hvallátrar, 24-25

BA-138:003 *Húsabær*
bæjarhóll bústaður
65°31.718N 24°27.439V
Húsabær, einnig nefndur Hús eða Húsar, hét einn höfuðbæjanna á Látrum. Hann er í hjarta þorpsins, fast norðan við neðsta hluta Látragils. Á bæjarstæðinu standa fjölmörg hús og stóðu enn fleiri. Um Hús segir í riti Birgis Þórissonar um Barðastrandarsýslu: "1901 voru Hús í eigu Gests Össurssonar, Erlendar Kristjánssonar og Jóns Magnússonar, og voru þá 12 manns til heimilis á Húsum." Um eldra bæjarstæði á Húsum, sem virðist hafa verið á sömu slóðum segir í örefnalýsingu: "En svolítið meira um árfarveginn. Talið er, að á honum norðan megin hafi löngum staðið bær, Húsabær, en þegar svartidauði


Húsabær I til vinstri, smíðahús (einnig skóli) hægra megin. Horft í NV. Framan við eru hleðslur í Gilinu (Látragili).



Húsabær I að húsabaki, horft í SV. Þakið í baksýn er á Húsabæ II.



gekk yfir, hafi hann ekki farið fram hjá þessum bæ, heldur hafi sá orðið illa úti. Er plága sú var afstaðin, var bærinn færður aðeins neðar á gilbarminn, en Gil er þessi farvegur kallaður, og stendur bær þar enn á sama stað og hinn færði bær var byggður á. Heitir hann sem fyrr Húsabær I. Vitanlega hefir ösku og fleiru verið fleygt í Gilið frá þessum bæjum og þá fleira með en átti að fara, eins og á öskuhauga Reykjavíkur. Þegar undirritaður var krakki, var hann stundum ásamt öðrum krökkum að grafa á milli steina í gilinu, þar sem bærinn átti að hafa staðið á barmi þess, og það var ekki til einskis grafið; mikið fannst af allskonar hnöppum úr beini, sinki, kopar og silfri, einnig upphlutsmillur úr kopar og silfri, sumt af þessu var brotið, en sumt var heilt. Þá fannst nokkuð af ýmiss konar mynt úr eir og silfri. Má vel vera, að eitthvað hafi veirð gull, sem við í fávizku okkar töldum eir. Margir peninganna voru það slitnir, að þeir voru aðeins þynnur og ekki sjáanleg ártöl. Þá og einnig fleira fundum við víðar í gilinu. En við fundum margt fleira og lékum okkur að. Engum datt í hug, að hér væru börn að leik með dýrmæta hluti, enda héldum við fast á okkar eignarrétti. Svo fór líka, að allt er nú glatað utan eitt signet, sem ég hefi alltaf varðveitt, hvers vegna veit ég ekki. Það er steypt úr kopar og á grafnir þrír stafir, sem allir eru ekki á einu máli hverjir séu, þótt skýrir séu stafirnir." Síðar í sömu skrá segir (og virðist átt við sama svæði): "Í túninu norðanvert við gilið sáust víða merki mannvirkja. Voru það stórar hleðslur með einar eða fleiri dyr. Engin munnmæli eru um það, hvað þetta kynni að hafa verið, því fyrir 100 árum er þetta allt löngu grasi gróið. Norðanvert við þessi mannvirki hefir Gilið einhvern tíma haft farveg, en verið breytt eða breytt sér sjálft í þann farveg, sem það nú hefir. Fyrri farvegurinn er löngu grasi gróinn og heitir Árdalur."

Húsin standa á smáhól, en mörk hans eru þó eiginlega bara greinileg að vestan og norðan. Greinilega hefur verið margbyggt á honum og er þar mikið af húsum og öðrum mannvirkjum frá ýmsum tímum og úr mismunandi byggingarefnum. Gilið, farvegur úr Látravatni, afmarkar bæjarhólinn að sunnanverðu.

Það er ekki hlaupið að því að afmarka bæjarhól á þessu svæði en þó er þar greinilegur hóll, einkum neðan eða vestan við íbúðarhúsin Húsabæ I og Húsabæ II. Á því svæði eru aðallega kálgarðar en einnig rústir og aðrar húsaleifar sem hafa fengið sérnúmer í þessari skrá (sjá 031, 105, 106, 107, 108). Sennilega er hóll þessi náttúrulegur að einhverju leyti en hann er hér um bil 70 x 50 m stór frá austri til vesturs. Á hinn bóginn hefur bæjarsamstæðan síðasta, þ.e. Húsabær I og II að útihúsum meðtöldum, náð yfir svæði sem er u.þ.b. 35 x 35 m stórt frá norðri til suðurs en þá eru kálgarðar ekki meðtaldir. Hefst þá lýsingin. Efst eða austast á þessu svæði og fast við gilið stendur skólahús, klætt með asbesti, reist um 1940. Við fyrstu sýn gæti virst sem þetta hús væri utan við mörk bæjarhóls, en við nánari skoðun sjást dældir og ójöfnur við húsið, einkum að norðanverðu, sem benda til eldri mannvirkja á svæðinu. Sennilega hafa leifar eldra bæjarstæðis, sem neft var í örnefnalýsingu hér að framan, verið á þessum slóðum eða jafnvel heldur ofar við gilið. Neðan eða vestan við skólahúsið er Húsabær I, reistur 1956 og þar fyrir neðan og sambyggður honum Húsabær II sem einnig er nefndur Guðmundínubær, reistur um 1940. Norðarlega á bæjarstæðinu stendur fjós úr steinsteypu, reist 1955, en því




Húsabær I að húsabaki, horft í SV. Þakið í baksýn er á Húsabæ II.

hefur nú verið breytt í hálfgert samkomuhús. Milli þessa fjóss og Húsabæjar 2 er um 15 m breitt bil. Þar, næst fjósinu, er uppistandandi eitt hús með veggjum sem eru hlaðnir úr torfi og grjóti, snýr timburþili mót vestri. Þetta er skemma, um 7 m löng A-V og 5 m breið. Á henni er járnþak og er húsið í þokkalegu ástandi. Fleiri hús voru í bilinu sunnan við hana en norður af Húsabæ II: Nær skemmunni stóð gamalt fjós úr torfi og grjóti en næst Húsabæ II stóð skemma sem sneri norður-suður og var kölluð "Skemman á hlaðinu". Norðan við skemmuna sem enn er uppistandandi, upp að steinsteypta fjósinu frá 1955, gengur grjóthlaðinn veggur allt að 3 m langur. Steypt hefur verið upp í hleðsluna næst fjósinu. Engar leifar sjást nú af þessum húsum. Enn austar og eiginlega á bak við Húsabæ I stóðu líka hús sem nú eru horfin. Næst bænum (og eiginlega bakvið "skemmuna á hlaðinu") stóð gamalt eldhús, sem væntanlega hefur tilheyrt eldri torfbæ, en sambyggð því að norðanverðu var hlaða. Ekkert sést nú eftir af þessum mannvirkjum. Önnur hlaða var baka til við Húsabæ I, þ.e. gekk út frá austurenda hans til norðurs. Þar sjást enn hleðslur en þeim hefur verið umbreytt og er þar nú grjóthlaðinn skjólveggur (E) sem myndar u-laga hleðslu, opna mót vestri eða suðvestri. Þar innanveggja er borð með áföstum bekkjum og líka stendur þar gamall fiskasteinn sem er býsna eyddur að ofanverðu. Eins og áður segir er erfitt að leggja mat á bæjarhólinn en þó virðist mjög sennilegt að leifar séu undir öllu því svæði sem kálgarðar eru á, vestan við Húsabæ II, en á því svæði eru einnig fleiri minjar sem hafa sérnúmer í þessari skrá. Kálgarðarnir eru sýndir á meðfylgjandi uppdrætti. Frá þeim hallar greinilega bæði til norðurs og vesturs en líka til suðurs, að Gilinu. Að lokum má geta þess að frá bæjarhólnum gengur áberandi stallur eða rani að Ásgarði, húsi Kristins Guðmundssonar sem stendur norðan við hólinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Vestfjarðarit III, 227-229; Ö-Hvallátrar ÞJ, 3 og 4-5

BA-138:004 heimild um hlöðu 65°31.687N 24°27.341V
Útihús stóð beint ofan eða austan við Heimabæ 001 en um 15 m norður af Gimli (sjá 002).
Sléttur grasbali. Strangt til tekið er þetta hluti af bæjarhól 001.
Húsið er alveg horfið. Þarna var hlaða að sögn Hrefnu Kristjánsdóttur. Síðar var önnur hlaða norðar, nefnd Breiðahlaða en hún telst ekki til fornleifa.
Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915

BA-138:005 *Hjallatóftir* tóft útihús 65°31.770N 24°27.194V



Tvær samfastar tóftir eru allra efst eða austast í Látratúni, 60-80 m beint upp eða austur af Miðbæ 009, fast sunnan við Látragil og ofan við sumarbústað sem tilheyrir Miðbæ. Ekki eru sýnd mannvirki á þessum stað á túnakorti frá 1915 og sennilegt að þau séu eldri en svo. Líklega eru það þessar tóftir sem svo er lýst í örnefnaskrá: "Fyrir ofan Miðbæjartúnið upp í brekkunni eru Hjallatóftir. Þar sjást tóftir, en Daníel [Eggertsson] veit ekki, hvaða hús hefur verið þar."
Býsna hár og áberandi hóll innan túngarðs en grýtt er fyrir sunnan og austan tóftina. Djúp dæld, líkega náttúruleg, er sunnan við. Þess má geta að hlið er í túngarðinum beint ofan við tóftina og gæti það e.t.v. skýrt hlutverk hennar, t.d. er staðsetningin ekki ósennileg fyrir hesthús.



Hjallatóftir 005, horft í norður.

Tóftirnar, sem eru tvær, eru fremur fornlegar, hleðslur alveg signar og grónar. Þótt þær standi þétt virðast þær alveg ótengdar og gætu raunar verið misgamlar. Þær ná yfir svæði sem er alls um 10 x 10 m stórt. Sú efri eða austari (A) er 6 x 4 m stór frá norðri til suðurs með op á vesturlangvegg miðjum. Ekkert grjót sést í veggjum sem eru mest um 0,3 m háir, innanmál er um 3 x 1 m. Norðan undan tóftinni gægjast mögulegar veggjarhleðslur sem gætu verið eldri leifar. Tóft B er innan við 1 m vestar, heldur stærri eða 8 x 4 m frá norðri til suðurs, einnig með dyr á vesturvegg, reyndar svo breiðar (3 m) að þar gæti hafa verið þil. Um 3 m beint fram eða vestur af tófinni er smábunga, um 3 x 1 m stór sem gæti verið manngerð. Ofan í djúpu lautinni sem er sunnan undir hólnum vottar fyrir hleðslu í línu við vesturvegg tóftar B. Hún er úr grjóti en slitrótt, 4-5 m löng. Óvíst er hvort hún tengist tóftunum eða hvort hugsanlega hefur verið hlaðið fyrir lautina og hún notuð fyrir aðhald.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 25

BA-138:006 hús fjós
65°31.707N 24°27.354V

Á túnakorti Þórðar O. Thorlacius frá 1915 sést útihús (merkt "fjós") skammt norðaustur af Heimabæ 001. Fjósið tilheyrði Miðbæ. Leifar þess hafa verið gerðar upp og eru rúma 30 m NNA af sumarbústaðnum sem stendur á gamla bæjarhól Heimabæjar 001. Tún. Þarna stendur nú nýlegt timbur- og bárujárnshús í gamaldags stíl, með grjóthlöðnum kanti í kring. Húsið var gert upp af Þorvaldi Búasyni og átti að verða baðhús. Það er um 8 x 8 m að grunnflatarmáli. Eldra fjós er alveg horfið
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915



Hús á fjósstæði 006, horft í N.

BA-138:007 hús hjallur 65°31.707N 24°27.335V



Hjallur 007, horft í SV.


Á túnakorti frá 1915 er sýnt útihús (merkt "hjallur") um 40 m suðvestur af Miðbæ 009. Þar er hóll og á honum stendur rauður sumarbústaður (gestahús) sem mun vera reist upp úr gömlum hjalli og í sömu hlutföllum og hann var áður. Hár og ágætlega gróskumikill hóll í túni. Húsið, sem er bárujárnsklætt, er nyrst á hólnum og kanturinn undir því þeim megin er grjóthlaðinn, sýnilega nýlega. Húsið sjálft er afar lítið um sig að grunnfleti, um 5 x 3 m. Við húsið er steypt þró með hlaðið í kring. Þetta er brunnur sem var notaður eftir að vatnsveita kom í húsin á Látrum, en þá var vatn leitt ofan úr Látravatni og í brunninn. Austan undir þrónni mótar fyrir húsgrunni. Alls er hóll þessi um 30 m í þvermál og virðist við fyrstu

sýn nokkuð mannvistarlegur. Ekki er þó víst að svo sé og raunar grillir í jarðfasta kletta á nokkrum stöðum í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915

BA-138:008 tóft útihús 65°31.745N 24°27.224V



Tóft 008, horft í NV.




Tóft er fast suðaustan við sumarbústað Þorvaldar Búasonar, nálægt túnjaðri að sunnanverðu, um 50 m austur af Miðbæ 009. Á þessum stað er sýnt útihús á túnakorti frá 1915. Tún er framan við tóftina, grýtt hæð aftan eða austan við. Tóftin er mjög heilleg, tvískipt með grjóthlöðnum veggjum, alls um 10 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Bæði hólfin hafa dyr í vesturátt en ekki er opið milli þeirra. Þau eru svipuð að stærð en norðurhólfið þó heldur rýmra. Hleðslur eru vandaðri í syðra hólfinu og allt að 1,5 m háar en lægri að norðan. Sennilegt er að tóftin hafi verið hlaðin upp að hluta. Hleðslubútur gengur út frá NA-horni tóftar og 1-2 m í norðaustur. Innan við hann, í beinu framhaldi af tóftinni, er mjög lágur stallur, um 6 x 4 m stór A-V. Hugsanlega eru þetta leifar af þriðja hólfinu. Lág og gróin hleðsla liggur til suðurs skammt suðvestur af tóftinni. Hana er hægt að rekja um 15 m til suðurs. Hún er 0,5 m breið og um 0,2 m há, hvergi sér í grjót. Þetta gæti verið gömul girðingarundirstaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915

BA-138:009 *Miðbær* bæjarstæði býli 65°31.740N 24°27.315V
Miðbær var einn þriggja bæja á Látrum. Hann stóð ofarlega í miðju túni, um 90 m NNA af Heimabæ 001. Vegurinn um þorpið liggur um bæjarstæðið, sem nær ekkert sést móta fyrir. Eldri vegur um þorpið (sjá 094) lá áður frá Miðbæ til vesturs og sveigði í suðurátt vestan við Heimabæ. Enn mótar fyrir honum.
Miðbær brann árið 1955 og hefur síðan verið í eyði. Rústunum var rutt út. Nú mótar hvorki fyrir bæjarhól, grjóti eða grósku á bæjarstæðinu en minnisvarði er til vitnis um hvar bærinn stóð. Minnisvarðinn er skammt sunnan við veginn og því má segja að hann kljúfi bæjarstæðið í sundur. Norðan vegar er enn hluti af kálgarði frá Miðbæ, á skika sem markast af veginum að sunnan og Látragili að norðanverðu. Hann er hlaðinn á þrjár hliðar og býsna stæðilegur utan í gilbarminum. Hlaðið hefur verið úr ávölu grjóti, veggjahæð allt að rúmum metra. Alls er kálgarðurinn hátt í 40 m langur frá



Kálgarður við Miðbæ 009. Öskuhaugsdreifar sjást í þeim hluta hans sem næstur er ljósmyndara. Fjær eru hús sem heyra undir Húsabæ/Ásgarð, horft í SV.




austri til vesturs, breiðastur í vesturenda (allt að rúmum 15 m) en mjókkar niður í tæpa 10 m austast. Undan honum, ofan í gilinu gægjast hleðslur sem sennilega tengjast hleðslum neðar í gilinu og hafa verið til að laga gilbarmana (sjá 017). Í rofi í gilbarminum utan í norðvesturhorni kálgarðs sést í leifar af öskuhaug, fugla- og kindabein, skósóla og járnarusl. Engar misfellur eru á hinn bóginn á yfirborði og enn er ræktaður rabbabari í austasta hluta garðsins. Þar sjást á yfirborði beinaleifar og rusl og því greinilegt að fornleifar eru undir yfirborði þótt lítið sé sjáanlegt ofanjarðar. Ekki er auðvelt að slá máli á bæjarhólinn þar sem svo lítil ummerki sjást en þó má vænta þess að hann gæti verið um 30 m í þvermál. Á gamalli ljósmynd sem varðveitt er í Heimabæ sést gamli Miðbærinn. Myndin er tekin frá Tröllhól til suðurs eða suðvesturs. Bærinn stóð sunnan við austurenda kálgarðsins. Á myndinni sjást 4-5 sambyggð hús í hnapp undir torfþökum. Ekki er augljóst að hóll sé undir húsunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915

BA-138:010 *Lambhús* hús naust 65°31.681N 24°27.528V



Þrjú sambyggð mannvirki, tvö undir þaki og ein tóft, eru niður við sjó í Miðbæjarlandi, sunnan Gilsins og raunar sunnan við hús Hafliða sem stendur nærri gilkjaftinum. Þarna stóðu talið norðanfrá Lambhús, Traktorsnaust og Hörpunaust.

Vestast í túni uppfrá sjó, heldur sunnar en beint upp af lendingu 043.


Öll húsin eru grafin inn í bakka að austanverðu og ekki ósennilegt að þar í leynist fornleifar. Alls er lengjan um 18 m löng frá norðri til suðurs en allt að 12 m frá austri til vesturs. Nyrsta húsið, sem var lambhús, er enn undir þaki en hrörlegt mjög og mænir úr lagi genginn. Það snýr frá norðri til suðurs með inngang á miðri vesturlanghlið. Húsið er um 8 x 6 m stórt að utanmáli en innra byrði er um 6 x 3 m N-S. Húsið stendur opið og hefur mikill sandur borist inn. Grjóthleðslur í veggjum eru stæðilegar og veggir allt að 1 m háir. Helluþak er að hluta yfir húsinu en bárujárn svo yfir því, tyrft yfir. Fast norðan og austan við þetta hús hefur verið grafið inn í bakkann vegna framkvæmda við íbúðarhús. Þar utan í vottar fyrir grjóti, sennilega úr hleðslum og sömuleiðis sjást þar beinaleifar, þó ekki í miklu magni. Miðhúsið er svonefnt Traktorsnaust. Það hefur verið gert upp og er það nú snyrting og önnur aðstaða. Þetta hús er með timburgafli en grjóthlöðnum langhliðum. Járnþak er á því en tyrft yfir. Stærð hússins er ekki alveg ljós, enda var ekki farið inn í það, en ætla má að það sé 8-9 m langt frá austri til vesturs og 3 m breitt eða þar um bil. Þá er komið að syðsta mannvirkinu sem er opin tóft. Þetta er Hörpunaust svonefnt, kennt við bát sem hét Harpa. Hleðslur eru þar mjög stæðilegar og allt að 1,3 m



Hjallur til vinstri, þá Traktorsnaust með hvítum gafli og fjær grillir í lambhús. Horft í S.

háar. Naustið er rúmlega 9 x 3 m að innanmáli, galopið til suðurs. Inni í því er nú geymt timbur. Hér eru nöfn/hlutverk húsa höfð eins og höfundur gat komist næst en ekki virðast allir fullkomlega sammála um það. Þess má geta að hús á þessum stað, við sjóinn, hafa líklega lengst af tengst fiskverkun og bátum en eftir að hætt var að salta fisk á Látrum eftir seinna stríð og allur afli fluttur til Patreksfjarðar er sennilegt að húsin hafi fengið ný hlutverk.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:011 þúst fjós 65°31.546N 24°27.460V




Þúst 011, horft í N.

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1920 250-300 M SSV af Heimabæ 001. Það hefur verið á svonefndum Gröndum og þar sést þúst sem kemur heim og saman við kortið gamla. Tún, hér ræktarlítið og mikill mosi. Gömul girðing liggur frá norðri til suðurs skammt ofan við þennan stað, hér um bil á austurbrún þústarinnar. Á þessum stað stóð fjós frá Miðbæ, að öllum líkindum sumarfjós. Það hefur sýnilega verið rifið en greinileg þúst sést þó eftir, rúmlega 8 x 5 m stór NNA-SSV. Hún er um 0,2 m há, eins og stallur og ekki lægð innan í. Þústin er gróin grasi og mosa. Um 6 m norðan við hana sést dæld, um 2 m í þvermál, sem gæti verið manngerð. Kýr voru reknar eftir götu 097 sem lá skammt ofan við fjósið. Þær voru stundum mjólkaðar hjá Grandahliðinu, sem var á girðingu sem lá heldur heiman við Helguþúfu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

BA-138:012 *Svanborgarhús*
bæjarstæði bústaður
65°31.630N 24°27.500V
Í riti Birgis Þórissonar sem fjallar m.a. um byggð og búendur í Rauðasandshreppi er sagt frá þurrabúð sem fylgdi Heimabæ. Þar bjuggu á árunum frá því fyrir 1890 og til 1923 Hálfdan Árnason og Svanborg Árnadóttir (til 1926). Þetta hús virðist yfirleitt hafa verið kennt við Svanborgu og nefnt "Svanborgarhúsið". Það mun hafa verið þar sem nú eru fjárhús og áfastur kálgarður fast norðan við Sæból, sem er syðst og vestast allra íbúðarhúsa á Hvallátrum.
Grösugir og grænir bakkar við sjóinn. Þetta er á tungu milli


Fjárhús og hlaða. Svanborgarhúsið stóð fast norðan við þessi mannvirki. Horft í NNA.

tveggja lækja en á sömu tungu eru einnig Hagamannabúðin og hús áföst henni, sjá 048.
Íbúðarhúsið á Sæbóli var reist árið 1925 en fjárhús og hlaða nokkru seinna eða 1934. Sæból er enn í notkun sem sumarhús og í ágætu viðhaldi, hins vegar eru útihúsin sem standa að sögn kunnugra þar sem Svanborgarhúsið stóð, að hruni komin. Ekki sést skýrt til eldri bygginga en sunnan við húsin, milli þeirra og Sæbóls er iðagrænn og rústalegur hóll. Segja má að Sæból standi sunnan við hann eða jafnvel syðst á honum. Hóllinn er um 25 x 20 m stór frá norðri til suðurs að meðtöldum kálgarði sem síðar verður lýst. Hann gæti verið náttúrulegur að hluta en fjárhúsin er grafin inn í norðurhlið hans. Húsin snúa frá austri til vesturs og eru 14-15 m löng og um 5 m breið, með grjóthlöðnum veggjum að innanverðu sem ekki voru gaumgæfðir vel, enda ekki farið inn í húsið. Hlaða er í vesturenda þess. Norðan við húsið er áfastur kálgarður, girtur veggjum úr torfi og sennilega grjóti einnig. Hann er ferkantaður, rúmlega 8 x 8 m stór og innan veggja er ógróinn, ljós fjörusandur og greinilega skammt síðan hann var síðast í notkun. Í yfirborðinu sést töluvert af beinarusli, sem bendir til að mannvistarleifar hafi rótast upp við jarðvinnslu í garðinum. Þarna undir gætu verið leifar frá Svanborgarhúsinu og ekki ósennilega eldri minjar einnig. Að lokum má geta minja sem fylgja Sæbóli og eru sennilega yngri en svo að þær teljist til fornleifa. Fyrst ber að nefna holsteinshús sem er um 15 m vestan við Sæból. Ef vel er að gáð sést að það stendur í suðausturhorni tvískipts kálgarðs, sem er orðinn óljós en þó vottar fyrir hleðslum. Alls hafa garðar þessir náð yfir svæði sem er rúmlega 25 x 25 m stórt. Ekki er hægt að útiloka að þarna hafi einnig verið kálgarðar á tímum Svanborgarhússins. Ef þessir kálgarðar eru taldir með reynist allt svæðið sem nú hefur verið lýst alls um 50 x 30 m stórt frá austri til vesturs. Norðvestan við kálgarðana sem síðast var getið hefur geymslugámur verið grafinn inn í bakkann þar sem sandfjaran tekur við.



Kálgarður norðan við fjárhús og hlöðu, á bæjarstæði Svanborgarhúss. Í yfirborði hans má sjá úrgangsleifar, bein o.fl. Horft í NA.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Vestfjarðarit III, 232

BA-138:013 *Brunnar* tóft verbúð 65°30.805N 24°29.716V




Fiskgarðar norðan við tóft A, horft í V.




Hleðslur, líklega fiskreitir vestan við tóft A. Horft í SA.

Friðlýstar minjar eru á Brunnum í Hvallátralandi. Í friðlýsingarskrá segir: "Leifar verbúða og fiskigarða, svo og önnur forn mannvirki í hinni gömlu Brunnaverstöð." Friðl. 12.11.1971. Fornleifaskrá, 22. "Á Brunnum voru og eru enn margar verbúðartóftir og steinbítsgarðar." 1703 segir í Jarðabók Árna og Páls: "Þar hefur verið verstaða tilforna, bæði heima við Látur, og so á Brunnum í Látra landi. Segja gamlir menn þar hafa verið til vers 20 skip eða þar um. ... En á Brunnum er alt eyðilagt af sandi og vatnsleysi, og er það yfir 80 ár að þar ekkert skip róið hefur. Til þessarar Brunna verstöðu skulu tilforna hafa sótt Dýrfirðingar, Arnfirðingar, Tálknfirðingar og það íbland vegna þess að þeir hafa (per conniventiam) haft fuglaveiði og egg úr Látrabjargi, tolllaust, sem menn meina."



1942 segir í Barðstrendingabók: " Sandurinn þótti ærið hvimleiður þar, sökum þess, hve illt var að verja fiskifangið fyrir sandfoki meðan það var í herzlu. Hinsvegar var miklu styttra þaðan til sóknar suður fyrir röstina, þegar aðalfiskislóðin var þar, sem oftast var. Úr Brunnum gengu jafnan 6-8 bátar, og verbúðir voru þar viðlíka margar." "Er nú aftur farið til sjávar við Brunnanúp [018]. Rétt fyrir norðan Brunnanúp eru Brunnar, gömul verstöð, þar sem var mikið útræði. Í Jarðabók Árna Magnússonar er sagt, að í 80 ár hafi þar ekki skip róið, allt sé eyðilagt af sandi og vatnsleysi. Síðar var aftur farið að nota verstöðina."
"Brunnar eru norðan megin Brunnanúps í Látralandi. Þar eru sandauðnir einar allt á fjall upp, svo að bæði verður að reisa búðir og vergögn á sandi ..."



Öllum minjum á Brunnum er hér lýst undir einu númeri en þær aðgreindar með bókstöfum eftir því sem þurfa þykir. Uppdráttur að framan sýnir rústir A og B en sá sem er hér til hliðar rústir C-H. Þó skal þess getið að minjar ofan vegarins um Brunna, bæði fiskgarðar og ferkantað gerði sunnan við þá, fá sérnúmer, sjá 142 og 143. Minjasvæðið nær yfir allt að rúmlega 900 m langt og 20-30 m svæði á strandlengjunni, meðfram sjónum. Alls fundust við leit átta rústir sem telja má líklegar verbúðir en auk þess ýmsar þústir, hleðslur (fiskgarðar) og jafnvel yngri minjar sem ekki er víst að tengist verstöðinni. Flestar minjarnar eru ágætlega greinilegar en sandur setur mjög mark sitt á þær sem er yfirleitt til góðs, enda pakkar hann hleðslum inn og styður við þær. Lýsingin hefst hér austast á svæðinu.
Þegar gengið er frá Sölvatanga til suðvesturs tekur að örla á fiskigörðum eftir um 1 km. Þetta er um 1,7 km suðvestur af Húsabæ 003. Fyrst er gengið fram á eina sex fiskgarða á svæði sem er um 70 m langt. Þeir eru á bilinu 8-15 m á lengd og sést víðast hvar aðeins ein röð af grjóti upp úr sandinum. Þeir eru samsíða og snúa hér um NV-SA. 10-15 m eru milli flestra garðanna en þó lengst bil milli þeirra tveggja sem eru í miðjunni, h.u.b. 30 m. Um 60 m suðvestar er komið að nokkrum görðum til viðbótar, fyrst tveimur sem mynda e.k. L, þ.e. annar liggur samsíða ströndinni SV-NA og er rúmlega 20 m langur og út frá honum ganga tveir garðstubbar til SA, annar norðan við miðbikið en hinn syðst. Hvor stubbur um sig er 5-7 m langur. Í framhaldinu má sjá þrjá samsíða fiskgarða (NV-SA) til viðbótar. Hver um sig er 10-12 m langur.

Þá er komið að fyrstu rústinni (A). Þetta er líklega Tangabúð, en um hana segir í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar bls. 16: "Innan við Vogsbúð [sjá B] er Tangabúð, á Brunnatanga...". Hún er um 13 x 6 m stór frá NV-SA, mjög sandorpin. Hún hefur sennilega verið tvískipt en nyðra hófið er smekkfullt af sandi. Á þeim enda er grjóthrúga sem ekkert lag er á. Betur mótar fyrir hólfi í syðra helmingi tóftarinnar. Innra byrði suður- og vesturveggjar er ágætlega skýrt og grjótdreifar marka veggi að austan og norðan. Að innan hefur hólfið verið um 4 x 2 m að stærð NV-SA. Dæld er í vesturvegg norðarlega og bendir til að þar hafi verið dyr. Austurgaflinn stendur best, allt að 3-4 umför af hleðslum og er hann um 0,5 m hár. Þá skal haldið vestur fyrir hólinn. Þar eru tvær bungur, að líkindum fiskreitir. Sá eystri er 7-8 m vestan við tóft A. Hann er um 6 x 5 m stór frá norðri til suðurs og minnir á skjaldböku: lítil hólbunga er alsett ávölu grjóti, fremur smáu. Þéttast er það norðvestan til en hóllinn sandorpinn mjög. Hann er um 0,2 m hár. Út úr hólnum suðvestanverðum gengur garðlag, að líkindum fiskgarður, til suðurs. Hann er 7-8 m langur og á kafi í sandi. Hinn

fiskreiturinn er aðeins um 2 m vestar og heldur minni um sig, 4-5 m í þvermál. Mest er grjótið í honum að norðvestan og hann rís hæst þar. Heillegur fiskgarður er um 15 m vestar og minnir á vegghleðslu, enda er hann mun stæðilegri en hinir garðarnir sem áður var lýst. Hann er alls hátt í 15 m langur frá NV-SA og allt að 0,5 m hár - 2-3 umför af grjóti. Vestan við þennan garð sjást slitur af tveimur fiskgörðum til viðbótar á um 30-40 m löngum kafla en þá verður fyrir eyða í minjasvæðinu þar sem engar minjar er að sjá, alls um 70 m breið. Þá sjást fiskgarðar að nýju, um 70 m norðvestur af aflraunasteininum Júdasi (070). Þeir eru fjórir talsins, en allir stuttir, varla nema 5-7 m á lengd hver, almennt 6-7 m á milli.

Þá er komið að rúst B en hún er alls um 180 m suðvestur af A. Þetta er væntanlega Vogsbúð, en um hana segir í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar (bls. 16): "Upp af vognum [Brunnavogi] er ein búðin, sem nefnd var Vogsbúð. Við hana er stór steinn, sem nefndur er Júdas [sjá 070]." Rústin er býsna flókin og torræð, samanstendur af nokkrum byggingarstigum og er bæði blásin og sandfyllt. Alls er rústahóllinn um 25 x 8 m stór frá NA-SV og liggur því samsíða ströndinni. Auk þess er lægri hóll framan við hann, alsettur smáu grjóti. Aðalrústahóllinn er allt að 2 m hár og sennilegt að í honum sé talsvert af uppsöfnuðum mannvistarleifum en auk þess sandi sem hefur fokið í mannvirkin. Nyrsti hluti hólsins hefur þjónað hlutverki fiskreits, að minnsta kosti undir það síðasta, er kúptur og alsettur smáu grjóti á svæði sem er rúmir 5 m í þvermál. Um 5 m vestar mótar fyrir tóft eða hólfi sem er fullt af sandi en virðist hafa verið allstórt, sennilega um 7 x 3 m að innanmáli. Grjótraðir marka innanverða veggi en sennilega hafa verið dyr í norðvestur, að sjónum. Að lokum vottar fyrir dæld syðst í tóftinni og mögulegt að þar séu líka leifar af hólfi, þá sennilega með op í átt að sjónum einnig. Framan undir hólnum er annar hóll, lægri, eins og áður segir, allt að 20 m langur og liggur samsíða hinum fyrri en hefst við miðbik hans og teygir sig um 5 m lengra til suðvesturs. Þessi hóll er alsettur smáu grjóti og líklega hefur fiskur verið þurrkaður á honum. Þó sjást merki um eldri notkunarskeið, enda er greinilega öskuhaugur í hólnum: þar sjást fiskbein, kvarnir, járnhlutir, glerbrot og einnig fannst þar brot úr hvalbeini. Framan og dálítið sunnan við þennan hól er eins og vör rudd í aðsiglingunni framan við. Væntanlega er það Brunnavogur, sjá 032. Fast suðvestan við tóft B sjást tveir fiskreitir. Annar er í beinu framhaldi af öskuhaugnum, kúptur og vel afmarkaður, um 1,2 m hár, næstum hringlaga og um 5 m í þvermál. Hinn er um 8 m sunnar, lágur og flatur að ofan, um 7 x 5 m stór frá norðri til suðurs. 50-60 m suðvestur af þessum rústum er enn eitt fiskigarðasvæðið. Á því eru fjórir samsíða garðar á svæði sem er um 35 x 20 m stórt frá SV-NA. Sem fyrr liggja garðarnir allir samsíða og þvert á strandlínuna, eru á bilinu 10-16 m á lengd og að jafnaði rúmir 10 m á milli garða. Næstu minjar eru um 140 m suðvestar og er þá komið suður fyrir Brunnalæk. Þar verður fyrst á vegi manns fiskgarður, um 12 m langur frá norðri til suðurs. Um 20 m vestan við hann er annar garður sem liggur NV-SA og er innan við 10 m langur, mjög sokkinn í sand.

Þá er komið að rúst C, Lækjarbúð (sbr. örnefnalýsingu Ara Gíslasonar, bls. 16). Hún er einföld og ekki jafnsandfyllt og margar hinnar þótt jarðvegstorfa eða gróinn sandstabbi sé inni í vesturhlutanum. Alls er tóftin 9 x 5 m stór frá austri til vesturs, mjög heilleg. Veggir standa vel og eru allt að 1,3 m háir. Dyr eru á miðjum norðurvegg. Sandfylltur hóll er við suðurvesturhorn tóftar, næstum ferningslaga og um 6-7 m í þvermál. Hugsanlega eru eldri og máðari mannvirki þar í.

Tóft D er um 17 m vestnorðvestar, fremst á brún kampsins en þar framan við er stórgrýtt fjara. Ekki er ljóst hvort eitthvert hinna þekktu búðanafna á við þessa rúst. Þessi tóft er ekki ósvipuð C, snýr eins og er um 9 x 5 m stór. Hún er smekkfull af sandi og bara smáhvilft þar ofan í. Á norðurlangvegg mótar fyrir dyrum um miðbikið og virðast þær alveg heilar og óhrundar. Á þremur stöðum við þessa rúst D eru sandorpnar þústir sem gamlar mannvistarleifar gætu leynst í. Ein er um 7 m beint suður af rúst D, um 8 x 5 m stór N-S, önnur er um 10 vestur af þeirri þúst, heldur stærri um sig og sú þriðja um 7 m VSV af rúst D, um 5 m í þvermál. Ekki sést grjót að ráði í þessum þústum en miðað við landslagið á svæðinu virðist líklegt að eitthvað manngert sé undir.



Tóft F: Bæjarbúð. Horft í NA.

Handan við þessar

þústir og tæpa 40 m VSV af tóft D er E, enn ein húsrústin, líklega nafnlaus. Hún er 15 x 5-6 m stór frá austri til vesturs, smekkfull af sandi og gtóin. Vesturjaðar hennar er mjög óljós. Engu líkara er en rústin hafi annaðhvort fyllst upp af sjálfu sér eða verið fyllt upp, enda er hún smekkfull af sandi og mikið af smáu grjóti í yfirborðinu. Smáhæð er undir rústinni og ekki ósennilegt að eldri rústir séu undir. Greinilegar grjóthleðslur í ytra byrði benda til eldra mannvirkis. Rústin er alls um 1,4 m á hæð og rétt að geta þess að aðeins eru 2-3 m milli hennar og bílvegarins um Brunna. Um 10 m norður af austurenda hennar er fiskreitur, kúptur og fallegur, um 7 x 4 m stór frá austri til vesturs. 2-3 m vestan við hann eru ógreinilegar leifar fiskgarðs sem líklega hefur verið hátt í 10 m langur N-S en skammt handan við hann eru óljósar leifar annars fiskreits sem er um 4 x 3 m stór frá austri til vesturs. Innan við 5 m vestan við hann eru leifar fiskgarðs í einhvers konar hrygg sem gæti verið náttúrlegur. Sá er alls um 20 m langur og annar garður er samsíða honum um 7 m vestar, rúmir 15 m á lengd.
Um 10 m þar vestan við er komið að rúst F, sem er jafnframt sú stæðilegasta á öllu svæðinu. Þetta mun vera Bæjarbúð. Hún er alls um 20 x 8 m stór frá norðri til suðurs og snýr þvert á allar aðrar búðir á svæðinu. Ekki er ljóst hvers vegna en þó má koma með þá tilgátu að hún hafi verið rist síðar en bæði Kúlureiturinn (sjá hér á eftir) og rúst E, á svæði þar sem lítið rými var á hinn veginn. Þessi rúst er breiðust syðst, allt að 8 m eða rúmlega það en mjókkar niður í 5 m til norðurs. Hún skiptist í tvö hólf og er hið syðra heldur rýmra, um 6 x 3 m að innanmáli, með op á vesturvegg norðan við miðju. Hitt hólfið er norðar, um 5 x 2-3 m að innanmáli, einnig með dyr í vesturátt. Veggir eru stæðilegir, bæði mun þykkari en í hinum byggingunum (allt að 2-3 m) en sömuleiðis fremur háir, allt að rúmum metra á hæð. Bílvegurinn liggur fast upp við suðurendann á tóftinni og sneiðir jafnvel aðeins inn í hana.


Kúlureitur (G). Horft í norður.

Þá er komið að Kúlureit (G) sem er líklega þekktasta og einkennilegasta mannvirkið á svæðinu. Kúlureitur er um 10 m vestur af Bæjarbúð F. Um hann segir í örnefnalýsingu: "En við höldum áfram yfir hinar fornu búðarrústir, þá verður fyrir okkur kúlulaga hóll, þétt lagður steinum efst sem neðst. Hann heitir Kúlureitur. Eru þar dysjaðir nokkrir af liði Kárna, sem dysjaður er heima í fitinni með nokkrum sinna manna. Vermen á Brunnum drápu þá, er þarna eru dysjaðir, og hafa gengið vel frá grafreit þeirra."" Guðmundur Ólafsson skoðaði hólinn við sína skráningu árið 1994. Hann telur að reiturinn hafi verið notaður sem fiskreitur og bendir á að sagnir um mannabeinafund á þessum stað (tengdar drápum á ræningjum, annaðhvort Spánverjum eða Alsírbúum) verði að teljast ósannaðar uns fram fer fornleifarannsókn á staðnum (sjá skýrslu Guðmundar, bls. 25) . Þetta er um 2 m hár hóll, kúptur og áberandi, alsettur smáu grjóti. Hann er nokkurn veginn hringlaga og er um 15 x 13 m stór, heldur lengri austur-vestur en norður-suður. Það virðist nokkuð ljóst að hóllinn hafi verið nýttur sem fiskreitur, enda að stofni til svipaður og aðrir slíkir hólar á Brunnum þótt þeir séu mun smærri í sniðum - einnig þekkist svipaður hóll í verstöð í Kollsvík sem skrásetjari hefur séð en hefur enn ekki verið skoðaður nákvæmlega. Með því að hafa slíkan reit háan og kúptan fæst meira yfirborð og sömuleiðis má ætla að renni betur frá fisknum. Þó virðist ekki ólíklegt að annað og eldra mannvirki sé undir, sem hafi e.t.v. fyllst af sandi en síðan verið endurnýtt og endurbyggt sem fiskreitur. Smágarðstubbar liggja út frá hólnum á nokkrum stöðum og virðast yngri en hann, í það minnsta sjást þeir hvergi liggja undir hann beinlínis. Þrír slíkir stubbar ganga útfrá honum til norðurs, enginn lengri en 5-6 metrar. Á svæðinu vestan við Kúlureitinn er ein megintóft (H), hún er um 60 m vestan við hann en á svæðinu á milli voru taldir einir 10-12 fiskgarðar, flestir í styttri kantinum, þ.e. undir 10 m. Að lokum skal hér getið orða Matthíasar Þórðarsonar um hólinn í Árbók Fornleifafélagsins 1924: "Í Kúlureit svonefndum, sem er við yztu búðina á Brunnum, eiga aðrir 50 ræningjar að vera dysjaðir. Þar hafa komið mannabein útúr."



Fiskgarður á syðsta hluta svæðisins. Horft í NV.

Tóft H er alveg frammi á sjávarbakka og hefur rofnað framan af henni. Hún samanstendur vafalítið af fleiri en einu byggingarstigi og er sandorpin en hleðsluleifar gægjast víða upp úr. Hún er alls hátt í 10 x 10 m stór, allt að 1,5 m há og samanstendur í aðalatriðum af þremur hólfum. Aðalhólfið er frammi á sjávarbakkanum, virðist um 4 m í þvermál að

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá, 35; JÁM VI, 312; Bstbók, 195; Ö-Hvallátrar ÞJ, 11; G.Ó.: Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi, bls. 25; Ö-Hvallátrar, bls. 15-17; Matthías Þórðarson 1924, bls. 45

BA-138:014 heimild um hesthús 65°31.697N 24°27.381V

Á túnakorti frá 1915 sést útihús fast við norðurenda Heimabæjar, nyrst á bæjahól 001. Þetta var hesthús sem tilheyrði Miðbæ. Túnflöt. Þessi hluti bæjarhólsins hefur verið lækkaður talsvert.

Húsið er alveg horfið. Það hefur væntanlega verið rifið og sléttað úr leifunum. Mynd er af húsinu í Niðjatali, bls. 14 (tekin 1963) og líklega einnig á bls. 16. Það var úr torfi og grjóti, með dyr í vestur. Þar var skv. Hrefnu Kristjánsdóttur pláss fyrir fjögur hross.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915; Niðjatal, 14 og 16

BA-138:015 hús hrútakofi 65°31.599N 24°27.192V

Lítið hús hefur verið reist inni í grjóthlaðinni hrútakofatóft syðst í túni, fast sunnan við sumarbústaðinn Brekkubæ. Huggulegur garður í kringum bústaðinn með smá trjárækt, matjurtagarði o.fl.

Tóftin er um 5 x 4 m stór, grjóthlaðin og hefur vafalaust verið endurhlaðin að einhverju leyti við bygginguna. Hún snýr austur-vestur, dyr í vesturátt. Húsið er sennilega nýtt sem geymsla af einhverju tagi, er með rauðmáluðum timburgafli og skilti sem á stendur: Hrútakofi. Ekki er ljóst hvenær kofi þessi var reistur upphaflega en sennilega var það seint, enda virðist hann ekki sýndur á túnakorti frá 1915. Því er ekki víst að hann teljist til fornleifa lögum samkvæmt en öll hús á Látrum sem eru reist með gömlu byggingarlagi, þ.e. með hlöðnum veggjum, fá sérnúmer í þessari skrá. Þess má geta að kofinn var stundum notaður sem reykhús á 6. áratug 20. aldar.



Endurreistur hrútakofi 015. Horft í A.

Hættumat: hætta, vegna

ábúðar

BA-138:016 *Sæluhöfn* heimild um lendingu 65°30.295N 24°31.821V
"Fram undan vitanum [á Bjargtöngum] heitir Tangahleinar. Í þeim eru smáklakkar, og heitir stærsti klakkurinn Selkollur. ...Norðanvert í þessum hleinum heitir Sæluhöfn. En þrátt fyrir fallegt nafn er lendingin ekki sérlega góð. Þetta er eins og vík, og er helzt hægt að lenda þar í suðvestan eða sunnanátt," segir í örnefnalýsingu. Sæluhöfn er norðvestan undir þverhníptum hömrum Bjargtanga um 300 m norðan við Bjargtangavita og um 120 m VSV við skotbyrgi 073.
Sæluhöfn er náttúrulegt klettavik í fjörunni suðvestan í Seljavík sem er um 110 m á lengd, um 70 á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Fjaran upp af þessu viki undir bjarginu er mjög stórgrýtt og erfið yfirferðar en mjög fallegt þykkt, dökkrautt rauðabergslag er vatnssorfið og greinilegt á þessum stað í berginu.
Ekkert sést til mannvirkja á svæðinu. Þess má geta að Gísli Már Gíslason benti á aðra Sæluhöfn (sjá 130) um 6 km suðaustar í fjörunni sunnan undir Vælaskorarfjalli í SSA-enda Djúpadals.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 9-10


Sæluhöfn 016, horft í V.

BA-138:017 hleðsla 65°31.735N 24°27.370V
Látragil nefnist gilið sem sker Látratún í tvennt, milli Húsabæjar og Miðbæjar. Þar rennur fyrst og fremst leysingavatn á vorin en að öðru leyti helst gilið þurrt. Bakkar þess hafa verið hlaðnir upp víða, einkum og sér í lagi beint framan við Húsabæ, þar sem brú er yfir gilið heim að Húsabæ I og II.
Gilið er býsna djúpt, allt að 2 m eða rúmlega það, með grónum botni.
Ekki er víst að hleðslurnar séu svo ýkja gamlar, sennilega að mestu 20. aldar verk. Þó er ekki ljóst hvort þær voru gerðar upp úr eldri hleðslum. Hleðslur sjást bæði neðarlega í gilinu, þar sem eru kálgarðar á bæjarhól (sjá 001) en eru hæstar þar sem brúin liggur yfir gilið, allt að rúmum 2 m á hæð. Hleðslur sjást uppeftir gilinu en þó hvergi jafn heillegar og við brúna, t.d. eru hleðslur við gamla bæjarstæði Miðbæjar 009 en illa farnar. Alls má ætla að hleðslur sjáist á um 120-130 m löngum kafla þó ekki sé allt samhangandi. Mikil prýði er að hleðslum í Látragili, enda setur það mjög svip sinn á þorpið.
Hættumat: engin hætta

BA-138:018 *Seljadalur* tóftir sel 65°29.833N 24°29.862V


Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1840 segir: "Engar selstöður eru hér, og hvergi tíðkaðar, utan á Látrum á Látrabjargi um tíma hásumars." Í Barðstrendingabók frá 1942 segir: "Fram undir aldamót var haft í seli á bjarginu, flutt í það laugardaginn í 11. viku, en alltaf var flutt heim úr selinu laugardaginn í 19. viku sumars. Mjólkin var reidd heim dagleg og gerðu það selsmalarnir. ... Nú er ekkert eftir af selinu nema tóftirnar, og troðin selgata [019], sem oft er þó farin ennþá." Í örnefnaskrá Hvallátra segir: "Upp af Básunum heita Bugar. Þar er grýtt og ekki samfelldur gróður. Ofan við Básana og heiman við Smáhamrana eru tvær tjarnir ... Ofan við Smáhamra og Buga tekur við Selið, og þar ofar er Seljadalur. Í mynni dalsins er brekka sem heitir Selhjallur. Undir honum er Sel. Þar eru tættur eftir sel, sem var notað fram til 1893. Móðir Daníels var síðasta selkonan þar. Þrjár konur voru í selinu, ein frá hverju býli, en ekki annað fólk. Ekki voru krakkar í selinu. Selkonurnar sáu um að smala búpeningnum og fóru til þess um kl. fjögur á næturnar. Réttin var fast við selið, og var rekið þar inn til að mjalta. Flutt var í selið í 11. viku sumars og verið að staðaldri, þar til heim var flutt í 19. vikunni. Bæði voru hafðar ær og kýr í selinu; voru kýrnar tvær. Gert var skyr og smjör, sem sett var í kvartil og flutt heim á hestum. Heimferðin með hesta hefur líklega tekið hátt í klukkustund. Farin var Hærri- eða Neðri-Seljavegur [019], yfir svonefndan Háls og út Arnarnúp, er farið var í selin." Í fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "Sel á Seljadal. Selið er ofarlega í Seljadal, við lækjarfarveg. Þar eru miklar og vel varðveittar minjar um seljabúskap fyrri alda. Í raun er um þrjár þyrpingar herbergja að ræða sem standa skammt frá hver annarri. Hver rústaþyrping hefur verið 1 hús með 2-4 herbergjum." Tóftir selsins frá Hvallátrum eru innst í norðausturenda Seljadals, þétt sunnan undir fjallsrótum suðvestan Miðmundahæðar. Tóftirnar eru um 1,7 km ASA við Bjargtangavita og um 3,8 km suðvestan við bæjarþyrpinguna á Hvallátrum.



Horft í átt að selinu til ANA.



Dyr á tóft A, horft í SSV.



Uppdráttur Guðmundar Ólafssonar af seljatóftunum frá 1994. Sjá Guðmundur Ólafsson 1994, bls. 33. Ekki var talin ástæða til að mæla þær og teikna upp að nýju.

Seljadalur er aflangt, grasigóið dalverpi fast norðan við Látrabjarg sem liggur norðvestur-suðaustur meðfram bjarginu. Tóftir selsins eru beggja megin við lítinn læk sem rennur út dalinn til VNV úr norðanverðum Seljadal niður í Bugatjarnir suðvestan við Brunnanúp. Tóftir selsins sitja í grasigróinni brekku sem hallar 0-10° til austurs.

Í Seljadal eru umfangsmiklar seljatóftir á svæði sem er um 200 m á lengd, um 150 á breidd og liggur norður-suður. Megin tóftaþyrping selsins er á norðanverðu svæðinu og er umfang hennar um 45x35 m og liggur

gróflega austur-vestur. Í fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1994 er sjálfu selinu lýst mjög vel og þar má sjá góða teikningu af tóftunum en þær voru mældar upp með málbandi svo ekki var talin ástæða til þess að skrá tóftirnar aftur frá grunni. Því er teikning Guðmundar birt hér. Hann segir um selið: "Hver rústaþyrping hefur verið með 1 hús með 2-4 herbergjum. Í þremur herbergjum eru ... útskot inn í vegginn, annað hvort út í horni, eða fyrir miðjum vegg. Þar hefur sennilega verið eldstæði eða ofn. Flest húsin og réttin hafa staðið sín hvoru megin við læk sem rennur niður dalinn. Í læknum milli húsanna virðist hafa verið eins konar þró það sem sléttað hefur verið í botninn og steinum raðað fyrir ofan og neðan. Hverri tóft er gefið skráningarnúmerið 19 auk undirnúmers. Ef tóftin hefur fleiri en eitt herbergi, fær hvert herbergi sérstakt undirnúmer. 19.1. Tóft með 3 herbergjum sem tengd eru saman með 5 m löngum og 1 m breiðum göngum. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og vel varðveittir. Þeir virðast víða enn halda fullri hæð sem er um 1 m. 1.1. Gengið er inn í herbergið til hægri úr göngunum. Herbergið er um 3 x 2 m að innanmáli. Dyraopið inn í herbergið er enn uppistandandi og er grjóthella yfir því. 1.2. Innanmál um 2,5 x 2 m. Mikið hrun úr veggjum og þaki er inn í herberginu. 19.2. Tvær samliggjandi tættur. Ekki er innangengt á milli þeirra. 2.1. Innanmál 2 x 1,5 m. Inngangur er á suðurgafli. 2.2. Innanmál 2 x 1,8 m. Lítið útskot er í suðausturhorni herbergisins. Það er um 0,5 m í þvermál og gæti hafa verið eldstæði. 2.3. Dálítil laut inn í brekkuna austan við tóftina. Hugsanlega eru einhverjar minjar þarna undir yfirborðinu þó að ekki sjái móta frekar fyrir þeim á yfirborði. 2.4. Laut eða dæld inn í brekkuna austan við tóftina. Hugsanlega leifar af mannvirki. 19.3. Tóftaþyrping sunnan við lækinn. 3.1. Innanmál um 3 x 1,8 m. Inngangur er á vesturhlið. Sunnan við tóftina eru 3 m löng göng sem liggja inna í 3.2. Tóft sem er um 3 x 2 m að innanmáli. 3.3. Innanmál er um 4 x 2 m. Nálægt miðju húsi er grjóthleðsla þvert yfir tóftina. E.t.v. hefur herbergið verið minnkað? Innangengt úr tóft 3.2. og hleðslur veggjanna benda til þess að þetta herbergi hafi verið byggt við hana. 3.4 og 3.5 eru leifar tveggja tófta sem eru vestan við 3.1. Þessar tættur eru fremur ógreinilegar virðast eldri en 3.1. 19.4. Í lækjarfarveginum á milli 19.2 og 19.3 er svæði sem er um 2 x 2 m í þvermál og virðist hafa verið sléttað í botninn. Það afmarkast af steinum bæði að ofanverðu og neðanverðu. E.t.v. hefur þetta verið sléttað af mannavöldum í ákveðnum tilgangi, t.d. við geymslu á mat eða þvott á ull. 19.5. Tvö samsíða herbergi. 5.1. Innanmál eru 2,8 x 2 m. Veggir hafa verið hlaðnir úr grjóti. Mikið hrun er í austurhluta herbergisins. Inngangur er syðst á vesturhlið. Í suðausturhorni er innskot í vegginn um 0,5 - 0,6 m í þvermál. Hugsanlega er þetta leifar af eldstæði. 5.2. Ógreinileg tóft, um 1 m breið og um 2 m löng. Ekki var á yfirborði hægt að sjá að grjót væri í vegg þessa herbergis. Veggirnir lækkuðu til vesturs og eyddust þannig að ekki er gott að sjá hvar suðurhliðin endar til vesturs. Timburþil virðist hafa verið fyrir vesturgafli. 19.6. Rétt, hlaðin úr grjóti [við selið], um 7,5 x 3m að innanmáli. Hæð veggja er allt að 1 m að innanverðu, en að utanverðu að austan og norðan, nemur yfirborð jarðar við efri veggjabrún. Í suðausturhorni er smá skot út úr réttinni. Inngangur er á norðvesturhorni réttarinnar þar sem gengið er niður í hana. 19.7. Rétt, hlaðin úr grjóti, um 5,5 x 3 m að innanmáli. Hún virðist ver yngri en rétt nr. 6 og hlaðin þvert fyrir hana. Vesturhliðin er bogadregin og er



Tóft 018G, horft til ASA.


inngangur á norðvesturhorni. 19.8 Grjótgarður. Um 6 m langur grjótgarður sem liggur til vesturs frá rétt nr. 7. Hefur hugsanlega verið til þess að beina búpeningi í átt að réttinni. 19.9 Tóft sem er í brekkunni um 50 m norðan við ofannefnda tóftaþyrpingu [018]. Tóftin er hlaðin úr grjóti, um 5 x 2 m að innanmáli. Veggir eru um 1 m breiðir og allt að 0,6 m háir. Inngangur er á miðri suðurhlið. Útskot er inn í norðurhlíðina andspænis inngangi. Það er um 0,8 m í þvermál. Á austurgafli virðist hafa verið gluggi. 19.10 Útihús tæplega 100 m vestur frá hinum seljatættunum. Tóftin var ekki mæld upp en hún er tvískipt." Allar tóftir selsins eru ennþá nokkuð greinilegar.



Horft yfir rústasvæði 018 til NNV.

Tóftirnar eru að mestu hlaðnar úr hellugrjóti og vel grasigrónar en hleðslur eru teknar að síga nokkuð á stöku stað. Veggir tóftanna eru flestur 1-2 m á breidd. Breiðari þar sem hleðslur eru singar. Í tóft sem Guðmundur Ólafsson merkti númer 1 (hnit 018A) eru hólf 1.2 og 1.3 nokkuð fallin saman að norðan og norðaustanverðu en veggir 1.1 standa ennþá vel og er hellan ennþá þar yfir dyrum. Gangur milli hólfa 1.1 og 1.2 er tekinn að bólgna inn að norðanverðu. Dyr inn í hólfin hafa verið 0,4-0,5 m á breidd og eru 1-1,2 m á hæð þar sem hella hangir enn uppi. Veggir sem ennþá standa eru 1-1,8 m á hæð og sjást 5-15 umför hér og þar. Enn glittir í hvalbein sem líklega hefur verið nýtt í þak. Í tóft 2 (hnit 018B) eru veggir 1-1,2 m á hæð (5-8 umför) þar sem þeir standa ennþá en austurveggir beggja hólfa 2.1 og 2.2 eru fallnir inn að hluta og er inngangur hólfs 2.1 fallinn saman. Stór hella er við inngang 2.2 en ekki er alveg ljóst hvort hún hefur verið yfir dyrunum eða í vegg. Tóft 3 (hnit C) er mun signari en tóftir 1 og 2. Hólf tóftar 3 eru ennþá greinileg og veggir eru 0,3-1,5 m á hæð (5-11 umför) en hleðslur eru þó mikið farnar að síga og falla saman. Inngangur inn í tóftina milli hólfa 3.1 og 3.3 er fallinn saman og er mikill hluti vesturenda hólfs 3.3 einnig fallinn saman, sem og dyrnar inn í hólfið. Hólf 3.2 er ennþá í ágætu ástandi. Hólf 3.4 og 3.5 eru lítið annað en <0,5 m háar, grasigrónar þústir og innanmál er orðið óljóst. Dældir 2.3 og 2.4 eru ennþá greinanlegar en lítið annað en <0,4 m djúpar dældir ofan í lækjarbakkann. Tóft 5 (hnit 018D) er ennþá nokkuð greinileg en tekin að síga nokkuð saman, sérstaklega í norðausturhornið. Veggir hennar eru 0,5-1,2 m á hæð (4-6 umför) en inngangar eru signir (hólf 5.1) eða samfallnir (5.2). Hólf 5.2 er mun óljósara og verr farið en hólf 5.1. Réttarhólf 6 og 7 (hnit 018F og G) eru ennþá í góðu ásigkomulagi og standa veggir þeirra 0,5-1 m á hæð. Engu líkara er að hólfin hafi að hluta verið grafin ofan í lækjarbakkann á þessu svæði. Lítið sést í hleðslugrjót í eystra hólfi 6. Hugsanlega gæti hafa verið inngangur í hólf 6 í suðvesturhorni en hann er þá samfallinn. Réttarhólf 7 er hlaðið úr grjóti og einstaka hellum og eru veggirnir 0,5-1 m á hæð (4-8 umför). Inngangur í hólfið er ennþá greinilegur á vesturenda hólfsins þó veggir þar séu teknir að síga nokkuð og hefur hann verið um 1 m á breidd. Garðlag 8 (hnit 018H) er ennþá vel greinilegt. Garðlagið er grjóthlaðið, um 0,5-1 m á breidd og <0,5 m á hæð og liggur gróflega ANA-VSV út frá suðvesturhorni réttar 7. Hleðslur eru nokkuð signar og lítið um greinanleg umför. Tóft 9 (hnit 018E) er hærra í brekkunni um 45 m NNV við tóft 5 (hnit D). Tóftin er í grasigróinni brekku sem hallar 20-30° til suðvesturs. Tóftin er ofarlega í brekkunni, 5-10 m neðan og suðvestan undir grýttri brekkubrún en hún hefur líklega lítið breyst síðan 1994. Tóftin er hlaðin utan í brekkuna á litlum grasigrónum hjalla og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru signar og eru veggir hennar 0,5-1,2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Gengið var inn að suðvestan. Tóft 10 (hnit 018J) er um 70 m VSV við selið og um 100 m suðvestan við tóft 9. Tóft 10 stendur neðan við seljatóftirnar á sléttu graslendi sem hallar 2-5° til VNV. Tóftin er tvískipt, um 6,5 m á lengd, um 4 m á breidd og liggur NNV-SSA. Hún er hlaðin úr torfi- og grjóti og hleðslur standa grónar. Grjót er aðallega hellugrjót. Veggir tóftarinnar um 0,5-1 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð en þó teknir að síga nokkuð inn í tóftina. Hólf 10.1 er um 3x1,5-2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA, á meðan hólf 10.2 er um 2x1 m og snýr ANA-VSV. Gengið var inn að vestanverðu í bæði hólf og eru inngangar enn greinilegir þó inngangur inn í hólf 1 sé tekinn að falla saman. Ekki er alveg víst að þessi tóft hafi tilheyrt selinu en er höfð hér með þar sem lítil vegalengd er á milli tóftanna. Eitt mannvirki enn er á svæðinu og er það skráð hér sem 018K þar sem það var

ekki skráð 1994. Mannvirki 018K er kassalaga grjóthleðsla um 100 m SSA við seltóftir 3/018C og um 120 m VNV við vörðu 170. Hleðslurnar standa innst í dalnum í brekku sem hallar 2-5° til norðvesturs. Umhverfis hleðslurnar er grasi- og mosagróið flatlendi. Ekki er alveg ljóst hvað hér er um að ræða. Grjóthleðslan er kassalaga, um 3x1,5 m að utanmáli, 0,2-1,2 m á hæð (5-13 umför) og liggur norðvestur-suðaustur. Hvort um eitthvað innra hólf var að ræða í mannvirkinu er óljóst en hægt er að ímynda sér að innanmál hafi verið um 0,5x2 m, með grjóthlöðnu þaki, áður en hleðslurnar féllu saman. Óljóst hvort eða hvar inngangur hefur verið á mannvirkinu vegna sigs. Hugsanlega gæti hafa verið hér einhverskonar skýli.



Tóftir J (til vinstri) og K (til hægri)

Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSV, 212; Bstbók, 204; Ö-Hvallátrar, 10-11; Guðmundur Ólafsson 1995, 31-35

BA-138:019 *Seljavegur* gata leið 65°30.130N 24°29.361V



Seljavegur 019, horft til SSA.

Í örnefnaskrá Hvallátra frá árinu 1983 segir m.a.: "Heimferðin með hesta [úr selinu 018] hefur líklega tekið hátt í klukkustund. Farinn var Hærri- eða Neðri-Seljavegur, yfir svonefndan Háls og út Arnarnúp, er farið var í selin. ... Upp af Brunnanúp hækkar landið aflíðandi, og heitir fyrst Háls. Yfir hann lá Hærri-[019B] og Neðri-Seljavegur [019A], en hann var farinn, ef fara skyldi í selið. ... Hærri-Seljavegur liggur austar og hærra en hinn. Þar upp af hækkar Hálsinn enn, og er þá komið á Miðmundahæðirnar,". Neðri- og Hærri-Seljavegir eru greinilega merktir með vörðum 019C og 020 sem eru á Hálsinum norðanverðum um 3 km suðvestan við Hvallátra. Leið þessi er ekki merkt inn á herforingjaráðskort en vörðurnar sjást vel frá Hvallátrum.

Göturnar lágu um grasgróna bala niðri á láglendi framhjá Arnarnúpi upp í grýttar, illa mosagrónar hlíðar Brunnanúps og upp á beran Hálsinn. Þaðan lá leiðin aftur niður í móti ofan í grasigróinn Seljadalinn.



Varða C við Seljaveg 019, horft í norður.

Lítið sést til gatna niðri á láglendi þegar ferðast er frá Hvallátrum 001 út með víkinni í áttina að Arnarnúpi og ekkert sést heldur í hlíðunum ofan við Arnarnúp, líklega vegna jarðsigs og rofs. Það er ekki fyrr en komið er nærri vörðum 019C og 020 sem standa á norðanverðum Hálsinum við Hærri- og Neðri-Seljaveg að göturnar koma í ljós. Varða 019C er vel grjóthlaðin, um 1x1 að grunnflatarmáli og um 1 m á hæð (9 umför). Varðan mjókkar aðeins upp í toppinn og stendur á um 1,5 m háum klettabrotum. Efri leiðin liggur framhjá vörðunni að vestan um 1 m neðan við hana og þaðan liggur hún í SSV inn með Hálsinum í átt að seli 018. Gatan er mosa- og grasigróin en mjög greinileg, 0,3-0,4 m á breidd og <0,3 m á dýpt. Á efri leiðinni eru a.m.k. tvær aðrar vörður 019D og 019E við götuna á Hálsinum (D) og rétt ofan við selið (E), en þær eru hrundar og því lítið annað en grjóthrúgur.

Hálsvarða stendur litlu neðar og VNV við vörðu 019C og eru um 240 m á milli þeirra. Lýsingu á Hálsvörðu má sjá við númer 020. Frá Hálsvörðu liggur neðri leiðin til suðurs um grýtt holt og grasigróna brekkur. Gatan liggur framhjá vörðunni vestan megin og er hún einföld, 0,2-0,3 m á breidd og <0,3 m djúp. Á grasigrónum kafla aðeins sunnar sjást 5-8 götur samhliða í brekkunni en sameinast svo enn sunnar aftur í eina. Leiðin hefur verið 4-4,5 km eftir því hvora leiðina var farið. Hægt að fylgja götunum frá vörðunum á Hálsinum nokkuð vel til suðurs svo til alla leið heim að selinu. Hærri leiðin kemur líklega niður við vörðu 19E að selinu að norðaustanverðu á meðan neðri leiðin hefur líklega komið að selinu að norðan- eða norðaustanverðu. Þó gæti einnig verið að leiðirnar hafi sameinast í eina þegar nær dró áfangastað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvallátrar, 11 og 13



Hálsvarða 020, horft í NNA.

BA-138:020 *Hálsvarða* varða samgöngubót 65°30.365N 24°29.530V

Í örnefnaskrá Hvallátra frá árinu 1983 segir m.a.: "Upp af Brunnanúp hækkar landið aflíðandi, og heitir fyrst Háls. Yfir hann lá Hærri- og Neðri-Seljavegur [019], en hann var farinn, ef fara skyldi í selið. Við veginn [Seljaveg 019] eru nokkrar vörður og þó ein miklu mest, sem hét Hálsvarða. Hana ber við himin heiman frá og sést enn. ... Eyktamörk á Látrum voru þessi: Hádegi á Saxagjá. Klukkan var hálf tvö, er sólin var yfir Miðmundahæðum. Klukkan

þrjú var sólin yfir vörðum á Seljavegi og klukkan fjögur á Brunnanúpsnibbunni." Hálsvarða er fast austan við Neðri-Seljaveg 019A á Hálsinum um 2,8 km suðvestan við Hvallátra 001 og um 240 m VNV við vörðu 019C við Hærri-Seljaveg 019B. Á þessu svæði norðvestan undir Miðmundahæð er Seljavegur tvískiptur en báðar vörður (020 og 019C) sjást vel frá Hvallátrum 001.
Á þessu svæði er Háls nokkuð sléttlendur en nokkuð grýttur og illa mosa- og grasigróinn. Fast suðvestan og umhverfis vörðuna er lítil aflöng vel grasigróin upphækkun sem er <0,5 m á hæð. Upphækkunin minnir nokkuð á hala eða skugga, líkt og jarðvegur hafi smám saman safnast upp í skjóli vörðunnar.
Hálsvarða er stór og mikil grjóthlaðin varða sem er um 2 m á hæð (16-25 umför) og um 1,5x1,5 m í grunnflatarmál. Varðan er hlaðin úr hellugrjóti sem er vel þakið skófum. Varðan er jafn breið að mestu leiti en mjókkar aðeins efst í toppinn í um 1x1 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 13 og 26

BA-138:021 heimild um huldufólksbústað 65°29.822N 24°29.813V
"Sagt var, að á selinu væri huldufólk. Eitt sumar var það, að önnur kýrin var alltaf þurr annars vegar. Þegar ráðskonan (móðir Daníels) var komin heim, dreymdi hana konu, sem kvaðst hafa mjólkað kúna á móti henni um sumarið, því hún hafi verið mjólkurlaus. Hún kvaðst að vísu vera fátæk og ekki geta launað henni í neinu, en skuli þó sjá til þess, að hún verði aldrei mjólkurlaus í sínum búskap, og gekk það eftir." Engin mannvirki eða náttúruminjar eru tengd við þessa sögu en hnit var tekið við litla klettanippu sem slútir yfir lækinn um 20 m ofan við selið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 11

BA-138:022 *Þvottagil* örnefni þvottastaður 65°29.827N 24°29.840V
"Fyrir neðan selið er Seljagil og rennur niður í Þvottagilsurð, sem er í höllunum. Þvottagil rennur niður Selið." Lítill lækur rennur í Þvottagili mitt á milli tófta 018C og 018A og B.
Þvottagil er um 2-3 m breitt, um 1-4 m djúpt og liggur VNV-ASA. Lækurinn er grýttur milli seljatóftanna og er lítið vatn í honum. Þrjár egglaga dældir eða tjarnir eru í læknum á milli seljatóftanna með svolitlu millibili á um 15 m löngum kafla í læknum. Í dældunum safnast vatn saman og þar hefur verið hentugt að þvo þvott, fötur og dalla. Tjarnirnar eru um 0,5x1 til 2x2 m að flatarmáli og allt að 0,5 m djúpar. Engar greinilegar hleðslur sjást í læknum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 11


Skollahilla 023, horft í norðaustur.

BA-138:023 *Skollahilla* gata leið 65°30.633N 24°30.571V
"Í [Brunnahlíð] er hilla, sem heitir Skollahilla. Daníel veit ekki um tilefni nafnsins. Þegar smalað var fé, var Skollahilla farin, en hún er svo mjó, að varla er hægt að fara um hana með hest." Skollahilla er einstigi í Brunnahlíð norðvestan undir Brunnanúpi um 20 m ofan og suðaustan við þjóðveg 612 út á Látrabjarg. Láteinstigið í NNA af Gildruhjalla (sjá 025) í Seljavík fyrir Brunnanúp yfir að Brunnum 013 í Látravík.
Utan í Brunnanúpi eru brattir lítt grónir hamrar frá toppi niður í fjöru.
Skollahilla er grasigróin sylla sem er nokkuð slétt og 0,5-1 m á breidd. Safnast hefur saman nokkuð af litlu grjóti á syllunni síðan hætt var að nota hana. Gatan út á Skollahillu er nokkuð greinileg, um 0,2-0,5 m á breidd og <0,2 m á dýpt. Ekki var gatan gengin alla leið fyrir Núpinn en vegalengdin frá Gildruhjalla fyrir Brunnanúp yfir að Brunnum er um 350 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 12

BA-138:024 tóft rétt
65°30.474N 24°30.646V


Í örnefnaskrá Hvallátra segir: "Utan til við Brunnanúp upp af Básum er Gildruhjalli. Í honum er kví eða tóft, sauðahlað frá Sauðlauksdal. Sagt er, að Sauðlaukdalskirkja hafi átt 60 sauða göngu á Látrabjargi. Á Gildruhjalla er gömul refagildra, enn óhögguð, sem hjallinn dregur nafn af [sjá 025]." Grjóthlaðin rétt er um 90 m suðvestan við rætur Brunnanúps, um 75 m suðaustan við Örlygshafnarveg og um 1,1 km ANA við Bjargtangavita.



Rétt 024, horft í SA.

Gildruhjalli er grýttur klapparhjalli fast suðvestan undir Brunnanúpi og fast suðaustan við Örlygshafnarveg. Hjallinn er lýtt gróinn grasi, mosa og lyngi og hallar 2-10° til vesturs. Í skýrslu Guðmundar Ólafssonar um fornleifaskráningu í Rauðasandshreppi segir meðal annars: "Sauðabyrgi, sem stendur í grýttri brekku upp í Gildruhjalla [025]. Sagt er að prestar í Sauðlauksdal hafi haft sauði sína hér í geymslu og að sauðamaður hafi hafst hér við. Sauðirnir eiga einhverntíma allir [að] hafa gengið í sjóinn og að notkun þessa byrgis hafi lagst af eftir það. Þetta er nokkurs konar rétt, mikið mannvirki um 16 x 10 m að innanmáli. Veggirnir, sem hlaðnir eru úr stórgrýti, eru allt að 1,8 m breiðir. Hæð veggjanna er víðast um 0,5 m, en fer alveg upp í 1,5 m. Lítið byrgi er hlaðið upp að innanverðri austurhlið, um 2,5 m breitt og um 3 m langt að utanmáli. Fyrir framan innganginn sem er á norðvestur hlið er hlaðin ferhyrnd varða, um 1 m í þvm og allt að 0,7 m há."

Réttin er grjóthlaðin og tvískipt, um 17 m á lengd, um 13 m á breidd og liggur VNV-ASA. Réttin er eitt stórt hólf A en inni í hólfinu sunnan undir norðurvegg innanverðum nær norðausturhorni er einnig lítið hólf B. Útveggir eru 1-3 m á breidd en nokkuð signir. Hæð þeirra er frá 0,3-1,2 m en veggir eru hæstir í austurenda þar sem náttúrulegar lágar klappir hafa verið nýttar sem undirstöður fyrir hleðslur. Innanmál hólfs A er um 12x9 m. Gengið er inn í hólf A í gegn um vesturvegg um 2 m norðan við suðvesturhorn tóftarinnar. Inngangurinn er nokkuð siginn saman og er um 0,5 m á breidd. Botn hólfsins er grasi- og mosagróinn og nokkuð sléttur en hallar 2-5° til VNV. Hólf B er um 3,5x3 m að utanmáli og liggur gróflega NNA-SSV. Gengið var inn að sunnanverðu en hólfið er mikið til hrunið saman. Innanmál hefur verið um 3x1,5 m og inngangur um 1 m á breidd. Mikið grjót virðist vera inni í hólfinu. Ekki er útilokað að byggt hafi verið yfir það. Um 1 m VNV við aðalinngang réttarinnar er um 1 m há grjóthrúga með þríhyrningslaga grunnflöt sem er um 1,5x1,5x2 m að flatarmáli. Hrúgan líkist að sumu leiti vörðu en hlutverk hennar er óljóst.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvallátrar, 12-13; Guðmundur Ólafsson 1995, 34-35.

BA-138:025 hleðsla refagildra 65°30.444N 24°30.745V

Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar yfir Hvallátra segir: "Utan til við Brunnanúp upp af Básum er Gildruhjalli. ... Á Gildruhjalla er gömul refagildra, enn óhögguð, sem hjallinn dregur nafn af." Í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar yfir Rauðasandshrepp segir einnig: "Refagildra. Þrjár refagildrur eru á þessu svæði og er skammt á milli þeirra. Tvær hafa hrunið saman en ein er enn uppistandandi og verður greint frá henni hér. Gildran stendur á klöpp á grýttri flöt á svonefndum Gildruhjalla upp af Básum í austanverðu mynni Seljadals. Hún snýr í austur-vestur með inngangi í austurenda." Gildruhjalli er suðvestan undir Brunnanúp fast suðaustan við Örlygshafnarveg 612 út að Bjargtangavita. Þrjár refagildrur eru greinilegar á Gildruhjalla suðvestanverðum um 10 m suðaustan við vörðu 138:136 og um 70 m suðvestan við rétt 138:024.



Refagildra A, horft í suðvestur.

Á þessu svæði er nokkuð flöt grýtt klöpp sem hallar 2-5° til suðvesturs. Að norðvestanverðu ofan við veg 612 er hjallinn 1-2 m á háir, brattir klettar og malarbrekka. Á norðvesturbrún hjallans stendur varða 136 og er hún vel greinileg frá veginum.

Lýsing Guðmundar Ólafssonar á refagildru 025A sem enn stendur hljóðar svo: "Refagildran er þannig gerð að steinum hefur verið raðað í tvær samsíða raðir, í 2-3 lögum eftir stærð steinanna. Flatar hellur eru lagðar yfir steinaraðirnar og mynda þak. Gildran er um 2,2 m löng. Við opið er hún 0,45 m breið; um 0,6 m breið um miðjuna og 0,55 m breið innst. Opið er 0,15-0,2 m breitt og 0m 23 m hátt. Um 1,2 m innan við innganginn er mjór, flatur steinn í þakinu. Honum mun hafa verið lyft upp til að koma æti fyrir í gildrunni, sem haft var í



Refagildra B, horft í austur.



Refagildra C, horft í norðaustur.

spotta." Refagildrurnar þrjár eru allar saman á Gildruhjalla á svæði sem er um 20x20 m að flatarmáli. Lítið er við lýsingu Guðmunds á refagildu 025A að bæta annað en það að refagildrur voru vísvitandi hafðar mjög langar og mjóar að innanmáli svo að refurinn kæmist inn í gildruna til að ná í ætið en gæti ekki snúið sér við og ætti því mun erfiðara með að komast út aftur. Steinhellu var einnig komið þannig fyrir ofan við opið að þegar refurinn var kominn inn að ætinu féll hún fyrir og lokaði þannig gildrunni. Gildra 025A snýr ANA-VSV og inngangur hennar snýr til ANA. Gildrur 025B og 025C eru mun óljósari og hleðslur að mestu hrundar en þó er hægt að greina þær ef vel er að gáð. Rétt mótar fyrir innanmáli þeirra og neðstu grjótröðum sitt hvoru megin við rennuna.

Gildra 025B er um 20 m NNA við 025A. Gildra B er um 2x1 m að flatarmáli, <0,3 m á hæð og liggur ANA-VSV. Op hennar hefur trúlega snúið til VSV. Gildra 025C er um 5 m norðaustan við 025A og um 15 m SSA við 025B. Gildra C er um 1,5 m á lengd, um 0,5 m á breidd, <0,4 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur. Trúlega hefur opið snúið til suðvesturs. Gildrur þessar eru ekki lengur í notkun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 12-13; Guðmundur Ólafsson 1995, 34


BA-138:026 varða eyktamark 65°30.136N 24°28.437V


Varða 026, horft í vestur.

Í örnefnaskrá Hvallátra frá árinu 1983 segir m.a.: "Norðan við við Seljadal (sjá 018) heita Miðmundahæðir. Sólin var þar yfir klukkan hálf tvö séð frá bæjunum. ... Upp af Brunnanúp hækkar landið aflíðandi, og heitir fyrst Háls. Yfir hann lá Hærri- og Neðri-Seljavegur [019], en hann var farinn, ef fara skyldi í selið. ... Hærri-Seljavegur [019B] liggur austar og hærra en hinn. Þar upp af hækkar Hálsinn enn, og er þá komið á Miðmundahæðirnar, ... Eyktamörk á Látrum voru þessi: Hádegi á Saxagjá. Klukkan var hálf tvö, er sólin var yfir Miðmundahæðum. Klukkan þrjú var sólin yfir vörðum á Seljavegi og klukkan fjögur á Brunnanúpsnibbunni." Ekkert er minnst á vörðu í Miðmundahæðum í þessari örnefnaskrá Ara Gíslasonar. Varðan stendur í norðurenda Miðmundahæða um 3 km SSV við Hvallátra 001, um 950 m ASA við Hálsvörðu 020 og um 270 m norðaustan við byrgi 027.
Varðan sést vel frá Hvallátrum 001 og gott útsýni er frá vörðunni í VNV yfir Hálsinn og fram á Brunnanúp.
Varðan er að mestu hlaðin úr hellugrjóti, um 2 m á hæð (20-23 umför) og um 1,2x1 m að grunnflatarmáli. Varðan mjókkar upp í topp í um 0,5x0,5 m og hallar örlítið til norðvesturs. Grunnflötur er ferkantaður en horn eru rúnuð. Grjótið í vörðunni er vel gróið skófum og grjótdreifin er vel mosagróin neðst umhverfis vörðuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 12, 13 og 26

BA-138:027 *Byrgi* tóft útilegumannabústaður 65°30.022N 24°28.655V

"Hærri-Seljavegur [019B] liggur austur og hærra en hinn [019A]. Þar upp af hækkar Hálsinn enn, og er þá komið á Miðmundahæðirnar [sjá 026], sem fyrr var getið um. Í þeim er Byrgi, mjög vandfundið. Ein steinaröð mun vera eftir af því. Það var móðir Daníels sem fyrst fann það, en ekki hefur öllum, sem leitað hafa, tekizt að finna það. Frá Byrginu sést á Sléttanef og Brunnanúpsnibbuna. Þarna var geymdur sakamaður heilan vetur. Hafði hann átt barn með systur sinni. Ríki-Þórður, sem bjó á Látrum, tók við honum. Leyndi hann manninum fyrst í hlöðunni, en byggði síðan þennan kofa og færði honum þangað mat á hverjum laugardegi. Sagt er, að hann hafi síðan komið honum í hollenzka duggu." Byrgi hefur líklega verið um 3,3 km SSV við Hvallátra 001, um 930 m SSA við Hálsvörðu 020 og um 270 m suðvestan við Miðmundavörðu 026. Gott útsýni er frá þessum



minjastað yfir Brunnanúp og leið 019 yfir Hálsinn en óljóst er hvort sést þaðan yfir á Sléttanef. Miðmundavarða 026 sést ekki frá Byrgi 027 þótt um stutta vegalengd sé að ræða vegna grasigróinnar hæðar, eða klettastrýtu, með fjórar þúfur í toppinn sem skilur á milli þeirra.
Á þessu svæði efst í suðvestanverðum Miðmundahæðum er víðáttumikil mosagróin helludreif. Byrgið er staðsett um 100 m VSV við grasigróinn grýttan 1-1,5 m háan koll eða hæð með tvær þúfur og fallegan klofinn klett í toppinn. Kletturinn er mikið til klofinn í flögur. Á milli Byrgis og þessa kletts er vel mosagróin 0,5-1 m djúp lág sem gæti verið gamall lækjarfarvegur. Byrgið er hlaðið úr stórum hellum en hleðslur eru grófar og illa farnar. Tóftin er um 5,5 m á lengd, um 5 m á breidd og liggur gróflega norðvestur-suðaustur. Veggir eru að innan allt að 1 m á hæð á meðan þeir eru aðeins um 0,5 m að utan. Þykkt veggja er 1,5-2 m. Botn tóftarinnar er ójafn og fullur af hellum og mosa. Hugsanlega hefur verið hlaðið þak yfir tóftina sem hrunið hefur ofaní. Inngangur hefur líklega verið að norðaustanverðu. Stór og þykk hella stendur upp á rönd fyrir inngangnum sem hefur líklega verið 0,5-1 m á breidd áður en hann féll saman. Samkvæmt Gísla Má Gíslasyni heimildamanni var mokað upp úr Byrginu í kring um 1960/70 en ekki er ljóst hversu umfangsmiklar þær framkvæmdir voru eða hvaða áhrif þær höfðu á lögun og útlit tóftar.



Byrgi 027, horft í vestur.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 13

BA-138:028 *Saxagjárvegur* gata leið 65°29.604N 24°26.285V
"Háar brekkur liggja út í Djúpadal suðaustan við Djúpadalsvatnið, og heita þær Djúpadalsbrekkur. Sunnan við Djúpadalsvatn er Hvanngjárfjall. Út af Orminum (Djúpadalsorminum) liggur vegur út á Saxagjá með vatninu og heitir hann Saxagjárvegur," segir í örnefnalýsingu. Staldrað var við hjá Saxagjá á göngu um bjargið og horft í áttina heim að Látrum. Ekki mótar greinilega fyrir veginum, eða götunni öllu heldur, en hann mun þó vel þekktur. Ekki er hann merktur á kort herforingjaráðs frá 1933.
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 14

BA-138:029 *Hvíluklettur* örnefni áfangastaður
"Framan við vatnið [Djúpadalsvatnið] við Saxagjárveg [028] er Lambalág, og rétt ofan við lágina er stór steinn, sem heitir Hvíluklettur. Oft hvíldu menn sig við hann, er búið var að fara upp brekkuna." Hvíluklettur var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2013.
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 14.

BA-138:030 *Gamlarétt* tóft rétt 65°31.203N 24°27.226V
Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Hvallátra segir: "Þar sem gengið var heim úr Lágum, var byggð rétt. Þar er grasteigur, sem nefndur var Ormur." Þar segir einnig: "Upp af Heimarifi og allt út að Stórakrók heita Grandar. Það er grasbreiðan fyrir ofan sandinn, mest melar. ... Fyrir ofan Grandana eru Holtin og fyrir ofan þau Lágar, sem ná út að Hvanngjárfjalli. Í Holtunum er gömul rétt, kölluð Gamlarétt." Gamlarétt er grjóthlaðin heimarétt fast undir Holtunum um 950 m SSA og ofan við Húsabæ 003 og um 330 m SSA við stekk 086. Réttin sést vel frá Hvallátrum.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn, grýttur og þýfður mói sem hallar 2-5° til norðvesturs. Fast ofan og suðaustan við réttina er stórgrýtt og brött mosagróin brekka.

Réttin er tvískipt, um 22 m á lengd, 12-16 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru grjóthlaðnir en mjög signir, þó hér og þar sjáist 4-8 umför standandi. Veggir eru 1-2 m á breidd og 0,4-1,2 m á hæð. Upprunaleg þykkt hefur líklega verið um 1 m en er orðin allt að 2 m vegna hruns. Réttin er vel gras- og lyngigróin að innan. Hólf A er mjög stórt, um 19x10 m að innanmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Gengið var




Gamlarétt 030, horft í vestur.

inn að suðvestanverðu í gegn um 1,5 m breiðan
inngang, um 5 m suðaustan við vesturhorn hólfsins. Hólf B er mun minna en A og hangir utan á hólfi A að suðvestan við suðausturenda þess svo hólfin deila saman suðausturvegg réttar. Hólf B er um 4x3 m að innanmáli og liggur samsíða A norðvestur-suðaustur. Gengið var inn í hólf B í gegn um 1 m breiðan inngang fast upp við suðvesturvegg hólfs A í norðurhorni hólfs B.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 14-15 og 19

BA-138:031 *Gústukofi* hús bústaður 65°31.715N 24°27.495V
Gústukofi nefnist agnarsmár bær, nú að hruni kominn, sem stendur á bæjarhól Húsabæjar, um 30 m vestnorðvestan eða framan við Guðmundínubæ. Í Gústubæ hófu Ásgeir Erlendsson og Jóna Jónsdóttir búskap á árunum upp úr 1930 og var þá bærinn nýreistur. Hann telst því ekki til fornleifa skv. skilgreiningu laga en hefur þó ótvírætt menningarsögulegt gildi, enda er hann eina íbúðarhúsið sem enn er undir þaki í þorpinu á Hvallátrum sem reist úr torfi og grjóti að miklu leyti. Sagt er frá Gústubæ í bókinni Ljós við Látraröst. Ekki hefur verið búið lengi í Gústukofa, enda var hann kominn í eyði upp úr 1950 (og sennilega eitthvað fyrr) og notaður sem skemma eftir það.
Gústukofi stendur á svæði sem er nánast umlukið kálgörðum á alla kanta en þó liggja eins og traðir eða braut fyrir framan kofann frá norðri til suðurs. Fast sunnan við kofann eru rústir, sjá 106.
Kofinn er alls rúmlega 6 x 5 m stór að utanmáli og snýr norður-suður, inngangur er á miðri vesturhlið og þar smá skúrþak yfir. Bárujárnsþak lafir enn uppi yfir húsinu öllu en er mjög lasið, torf er ofan á því og steyptur reykháfur stendur upp úr örlítið sunnan við miðju. Gaflar eru járnklæddir niður að hlöðnum kampi sem er um 0,8 m hár. Inni er húsið hálffullt af allskonar rusli en þar sjást líka leifar af innansmíð - þil sem hefur skipt


Gústukofi 031, horft í austur.



Gústukofi 031, þiljað loft.

kofanum í tvennt hangir enn uppi sem og þil á veggjum og innan á þaki að hluta, einnig skápar, snagar á veggjum o.fl. Milligólf er hrunið niður í kjallara og auk þess hefur miklu af rusli verið kastað inn í kofann, einkum umbúðum af matvælum og ýmiss konar blöðum og pappírum. Húsinu hefur verið skipt í tvennt um miðbikið, eldhús og stofa hafa verið sunnar en svefnherbergi norðar. Agnarsmár járnskúr er sambyggður húsinu við norðvesturhornið, fullur af rusli. Ágætis gluggar eru á báðum göflum hússins en allt stendur galopið, líka dyrnar að vestanverðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Einar Guðmundsson 1999, bls. 58

BA-138:032 *Brunnavogur* heimild um lendingu 65°30.947N 24°29.386V
Í örnefnalýsingu segir: "Önnur [lending en 033] var heimar og hét Brunnavogur. Hann var talinn eins konar líflending allra þeirra, er réru úr Látravík, hvort þeir fóru frá Brunnum eða annars staðar. Í eldri skránni segir, að hann hafi stundum verið nefndur Mjóivogur, en Daníel þekkir það ekki. Upp af vognum er ein búðin, sem nefnd var Vogsbúð [sjá 013B]." Brunnavogurinn var norðar en Brunnabót, heldur vestar en beint niður af Vogsbúð 013B. Sandfjara. Ekkert manngert sést í lendingunni eða við hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 16

BA-138:033 *Brunnabót* heimild um lendingu
"Bolabás er utan við Brunna. Skammt fyrir norðan hann var aðallendingin, nefnd Bót eða Brunnabót," segir í örnefnalýsingu. Brunnabót var suðvestar en Brunnavogur en skammt á milli lendinga, í mesta lagi 100 m. Hún var austan (eða norðan) við lækinn sem rennur til sjávar um miðbil verbúðasvæðisins á Brunnum, sjá 013.
Sandfjara. Ekki sér til mannvirkja í lendingunni eða við hana.
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 16


BA-138:034 tóft útihús 65°31.573N 24°27.186V




Útihústóft 034. horft í norður.

Tóft er syðst og austast í Látratúni, um 40-50 m suður af syðsta bústaðnum sem nefndur er Brekkubær. Þetta eru leifar af útihúsum, nánar tiltekið fjárhúsum og hænsnakofa, sem tilheyrðu Gimli, býlinu sem byggt var á Bænhúshól 002 fast sunnan við Heimabæ 001. Tún. Á þessum stað sjást þrjú sambyggð útihús, tvö löng og mjó en lítill kofi við norðurenda þess nyrðra - það er væntanlega hænsnakofinn Öll eru hús þessi smágerð og svæðið alls um 11 x 8 m stórt frá austri til vesturs. Öll húsin hafa snúið göflum mót vestri. Í því nyrsta, hænsnakofa, hangir uppi timburgrind og leifar af bárujárni. Annars er syðsta hólfið aðeins um 4 x 1 m að innanmáli frá A-V. Meðfram suðurlangvegg vottar fyrir grjótröð sem gæti verið jata. Miðjuhólfið er lengra, um 7 x 1 m frá A-V og þar er svipuð grjótröð meðfram norðurlangvegg. Þetta hafa væntanlega verið fjárhúskofar og líklega það sem stundum er kallað "einhölukofar", þ.e. aðeins með jötu meðfram öðrum langvegg. Veggir standa vel, best í miðhlutanum og eru þar allt að 1,5 m háir. Veggur millli syðsta húss og miðhúss er hins vegar talsvert hruninn. Nyrsta húsið er innan við 2 m á kant að innanmáli, opið í vestur en í því eru miklar leifar af byggingarefni. Þetta er langveigaminnsta húsið, veggir um 1 m háir og innra rými ekki niðurgrafið, en merki þess sjást í báðum hinum húsunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:035 tóft leikvöllur 65°31.507N 24°27.047V





Tóft barna 035, horft í norður.

Tóft er í djúpri laut norðan undir Helguþúfu, um 400 m suðaustur af Heimabæ 001. Grasi- og lyngivaxin laut, gengt í hana úr vestri. Lautin er lítil með bröttum hlíðum upp úr, um 20 x 10 m í botninn frá austri til vesturs. Grjóthlaðin einföld tóft, ógróin en steinar mosavaxnir. Skrásetjari taldi ekki ósennilegt að hún hefði verið hlaðin til gamans af börnum og fékkst það síðan staðfest. Hleðslur eru óvandaðar og mjög smátt grjót í þeim inn á milli. Alls er rústin 4 x 3 m stór frá austri til vesturs, op í vestuátt. Veggir eru víðast hvar innan við hálfur metri á hæð. Ekki er víst hvað tóftin er gömul og raunar ekki hægt að staðfesta að hún teljist til fornleifa en hún er engu að síður skemmtilegur vitnisburður um leiki barna á Látrum.

BA-138:036 gerði rétt 65°31.687N 24°27.540V

Norðan við Lambhús/Hörpunaust 010 er nú íbúðarhús, þar sem áður voru útihús. Framan eða vestan við húsið, fast við mynni Gilsins að sunnan, er stór, hlaðin rétt. Hún mun hafa tekið við Gömlurétt 030. Þar sem réttin er nú voru áður sjóhús, væntanlega frá Miðbæ. Á korti af túni Hvallátra frá 1915 er sýnt mannvirki á þessum stað og stendur þar skrifað: "Naust, nú rétt."



Rétt 036 framanundir húsi, horft í norðaustur.

Sléttur, sendinn bakki er framan við húsið. Grjóthlaðinn kantur undir íbúðarhúsi er líklega austurhlið réttar. Húsin eru alveg horfin, marflatt og sendið í botni réttarinnar. Réttin er með grjóthlöðnum veggjum á þrjár hliðar, um 18 x 14 m stór frá norðri til suðurs, en hús Hafliða afmarkar svæðið að austan. Vegur heim að skúr liggur gegnum réttina úr vestri og þar er því op en óljóst hvort það er upprunalegt. Veggir eru ágætlega hlaðnir, allt að 1,5 m háir þar sem mest er.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvallátrar, 16; Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915

BA-138:037 hús brunnur 65°31.654N 24°27.404V



Brunnhús 037, horft í suður.



Brunnur 037, hleðsla að innanverðu.

Brunnhús er í lækjarfarveginum 10-15 m ofar en gamli Gvendarbrunnur var (sjá 062), um 60 m suðvestur af Heimabæ 001. Hlykkjóttur lækur í djúpum og þröngum farvegi, með vel grónum bökkum.
Húsið er ofan í dæld um 10 m neðar (vestar) en ein af kvíslum lækjarins hefst. Að sögn Kristins Guðmundssonar var þetta hús byggt upp fyrir u.þ.b. 20 árum (upp úr 1990), hugsanlega í eldri tóft en um það var Kristinn þó ekki viss. Brunnhúsið er undir þaki, um 3 m stórt á kant og opið til norðurs. Hleri er fyrir opinu og hafa spýtur verið negldar þar yfir, líkt og kvistur. Brunnurinn sjálfur er um 1 m í þvermál að innanverðu, grjóthlaðinn en nær trauðla neðar en yfirborð lækjarins. Mest er hlaðið úr ávölum hnullungum og ekki sérlega vönduð hleðsla. Helluþak er á húsinu og tyrft yfir.

BA-138:038 *Kárni* dys legstaður 65°31.091N 24°28.894V
Hóllinn Kárni telst til friðlýstra minjar: "Hóllinn Kárni." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34 "Upp og inn af Brunnum er Kárnafit, og þar er dys, sem heitir Kárni, orðin lágreist nú. Þar áttu Tyrkir að vera dysjaðir að sögn Daníels. Kárnafit er graslendi, og var það aðalbeitin fyrir kýr og hesta", segir í örnefnalýsingu. Í skýrslu Guðmundar Ólafssonar frá 1994 segir: "Dys. Hóllinn Kárni, 4602/2, er um 40 cm há og um 7-8 m breið nánast hringlaga grasi gróin þúst sem virðist gerð af skeljasandi. Ofan á honum eru 6 -8 steinar í hrúgu. Hóllinn er 5-6 m norðan við veginn, nokkru austan við fiskigarðana sem tilheyra verstöðinni á Brunnum." Í Vestfirzkum sögnum segir um staðinn: "Kárnafit, heitir eftir Kárna, forningja þeirra, sem af komust úr Spánarvígunum á Ströndum. En Látramenn gerðu verulegt skarð í hópinn, er þeir komu við hjá þeim árið eftir, sjálfsagt í leit að matarbjörg eftir vetursetu á Patreksfirði, en af misskilningi urðu viðbrögðin þau, að ljáir og hvalbein Látramanna og vermanna urðu mörgum þeirra að bana. Kárni er dysjaður ásamt




Hóllinn Kárni 038, horft í vestur.

nokkrum félögum sínum í fit þessari, en þó fleiri í Kúlureit [sjá 013G]." Önnur saga er um að þar hafi komið víkingaskip á þegar Gottskálk var orðinn karlægur, hann var uppi á sama tíma og Guðmundur góði (biskup 1203-1237). Hinn báturinn [sjá 033] lenti við Krókinn, og gengu víkingarnir þar á land, 50 eða 60 að tölu. Fóru þeir þegar á mýrarnar þar fyrir ofan til að smala saman sauðum og nautum og reka til strandar. Fátt manna er sagt að væri fyrir heima á Látrum nema Gottskálk og synir hans þrír. ... Sögðu þeir karli föður sínum frá komu víkinganna og aðgerðum þeirra ... og mjög eggjaði hann sonu sína til hreystilegrar móttöku. ... Mættust þeir nú á rifinu og sló þegar til bardaga. Höfðu þeir bræður hvalrif að vopnum og gengu svo hart fram, að þeir drápu alla víkingana. ... Víkingar þessir voru dysjaðir þar sem þeir höfðu fallið, og sést dysin enn í dag. Sjást þess ljós merki, að þangað hefir grjótið verið borið, því að ekkert grjót er þar í kring. ... Það er haft eftir Ólafi heitnum Bjarnasyni á Látrum, að mannabein hafi þar fundist á sínum uppvaxtarárum." Að lokum skal hér getið um orð Matthíasar Þórðarsonar í Árbók Fornleifafélagsins 1924: "Í Hvallátrum er hóll, sem nefndur er Kárni og eru lagðir steinar í hring uppi á honum. Í þeim steingarði er varða, sem höfð er fyrir mið á sjó (fiskimið). Í hól þessum, sem er að mestu úr sandi, eiga að vera dysjaðir 50 ræningjar, útlendir." Dysin er auðfundin 1,5 km SSV af Hvallátrum, mjög skammt vestan við veg.
Rýrt graslendi, augljóslega mikill sandur undir, mýrapollar í kring. Hátt í 100 m eru að sjónum frá þessum stað. Hóllinn er nú mjög lítið áberandi og sæist varla nema vegna lítils skiltis og lítillar grjóthrúgu á toppi hans. Hann rís varla nema 0,3 m yfir umhverfi sitt. Hann markast af óljósri brún og er af henni að dæma um 6-8 m í þvermál, heldur lengri A-V en N-S. 5-6 steinar eru í kolli hólsins, sá neðsti sokkinn til hálfs.
Heimildir: Fornleifaskrá, 34; Ö-Hvallátrar, 16; Guðmundur Ólafsson 1995, 24-25. Vestfirzkar sagnir I, 167-169; Matthías Þórðarson 1925, bls. 45

BA-138:039 *Stórikrókur* heimild um þvottastað 65°31.131N 24°28.200V
"Víkin öll frá Brunnanúp að Bjarnanúp heitir Látravík. Meðfram Látravík er sandurinn kallaður Rif. Heiman við Brunna heitir Brunnatangi. Það eru flúðir, sem fellur fram út af. Fyrir heiman Brunnatanga kemur niður lækur, sem heitir Stórikrókur. Þar sem hann fellur í víkina, heitir Króksbót. Stundum varð að fara með þvott og ull í Stórakrók," segir í örnefnalýsingu. Stórikrókur er stærsti lækurinn sem fellur niður í Látravíkina. Vegurinn út að Brunnum liggur yfir hann rúmlega 1 km suðvestur af þorpinu á Hvallátrum. Ágætlega vatnsmikill lækur sem á upptök sín í tveimur meginkvíslum sem renna um grundirnar ofan við ströndina. Ekki er vitað hvar nákvæmlega var þvegið í Stórakrók.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 17

BA-138:040 *Gamlistekkur* tóft stekkur 65°30.908N 24°28.280V
Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Hvallátra segir: "Undir Arnarnúpi eru Stekkjarflatir. Þar er Stekkur og sjást smátóftir. Þar hefur sjálfsagt varið fært frá. Fráfærum er líklega hætt upp úr aldmótum. Síðast voru hafðar færikvíar heima, og man Daníel ekki eftir öðru."




Gamlistekkur 040A , horft í NNV.

Mjög líklega er hér um að ræða Gamlastekk sem nefndur er í Vestfirzkum sögnum I: "Sigmundur [bóndi að Látrum] stundaði mjög refaveiðar og hafði skothús [040B] út undir brekkunum, þar sem Gamlistekkur [040A] heitir." Gamlistekkur og skothús Sigmundar eru á einum og sama stað norðvestan undir Arnarnúpi um 1,5 km SSV við Húsabæ 003 og um 1 km suðvestan við Gömlurétt 030.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróið sléttlendi sem hallar 2-5° til norðvesturs. Graslendið er undir brattri

grasigróinni brekku í brúnum Arnarnúps. Tóftirnar standa á grasigrónum egglaga hól sem er um 11 m á lengd, um 9 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Hóllinn er um 0,5-1,5 m á hæð og er hann hæstur að suðaustan. Á Gamlastekk er skotbyrgið (040B) mun greinilegra en stekkurinn sjálfur (040A). Hleðslur í Gamlastekk eru í dag (2013) mjög signar og sokknar í jörð. Stekkurinn hefur trúlega verið um 10 m á lengd, um 5 m á breidd og legið norðvestur-suðaustur. Hægt er að greina grjóthleðslur stekkjarins mjög óljóst í grasinu og hafa veggirnir trúlega verið um 1 m á breidd. Mjög líklega hefur verið gengið inn að norðvestan en ekki er hægt að segja neitt um það með vissu. Innanmál hefur trúlega verið um 9x3 m. Rústin virðist vera mjög gömul og hefur mjög líklega verið í notkun nokkuð löngu fyrir aldamótin 1900. Inni í suðausturhorni stekksins eru svo mjög greinilegar leifar af niðurgröfnu skotbyrgi sem er 1,5-2 m á lengd og um 1 m á breidd. Byrgið er um 1x0,5 m að innanmáli, 0,4-0,8 m á dýpt og liggur ANA-VSV. Skýlið er ferkantað og vel hlaðið úr grjóti (5-8 umför). Hleðslur eru líklega <0,4 m á breidd í holunni. Ekki er útilokað að grjót hafi verið tekið úr veggjum stekksins til að byggja skotbyrgið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 17; Vestfirzkar sagnir I, 172

BA-138:041 gata leið
65°31.125N 24°27.878V
"Heiman við Miðmundargil heita Hólar. Það eru lágir hólar frá Stórakrók og heim að túni og neðan þeirra votlent graslendi niður undir sandinn, sem nær til sjávar. Smálækur rennur til sjávar heiman við Hóla, og heitir hann Litlikrókur. Í Heimrifit, milli Stórakróks og Litlakróks, heitir Svartavað. Þar lágu fjár- og hestagötur, og þar var einhver vilpa," segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást götur nákvæmlega þarna við Svartavað, en greinilegir götupaldrar eru rúmum 100 suðaustar og þar var tekið hnit.
Grónar grundir undir hlíð.
Nokkrir samhliða, uppgrónir götupaldrar sem stefna nokkurn veginn A-V.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 17


Götur 041 , horft í vestur.


BA-138:042 *Svartavað* örnefni vað 65°31.220N 24°28.006V
"Heiman við Miðmundargil heita Hólar. Það eru lágir hólar frá Stórakrók og heim að túni og neðan þeirra votlent graslendi niður undir sandinn, sem nær til sjávar. Smálækur rennur til sjávar heiman við Hóla, og heitir hann Litlikrókur. Í Heimrifit, milli Stórakróks og Litlakróks, heitir Svartavað. Þar lágu fjár- og hestagötur, og þar var einhver vilpa." Svartavað er um 1 km suðvestur af Heimabæ 001.
Grónar, sendnar grundir.
Svartavað er líkt og tjörn skammt ofan við veg. Ekki fundust leifar af reiðgötum þar við - en reyndar skammt sunnar (sjá 041).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 17

BA-138:043 *Lendingarsker* örnefni lending 65°31.695N 24°27.646V
"Norðan við Sölvatanga var Látralending. Fyrir miðju lendingarsvæðinu er lítið sker, sem heitir Lendingarsker. Það kemur upp úr um stórstraumsfjöru. Leggja má beggja megin við það. Klappir hætta úr sjó en Lendingarsker heita Þvottasker," segir í örnefnalýsingu. Aðallendingin var og er örlítið sunnar en beint niður eða vestur af Húsabæ. Beint upp af henni er innsiglingarmerki, gildur drumbur með bauju ofaná.
Hvít sandfjara með ávölum steinum.
Þegar siglt var inn í þessa lendingu var tekið mið af Leiðarsteini sem er jarðfastur ofarlega í túni, norðan við sumarbústaðinn Hnúkabæ. Nú er annar staur þar ofan við mitt tún sem á að vera í flútti við merkið við lendinguna. Engin fornleg mannvirki sjást núna við Lendingu en naust hafa verið dálítið ofar, sjá 010 og Naust 060.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 18

BA-138:044 *Þvottasker* örnefni þvottastaður
"Norðan við Sölvatanga var Látralending. Fyrir miðju lendingarsvæðinu er lítið sker, sem heitir Lendingarsker. Það kemur upp úr um stórstraumsfjöru. Leggja má beggja megin við það. Klappir hætta úr sjó en Lendingarsker heita Þvottasker. Þegar fjarar, er hægt að fara út á Þvottasker; þau sjást um hverja fjöru. Þau eru beint niður af Ásgarði, húsi Ásgeirs Erlendssonar," segir í örnefnalýsingu.
Ekki var tekið hnit á Þvottaskerjum en nú er talið líklegt að þau hafi verið niður af Sæbóli, sjá 012.
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 18

BA-138:045 *Norðarilending* heimild um lendingu 65°31.797N 24°27.618V
"Beygt var fram fyrir Þvottasker [044] inn í Norðarilendingu, sem svo var kölluð, áður en lendingarbætur voru gerðar. Lendingarbætur voru gerðar um 1937 að sögn Daníels. Var þá rudd vör í hleinarnar. Er grjótinu var rutt til, kom í ljós mólag undir því. Ekki urðu þó mikil not af honum til eldiviðar sökum seltunnar, sem í hann hafði sezt," segir í örnefnalýsingu. Norðarilending er um 150 m norðvestur af Húsabæ 003, um 50 m suðvestur af stórum kálgarði 113.
Sandfjara með dálitlu af ávölu grjóti.
Engin mannvirki sjást við Norðarilendingu. Mið inn í hana var "Þrælagróf í Tröllhól", þ.e. grófina 064 átti að bera í hólinn 066.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 18

BA-138:046 tóft fjárhús 65°31.623N 24°27.264V





Fjárhústóft 046, horft í austur


Tóft af fjárhúsi er hér um bil beint niður eða vestur af sumarbústaðnum Hnúkabæ, um 140 m suðaustur af Heimabæ 001.
Þokkalega grösug túnbrekka en sendin og með miklum mosa. Tóftin er einföld, 9 x 5,5 m stór og snýr með op í vesturátt. Garði liggur eftir miðri tóftinni endilangri, hæð hans er 0,2-0,3 m. Engin hlaða sést og ekki er hóll undir húsunum en ágætlega hallar frá þeim til vesturs. Veggir eru að miklu leyti hlaðnir úr stærðarinnar hnullungum, víðast um 0,8 m háir, en annars úr ýmiss konar grjóti. Innsti hluti garðans er að mestu á kafi í sandi. Þetta var lambhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Hleðslur 047, horft í suðvestur.

BA-138:047 tóft
65°31.684N 24°27.248V
Leifar af óljósri tóft og hleðslum eru efst á Bænhúshól 002, um 60 m austan við húsið Gimli.
Gróin hæð í túni en með mosaþembum og mjög sendnum jarðvegi. Þetta er upp undir grýttri hæð þar sem hækka tekur upp frá túni.
Fremur óljósar, sandorpnar hleðslur, bæði tóft og garðlög samföst henni. Sáralítið grjót er að sjá og sennilegt að eiginlegar hleðslur séu undir allþykku lagi af gróðri og jarðvegi. Alls ná hleðslur á þessum stað yfir um 20 x 20 m stórt svæði. Tóftin er syðst mannvirkjanna, 9 x 5 m stór frá norðri til suðurs, mjög útflött. Sandur er í veggjum, sem annars eru mosagrónir og einstaka steinn sést. Út frá

norðvesturhorni ganga þrír armar hver í sína áttina svo úr verða 90° horn milli þeirra: Einn í norður, annar í austur og sá þriðji í vestur. Hver armur um sig er um 10 m langur og 2 m breiður, hleðsluhæð yfirleitt ekki meira en um 0,3 m. Engar heimildir eru til um mannvirki á þessum stað og ekki gott að dæma um það út frá yfirborðsummerkjum. Einna sennilegast er að hér sé komið útihús en tilgangur garðanna er óljós.



BA-138:048 *Hagamannabúð* tóftir verbúð 65°31.656N 24°27.504V



"Á sandinum, rétt upp af gömlu lendingunni, er Hagamannabúð. Það er elzta hús á Látrum, og veit enginn, hvenær það var byggt. Hagamannabúð er nú friðuð. Ekki er vitað, við hverja hún er kennd," segir í örnefnalýsingu. Hagamannabúðar er þrátt fyrir þessi orð ekki getið í skrá yfir friðlýstar fornleifar þótt auðvitað njóti hún friðunar skv. lögum líkt og allar fornleifar á Íslandi. Hagamannabúð er tæpum 50 m norðan við Sæból, rúma 100 m VSV af Heimabæ 001. Sambyggð henni eru fleiri hús: Miðhús og Lækjarhús. Öll þessi lengja er hér skráð undir einu og sama númeri.

Grasin vaxnir balar fast sunnan við læk. Mikill sandur hefur safnast upp að Hagmanabúð og Miðhúsum, aðeins grillir í tæpan helming dyraopa.

Húsin þrjú standa á hól sem mjög líklega samanstendur af eldri mannvistarleifum og sjást þar á nokkrum stöðum óljós ummerki mannvirkja sem sennilega eru eldri en þau þrjú sem enn standa. Alls má ætla að svæði sem mannvistarleifar kunna að leynast á geti verið allt að 25 x 15 m stórt eða þar um bil. Hagamannabúð (A) er syðst, þá koma Miðhús (B) og loks Lækjarhús (C), næst læknum eins og nafnið bendir til. Hagmannabúðin er undir þaki að hluta til. Hún snýr frá norðri til suðurs en dyr eru á vesturvegg hér um bil miðjum. Alls er búðin um 8 x 5 m stór að utanmáli. Suðurhluti hennar er grafinn inn í hólinn að hluta og þar hangir þak uppi í innsta hlutanum og timburgafl fyrir, bárujárn á þaki og tyrft yfir. Þak yfir fremri hluta tóftarinnar er á hinn bóginn fallið niður að hálfu leyti. Athyglisvert er að ein af þaksperrunum þar, sem nú sést í, er úr hvalbeini. Upp á tóftarveggina hefur verið raðað þakhellum sem væntanlega hafa verið tíndar úr fallna þakhlutanum. Fast austan við miðjan langvegg Hagamannabúðar er dæld sem gætu verið leifar af annarri tóft. Hún er algróin og um 3 x 2 m stór frá norðri til suðurs. Fleiri dældir og óljósar minjar eru bæði vestan og suðvestan við Hagamannabúð en þær eru sýndar á uppdrætti. Þar á meðal eru leifar tveggja hólfa sem virðast líkt og skorin inn í bakka um 5 m suðvestur af búðinni en líkt og torfskilrúm á milli. Þar telur Kristinn Guðmundsson sig muna eftir kálgarðsholum en ekki er óhugsandi að þar hafi verið eldri mannvirki áður. B) Miðhús voru fjárhús, sennilega í




Hagamannabúð 048A, horft í suður.



Lækjarhús 048C , horft í NV.

notkun allt til 1972 frá Heimabæ/Sæbóli. Þau eru um 3-4 m norðvestur af Hagamannabúðinni. Húsin eru nú tóftin ein, mikið gróin að innan, en hafa snúið norður-suður líkt og Hagamannabúð, með op á vesturlangvegg miðjum en það er nú illsjáanlegt vegna hruns. Að innanmáli er tóftin um 7 x 1-2 m stór. Hún er grafin inn í hól að mestu leyti að austanverðu. Hóllinn sá sem þar er má segja að tengi saman allar tóftirnar, A-C. Hann er með reglulegum brúnum að austan og norðan og mjög líklegt að í honum leynist eldri mannvistarleifar. Langsum meðfram hólnum að austanverðu er regluleg dæld, um 10 x 2 m stór sem gætu verið leifar af mannvirki. Að lokum er síðasta heillega tóftin (C), Lækjarhúsin sem eru við norðurenda Miðhússins og sambyggð því og hólnum sem áður var frá greint. Lækjarhúsin eru vel uppistandandi tóft sem er alveg opin mót vestri, 5 x 2,5 m að innanmáli. Hún var síðast notuð fyrir hey og annað skepnufóður að sögn heimildamanna en fyrir þann tíma sem reykhús af Ásgeiri Erlendssyni, að líkindum fram á 9. áratug 20. aldar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 19

BA-138:049 tóft skotbyrgi 65°30.642N 24°30.324V





Skotbyrgi 049, horft í NV.

Skotbyrgi 049 er á blábrún Brunnanúps í norðvestri um 2,8 km suðvestan við Hvallátur 001.
Á þessu svæði er lítill grasigróinn sléttlendur bali. Fast norðvestan við balann er þverhnípt klettabelti niður að veginum út á Látrabjarg og þaðan niður í sjó.
Skotbyrgið er grjóthlaðið, um 3,5 m á lengd, um 2 m á breidd og liggur NNV-SSA. Veggir byrgisins eru 0,5-1 m breiðir, 0,4-0,6 m á hæð og vel grasigrónir. Innanmál þess er um 1,5x0,5 m. Gengið hefur verið inn að SSA en inngangur er samfallinn og veggir nokkuð signir. Gott útsýni er yfir skriðurnar nyrst og neðst í Brunnanúpi.
Hættumat: hætta, vegna rofs

BA-138:050 *Húsvarða* varða samgöngubót 65°31.940N 24°25.949V
"Nú er farið upp fyrir túnið, og opnast þá dalur til austurs. Hann heitir Látradalur. Hann er alllangur fram af Látrum inn í fjallið, frekar þröngur, en ekki mjög djúpur. Er þó með allbröttum hlíðum að norðan, og er það háls sá, er aðskilur Látra frá Breiðuvík og endar fremst í Bjarnanúp, sem myndar Látravík að norðan. Hálsinn er nefndur Látrahals. Á Látrahálsi er Húsvarða við leiðina til Breiðavíkur [BA-138:091]. Hún er hlaðin þannig, að hægt er að setjast inn í hana." Í örnefnaskrá Breiðavíkur 139:001 segir um vörðuna: "Steinka. Af Búðarbrekkum

[ofan við verbúðirnar við Kumbrana] liggur vegurinn enn nokkuð á ská út á fjallið. Verður þar brátt fyrir lágur hjalli, sem nefnist Steinka. Frá Steinku liggur vegurinn þvert yfir hálsinn. Þar sem leiðin liggur hæst og þegar fer



Húsvarða 050, horft í S.

að halla ofan að Látrum, stóð varða, sem Húsvarða hét. Hún var miklu stærri en venjulegar vörður, og í henni var smáskýli." Húsvarða er hæst á Látrahálsi um 1,35 km ANA við Látra 001 og um 200 m norðvestan við Örlygshafnarveg 612 fast sunnan við götu 091.

Á þessu svæði er flatlend mosagróin og grýtt heiði. Húsvarða er mjög vel hlaðin úr hellugrjóti, 2-2,2 m á hæð (38-42 umför), 2x2,5 m að flatarmáli og liggur um það bil norður-suður. Varðan mjókkar upp í topp og er þar trúlega um 1x1 m. Grunnflötur vörðunnar er gróflega D-laga og er skriðið inn undir vörðuna í skjól að norðanverðu á þeirri hlið sem slétt er. Skjólið er 0,40-0,60 m á breidd, 0,8-1 m á hæð og 1,2 m á dýpt. Skýlið er tekið að falla saman að vestanverðu. Varla fleiri en 1-2 manneskjur hefðu getað leitað skjóls í Húsvörðu í einu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvallátrar, 19-20; Ö-Breiðavík, 18-19

BA-138:051 *Látraheiði* gata leið 65°31.360N 24°26.031V

Í Barðstrendingabók (1942) segir: "Frá Keflavík liggur fjallvegur baka til við Látrabjarg, alla leið að Hvallátrum. Fjallvegur þessi heitir Látraheiði. Áður fyrr þegar útróðrar voru mjög stundaðir úr austurhluta sýslunnar á Hvallátrum og bjargferðir af Rauðasandi, var Látraheiði fjölfarin, einkum á vorin og fyrrihluta sumars, af vermönnum og bjargmönnum. ... Sneiðingarnir frá Keflavík upp á heiðarbrúnina heita Fuglagötur ... Látraheiði er nú mjög fáfarin leið. Vegurinn er ekki annað en grýttir troðningar, er bugðast innan um endalausar, gráar grjóturðir. Gróður er enginn, annar en gráir gamburmosaflákar á víð og dreif. ... Ekki var trútt um, að "óhreint" þætti á Látraheiði, bæði af reimleikum og sjóskrímslum, og eru til sagnir um það. ... Brunnahæð heitir þar sem heiðin er hæst. Heitir þar Lambahlíðarskarð. Þegar komið er vestur af, tekur við dálítill dalur, sem heitir Látradalur. Heitir þar Klofavarða [052] er halla tekur ofan í dalinn. Liggur vegurinn niður dalinn og meðfram

dálitlu stöðuvatni heim að Hvallátrum. Heitir Helgaþúfa við túnið þar. Er talin þingmannaleið þaðan og að Skaufhóli á Rauðasandi." Í örnefnaskrá fyrir Hvallátra segir einnig: "Fyrir botni Látradals er Látraheiði, fjallvegur til Keflavíkur og Rauðasands. Var fyrrum fjölfarin leið; er hrjóstrug og gróðurlítil." Í örnefnaskrá Keflavíkur BA-137 segir um leiðina af Látraheiði niður í Keflavík: "Milli Kýrgils og Heiðargils heita Hærri- og Neðri-Fuglagötur. Það eru urðir og skriður, en á þeim neðri er grasflöt, og var þar oft áð með hesta. Um Fuglagötur lá vegurinn niður í víkina, þegar komið var frá Látrum. Það eru sneiðingar, bæði brattir og margir. Rauðsendingar stunduðu bjarg áður fyrr. Þarna sást fyrst til þeirra með hestana, þegar þeir voru að koma af bjarginu." Samkvæmt Kristni Guðmundssyni heimildamanni lá vegurinn frá Hvallátrum ofan eða neðan við Látravatn og þaðan eins og sést á lýsingum hér að ofan í suðaustur upp úr Látradal, til austurs um Lambahlíðarskarð yfir Látraheiði og um Fuglagötur niður í Keflavík að vestanverðu. Leiðin lá upp frá Hvallátrum hjá Helguþúfu um 500 m suðaustan við Húsabæ 003 þegar leiðin lá suður fyrir vatnið inn Látradal en trúlega hefur verið farið upp hjá Tröllhól um 200 m norðaustan við Húsabæ 003 þegar farið var norður fyrir vatnið. Leiðin kom niður af Látraheiði um Fuglagötur í Keflavík um 180 m suðvestan við bæjarhól BA-137:001.



Varða á leið 051 ofan við Látravatn , horft í SV.

Gatan liggur um mosa- og grasigróna mela sitt hvoru megin við Látravatn og upp í lítt mosagróna mela og grjótlendi á Látraheiði og hlykkjast niður brattar en vel grónar brekkur niður í Keflavík.
Göturnar sjást nokkuð vel meðfram Látravatni að norðan og sunnan og er leiðin vel vörðuð alla leið yfir í Keflavík. Strax við Látravatn eru tíu vörður, sex að sunnan og fjórar að norðan. Klofavarða 052 (sem raunar er á merkjum milli Hvallátra og Breiðavíkur) stendur rétt norðan við þessa leið og þar er gatan mjög greinileg dæld ofan í grýtta hlíðina. Fjölmargar vörður sjást meðfram Keflavíkurvegi þar sem leiðin liggur milli Urðarhjalla og Brunnahæðar, þá sérstaklega suðvestan undir Brunnahæð (sjá BA-139:079 og 080) en gatan sjálf er þó horfin á köflum vegna vegarins. Ljósar leifar Fuglagatna sjást í hlíðinni þar sem farið var í hlykkjum upp úr Keflavík en vegslóði liggur þar niður brattann í dag. Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskort og var vegalengdin frá Hvallátrum yfir í Keflavík 10-11 km. Þar sem gatan er greinileg er hún 0,3-0,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á dýpt. Þar sem heiðin er grýtt er mjög greinilegt hvar grjót hefur verið hreinsað frá og mjóar dældir myndast ofan í grjótdreifarnar. Vörðurnar við leiðina eru allar hlaðnar úr hraungrýti og/eða hellum. Þær eru misstæðilegar og eru frá 0,5x1 m og upp í 1,5x1,5 m að flatarmáli og allt að 1,6-1,8 m á hæð (5-30 umför). Leiðin um Látraheiði var fræg fyrir reimleika, sjá 171.



Gata 051 í námunda við Klofavörðu 052 , áttahorf óvíst

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bstbók, 94-95; Ö-Hvallátrar, 20; Ö-Keflavík, 14-15

BA-138:052 *Klofavarða* varða landamerki 65°30.754N 24°22.099V



Klofavarða 052, horft í vestur.

"Þar vestast á heiðarbrúninni [051] heitir Klofavarða, þegar halla tekur niður í dalinn. Hún stendur enn. Varðan er opin að neðan milli tveggja stöpla," segir í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Þar segir ennfremur í lýsingu á landamerkjum Hvallátra, sem eru tekin upp úr landamerkjabók Barðastrandarsýslu: "Síðan eru merkin norður eftir vatnshalla fyrir botn Látradals yfir Klofavörðu og svo vestur kjölinn eftir vatnshalla milli Látradals og Breiðuvíkur og vestur á núp þann, sem kallaður er Bjarnanúpur...." Í Barðstrendingabók segir um staðsetningu vörðunnar: "Brunnahæð heitir þar sem heiðin er hæst. Heitir þar Lambahlíðarskarð. Þegar komið er vestur af, tekur við dálítill dalur, sem heitir Látradalur. Heitir þar Klofavarða, er halla tekur ofan í dalinn." Klofavarða er við götuna sem lá milli Hvallátra og Keflavíkur (BA-138:051). Hún er um 150 m sunnan við bílveginn til Keflavíkur, um 200 m austan við afleggjara sem liggur til vesturs frá honum í Geldingsskorardal.
Grýtt, mosagróið holt, hæsti punkturinn á nokkuð stóru svæði. Varðan sést vel að og er auðþekkt jafnvel úr mikilli fjarlægð vegna einkennilegrar lögunar sem nú verður lýst. Varðan er mjög sérstakt mannvirki og áberandi kennileiti. Hún er samsett úr tveimur vörðum sem hafa verið hlaðnar uppi á um 1 m háum kletti, hvor um sig er um 1,1-1,2 m á hæð og 8-10 umför af hleðslum, ekki sérlega vel hlaðið. Vörðurnar eru litlar um sig, varla meira en 0,5-0,7 m hvor. Vörðurnar eru tengdar saman með stórri flatri hellu ofarlega, sem gengur inn í hleðslur þeirra beggja, hér um bil frá norðri til suðurs. Bil milli varða er um 0,4 m á breidd. Varðan hefur verið notuð sem skjól en ekki hefur hún verið mjög gott skjól þar sem opið er fyrir veðri og vindum til tveggja átta þó þak sé yfir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 20; Bstbók, 95

BA-138:053 *Látrahváls* gata leið 65°31.876N 24°26.273V
Í Vestfirskum sögnum I segir: "Liggur vegurinn til Breiðavíkur í norðaustur yfir Látrahváls." Í örnefnaskrá Ara Pálssonar fyrir Hvallátra segir um þessa leið: "Látradalur. Hann er alllangur fram af Látrum inn í fjallið, frekar þröngur, en ekki mjög djúpur. Er þó með allbröttum hlíðum að norðan, og er það háls sá, er aðskilur Látra frá Breiðuvík og endar fremst í Bjarnanúp, sem myndar Látravík að norðan. Hálsinn er nefndur Látrahváls. Á Látrahálsi er Húsvarða [050] við leiðina til Breiðuvíkur. ... Upp af Látravatninu norðanverðu er vetrarvegur, gönguleið, þegar sumarleiðin um hálsinn er ófær. Heitir það Reiðleit. Hún er við vestri enda Bjarnahlíðar. Þá er farið lengra fram í dalinn; þar er hálsinn lægri," segir í önefnalýsingu Hvallátra. Í örnefnalýsingu Breiðavíkur segir: "Steinka. Af Búðarbrekkum [ofan við verbúðirnar við Kumbara, sjá BA-139:013] liggur vegurinn enn nokkuð á ská út á fjallið. Verður þar brátt fyrir lágur hjalli, sem nefnist Steinka. Frá Steinku liggur vegurinn þvert yfir hálsinn. Þar sem leiðin liggur hæst og þegar fer að halla ofan að Látrum, stóð varða, sem Húsvarða hét. Hún var miklu stærri en venjulegar vörður, og í henni var smáskýli." Látravegur kemur í ljós norðan og ofan við Örlygshafnarveg um 30 m NNA við austurenda Látragils og um 420 m ANA við Húsabæ 003.
Látrahálsvegur liggur í ASA frá Hvallátrum



Leið 053 upp frá Breiðavíkurveri, horft í NV.

um grasi- og mosagróinn grýttan hjalla meðfram Bjarnarnúpi suðvestanverðum í áttina að Látravatni. Um 250 m norðan við vesturenda Látravatns beygir gatan í norðaustur upp í hlíð Bjarnarnúps og liggur í hlykkjum upp grýttan klettabrattann upp á og yfir grýttan og mosagróinn Látraháls. Gatan liggur svo niður af hálsinum meðfram Sandbugum vestanverðum og kemur niður af brúninni vestan við Grjótgil í hlykkjum niður á sandana og hverfur um 150 m suðaustan við Breiðavíkurver 139:017.

Gatan yfir Látraháls er mjög greinileg mest alla leiðina en óljósust er hún þegar gengið er niður í Breiðavík vestan við Sandbugana. Leiðin sést greinilega í brekkunum bæði upp af Látravatni og fyrir ofan Breiðavíkurver (sjá hnit á korti merkt 053J). Gatan er samtals um 3 km á lengd frá Örlygshafnarvegi, yfir Látraháls og niður á sandana í Breiðavík þar sem hún hverfur. Gatan kemur í ljós um 400 m ANA við Hvallátra og hverfur um 3,3 km VSV við Breiðavíkurbæjarhól 001 svo samtals hefur sumarvegurinn milli Hvallátra og Breiðavíkur 139:001 verið tæplega 7 km. Utan í Bjarnarnúpi og á Látrahálsi er gatan að hluta til skemmd vegna línuvegar. Í hlíð Bjarnarnúps að sunnanverðu í mesta hallanum eru greinilegar hleðslur <0,4 m háar meðfram götunni sem breikkað hafa leiðina og líklega gert hestum auðveldara fyrir að komast upp en þessum hleðslum hefur einnig að hluta verið raskað vegna línuvegar. Nefnt er í heimildum hér að ofan að á vetrum hafi verið farið lengra inn með hlíð Bjarnarnúps og upp vestan við Bjarnahlið um Reiðleit en engin önnur greinileg gata fannst á svæðinu. Ekki er útilokað að varða 154 NNA við Látravatn hafi markað þessa leið en engin greinileg gata fannst í nágrenni við vörðuna. Gatan sjálf er 0,2-1 m á breidd og 0,1-0,5 m á dýpt. Á leið yfir Látraheiðina er greinilegt að miklu af grófu grjóti hefur þurft að ýta til hliðanna svo leiðin væri greið og gera grjóthrúgurnar eða traðirnar í köntunum götuna mjög greinilega og djúpa á köflum. Ellefu grjóthlaðnar vörður voru skráðar meðfram götunni, þar á meðal varða 072, Húsvarða 050 og Steinka 139:094, en allar eru vörðurnar á Látrahálsi fyrir utan eina (053B) sem stendur niðri á jafnsléttu sunnan undir Bjarnarnúpi. Vörðurnar eru allar vel hlaðnar að mestu úr hellugrjóti. Stærð þeirra er oftast 0,5-1x0,5-1 m að flatarmáli og 1,5-2 m á hæð (allt að 20 umför). Flestar eru strýtulaga í toppinn en þó eru ein eða tvær sem eru jafn breiðar að ofan og neðan.




Hluti af leið 053 yfir Látraháls, horft í NA.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Vestfirzkar sagnir I, 178; Ö-Hvallátrar, 20, 21; Ö-Breiðavík, 18-19

BA-138:054 *Tjaldstæði* örnefni tjaldstæði 65°31.633N 24°26.437V
"Norðvestur af Látravatni eru graslautir, sem heita Tjaldstæði. Þar hefur oft verið tjaldað, en Daníel veit ekki, hvernig nafnið hefur orðið til. Þarna var ekki heyskapur, grastekja eða annað, sem var tilefni til að tjalda. Tjaldstæði eru, þar sem vatnið er leitt niður." Tjaldstæðið er fast norðvestan við Látravatn um 780 m ASA við Húsabæ 003. Á þessu svæði er flatlendur, mosa- og lyngigróinn mói. Grjót stendur uppúr mosa hér og þar.
Ekkert sést til fornminja á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 21

BA-138:055 *Móafjós* tóft hesthús 65°31.619N 24°27.223V
Tóft er rúma 20 m upp og austur af tóft 046. Þetta mannvirki var hesthús á vetrum en notað sem sumarfjós frá Heimabæ og þá kallað Mófjós eða Móafjós.
Grösugt tún.
Tóftin er einföld, alls um 7 x 5,5 m stór með op austast á norðurgafli. Hlaðinn stallur er meðfram vesturvegg, um 0,4 m hár. Mjög stórt grjót er í veggjum sem eru allt að 1,7 m háir. Lítil tóft, líkt og niðurgrafin þró er 3-4 m vestan við suðurenda tóftarinnar. Hún er ferköntuð, um 2 x 2,5 m stór frá austri til vesturs, 0,3-0,4 m djúp með sléttum botni. Ekki er ljóst til hvers hún hefur verið notuð, nema helst þar hafi verið einhverskonar hlandfor eða safnþró.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar






Móafjós 055, horft í suður.

BA-138:056 heimild um þvottastað 65°31.603N 24°26.367V

"Stundum var þvottur þveginn í vatninu [Látravatni]," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Kristni Guðmundssyni heimildamanni var þvottasteinn við norðurbakka Látravatns. Þegar skráning fór fram stóð aðeins einn stór steinn greinilega upp úr vatninu sunnan við vestara nesið í norðurbakka Látravatns um 120 m sunnan við Örlygshafnarveg og um 900 m ASA við Húsabæ 003. Á þessu svæði er bakki vatnsins grasigróinn, þýfður og nokkuð lágur. Minna grjót sést meðfram bakkanum hér og þar og botn vatnsins er grýttur. Við bakkann er vatnið tært og <0,5 m á dýpt. Umræddur þvottasteinn er um 2 m frá bakkanum og stendur 0,2-0,4 m uppúr vatninu við skráningu. Steinninn er tiltölulega flatur að ofan og um 1,5x1 m að flatarmáli en hann er nú (2013) þakinn fuglaskít. Ekki er útilokað að þegar vatnsborð er lægra komi fleiri slíkir stórir steinar í ljós vestar með bakkanum.
Ekkert sést til mannvirkja á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 21

BA-138:057 gerði rétt 65°31.968N 24°27.814V





Rétt 057 á Látranesi, horft í norður.

"Á Nesinu [Látranesi] er rétt og nálægt henni eru fjórir aflraunasteinar [071]," segir í örnefnalýsingu. "Rétt sem stendur fremst á sjávarbakka [við verstöðina á Látranesi], um 5 m yfir sjávarmáli. Hlaðin úr stórgrýti. Hún brotnaði í aftakaveðri fyrir nokkrum áratugum," segir í fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar. Réttin er ennþá til. Hún stendur á Látranesi, 30-40 m norður af fjárhúsi sem er eina uppistandandi húsið á nesinu, sjá 076. Slétt og grösugt nes en stórgrýtt urð niður af bakka við sjóinn, neðan við réttina. Réttin er enn stæðileg þótt brotnað hafi framan af henni. Skemmdirnar stafa mesetan part frá einu stórbrimi sem gekk á land fyrir nokkrum áratugum. Hún stendur fremst á sjávarbakka, er einföld en stór og veglega hlaðin en stórkarlalega mjög, úr risahnullungum. Alls er réttin um 12 x 10 m stór frá norðri til suðurs og hefur verið rekið inn að norðvestan. Vesturhliðin er öll illa farin en mótar þó fyrir grunni

hennar þótt grjótið hafi gengið mikið til, aðallega inn í réttina. Suðurhliðin er grafin inn í bakka. Hleðslur í veggjum eru alveg ógrónar og allt að 1,5 m á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 21-22; Guðmundur Ólafsson 1995, 28

BA-138:058 brunnur brunnur 65°31.742N 24°27.527V

Brunnur frá Húsabæ er rétt framan eða vestan við gáma sem nú standa rétt við íbúðarhúsið Ásgarð. Þetta er um 20 m VNV af útihúsum 108. Væntanlega er þetta brunnur sem sagt er frá í örnefnalýsingu Þórðar Jónssonar: "Hinn var og er norðanvert við Gilið, alllangt frá því, á sléttri grund, rétt fyrir ofan rifið. Sá var dýpri, eða 7-8 m. Hann er svo gamall, að engin veit ég munnmæli um, hvaða hagleiksmaður hann hefir gert. Brunnur þessi er vitanlega allur grafinn í jörð niður, hringlaga, og hlaðinn úr hnullungs grjóti, Neðst í honum er hella, en þar hefir hann tunnuvídd, hleðst svo þaðan upp við sig í boga, þar til komið er í miðja hæð, en þá er breiddin orðin um tvo metra. Þá fer hann að hlaðast yfir sig í boga, og endar í tunnuvídd. Þar er tunna sett í, sem stendur hálf upp úr jarðveginu.



Brunnur 058, horft í norður.

Ekki er heldur vitað, að gera hafi þurft við þessa hlaðslu, en vitanlega þurfti að hreinsa brunninn og skipta um tunnu efst. Aldrei þrýtur vatn í þessum brunni, og á honum frýs ekki svo, að skurmaði á honum frostaveturinn 1918." Slétt flöt og sandborin. Í brunninum hefur verið skorðað gilt járnrör (lóðrétt) til að fólk og skepnur fari sér ekki að voða. Fyllir það upp í brunninn, sem gæti verið uppundir 2 m í þvermál efst, og stendur tæpa 2 m upp úr honum. Brunurinn mun vera mjög djúpur, um 2 mannhæðir að sögn Kristins Guðmundssonar. Í hann var sótt vatn frá öllum Húsabæjum og var hann skrúbbaður árlega. Ekki er vitað til að saltvatn hafi runnið í hann þrátt fyrir að hann sé í námunda við sjávarborð. Ekki er vitað hvenær brunnur þessi var grafinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvallátrar ÞJ, 4

BA-138:059 *Steinólfsvík* heimild um lendingu 65°32.015N 24°27.835V

"Norðan til á Látranesi er frálaus klettur. sem stendur alltaf upp úr. Hann heitir Friðgá. Ekki mun þekkt skýring á nafninu. Þar fyrir norðan er Steinólfsvík. Ekki er vitað um tilefni nafnsins. Í henni var lent, áður en vörin kom," segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu segir: "Uppi í kverkinni, norðan við þennan tanga, er stór, sléttur steinn, sem fer ekki í kaf um smástraumsflóð. Við þennan stein var lent áður fyrr og einum manni af hverjum bát hleypt upp á hann með steinbítsseilarnar, og áttu þeir að sjá um að koma þeim upp í fjöru, bátunum var róið frá og settir heim í lendingu. Þarna á Nesinu var um langan tíma útræði, voru það aðkomumenn, er þaðan sóttu sjó," segir í örnefnalýsingu Þórðar Jónssonar. Lendingin er nyrst á nesinu, um 90 m norður af réttinni 057. Mjög stórgrýtt og óárennileg vík sem opnast í vestur. Hún markast af smáklettum að norðan og litlum grjóttanga að sunnan.



Steinólfsvík 059, horft í NV.

Samkvæmt Gísla Má Gíslasyni settu menn aflann stundum í land á þessum stað til að forðast að fá sand í hann.

Þaðan hefur líka verið skammt upp í fiskigarðana, sjá 077. Engin mannvirki sjást við lendinguna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 22; Ö-Hvallátrar ÞJ, 7-8


BA-138:060 *Naustið* tóft naust 65°31.720N 24°27.548V



Hænsnakofi 062, horft í austur.



Naustið 062, horft í austur.



Tóft og hálfuppistandandi kofi, sambyggður, eru neðst eða vestast í túni í landi Húsabæjar, um 20 m vestur af kálgörðum á bæjarhól Húsabæjar 003. Túnjaðar - hvítur sandur er neðan við.
Hér hafa verið tvær samfastar byggingar og sjást leifar beggja. Sú nyrðri er enn undir þaki. Alls ná byggingaleifarnar yfir svæði sem er um 9 x 9 m stórt. Bæði húsin hafa snúið stöfnum í austur og vestur. Sú nyrðri var síðust notuð sem hænsnakofi en tóftin þar sunnan við er af naustі - raunar var það kallað "Naustið". Hænsnakofinn mun hafa verið byggður upp úr eldra mannvirki, saltkró. Þakið yfir þessum hluta mannvirkisisns er tvískipt, hærra þak austar en dyr á göflum bæði í austur og vestur. Naustið er opið í vesturátt, niður að sjónum og er um 7 x 2 m stórt að innanmáli. Töluverð sina er í tóftinni en sést þó víða í grjóthleðslur innan veggja sem ná allt að 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:061 *Heimabæjarbrunnur*
brunnur vatnsból
65°31.662N 24°27.419V
"Syðsti bærinn á Látrum er nefndur Heimabær. Þar bjó Daníel Eggertsson. Neðar í túninu en Bænhúshóll [sjá 002] er Brekka, og þar fyrir neðan heitir Flöt. Í henni eru tveir brunnar. Annar er djúpur brunnur, grafinn og hlaðinn að innan, nefndur Heimabæjarbrunnur. Hann var




Heimabæjarbrunnur 061, horft í SA.

fyrir neðan Heimabæ og Miðbæ," segir í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Í annarri lýsingu, eftir Þórð Jónsson, segir: "Drykkjarvatn var tekið úr tveimur brunnum. Annar þeirra var í túninu fyrir neðan Heimabæ og var fyrir þá bæi, sem voru sunnan gilsins, sá er nú [1955] hruninn saman." Leifar af Heimabæjarbrunni sjást enn á flöt sem er um 50 m neðan eða vestan við Heimabæ, norðan við upptök lækjarins sem þar rennur. Slétt og grasi vaxin flöt. Brunnurinn hefur verið fylltur upp með grjóti. Eftir sjást aðeins útlínur, hringlaga dæld sem er um 2 m í þvermál. Smátt grjót sést í botni, en dældin er einungis um 40 cm djúp. Engin eiginleg hleðsla sést í kring.
Hættumat: hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 25; Ö-Hvallátrar ÞJ, 4

BA-138:062 *Gvendarbrunnur* lind vatnsból 65°31.651N 24°27.419V
"Syðsti bærinn á Látrum er nefndur Heimabær. Þar bjó Daníel Eggertsson. Neðar í túninu en Bænhúshóll er Brekka, og þar fyrir neðan heitir Flöt. Í henni eru tveir brunnar. Annar er djúpur brunnur, grafinn og hlaðinn að innan, nefndur Heimabæjarbrunnur. Hann var fyrir neðan Heimabæ og Miðbæ. Hinn er uppsprettulind, nefndur Gvendarbrunnur. Brunnhús var byggt yfir hann. Þarna var afvatnaður fugl frá öllum bæjunum, hengdi hver sína kippu á þoll," segir í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Í annarri lýsingu, eftir Þórð Jónsson, segir: "Skammt frá þeim [upptökum lækjarins sunnan við Skiptingsflöt 098] var í honum brunnhús, þar var útvatnað fiskur, fugl og kjöt frá öllum bæjum. Hét það Gvendarbrunnur, en er nú fallið." Gvendarbrunnur var við lækinn neðan eða vestan Heimabæjar, 10-15 m neðan eða vestan við brunnhús 037 skv. Kristni Guðmundssyni.
Þar koma saman 2-3 kvíslar í eitt. Lækurinn er hlykkjóttur en með grösugum bökkum. Engar leifar sjást af Gvendarbrunni eldri, nema ef vera skyldi smágrjót í lækjarbakknum beggja vegna en ekkert lag er þar á. Á hinn bóginn hefur brunnhúsið nýrra stundum heyrst nefnt "Gvendarbrunnur" en það mun fremur nýlegt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 25; Ö-Hvallátrar ÞJ, 4

BA-138:063 tóft 65°31.674N 24°27.521V
Fornleg og sigin tóft er gegnt Lækjarhúsum (sjá 048) en norðan lækjarins, aðeins um 5 m norður af Hörpunausti sem er syðst þriggja sambyggðra tófta, sjá 010.
Grasbalar við læk.
Tóftin er á sléttu við lækinn. Hún er eins og þúst og innra byrði óljóst, líklega full af sandi undir sverði. Alls er hún um 12 x 5 m stór frá norðri til suðurs og um 0,3 m há nyrst en hækkar til suðurs allt upp í rúman metra og er jafnframt óskýrari þar. Ekkert grjót sést í hleðslum. Suðaustast gengur líkt og tota út frá rústinni að læknum. Norðan til í henni vottar fyrir hólfi sem er um 5 x 2 m stórt frá norðri til suðurs en einnig vottar fyrir smádæld allra syðst.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:064 *Þrælagróf* álagablettur 65°31.785N 24°27.481V
"Norðanvert við Gilið er bær, sem nefndur er Húsbær. Þar býr Þórður Jónsson. Þar í túninu er hvilft, sem heitir Þrælagróf. ... Liggur hún inn í svonefnda Bælabrekku. Þar rekst aldrei hey en bóndinn verður að slá það sjálfur," segir í örnefnalýsingu. Þrælagróf er 60-70 m norður af Kvíagili 093.
Grunn gróf sem hefur gengið inn í háan túnbakka til austurs. Hún er nú vaxin grófu melgresi.
Grófin hefur breyst mikið, enda var ýtt niður í hana úr túninu ofan við. Töluvert er af stórgerðu grjóti í dokkinni en ekkert manngert sjáanlegt. Ekki er vitað hvers vegna grófin bar þetta nafn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 26



Leifar af byrgi 065, horft í NNV.


BA-138:065 hleðsla skotbyrgi

Leifar af skotbyrgi eru um 30 m suðaustur af Helguþúfu, rúma 400 m suðaustur af Heimabæ 001. Þetta byrgi er skammt frá fyrirhugðu vegarstæði - nýjum Örlygshafnarvegi. Mosavaxinn melur og er byrgið fremst í brún. Útsýni þaðan er gott til suðurs og vesturs. Byrgið er ekki annað en grjóthrúga sem ekkert lag er á, um 3 x 2 m stór frá norðri til suðurs. Miðað við útlit hrúgunnar má ætla að byrgið hafi verið talsvert niðurgrafið - með öðrum orðum sést að grjótið liggur ofan í niðurgrefti. Í hrúgunni sjást leifar af reku að austanverðu og virðist raunar líklegt að þeim megin hafi verið farið inn í byrgið. Spýtnabrak sést á tveimur stöðum. Talið er að þetta skotbyrgi hafi verið nýtt frá Gimli og er það sennilega ekki mjög gamalt, talið byggt af Ólafi Halldórssyni sem bjó í Gimli til 1962. Ekki er þó útilokað að það sé gert upp úr eldra byrgi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-138:066 *Tröllhóll* álagablettur huldufólksbústaður 65°31.785N 24°27.272V

"Bæli er slægjuland fyrir neðan Tröllhól. Þar á að búa huldufólk. Tröllhóll er geysistór hóll að ummáli. Upp á honum er sléttur blettur, sem ekki má hreyfa. Einu sinni var rist þar torf, og missti sá, er það gerði, kú og hest," segir í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Í lýsingu sem Þórður Jónsson ritaði segir: "Efst í túninu, norðanvert við Gilið, er stór klettahóll, sem heitir Tröllhóll, bústaður álfkonu að því er sagan segir. Ekki má slá hólinn ofan, það hefir þó verið gert, en óhöpp hlotizt af." Tröllhóll er náttúrulegur klettahóll um 150 m norðaustan við Húsabæ 003 fast ofan og norðan við Látragil þar sem Örlygshafnarvegur liggur yfir gilið við hólinn austanverðan.
Tröllhóll er aflangur, um 40 m á lengd, 10-20 m á breidd, 2-4 m á hæð og liggur NNA-SSV. Hóllinn er vel grasigróinn í toppinn en greinilega sést í kletta á öllum hliðum. Auðvelt er að ganga upp á hólinn að NNA-verðu og gott útsýni er yfir Hvallátra af toppi hólsins. Yfir hólinn endilangan liggur garðlag 138:118 og undir SSV-enda hans stendur tóft 138:119.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 26; Ö-Hvallátrar ÞJ, 5

BA-138:067 tóft hænsnakofi 65°31.689N 24°27.197V



Útihústóft er rúma 100 m beint upp eða austur af Heimabæ, utan í brekkunni þar sem hækka tekur upp frá túni.
Fremur grýtt og rýr brekka sem hallar mót suðvestri.
Einföld og lítil kofatóft sem er grafin inn í brekkuna, opin í suðvesturátt. Hún er tæplega 4 x 4 m á stærð. Hún er með grjóthlöðnum veggjum sem eru þokkalega uppstandandi (0,7 m), leifar af bárujárni sjást í austurvegg. Austur- og vesturveggur eru hlaðnir en ekki sjást hleðslur að norðan og þar er jarðvegur að síga inn í tóftina. Hleðslur eru ekki sérlega vandaðar, gerðar úr allavega steinum. Hér hafði amma Gísla Más Gíslasonar - væntanlega Sigríður Eggertsdóttir (f. 1900) - hænur. Ekkert bendir sérstaklega til að mannvirkið sé mjög

gamalt að stofni til. Þess má geta að undir klettinum sem er fast norðaustan við mun hafa verið kálgarður um hríð en alls engin ummerki sjást um hann; þar ræktaði Bjarni M. Gíslason (f. 1908) kartöflur eða grænmeti, en hann var búsettur á Látrum um skeið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft af hænsnakofa 067, horft í NA.

BA-138:068 heimild um fjós
65°31.669N 24°27.329V
Á túnakorti frá 1915 er sýnt útihús skammt suðvestan við Gimli (sem er kallað "hús Ólafs Halldórssonar" á túnakorti). Hrefna Kristjánsdóttir gat staðfest þetta. Húsið var fjós, notað bæði frá Heimabæ og Gimli.
Þar sem fjósið stóð er nú grasflöt - sami stallur og bænhúsið (002), síðar Gimli stendur á. Fjósið virðist þó hafa staðið heldur framar á brúninni en fram af henni er fremur bratt.
Fjósið er alveg horfið. Það var úr torfi og grjóti og tók 4 kýr. Húsið sést á ljósmynd í bókinni "Niðjatal". Tóftin virðist að mestu grjóthlaðin, með dyr í vestur en efri hluti gafla er klæddur, líklega með timbri.
Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915; Niðjatal, bls. 14

BA-138:069 *Brynjólfstak* heimild um manndómsraun 65°30.804N 24°29.641V



"Aflraunasteinar. Tveir aflraunasteinar eru í verstöðinni að Brunnum. Sá stærri nefnist Brynjólfstak, kenndur við Brynjólf Eggertsson sem stundaði sjóróðra frá Brunnum. Sagt er að hann hafi fundið steininn niðri í fjöru, brugðið byrðaról um hann og borið upp á Brunnagrund. Steinninn er 281 kg," segir í skýrslu Guðmundar Ólafssonar frá 1994. Brynjólfstak er í verstöðinni á Brunnum, nánar tiltekið um miðja vegu milli tófta 013E og 013D.
Gróin grund en sandborin.
Steinninn er stakstæður og skilti hjá honum sem á stendur : "Brynjólfstak. Brynjólfur sterki Runólfsson (d. 1863) frá Sjöundá bar steininn í ólum úr fjöru. Hann er 281 kíló." Steinninn er aflangur og um 1,20 m á lengd, líklega erfitt að ná taki á honum. Hann er með ávölum hornum, líklega um 0,4 m á breidd þar sem mest er. Mynd skrásetjara týndist en meðfylgjandi ljósmynd er tekin af vefsíðunni http://www.cycletourer.co.uk/.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 26-27

BA-138:070 *Júdas* heimild um manndómsraun
65°30.910N 24°29.283V
"Aflraunasteinar. Tveir aflraunasteinar eru í verstöðinni að Brunnum. Sá stærri nefnist Brynjólfstak, kenndur við Brynjólf Eggertsson sem stundaði sjóróðra frá Brunnum. Sagt er að hann hafi fundið steininn niðri í fjöru, brugðið byrðaról um hann og borið upp á Brunnagrund. Steinninn er 281 kg.



Júdas 070, horft í NV.

Minni aflraunasteinninn heitir Júdas. Nafngiftin mun vera til komin vegna þess að steinninn tolldi ekki í neinni hleðslu. Sú hefð skapaðist um steininn Júdas, að unglingar sem ráðnir voru sem hálfdrættingar fengu fullan hlut ef þeir gátu lyft Júdasi, sem er 130 kg að þyngd," segir í skýrslu Guðmundar Ólafssonar frá 1994. Júdas er í Brunnaverstöð norðaustarlega, um 50 m austan við tóft 013B. Hann er auðfundinn, enda er skilti hjá honum.
Sendnar, hálfgrónar grundir. Steinninn er ávalur, heldur flatari en svo að hægt sé að segja hann egglaga en mjókkar þó í annan endann. Hann er um 0,5 m langur. Á skiltinu stendur: "Steinn sem fékk nafnið af því að hann toldi ekki í vegghleðslu, sveik vegna egglögunar, 130 kg. Strákar sem gátu látið vatna undir hann voru ekki lengur hálfdrættingar. Sá sem getur lyft Júdasi í brjósthæð er júdasarsterkur."
Hættumat: hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 26-27

BA-138:071 heimild um manndómsraun 65°31.990N 24°27.841V
"Aflraunasteinar. Þeir eru fimm á Látranesi. Sá minnsti, Amlóði, er 96 kg, Hálfsterkur er 107 kg. Fullsterkur er 144 kg og Alsterkur er 177 kg. Fimmti steinninn, Klofi, er það skammt frá," segir í fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar. Steinarnir eru enn á sínum stað og eru hér allir skráðir undir einu númeri. Þeir eru um 30-40 m norðan við réttina 057 og auðfundnir, enda hafa þeir verið merktir með skilti.
Á grasi vöxnum bakka ofan við Steinólfsvíkina 059. Um 5 m eru frá steinunum niður í grýtta sjávarurð.
Væntanlega eru steinarnir talsvert á ferðinni, í það minnsta þeir léttustu, Amlóði og Hálfsterkur, enda algengt að fólk bisi við að lyfta þeim og færa til. Ekki tókst skrásetjara að finna Klofa á vettvangi. Hann mun þó auðþekktur en brim færir hann að tjörninni á nesinu ár hvert.



Aflraunasteinar 071 á Látranesi, horft í SA.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 28


BA-138:072 varða samgöngubót 65°31.880N 24°26.254V
Í suðurbrún Látraháls um 900 m ANA við Hvallátra er grjóthlaðin varða 072 fast vestan við götu 053 yfir hálsinn niður í Breiðavík. Varðan minnir töluvert á Húsvörðu 050 og er hún um 260 m VSV hana.
Á þessu svæði er grýtt lítt mosagróin skriða í brún Látraháls. Halli er 2-15° til suðvesturs.
Varðan er grjóthlaðin, um 2x2 m að flatarmáli og 0,5-1 m á hæð (6-8 umför). Eins og sagt var að ofan minnir varðan töluvert á Húsvörðu 050 þar sem virðist hafa verið hægt að skríða inn undir vörðuna að austanverðu. Þó er eins og vanti toppinn á vörðu 072 þar sem hún er flöt að ofan og hafa hleðslur vörðunnar sigið nokkuð saman eða hrunið niður brekkuna til vesturs. Inngangur virðist hafa verið 0,4-0,6 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Önnur hlið opsins er tekin að falla saman. Stór hella er ennþá yfir opinu. Líklega hefur skýlið náð 1,2-1,5 m inn undir vörðuna. Opið er nú (2013) ofan í skýlið vegna hruns og ekki er hægt að skríða þar lengur inn líkt og



Varða 072, horft í SV.

í Húsvörðu. Vel sést yfir þorpið á Hvallátrum frá vörðunni.
Hættumat: engin hætta

BA-138:073 tóftir skotbyrgi



Tvö grjóthlaðin skotbyrgi eru hlið við hlið fast ofan og suðvestan við grýtta fjöru um 350 m NNA við Bjargtangavita.
Á þessu svæði er grasi- og lyngigróin grýtt brekka sem hallar 10-20° til NNV. Neðan við brekkuna um 10 m norðvestan við skotbyrgin er 0,5-1 m hár bakki ofan og suðaustan við grýtta fjöru.
Skotbyrgin tvö eru á svæði sem er um 6 m á lengd, um 3 m á breidd og liggur norður-suður. Bæði skotbyrgin eru hlaðin úr hellugrjóti og örlítið niðurgrafin en skotbyrgi A er mun greinilegra og líklega yngra en B. Aðeins eru um 1,5 m á milli þeirra. Skotbyrgi A er um 1,5x1 m að utanmáli og liggur norður-suður. Skotbyrgið er um 0,5 m á dýpt en veggir standa <0,3 m uppúr jörðinni (4-10 umför) og eru <0,5 m á breidd. Innanmál þess er um 1x0,5 m. Hellum er hlaðið að hluta til yfir suðurenda byrgisins (um 20-30 cm). Trúlega hefur þakið verið aðeins stærra þar sem að í tóftinni er eitthvað af föllnum hleðslusteinum. Skotbyrgi B er um 1,5 m NNA og neðan við A. Skotbyrgi B er mun verr farið en A. Það er um 2 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og liggur ANA-VSV. Innanmál er aðeins 0,2-0,5x1 m. Hleðslur eru signar og eru veggir <0,5 m breiðir en byrgið er aðeins 0,2-0,4 m á dýpt (2-3 umför greinanleg). Stór trjádrumbur liggur skáhallt yfir byrgið.
Hættumat: engin hætta




Skotbyrgi 073A, horft í SA.



Skotbyrgi 073B, horft í SA.

BA-138:074 tóft fjárhús

"Fjárhús. Mjög vel varðveitt og uppistandandi fjárhús um 50 m frá sjó. (Hörður Ágústsson hefur mælt þau upp)," segir í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar. Stór fjárhústóft er suðvestan undir Bjarnarnúpi um 15 m suðaustan við litla tjörn á Nesi um 500 m NNV við Húsabæ 003. Samkvæmt friðlýsingaskrá Þjóðminjasafns Íslands var tóftin friðlýst árið 1971 ásamt öðrum verbúðarleifum á Látranesi norðan við heimabæina.



Á þessu svæði er þýfð grasigróin brekka sem hallar 2-5° til VNV. Tóftin stendur 2-3 m neðan og vestan við grasigróinn 2-3 m háan grýttan og grasigróinn bakka.
Tóftin er einföld, um 11 m á lengd, um 7 m á breidd og liggur ANA-VSV. Hefur hún hugsanlega verið grafin að hluta niður í brekkuna að austanverðu. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr bæði hvössu og sjávarbörðu hraungrýti og hellum og eru þeir 1,2-1,5 m á breidd og 1,2-2 m á hæð (6-18 umför). Veggir eru hæstir að innan að austanverðu. Innanmál tóftar er um 8,5x4 m en henni hefur verið skipt í tvær krær með stórum grjóthlöðnum garða. Um 1 m breiður garði er í miðju húsinu frá enda til enda en hann er nú grafinn undir stórum hellum, þykkum timburbitum og torfi úr þaki tóftarinnar sem er hrunið. Smá búta af bárujárni má einnig greina í braki þaksins. Garðinn er hlaðinn úr grjóti, um 0,5-0,8 m á breidd og <0,5 m á hæð. Yfirborð garðahleðslunnar hefur verið smurt á einhverjum tímapunkti með 5-10 cm þykkri



Fjárhústóft 074, innviðir, horft í austur.



Fjárhústóft 074, horft í austur.

skeljasandssteypuskán. Glittir í steypt fjárbað í VSV-enda garðans. Gengið hefur verið inn í tóftina um timburþil að vestanverðu en það er nú að mestu horfið fyrir utan grotnaðar leifar af hurð sem liggur fyrir framan tóftina. Garðinn nær alveg út í enda að vestan svo líklega hafa verið tvær dyr á þilinu inn í sitt hvora króna. Fast utan við SSA-hlið tóftarinnar er grasigróin þúst sem er um 3-4 m á breidd, 4-5 m á lengd og 0,5-1 m á hæð. Engin greinileg dæld er í þústinni en ekki er útilokað að einhvers konar hólf eða hús hafi áður verið uppistandandi fast SSA við SSA-vegg tóftarinnar, hugsanlega leifar af gamalli verbúð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 28; Fornleifaskrá, bls. 35

BA-138:075 *Búanaust* tóft uppsátur 65°31.929N 24°27.737V

"Uppsátur. Fremst á sjávarbakka. Uppistandandi og sennilega ekki mjög gömul," segir í fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar. Leifar nokkurra sambyggðra mannvirkja eru syðst á Látranesi um 10-15 m suðaustan við fjárhúsin sem enn standa þar, sjá 076. Kúpt, grösugt og fallegt nes.




Austasta tóftin í 075, horft í S.

Þrjár tóftir sambyggðar framan í bakka. Allar hljóta þær að vera reistar á fyrri hluta 20. aldar, en þá var fyrst gerð lending á þessum stað eftir að vörin hafði verið rudd. Alls ná þær yfir svæði sem er um 16 x 12 m stórt frá austri til vesturs. Allar tóftirnar snúa frá norðri til suðurs og eru byggðar inn í bakkann. Tvær þær vestari eru mjög stæðilegar. Sú vestasta hét Búanaust, kennd við bát. Veggir hennar standa fullkomlega, allt að rúmlega 2 m háir, grjóthlaðnir. Innanmál tóftar er um 6 x 4 m frá norðri til suðurs.

Rofnað hefur framan af vesturvegg og er rofabakki áfram í framhaldinu til vesturs. Næsta tóft er af fjárhúsum, enda sjást leifar af jötu meðfram austurlangvegg. Hún er grjóthlaðin með steyptri plötu ofan á. Tóftin er gríðardjúp (rúmir 2 m) og má jafnvel velta því fyrir sér hvort grindur hafi verið í húsunum og áburði safnað þar undir. Bárujárn sést í norðurenda og steyptur kantur meðfram vesturlangvegg, gegnt jötunni, hugsanlega undan



Miðtóftin í 075. horft í suður.



grindum. Að innanmáli er tóftin 10 x 3 m að stærð. Sennilegt er að tóftin hafi gegnt hlutverki nausts en verið höfð fyrir kindur hluta úr vetri. Þriðja tóftin og sú sem er austast virðist eldri en hinar eða er í það minnsta verr farin og hugsanlegt að grjót hafi verið fjarlægt úr veggjum - en leifar þeirra eru að mestu grónar og um 0,5 m háar. Þessi tóft er 12 x 4-5 m að innanmáli. Um 2 m vestur af henni er dálítið rof inn í bakkann og sést þar í hvítan sand - þótt ekkert bendi sérstaklega til þess er mögulegt að þarna hafi verið enn eitt hólfið. Beint ofan eða norðan við austurenda tóftaraðarinnar er gróinn hóll, svolítið kúptur en þó flatur að ofan og mögulegt að í honum leynist eldri mannvistarleifar. Hóll þessi er um 6-8 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 28

BA-138:076 hús fjárhús 65°31.936N 24°27.766V

"Fjárhús. Framarlega á sjávarbakka. Þessi nýlegu fjárhús hafa verið reist ofan á eldri verbúðir," segir í fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar. Fjárhús þessi eru sunnarlega á Látranesi, um 400 m norður af þorpinu á Hvallátrum. Þetta eru einu húsin sem standa á nesinu - suðvestan við tjörnina sem þar er og skammt vestan hól sem heitir Andri.
Slétt og mjög grösugt nes. Húsin standa vel og er ágætlega við haldið, tvö samstæð fjárhús með burstum mót suðvestri og hlaða þar aftan við. Útveggir eru grjóthlaðnir en gaflar úr timbri og þak úr járni. Grjóthleðslur eru fallegar og stæðilegar, mest um 2 m háar að norðanverðu. Alls eru húsin um 17 x 13 m stór og greinilega ekki mjög gömul. Ekki sjást greinilegar leifar eldri minja en þó er smáhóll við austurhlið húsanna, um 1 m hár og gætu leynst mannvistarleifar í honum.



Fjárhús 076, horft í SA.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 28

BA-138:077 garðlag herslugarður 65°32.085N 24°27.798V

"Fiskigarðar eru á nesinu utan við fjárhúsin og einnig ofar í fjallshlíðinni," segir í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar. Ótrúlegt kraðak fiskgarða er á stóru svæði nyrst á Látranesi. Þéttastir eru garðarnir 7-800 m norður af þorpinu á Hvallátrum.vGrösugt svæði en þó stórgrýtisurð á milli - og einmitt Í henni eru heillegustu hleðslurnar. Helstu landslagseinkenni á svæðinu eru annars tveir háir klettahólar, grasi grónir í hlíðum.

Alls sjást fiskgarðar á svæði sem er um 260 x 120 m stórt frá suðaustri til norðvesturs. Garðar eru þó mjög strjálir og sumir ógreinilegir syðst og austast á svæðinu en þéttasta svæðið (hér nefnt A) er nyrst, um 40 x 30 m stórt frá norðri til suðurs. Líklega eru yngstu fiskgarðarnir þar - sennilega í notkun langt fram eftir 19. öld, ef



Herslugarðar. Hér ber mest á svæði I, horft í vestur.

ekki fram á þá tuttugustu. Hér eru allir fiskgarðar á svæðinu skráðir undir einu númeri. Hverjum og einum er ekki lýst en hins vegar er þeim skipt upp í fjögur svæði eftir útliti og legu. Garðar á ólíkum svæðum gætu hafa notkun á ólíkum tímaskeiðum, jafnvel af ólíkum hópum vermanna. Svæði I er hið heillegasta á svæðinu, nyrst milli hólanna tveggja, í brekku mót vestri eða vestsuðvestri. Þar eru margir garðar saman hlaðnir á náttúrulegum skriðuleifum að því er virðist en hluti gæti þó verið aðfluttur. Alls eru garðarnir 30-40 talsins, standa þétt og eru svo stæðilegir og legan svo regluleg að við fyrstu sýn líta mannvirkin nánast út eins og rétt. Þetta svæði samanstendur af sex eða sjö görðum sem liggja samsíða frá austri til vesturs og er hver um sig á bilinu 20 - 30 m langur. Milli garða er yfirleitt á bilinu 2-5 m breitt bil en bilin fara mjókkandi til austurs, sem skýrist af því að lautin milli hólanna tveggja þrengist í þá áttina. Garður liggur þvert á garðendana vestan megin og lokar svæðinu af í þá áttina. Þar sem garðar mætast á norðausturhorni er op, hugsanlega til að ganga inn um. Annars ná garðar almennt ekki saman svo að yfirleitt er bil á milli. II er svæði fast sunnan við vesturenda svæðis I, tengt því en stendur þó aðeins sér með fimm stuttum görðum sem liggja frá norðri til suðurs. Þeir ná alls yfir svæði sem er rúmlega 20 x 12 m stórt frá norðri til suðurs. Garðarnir eru nokkurnveginn samsíða, flestir 12-15 m á lengd, bil á



Sokkinn garður, líklega herslugarður, ofan við tjörnina á Látranesi. Horft í SV.

milli garða er yfirleitt á bilinu 2-5 m. Þessir garðar eru flestir alveg hrundir eða bara grunnurinn eftir. III er svæði sem gæti verið eldra, næst fjárhúsum sem enn standa, á fremur sléttum bala. Garðar eru þar fallnir að mestu. IV eru óreglulegir garðar sunnan í og ofan við syðri hólinn. Garðarnir í I og II standa langbest, víða hlaðnir úr fremur smáu grjóti ofantil. Þeir eru allt að 0,5 m háir. Garðar á svæðum III og IV eru hins vegar gerðir úr stærra grjóti, jafnvel bara ein röð eða þá alveg fallnir og fremur óreglulega hlaðnir. Norðan við I liggur garður í sveig sem virðist hafa átt að marka svæðið af í þá áttina fremur en að vera fiskigarður. Hann er alveg fallinn og siginn. Framan eða vestan við hann er ámóta garður nærri sjávarbakka. Garðar I eru hlaðnir í kvos milli hólanna tveggja og hún þrengist í austur, sem skýrir stefnuna á þeim. Framan eða vestan við svæði I er flatt svæði eða reitur, mannvirkjalaus en gæti vel hafa verið athafnasvæði. Þar er þunnur jarðvegur og grjót víða. Legu garðanna má skoða á korti 4a aftast í skýrslunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 28

BA-138:078 frásögn skotbyrgi 65°30.228N 24°31.890V
Samkvæmt heimildamanni, Kristni Guðmundssyni í Ásgarði, var grjóthlaðið skotbyrgi á blábrúninni um 50 m niður og norður af Bjargtangavita.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróið flatlendi á brún Bjargtanga sem hallar 2-5° niður til norðurs.
Þetta byrgi er hrunið í sjó vegna landbrots. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots


BA-138:079 tóftir kvíar 65°30.559N 24°30.714V
Í örnefnaskrá Hvallátra eftir Ara Gíslason segir: "Sá básinn, sem næstur er Bjargtöngum, heitir Fjárbás. Fyrir



Tóftir 079 A og B, horft í ASA.

ofan Fjárbás er gömul kví. Þar var rekið inn um sauðburðinn." Grjóthlaðin kví 079A er fast vestan undir Brunnanúpi um 10 m vestan og neðan við Látrabjargsveg, um 1,2 km norðaustan við Látravita og um 3,2 km suðvestan við Hvallátra 001. Um 2 m VNV við kvína eru svo óljós ummerki um mun eldri tóft 079B. Tóftirnar standa á grýttum en nokkuð vel grasi- og lyngigrónum flatlendum hjalla sem er um 5-30 m breiður. Fast norðvestan við hjallann eru þverhníptir klettar niður í sjó. Ofan og austan við hjallann er brött skriða í rótum Brunnanúps.


Tóftir A og B eru hlið við hlið á svæði sem er um 30 m á lengd, um 20 m á breidd og liggur VNV-ASA. Kví 079A er þríhyrnd og grjóthlaðin, 4-10 m á breidd, um 13 m á lengd og liggur gróflega austur-vestur. Hvassari endi tóftarinnar er að austanverðu. Innanmál er um 2-7x9 m. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð (4-5 umför) en þeir eru teknir að síga nokkuð. Gengið er inn í norðvesturhorni tóftarinnar um inngang í gegn um vesturvegg sem hefur trúlega verið um 1 m á breidd en er nú (2013) nokkuð samfallinn. Hraungrýtið í tóftinni er vel gróið mosa og skófum. Suðausturhlið tóftarinnar er hlaðin að hluta úr óhreyfðu stórgrýti sem fallið hefur í skriðu úr Brunnanúpi og er veggurinn þar mjög grófur og umfangsmikill. Tóft 079B er um 2 m VNV við A. Tóft B er ferköntuð, um 8x8 m að utanmáli og með rúnuð horn. Tóftin hefur hugsanlega verið tvískipt og liggja hólfin norðaustur-suðvestur. Hólf I hefur trúlega verið 4-5x2 m að innanmáli. Norðvesturendi tóftarinnar er nokkuð sléttur en hugsanlega má greina þar annað hólf samsíða hólfi I sem hefur verið um 4x1,5-2 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd , <0,5 m á hæð og vel grasi- og mosagrónir. Mjög lítil ummerki eru um hleðslugrjót. Trúlega hefur verið gengið inn í hólf A að suðvestanverðu en vegna sigs eru öll einkenni tóftarinnar mjög óljós. Ekki er útilokað að hér sé um að ræða tóft sem tilheyrði hinu forna eyðibýli að Básum (sjá 081). Nákvæmt hlutverk er óþekkt.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 10

BA-138:080 tóftir 65°30.480N 24°30.848V

Í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar úr Rauðasandshreppi segir: "Í hlíðinni fyrir neðan veginn undir Gildruhjalla [025] og upp af Seljavör eru fornar tættur. Ekki er vitað með vissu um hvers konar minjar er að ræða. Hugsanlega er um fornt eyðibýli að ræða sem nefnt var Básar, en ekki skal það fullyrt hér. Þarna er tóft sem er um 6 x 3 m að innanmáli með inngang á miðjum norðurvegg. Hún virðist fremur nýleg, gæti e.t.v. verið verbúð eða fjárhús frá síðustu öld. Undir veggjum þessarar tóftar má greina leifar eldra mannvirkis sem virðist hafa verið helmingi stærra. Rétt ofan við tóftina er stór steinn og undir norðurhlið hans virðist hafa verið mannvirki, annað hvort kofi eða brunnur. Nokkru vestar er hluti af túngarði. Fleiri minjar, m.a. útihús munu vera á þessu svæði en ekki vannst tími til að kanna svæðið frekar." Þrjár tóftir A-C og grjóthlaðinn garður D eru greinanleg á Básum um 1 km norðaustan við Bjargtangavita, um 3,35 km suðvestan við Hvallátra 001 og 5-40 m neðan og norðvestan við Örlygshafnarveg.



Básar eru grasi- og lyngigróinn bali fast norðvestan og neðan við Örlygshafnarveg. Brekkan hallar á svæðinu 2-20° til norðvesturs niður að fjöru. Fjörubakkinn er 1-5 m hár, rofinn og brattur og breytist í þverhnípta klettar þegar nær dregur Brunnanúpi.

Tóftir 080A og 080B ásamt garðlagi 080D sem Guðmundur Ólafsson skráði, sem og tóft 080C, breiða úr sér á svæði sem er um 100 m á lengd, um 50 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur meðfram Örlygshafnarvegi. Tóft 080A er greinilegust og er hún grjót- og torfhlaðin, tvískipt, 10-11 m á lengd, um 10 m á breidd og liggur NNA-SSV. Veggir tóftar eru nokkuð signir og vel grasigrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Bæði hólf I og II liggja líkt og langás tóftarinnar NNA-SSV. Hólf I er grjót og torfhlaðið og um 5x2 m að innanmáli. Gengið hefur verið inn að vestanverðu fyrir miðju. Inngangur er mjög samansiginn en þó ennþá greinilegur. Hefur hann



Tóft 080A, horft í NV.

verið um 0,5 m á breidd. Greinilegar grjóthleðslur eru í veggjum og hrun inni í hólfinu. Hólf II er óljósara og mun meira gróið. Aðeins glittir í grjóthleðslur í veggjum þess á 2-3 stöðum og veggir þess eru 0,2-0,3 m lægri en í hólfi I. Innanmál hólfs II er um 7,5x2 m og hugsanlega hefur verið gengið inn í það í vesturhorni meðfram útvegg í suðurhorni hólfs A. Ekki er útilokað að hólf I sé yngra en hólf II líkt og Guðmundur setur fram. Hér gæti mjög líklega verið um fjárhús og heystæði að ræða en eins og Guðmundur Ólafsson stingur upp á er þó ekki útilokað að hér gæti hafa verið lítil verbúð. Tóft B er um 4 m austan við norðausturhorn tóftar A. Tóft B stendur vestan undir um 1 m háum litlum kletti sem þjónar sem austurveggur hennar. Tóftin er grjóthlaðin og mjög lítil, 3,5-4 m á lengd, um 3 m á breidd og liggur VSV-ANA. Veggir tóftarinnar eru lítið annað en tvær samsíða raðir af grjóti, 0,5-1 m á breidd og <0,6 m á hæð. Grjóthleðslur eru mjög samfallnar og erfitt að sjá hvernig innanmál tóftarinnar var uppbyggt en hugsanlega hefur henni verið skipt í tvennt í miðjunni í tvö mjög lítil hólf um 0,5-1x1 m að innanmáli. Enginn greinilegur inngangur er á útveggjum. Hlutverk er óþekkt og grjót er vel þakið skófum og mosa. Tóft C er aðeins ofar og nær Örlygshafnarvegi uppi á litlum grasigrónum hjalla um 40 m sunnan við tóft A. Tóft C er mjög óljós og vel grasigróin. Hún virðist vera einföld, um 10 m á lengd, um 5 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru lítið annað en óljós 1 m breið grjótdreif <0,4 m á hæð. Innanmál er 8x3 m. Enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur en hugsanlega hefur verið gengið inn í austurhorni tóftar. Hugsanlega gæti verið hér um gamla rétt að ræða sem tilheyrði Básum en þó er eins líklegt að þessar hleðslur hafi mynda bráðabirgða undirstöðu fyrir vegagerðarskúr eða e-ð slíkt frá því að Örlygshafnarvegur var lagður út að Bjargtangavita. Garðlag D er svo um 8 m austan við tóft B aðeins hærra í grýttri grasigróinni brekkunni sem hallar 20-40° til norðvesturs. Garðlagið er tvískipt, gróflega hlaðið úr hraungrýti og mjög sigið. Meginhluti garðlagsins er um 35 m langur og liggur í hlykkjum austur-vestur. Að neðanverðu í vestri hverfur það í gras en að ofanverðu undir Örlygshafnarveg í austri. Út frá garðlaginu norðanverðu um 10 m austan við vesturenda liggur um 5 m langur lítill angi niður til norðvesturs og endar upp við stóran stein. Garðlagið er 0,5-1 m á breidd og <0,4 m á hæð (1-2 umför). Hlutverk er óljóst en líklega hefur það þjónað sem vörslugarður í tengslum við tóftir A og B. Þó er ekki útilokað að hér sé um fiskigarð að ræða.




Garðlag 080D, horft í vestur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 35

BA-138:081 *Básar* tóft býli 65°30.436N 24°31.027V

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vesturlands frá árinu 1840 segir: "Eyðijarðir eru frá fornöld margar nfl. ... Básar, niðurfallnir í Svartadauða eður circa 1348-1349." Um Básа segir einnig í Vestfirzkar sagnir I: "Bjargtangar eru eins og vel er kunnugt, vestasti staður Íslands. Upp af þeim er flatlendi nokkurt, er Básar heita. Þar er sagt, að býli hafi verið til forna, en lagzt í eyði í svarta dauða. Það er gömul sögn um Básа, að á hverjum jólum hafi þaðan horfið sveinn eða meytelpa, og hefðu þau heilluð verið. Sagt er, að upp undan Smáhömrum hafi eitt sinn fundizt lindi eða föt nokkur af telpu einni, er þannig hefði horfið frá Básum." Básar eru í dag (2013) nafn á grasi- og lyngigrónum bala á ströndinni fast norðvestan og neðan við Örlygshafnarveg. Þar má finna að minnsta kosti tvo staði (sjá 079 og 080) þar sem sjást greinilegar leifar af mannvirkjum. Flest þeirra myndu þó líklega teljast of skýr og greinileg til þess að geta talist vera frá miðri 14. öld en þó er ekki útilokað að einhverjar þeirra hafi tilheyrt hinu forna býli (sjá t.d. 079B og 080C). Að minnsta kosti ein tóft á svæðinu gæti hugsanlega talist vera hluti af hinu forna býli og er hún staðsett í sjávarbakkanum um 170 m austan við tóft 141, um 85 m norðvestan við Látrabjargsveg og um 155 m VSV við beitarhús 080A. Að minnsta kosti 1/3 af þessari þúst er horfinn í sjóinn.





Básar 081, horft í NA.

Á þessu svæði hallar brekkan 2-20° til norðvesturs niður að fjöru. Fjörubakkinn neðan og norðvestan við Básа er 1-5 m hár, rofinn og brattur og breytist í þverhnípta klettar þegar nær dregur Brunnanúpi. Þar sem þústin er staðsett er landið upp frá sjávarbakkanum nokkuð flatlent (um 2° halli) og vel grasi- og mosagróið en framan og norðvestan í bakkanum er 2-3 m hátt sandbarð.

Eins og kom fram hér að ofan er tóftin smám saman að hverfa í sjóinn og eru norðvesturhorn og norðurveggur tóftarinnar að mestu horfin. Þó má greinilega sjá að hún hefur trúlega verið 7-8 m á lengd og 5-6 m á breidd áður en brotnaði af henni þar sem austurendi hennar virðist að stórum hluta ennþá vera til staðar og suðvesturhorn tóftarinnar er enn vel greinilegt. Tóftin snýr gróflega austur-vestur og eru horn hennar nokkuð rúnuð. Í bakkanum þar sem tóftin er rofin má greina leifar af dýrabeinum og norðurvegg tóftar. Tóftarbrotið sem enn er



Básar 081, horft í SA.

sjáanlegt er um 7 m á lengd og 3-5 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru mjög signir, 2-2,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er lítið meira en 4x1 m og er orðið nokkuð óljóst vegna sigs. Óljóst má greina hugsanlegar raðir af grjóthleðslum hér og þar í vel grasigróinni tóftinni. Nákvæmt hlutverk hennar er óþekkt.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: SSV, 213; Vestfirzkar sagnir I, 163.

BA-138:082 brú brú
65°31.654N 24°27.430V
Brú er yfir lækinn um 20-30 m neðan eða austan við Gvendarbrunn þann sem enn stendur sbr. 037. Lækurinn er niðurgrafinn og hlykkjóttur með algrónum og grösuðum bökkum. Hann er vatnslítill. Brúin hefur væntanlega verið á leiðinni á milli Heimabæjar og Gimli annars vegar og Sæbóls hins vegar. Hún virðist ekki mikið notuð í dag, enda sjálfsagt minni samgangur en meðan enn var búið á Látrum. Hún er gullfalleg. Hlaðnir stöplar ganga út í lækinn að austan og vestan, hvor um sig um 0,8-0,9 m á hæð. Milli þeirra hafa verið lagðir drumbar og svo stærðar steinhellur þar ofan á. Sést í þær í sniði en brúarflöturinn er gróinn að mestu leyti að ofanverðu. Brúin er um 1,3 m á breidd í miðju en heldur breiðari til endanna, um 3 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Brú 082, horft í SA.

BA-138:083 hús fjárhús 65°31.622N 24°27.355V



Framhlið húsa 083, horft í norður.

Útihús, fjárhús og fjós með hlöðu, er syðst í túni, um 100 m beint ofan eða austan við Sæból. Á svipuðum stað er merkt útihús á túnakort frá 1915. Gamalt tún, þokkalega slétt.

Húsin eru úr timbri og bárujárni, þrjár burstir snúa í vestur en hlaða er aftan við tvö þau nyrðri. Steypt súrheysgeymsla er við hana að sunnanverðu. Grjóthlaðnir veggir eru meðfram allri norðurhlið að því er virðist og að sunnanverðu upp að súrheysgeymslu en væntanlega ekki mjög gamlir, enda man Hrefna Kristjánsdóttir (f. 1932) þegar þessi hús voru byggð. Hún telur að miðjuhúsið mun vera elst (eða sá hluti) og væntanlega er það húsið sem sýnt er á túnakorti 1915. Nú er í húsinu geymsla og aðstaða til veisluhalda og hefur af þeim sökum verið reistur pallur við norðurenda hússins. Ekki er hóll undir húsinu sem bent gæti til eldri mannvistarleifa en gróinn kantur framanundir þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915




Horft ofan í vaðbyrgi 084 til austurs.

BA-138:084 tóft skemma 65°29.390N 24°28.492V
Vaðbyrgi er um 100 m austan við Kálfaskor, rétt vestan við Melabjarg en austan við Hæðirnar. Þetta er á Látrabjargi, um 4,4 km suður af bæ 001. Byrgið er í gróinni og þýfðri brekku sem snýr mót norðri.
Byrgið er mjög heillegt og fallegt, grafið inn í brekkuna til suðurs. Byrgið er tæpir 2 x 2 m að innanmáli en um 4 x 3 m að utan frá SV-NA. Dyr, sem eru vestast á NV-vegg, hafa fallið saman þannig að vestari dyrakampur hefur fallið til austurs, inn í dyrnar. Hlaðið er úr fremur stórum og flötum hellum sem eru aðfluttar, a.m.k. sjást engar slíkar í nánd. Gríðarstórar þakhellur liggja inni í byrginu, sú stærsta allt að rúmur 1 m á kant. Hæð veggja er allt að rúmum 1 metra. Í byrginu var geymdur vaður sem notaður var til að síga í bjargið.
Hættumat: engin hætta

BA-138:085 tóft 65°31.383N 24°27.464V



Tóft 085, horft í SA.




Lítil grjóthlaðin tóft er um 500 m sunnan við Hvallátra 001, um 60 m vestan við stekk 086 og um 30 m ASA og ofan við rafmagnslínu. Á þessu svæði er grasi- og mosagróið grýtt flatlendi sem hallar 2-5° til VNV. Tóftin er einföld og grjóthlaðin, um 3 m á lengd, um 2 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Tóftin er svotil egglaga og vel mosa- og grasigróin. Veggir hennar eru um 0,5-1 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð og aðallega hlaðnir úr hellugrjóti. Innanmál tóftar er um 1,2x1 m. Gengið hefur verið inn að norðvestan en vegna sigs hleðsla er inngangur óljós, hefur trúlega verið <0,5 m á breidd. Hleðslur eru að mestu runnar saman en umför hafa trúlega verið a.m.k. 2-5. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en ekki er útilokað að hér sé um skotbyrgi að ræða. Hefur hún trúlega ekki tengst stekk 086 á neinn hátt. Gott útsýni er frá tóftinni í allar áttir.
Hættumat: engin hætta



Stekkur 086, horft í NV.

BA-138:086 tóft stekkur 65°31.383N 24°27.376V
Grjóthlaðin tóft, líklega stekkur er á Gröndunum um 600 m sunnan við Húsabæ 003, um 65 m austan við skotbyrgi 085 og um 340 m NNV við Gömlurétt 030.
Á þessu svæði er illa grasi- og mosagróið mólendi sem hallar 2-10° til norðvesturs. Fast framan við tóft er grasigróin grunn laut. Sunna og ofan við tóftina er rofabarð.
Tóftin er einföld og grjóthlaðin,

um 11 m á lengd, um 4 m á breidd og liggur VNV-ASA. Tóftin er vel grasigróin að innan og er innanmál hennar um 7x2 m. Veggir tóftarinnar eru að mestu hrundir, um 1 m á breidd og <0,5 m á hæð. Engin greinileg umför eru uppistandandi en veggir hafa trúlega verið uppbyggðir af tveimur samsíða röðum af grjóthleðslum í breiddina. Tóftin hallar 2-5° til norðvesturs. Grjótið í tóftinni er vel gróið mosa og skófjm. Gengið var inn að vestanverðu um 1 m breiðan inngang upp við norðurvegg. Norðan við innganginn nær veggurinn um 2 m lengra í vestur út frá tóftinni en suðurhornið, mjög líklega til að beina búfénaði betur inn í tóftina. Ef miðað er við útlit á tóft og staðsetningu er hér líklegast um stekk að ræða. Þessi stekkur er mun nær Hvallátrum en Gamlistekkur 040 og líklega nokkuð yngri.




Hættumat: engin hætta

BA-138:087 þúst þingstaður 65°31.581N 24°27.336V



Tóft 087, horft í SV.



Tóft er í Tvídægru allra syðst í Látratúni, um 150 m suður af Sæbóli og 180 m suður af Heimabæ 001. Innan við 10 m suðvestur af er sumarbústaðurinn, stendur stakur allra syðst í túni. Slétt tún, ekki ræktarmikið á þessum slóðum. Tóftin er sigin mjög. Hún snýr austur-vestur, niður brekku og er lals um 9 x 4,5 m stór, víðast hvar 0,3-0,4 m há. Suðurlanghlið er líkt og sigin út og þústin mjókkar heldur í vesturátt. Í henni mótar óljóst fyrir dældum en ekki sést grjót. Talið er að þetta séu leifar af byggingaframkvæmdum Þórðar á Látrum, en til stóð að reisa þarna samkomuhús á árunum milli 1920 og 30. Staðurinn telst því tæplega til fornleifa skv. skilgreiningu laganna en hefur þó gildi fyrir menningarsögu Hvallátra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður 088, horft í vestur.

BA-138:088 gerði kálgarður 65°31.566N 24°27.218V

Óljóst gerði, sennilega leifar af kálgarði, er um 15-20 m suðvestur af útihúsum Ólafs 034 í Gimli. Þetta er í jaðri Látratúns, 240 m SSV af Heimabæ 001. Slétt flöt í túnjaðri. Garðurinn sést ágætlega af loftmynd en er nánast alveg jarðlægur og því lítið áberandi þegar komið er að honum. Hann

er ferningslaga, 12-13 m stór á kant. Ekki sér í grjót í veggjum og eru þeir víðast um 0,1-0,2 m á hæð. Á loftmynd mótar mjög óljóst fyrir línu, mögulega sokknu garðlagi, frá norðausturhorni garðsins og áfram 40-50 m til NNA en þar hverfur það við girðingu framan við sumarbústaðinn Brekkubæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:089 garðlag kálgarður 65°31.952N 24°27.596V



Kálgarður 089, horft í SV.

Um 500 m norðan við Húsabæ 003 fast suðvestan undir Bjarnarnúpi eru fjórir kálgarðar 089 og 114-116. Kálgarður 089 er suðvestast um 50 m austan við fjárhús 074 og um 15 m VSV við kálgarð 115.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn smágrýttur hjalli. Brekkan hallar 2-5° til VSV. Um 5 m VSV við kálgarðinn er stór klettur í brún hjallans. Kálgarðarnir fjórir eru á svæði sem er um 90x70 m að flatarmáli og liggur norðaustur-suðvestur.
Kálgarðurinn er einfaldur og ferkantaður, um 25 m á lengd, um 10 m á breidd og liggur ANA-VSV. Garðlagið umhverfis kálgarðinn er torfhlaðið en hér og þar glittir í grjóthleðslur í grunni þess. Garðlagið er 0,3-0,8 m á hæð og 1-1,2 m á breidd í grunninn en mjókkar upp í topp. Gengið var inn í garðinn um 1 m breitt op að NNV-verðu um 9 m ANA við norðvesturhorn garðsins. Botn kálgarðsins er nokkuð sléttur og grasigróinn en engin greinileg ummerki eru um beð eða slíkt. Teikning af kálgarðinum er með öðrum kálgörðum á svæðinu, sjá fornleifar nr. 114-116.
Hættumat: engin hætta

BA-138:090 þjóðsaga skrímsli
Í Vestfirzkum sögnum er á nokkrum stöðum sagt frá reimleikum á Látraheiði, sjá 051: "Á síðastliðinni öld hefir oft orðið vart við einkennilegan reimleika á fjallvegunum tveimur, er upp frá Látrum liggja, og þó einkum á Látraheiði. ... Fyrst er hans getið skömmu eftir aldamótin 1800. ... Um kvöldið fer hann [Helgi vinnumaður] að vitja fjárins fram í dalinn og heldur fram að Látravatni. ... Þegar Helgi kemur fram að vatninu, veit hann ekki fyrr en komin er rétt að honum einhver svört flygsa. Virðist honum þetta tvífætt skepna, og hefir hún klær eigi alllitlar. Ræðst hún þegar á Helga, festir klærnar í peysu hans og rífur stykki úr henni. Helgi var hraustmenni, riðaði þó allmikið við atlögu þessa, en gat varizt falli. ... En ókind þessi yfirgefur Helga undir eins eftir þetta og hendist frá honum og hvarf." Víðar er sagt frá reimleikum á leiðinni.
"Á síðastliðinni öld hefir oft orðið vart við einkennilegan reimleika á fjallvegunum tveimur, er upp frá Látrum liggja [051 og 053], og þó einkum á Látraheiði. ... Fyrst er hans getið skömmu eftir aldamótin 1800. ...var það sunnudag einn, að heimamenn frá Látrum fara til Breiðuvíkur-kirkju, því að þangað eiga Látramenn kirkjusókn. Þetta mun hafa verið árið 1876. Einn af þeim, sem þá fóru til kirkju frá Látrum, var Sigurður Finnbogason ... [þegar kirkjufólk ætlar heim finna þau ekki Sigurð og fara að leita að honum] Þegar þeir eru að fara ofan af Látrahálsi Látra-megin, sjá þeir mann koma ofan Látradal, eins og hann kæmi af Látraheiði. Reyndist þetta vera Sigurður, og heldur hann heim að bæ sínum. Þegar Sigurður kom heim, varð mönnum starsýnt á hann, því að útlit hans var nú alleinkennilegt. Klæði hans voru mjög rifin ... Gat hann þess, að þegar hann hefði verið kominn upp á Látraháls og að vörðu, sem Steinka er nefnd, hefði hann mætt kvikindi nokkru, og þar hefði viðureign sín byrjað við það, en endað hefði hún hjá vörðunni í Lambahlíðarskarði á Látraheiði, og mundi nokkur verksummerki sjást á vörðu þeirri um viðureign þessa, og ekki myndi framar verða vart við þetta í sinni tíð." Eftirfarandi frásögn er höfð eftir Sigurði Finnbogasyni sjálfum, 10-12 árum eftir atburðinn. "Ég hélt sem leið liggur vestur og upp á hálsinn, þar til komið var á kjöl. Þá var það, að annar skóþvengur minn brast. Ég settist niður, til að gera við hann. En er ég hafði sezt, kom eitthvað á herðar mér. Ég brást við fast og stóð upp. Þá hrökk þetta fram, en sótti brátt að mér aftur á nýjan leik. Ég sá, að þetta var ekki maður, en þó virtist mér það að

nokkru leyti í mannsmynd. Það gekk, eða öllu heldur hoppaði á afturfótunum. Það virtist hafa meðalmanns hæð. Framlimi hafði það, sem líktust handleggjum. Í stað handa hafði það klær, sem það reif með. Mjótt var það um herðar eða bóga. Hausinn var eins og strýta eða keilumynduð hrúga upp úr herðunum. Háls sýndist enginn vera. Andlitsmynd gerði ég mér enga grein fyrir. Kvikindi þetta rann á mig hvað eftir annað og hrifsaði í mig með klónum; en er ég vildi ná tökum á því og þreyta átök við það, hrökk það jafnan undan. Virtist eins og það kærði sig ekkert um svofelldan leik. Ég barði á því með hnefunum, er ég komst í færi, því annar hafði ég ekki til að vopna; var þá sem ég berði á úfna pöru eða skráp, og þétt-fast virtist það fyrir höggunum. Við þettta meiddist ég allmikið á hnúum og víðar á höndum, þótt ekki gæti meiðsl þau talizt stór sár. Föt mín reif það allmikið, er það náði til mín með klónum, þar á meðal húðsterka, nýja "duffelstreyju", sem að síðustu hékk á mér í slitrum. Þannig barst viðureignin út og austur í áttina til Látrabjargs. Þangað virtist mér óvætturinn vilja flæma mig, og varð mér ekki sjálfrátt um stefnuna. Er leikurinn hafði borizt þannig austur á Látraheiði í svo nefnt Lambahlíðarskarð, komum við þar að vörðu allmikilli. Mér varð það þá fangráðs, að ég varðist með grjótinu úr vörðunni og grýtti ókindina með því í tryllingsæð. Hygg ég, að sumar af völum þeim hafi komið allfast við, enda var ég þá ekki alltaf sleppifengur, og missti sjaldan marks, ef í gott færi komst. Leikslokin urðu svo þau, að ókindin hætti aðsókninni og glúðraði frá mér í áttina suður á Látrabjargs-brún."
Heimildir: Vestfirzkar sagnir I, 179-186, 189-190.

BA-138:091 *Fátækrasteinn* þjóðsaga 65°31.610N 24°26.619V

Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Neðan við Látravatn er steinn, ekki stór, sem heitir Fátækrasteinn, og er um hann þessi saga: Beiningamaður kom að Látrum og bað bónda um hjálp. Bóndinn sinnti honum ekki, svo að beiningamaðurinn fór þaðan hnugginn mjög. En þennan sama morgun fann bóndi hval rekinn á reka sinn. Þá flýtti hann sér heim, og var þá farið að leita fátæka mannsins. Fannst hann undir steini þessum, og var honum nú gefin góð gjöf. Fór hann því fagnandi leiðar sinnar." Fátækrasteinn er um 140 m sunnan við Örlygshafnarveg, um 90 m VNV við Látravatn og um 670 m ASA við Húsabæ 003.




Fátækrasteinn 091, horft í suður.

Á þessu svæði er flatlendur mosa- og lyngigróinn mói fast vestan við Látravatn og sunnan við lækinn sem rennur til vesturs úr vatninu niður í þorpið.
Fátækrasteinn er stór klettur sem er um 2,5x1,5 m að flatarmáli, um 0,5 m á hæð og liggur austur-vestur. Kletturinn er vel mosagróinn og þakinn skófum. Lítil varða stendur efst á miðjum klettinum sem er nokkuð flatur að ofan. Varðan er tvær hrúgur af hellugrjóti sem tendar eru saman með tveim hellum efst. Varðan er um 0,5 m á lengd, 0,3-0,4 m á breidd og um 0,5 m á hæð (6-7 umför).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 21

BA-138:092 tóft rétt 65°31.561N 24°27.184V

Óljós tóft sem líkast til er af rétt er syðst og austast í Látratúni eða öllu heldur skammt utan túns. Hún er um 20 m austan við gerði 088 og um 260 m suðaustur af Heimabæ 001.
Réttin er utan í grýttri klettahæð og túnið orðið hrjóstrugt á þessum slóðum. Ágætt aðhald frá náttúrunnar hendi, enda hefur verið hægt að reka meðfram hlíðarrótum úr suðri.
Réttin er hlaðin norðan við klett, mjög sigin og óljós, 12-13 m stór NA-SV og um 5 m breið, líklega opin til suðvesturs en mögulega op einnig á norðurlanghlið. Aðeins örlar á grjóti í vegg norðaustan til en annars eru veggir grónir og signir, mest um 0,2-0,3 m á hæð. Eingöngu hefur verið hlaðið að norðan og norðaustan, annars þjóna hlíð og klettar sem aðhald.





Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tóft 092, horft í suður.

BA-138:093 *Kvíagil* örnefni kvíar 65°31.752N 24°27.461V
"Austan við Þrælagróf [064] er skorningur, nefndur Kvíagil. Kvíagili hallar frá húsi Ásgeirs Erlendssonar, Ásgarði, og niður. Þar upp af er Árdalur. Í eldri skránni segir, að vatnið hafi runnið þar, áður en það fór í Gilið, en Danísl man ekki eftir því," segir í örnefnalýsingu. Kvíagil er fast norðan við íbúðarhúsið Ásgarð.
Gróf sem gengur inn í háan bakka til austurs.
Túnið ofan við bakkann hefur verið sléttað og grjóti ýtt niður í grófina. Þar sést engin tóft og er örnefnið eitt til vitnis um kvíar á þessum stað. Þó má nefna að mjög óljóst mótar fyrir garðlagi sem gengur til vesturs út frá nyrðra mynni grófarinnar og er 8-10 m langt en varla nema 0,2 m hátt, hálfútsléttað. Þetta eru óljós ummerki en gætu verið leifar af kálgarði fremur en af kvíum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 26

BA-138:094 vegur leið 65°31.718N 24°27.359V



Óljóst mótar fyrir vegi 094, horft í austur.

Leifar af gömlum vegi sjást í túninu sunnan og suðvestan við bæjarstæði Miðbæjar 009. Gróið tún. Þetta gamla vegarstæði lá í sveig um Miðbæinn 009 og er skemmtilegur vitnisburður um staðsetningu hans í túninu. Vegurinn sést á um 20-30 m löngum kafla, líkt og um 2 m breið rás en gróinn að öllu leyti. Eftir að Miðbærinn brann árið 1955 og rústunum var rutt út var ekki þörf á sveigjunni lengur og vegurinn í stað þess lagður beint yfir gamla bæjarstæðið. Sennilega telst vegarspotti þessi ekki til fornleifa skv. viðmiði um 100 ára aldur í lögum um menningarminjar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:095 varða 65°29.754N 24°29.679V
Grjóthlaðin varða er í botni Seljadals um 185 m suðaustan við sel 018, um 1,85 km suðaustan við Bjargtangavita og um 3,9 km suðvestan við Hvallátra 001.



Varða 095, horft í NA.

Varðan stendur á fyrsta grýtta hjalla ofan og suðaustan við selið 018. Hjallinn er grýttur en mosa- og lyngigróinn að hluta og liggur í hálfboga meðfram dalbotni og endar í vestri í grasigróinni laut á brún Látrabjargs.
Varðan er stór og mikil um sig og er hún ferhyrnd í grunnflötinn og hlaðin úr hellugrjóti. Varðan er um 1x1 m að flatarmáli og um 1,5 m á hæð (um 15 umför). Varðan mjókkar lítið upp í topp en þar er hún um 0,6x0,6 m. Varðan sést mjög greinilega frá seli 018 en hlutverk hennar er óljóst. Hugsanlega gæti hún hafa staðið við götu sem lá út á bjargið á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

BA-138:096 tóft skotbyrgi 65°31.341N 24°28.491V



Tóft 096, horft í NA.

Tóft af skotbyrgi er niðri á sjávarbakka milli Sölvatanga (sjá tóft 121) og austustu fiskgarða á Brunnum (013). Því miður fórst fyrir að taka hnit á staðnum en hún er í stefnu beint norðvestan undir Arnarnúpi. Staðurinn er merktur inn á kort en líklega er sú staðsetning ekki mjög nákvæm. Gróið en sandorpið flatlendi upp af ströndinni.
Byrgið er alveg í bakkanum. Það er mjög fallegt og snyrtilega hlaðið, um 2,5 m á kant að utanmáli, ferkantað. Innan í byrginu er gryfja sem hefur verið stungin niður í sandinn, væntanlega ekki fyrir löngu síðan, um 1 x 0,5 m stór. Þetta byrgi er áreiðanlega ekki mjög gamalt.
Hættumat: engin hætta

BA-138:097 *Kúavegur* heimild um leið 65°31.543N 24°27.457V
Leið lá til suðurs frá túni, kölluð Kúavegur. Hún lá hér um bil þar sem nú er girðingarslitur, framhjá sumarfjósi 011. Sléttar grundir. Ekki sjást leifar af vegi eða götum á þessum slóðum. Svo virðist sem kýrnar hafi verið reknar þessa leið í haga.
Hættumat: engin hætta

BA-138:098 *Skiptingshóll* heimild um þingstað 65°31.688N 24°27.497V
"Skiptingsflöt vildi ég segja rétt, því að hvort tveggja var, að hún skipti löndum, og svo var á henni skipt öllum

sameiginlegum feng, reka, fiski, fugli og sel. Eggjum þeim, er heima var skipt, var aftur á móti skipt á svokölluðum Skiptingshól, sem er ofanvert við nefnda flöt og var nokkurs konar þorpstorg. Þar komu menn saman, ræddu veðrið, ýmsar ákvarðarnir [svo] og um dag og veg, skömmuðust og skiptust á sögum," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Þar segir líka: "Á Skiptingshól skiptu Látrabændur fugli og eggjum, ef ekki var skipt á veiðistað. Þar komu menn einnig saman til að rabba um daginn og veginn, ræða bjargferðir, sjá út sjóveður til hákarlaveiða og annarra fiskifanga, ef veður var tvísýnt, og margt fleira. Sem sagt, frá því að vitað er um byggð á þessum stað, hafa mikilvægar ákvarðanir verið teknar á þessum hól; þar deildu menn harkalega, og þar gengu menn til sátta. Sögulegur hóll." Ennfremur segir: "Á Skiptingsflötinni var skipt trjávið, fiski og öðru slíku, er sameiginlega aflaðist." Skiptingsflöt er svæðið ofan við útihús 010, ofan og austan við hús Hafliða. Þetta er grasi gróin flöt. Norðan við hana liggur vegurinn um þorpið en að austanverðu annar vegur suður tún, allt að sumarbústöðum þar í túnjaðri. Engar minjar sjást á flötinni en skammt er þó í rústir 010. Skiptingshóll var ofan við flötina og eiginlega hluti af bæjarhól 001 - hann var norðan við rúst eldhússins sem enn sést þar, sjá 001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar aths., 2; 3-4

BA-138:099 garðlag túngarður 65°31.601N 24°27.075V
Túngarður afmarkar austanvert tún Heimabæjar að hluta að austan og norðanverðu að hluta.



Austurhlið túngarðs 099, horft til norðurs.



Austurhlið túngarðs 099, horft í SV.

Garðurinn liggur um klettabrún ofan Grófanna og girðir af meira en bara sæmilegt túnstæði - grýttar grófir og dældir en einni grösugar lautir þar á milli. Garðurinn er grjóthlaðinn og afmarkar svæði sem er um 200 x 150 m stórt frá norðri til suðurs. Ekki sjást merki um garðinn í túninu sjálfu, þ.e. á valllendinu, heldur liggur hann næstum eingöngu um hæðir og kletta. Garðurinn á upptök ofan við sumarbústaðinn Brekkubæ, sem er suðaustasti bústaður á Hvallátrum. Næst bústaðnum er garðurinn eiginlega garðaprýði og hefur verið bætt í hann smágrjóti á kafla. Annars er hann víðast hvar hlaðinn úr fremur stórkarlalegu grjóti og sumstaðar hefur grjótið jafnvel verið reist upp á rönd. Garðurinn er víðast hvar lágur, á bilinu 0,2-0,5 m, og ekki víst hann hafi nokkurntíma verið hærri, enda man Kristinnn Guðmundsson eftir vírstreng ofan á honum og má vera að hann hafi verið hlaðinn með það í huga. Að sunnanverðu má rekja garðinn 75 m til austurs en þá sveigir hann til norðausturs, um 80 m til viðbótar. Þar tekur hann stefnuna í norðvestur næstu 150 metrana eða þar um bil, en um miðbikið á þeim kafla er op á garðinum á

einkennilegum stað, enda eru brattar grófir niður af og ekki auðséð að þar hafi verið greið leið heim að bæ. 20-30 m norðvestan við þetta op er annað slíkt en þar gæti garðurinn hafa hrunið eða hann verið rofinn. Að þessum kafla loknum stefnir garðurinn beint í vestur og liggur þar meðfram fremur bröttu klettabelti í hávestur, í stefnu beint á Heimabæ. Á þessum kafla, rúmum 20 m vestan við hornið þar sem garðurinn hefur tekið stefnuna til vesturs, er lítil rétt samhlaðin honum utanverðum, 3 x 2,5 m stór frá norðri tils uðurs. Stórt grjót er víða í henni og líklega op á norðvesturhorni. Réttin er svo lítil að ótrúlegt má virðast að hún hafi verið notuð að marki fyrir sauðfé en kannski hefði mátt stinga þar inn einum eða tveimur hestum. Ekki er hægt að útiloka að hún hafi verið hlaðin af börnum. Garðurinn endar um 40 m vestan við réttina. Ef gengið er til norðurs frá garðendanum eina 7-8 m kemur í ljós að þar eru leifar af óljósu garðlagi sem hefur legið uppi á háhæðinni, alveg samhliða túngarðinum. Garðlag þetta sést á um 30 m löngum kafla en er alveg hrunið og raunar eins og það hafi aldrei verið klárað. Hugsanlegt er að túngarðurinn hafi upphaflega átt að vera þarna uppi á háhryggnum, en sá staður kemst mjög nærri því að vera á merkjum Heimabæjar og Miðbæjar, en hætt hafi verið við og þótt hentugra að hlaða hann í brekkulögginni þar fyrir neðan. Þess má geta að ekki vottar fyrir görðunum þar sem komið er inn í túnið fyrir neðan, en frá garðendunum eru um 100 m að Heimabæ.



Norðurhlið túngarðs 099, horft í SV. Á þessum kafla sjást leifar af tvöföldum garði.



Rétt samhlaðin túngarði 099, horft í suðaustur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft 100, horft í suður.

BA-138:100 tóft stekkur
65°31.843N 24°26.627V
Rétt, kannski stekkur, er nálægt mynni Látradals að norðanverðu, rúma 600 m ANA af þorpinu á Hvallátrum og u.þ.b. 200 m NNA af sandhaug frá Vegagerðinni, sem er fast norðan við heimreið að þorpi. Þetta er undir stórgrýtisurð uppundir hlíð Bjarnarnúps. Réttin fellur mjög vel inn í umhverfi sitt. Heldur hrjóstrugt er í kring, grýttir mosahólar en líka nokkrar grösugar lautir. Varða á leiðinni yfir í Breiðavík er um 100 m ASA af réttinni.
Réttin er stórkarlalega hlaðin og sumstaðar úr mjög grófu grjóti úr urðinni í kring. Hleðslur standa

bærilega og ná allt að rúmlega 1,5 m hæð. Hún er alls um 8 x 6 m stór frá austri til vesturs og skiptist í tvö hólf - er nánast eins og L í laginu. Stærra hólfið er framar eða austar, með op í suðvestur en hitt hólfið liggur inn af því til norðvesturs. Tóftin þrengist dálítið í þá áttina en þó er alveg opið milli hólfanna tveggja. Til suðurs frá opinu austanverðu sjást hleðsluleifar, aðkenning að aðrekstrargarði. Hann er alls um 4-5 m langur. Ef horft er til staðsetningar, fjarlægðar frá bæ og lögunar réttarinnar er sennilegt að hún sé stekkur frá einhverjum Hvallátrabæjanna.
Hættumat: engin hætta

BA-138:101 hleðsla 65°31.852N 24°26.656V
Lítið og einkennilegt byrgi er utan í stórgrýtisurð um 25 m vestur af stekkjartóft 100. Stórgrýtt urð sem minnir á Kjarvalsmálverk.



Byrgi 101, horft í norður.

Tvær smáhleðslur eru utan í urðinni, hvor sínumegin við smágjótu og svo stór hella ofan á - það er risahella og varla hægt að ímynda sér að hún hafi komist þangað af mannavöldum. Hún virðist liggja á austari hleðslunni, sem gæti reyndar hafa verið troðið þar í gloppu. Vestari hleðslan virðist tilkomin á eftir hellunni. Stórgrýtisurð er við byrgið að norðan. Byrgið er um 2 x 1,5 m stórt frá austri til vesturs, dyr í suður - hola gengur þó lengra innundir urðina en sýnilegt er utanfrá. Inni gæti einn maður kúldrast, þó varla setið. Sennilega er þetta skotbyrgi þar sem hefur verið hægt að liggja og miða niður í gróningana í urðinni sunnan og suðaustan við.
Hættumat: engin hætta

BA-138:102 þúst útihús 65°31.777N 24°27.412V
Á uppdrætti Þórðar Thorlacius af Hvallátrum frá 1915 er sýnt útihús 30-40 m suður af þúst 123. Mishæðótt tún sem hefur verið sléttað. Þar sést óljós þúst, 6-7 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort Þórðar Thorlacius 1915


BA-138:103 þúst útihús 65°31.770N 24°27.395V
Á uppdrætti Þórðar Thorlacius af Hvallátrum frá 1915 er sýnt útihús um 10 sunnan við útihús 102.
Mishæðótt tún sem hefur verið sléttað. Á þessum stað sést óljós þúst í túni, um 10 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort Þórðar Thorlacius 1915

BA-138:104 *Traðir* örnefni traðir 65°31.776N 24°27.318V
Örnefnið "Traðir" er þekkt í túninu ofan eða austan við Húsabæ, skammt neðan (vestan) við Tröllhól 066.
Sléttar flatir en þó sjást ummerki um gamlan farveg úr Látravatni, sem heitir Árdalur.
Engin mannvirki sjást á þessu svæði en eftir tröðunum mun leiðin hafa legið heim að bæ, sennilega einkum þegar komið var frá Breiðavík, sjá 053.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:105 tóft útihús 65°31.721N 24°27.503V




Tóft 105, horft í SV.



Tvær samfastar tóftir eru í kálgarðakraðaki á bæjarhól 003, um 10 m norðvestan við Gústukofa 031. Vel gróinn hóll með háu grasi og rabbabara. Tóftirnar ná alls yfir svæði sem er um 13 x 10 m stórt frá austri til vesturs. Hér hafa staðið tvö hús samföst með stafna mót norðri og eru báðar tóftirnar opnar í þá áttina. Langveggur á austurtóft nær 5-6 m framfyrir húsrýmið og markar þannig gangveg á móti öðrum garði að austanverðu - þann gangveg sem liggur að Gústukofa 031. Veggir ná mest um 0,9 m hæð. Vesturtóftin er minna gróin. Hún er um 3 m á kant að innan en austari en austari tóftin heldur minni, rúmlega 2 x 2 m á stærð að innanverðu. Tóftirnar rísa talsvert hærra en kálgarðarnir í kring. Hugsanlega eru þessi hús sýnd á túnakorti frá 1920.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:106 *Þórörnukofi* tóft útihús 65°31.713N 24°27.491V

Tóftir eru í beinu framhaldi af Gústukofa 031 til suðurs en um 1 m breitt sund á milli. Þetta er í kálgarðakraðaki sem að líkindum má telja til bæjarhóls 003. Gróið svæði sem að líkindum mætti telja til bæjarhóls, kálgarðar eru umhverfis, bæði austan og vestan við.
Tóftalengjan snýr norður-suður og heillegasta tóftin er nyrst, næst Gústukofa. Hún mun heita Þórörnukofi og ber nafn sitt af konu sem á að hafa búið þar. Raunar hefur Kristinn Guðmundsson heyrt að þarna hafi verið þurrabúðir. Alls er lengjan 12 x 7 m stór frá norðri til suðurs og skiptist í 2-3 hólf en syðst er tekið að lækka verulega niður af hólnum til suðurs. Í raun má segja að þessi tóftalengja komi í beinu framhaldi af Gústukofa 031 þótt ekki sé hún samföst honum, en gangstígur eða traðir liggja meðfram henni að vestanverðu, líkt og gerist með Gústukofa. Greinilegast tóftin, Þórörnukofinn, er nyrst og töluvert af timbri og bárujárni í henni. Veggir eru hlaðnir úr grjóti og heillegir, allt að 1,4 m háir. Enginn suðurveggur er í tóftinni heldur skilrúm úr bárujárni. Áfram heldur þó tóftin en talsvert óskýrari þótt greina megi tvö hólf til viðbótar. Það í miðjunni er raunar í framhaldi af fyrstnefnda hólfinu, enda aðeins bárujárnið sem skilur á milli. Alls er því þetta hólf 7-8 m langt N-S en um 3 m breitt að innanmáli, op á vesturvegg einmitt þar sem bárujárnsskilrúmið er, norðan við miðju. Syðsta hólfið, sem er óljóst, er um 3 x 2 m að innanmáli A-V, dyr í vestur en líka til norðurs, inn í fyrrnefnda hólfið.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:107 hús útihús 65°31.724N 24°27.518V

Tvö sambyggð útihús sem voru endureist úr eldri húsum eru framan eða norðvestan undir bæjarhól Húsabæjar 003. Hólrani sem liggur N-S. Húsin standa utan í honum. Bílvegur upp að skemmu og íbúðarhúsinu Ásgarði liggur fast við húshornið að norðanverðu. Húsin hafa verið gerð upp, það nyrðra fyrir um 20 árum en hitt þyrfti viðhald. Bæði eru með grjóthlaðna veggi upp í rúmlega 1 m hæð, grafin inn í brekku til austurs. Gaflar snúa



Útihús 107, horft í NA

mót vestri og eru úr bárujárni, báðir blámálaðir. Tvær hurðir eru á nyrðra húsinu en aðeins ein á því syðra. Húsþök eru líka úr járni, ekki tyrft yfir. Alls ná húsin yfir svæði sem er um 14 x 8 m stórt frá norðri til suðurs að öllu meðtöldu. Nyrðra húsið virðist heldur breiðara en giska má á að hvort um sig sé nálægt 6 x 4 m að innanmáli frá austri til vesturs. Syðra húsið var skemma eða verkfærahús og mun hafa gegnt slíku hlutverki í a.m.k. 70 ár. Hitt húsið var síðast notað sem fjár- eða lambhús og gæti það skýrt afhverju þar eru tvennar dyr - þá ein úr hvorri kró, hafi verið garði í miðju. Báðum húsum er haldið við og eru þau í notkun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:108 hús útihús 65°31.733N 24°27.509V
Tvö útihús, sambyggð, eru 6-7 m norðaustur af útihúsum 107, norðan við veginn heim að íbúðarhúsinu Ásgarði. Hólrani sem liggur N-S. Húsin standa utan í honum. Bílvegur upp að skemmu og íbúðarhúsinu Ásgarði liggur sunnan við húsin. Þessi hús snúa göflum í vestur líkt og hin útihúsin en standa heldur ofar svo að gaflar standast ekki á. Þessi hús hafa einnig verið endurbyggð eða lagfærð að einhverju leyti og eru enn í notkun. Alls ná þessi hús yfir svæði sem er um 11 x 11 m stórt. Nyrðra húsið var skemma en það syðra var smiðja. Bæði eru með grjóthlöðnum veggjum. Skemman er með viðarklæddum gafli og hefur pólýúrethani verið sprautað milli steina til þéttingar. Hitt húsið er klætt að framanverðu með sléttu járni. Á báðum húsum ganga kampar lengra fram en þilin og gæti það mögulega bent til að þau hafi einhverntíma verið stærri. Þil smiðjunnar, þ.e. nyrðra hússins, nær lengra fram en skemmunnar sem nemur u.þ.b. einum metra en það er þó jafnframt styttra hús, þ.e. er grafið skemmra inn í brekkun austan við. Ekki var farið inn í húsin en giska mætti á að smiðjan sé um 4 x 3 m stór frá austri til vesturs að innanmáli en skemman e.t.v. 5 x 3 eða þar um bil. Væntanlega er járnþak á báðum húsum en tyrft hefur verið yfir á syðra húsinu.



Útihús 108, horft í austur

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:109 heimild um fjárhús 65°31.754N 24°27.568V
Fjárhús stóðu niðri við sjávarbakkann rúma 100 m vestur af Húsabæ 003. Sléttur og grasi vaxinn bakki. Húsin voru uppistandandi langt fram eftir 20. öld. Þau eru alveg horfin en voru með grjóthlöðnum veggjum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:110 65°31.597N 24°27.051V
Mjög heilleg tóft er um 25 m ofan eða austan við túngarð 099, um 300 m austur af Heimabæ 001. Gróin kvos. Tóftin er 7 x 4 m stór frá N-S með op á vesturhlið. Hún er grjóthlaðin, víða óreglulega og úr fremur smáu grjóti. Veggir eru allt að 1 m háir. Þessi tóft var hlaðin af Gísla Má Gíslasyni og nokkrum jafnöldrum hans upp úr miðri 20. öld og telst ekki til fornleifa lögum samkvæmt en er skemmtilegur hluti af menningarlandslaginu á Látrum og til vitnis um barnaleiki þar upp úr miðri 20. öld.

Hættumat: engin hætta



Tóft 110, horft í NV.

BA-138:111 tóft
65°31.831N 24°27.565V



Tóft 111, horft í suður.

Tóftaleifar eru 15-20 m norðan við stóra kálgarðinn 113 á leiðinni norður á Nes (Látranes).
Tóftin er uppi á hæð, girðing er skammt norðan við. Töluvert melgresi er í rústinni og hólnum.
Rústin er fremst á bakka, um 30-40 m upp frá sjó. Hún er hátt í 7 m löng og 4,5 m á breidd og snýr frá norðri til suðurs. Dyr virðast vera á vesturlangvegg. Ytra byrði veggja er óljóst en dæld í miðju, grjót sést ekki. Veggjahæð er mest um 0,4 m. Hugsanlega eru rústaleifar á stærra svæði í kring en það er illa greinilegt sökum melgresis.
Hættumat: engin hætta

BA-138:112 tóft
65°31.820N 24°27.524V



Tóft 112, horft í vestur.

Tóft er um 20 m austan við stóran kálgarð (113) á leiðinni norður á Nes, austan við vegarslóðann sem þangað liggur. Þessi tóft var stundum nefnd Strútshreiðrið í gamni, af krökkum á Látrum.
Tóftin er á bungu sem er vaxin melgresi. Tóftin hefur skýrari lögun en sú sem áður var lýst nr. 111. Hún er sporöskjulaga og um 8 x 5 m stór en veggir signir og á kafi í melgresi. Ekki er ljóst hvar dyr hafa verið og ekkert grjót sést í veggjum sem eru mest 0,3-0,4 m háir.
Hættumat: engin hætta

BA-138:113 garðlag kálgarður
Stór og mikill kálgarður er fast vestan við vegslóða á leiðinni norður á Nes. Þetta er tæpum 150 m norður af þorpinu á Látrum.
Sléttur bakki, sandorpinn með melgresi.

Garðurinn er ferkantaður og mjög greinilegur. Hann er alls um 22 m langur frá norðri til suðurs en trapisulaga og mjókkar í norðurátt, er þar tæpir 10 m á breidd en hátt í 15 m breiður syðst. Sandur hefur fokið að veggjum og vex á þeim melgresi. Hvergi sér í grjót en veggir eru allt að 0,6 m háir. Leifar af girðingu sjást á veggjum. Þessi garður hefur vafalítið verið í notkun langt fram eftir 20. öld en ekki alveg ljóst hvað hann er gamall. Fast norðan við garðinn hefur verið grafin gryfja fyrir rusl, um 2 x 1 m stór frá austri til vesturs.
Hættumat: engin hætta



Kálgarður 113, horft í suður.

BA-138:114 tóft+garðlag kálgarður 65°31.964N 24°27.533V
Um 500 m norðan við Húsabæ 003 fast suðvestan undir Bjarnarnúpi eru fjórir kálgarðar 089 og 114-116. Kálgarður 114 er suðaustast um 30 m ANA við kálgarð 089 og um 2 m suðaustan við kálgarð 115.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn stórgrýttur hjalli. Brekkan hallar 2-5° til VSV. Kálgarðarnir fjórir eru á svæði sem er um 90x70 m að flatarmáli og liggur norðaustur-suðvestur.

Kálgarður 114 er einfaldur og ferkantaður, um 30 m á lengd, um 6 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Umhverfis og í garðlaginu sem umkringir kálgarðinn eru stór grjót og björg sem fallið hafa úr Bjarnarnúpi. Garðlagið er torf- og grjóthlaðið, um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Gengið var inn í garðinn að suðvestanverðu um 0,5 m breiðan inngang nálægt vesturhorni hans. Óljós merki eru um a.m.k. Fjögur um 1 m breið beð sem lágu samsíða langveggjum kálgarðsins norðaustur-suðvestur. Um 4 m norðaustan við SSV-horn kálgarðsins upp við suðausturvegg innanverðan er lítið hólf 114B. Hólfið er einskipt, um 1x1 m að utanmáli og mjög sigið. Innanmál er um 0,5x0,4 m og liggur norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru mjög signir eða <0,4 m á hæð og 0,5-0,8 m á breidd. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en líklega hefur það þó verið að norðaustanverðu. Hólfið skiptir suðvestasta beðinu í tvennt. Hugsanlega hefur verið hér geymsla fyrir verkfæri.



Kálgarður 114, horft í NA.

Hættumat: engin hætta

BA-138:115 garðlag kálgarður 65°31.970N 24°27.556V

Um 500 m norðan við Húsabæ 003 fast suðvestan undir Bjarnarnúpi eru fjórir kálgarðar 089 og 114-116. Kálgarður 115 er fyrir miðju um 2 m norðvestan við kálgarð 114 og um 15 m suðaustan við kálgarð 116.



Kálgarður 115, horft í SA.

Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn stórgrýttur hjalli. Brekkan hallar 2-5° til VSV. Kálgarðarnir fjórir eru á svæði sem er um 90x70 m að flatarmáli og liggur norðaustur-suðvestur.

Kálgarður 115 er þrískiptur og ferkantaður, um 25 m á lengd, um 20 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur.

Umhverfis og í garðlaginu sem umkringir kálgarðinn eru stór grjót og björg sem fallið hafa úr Bjarnarnúpi. Þau eru 0,5-1,2 m á hæð. Veggir kálgarðsins eru torf- og grjóthlaðnir, 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Hólf A er suðvestast, um 18x15 m að innanmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Í norðausturenda hólfs A er lítill afgirtur trjáreitur með þrem barrtrjám sem er um 5x3 m að flatarmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Botn hólfsins er nokkuð sléttur og vel grasigróin en engin greinileg merki sjást þar um beð. Hólf B er norðaustan við hólf A. Hólf B er um 14x5-7 m að innanmáli og liggur norðvestur-suðaustur samsíða hólfi A. Í hólfi B eru greinileg a.m.k tíu beð sem liggja norðaustur-suðvestur en 0,2-0,3 m breið bil hafa verið á milli beða. Beðin sjálf hafa verið 1-2 m á breidd. Hólf C er minnst og er það fast suðaustan við hólf B. Hólf C er um 6x2 m að innanmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Botn hólfsins er vel grasigróinn og nokkuð sléttur en engin ummerki eru þar um beð. Engir greinilegir inngangar eru inn í hólfin þrjú.

Hættumat: engin hætta

BA-138:116 garðlag kálgarður 65°31.992N 24°27.568V
Um 500 m norðan við Húsabæ 003 fast



Kálgarður 116, horft í SA.



suðvestan undir Bjarnarnúpi eru fjórir kálgarðar 089 og 114-116. Kálgarður 116 er norðvestast og er hann um 15 m norðvestan við kálgarð 115 og um 50 m NNA við kálgarð 089. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn stórgrýttur hjalli. Brekkan hallar 2-5° til VSV. Kálgarðarnir fjórir eru á svæði sem er um 90x70 m að flatarmáli og liggur norðaustur-suðvestur.
Kálgarður 116 er einfaldur og ferkantaður, um 17 m á lengd, um 15 m á breidd og liggur NNV-SSA. Umhverfis og í garðlaginu sem umkringir kálgarðinn eru stór grjót og björg sem fallið hafa úr Bjarnarnúpi. Veggir umhverfis kálgarðinn eru torf- og grjóthlaðnir, 1-1,5 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Innanmál er um 14x11 m en óljóst er hvar gengið var inn. Að sunnanverðu eru veggir garðsins líklega rofnir en hafa gróið aftur upp. Mjög ógreinileg ummerki eru um a.m.k tvö beð í botni garðsins sem hafa verið um 1 m á breidd og lágu ANA-VSV. Óljóst er hversu langt bil hefur verið á milli beðanna.
Hættumat: engin hætta

BA-138:117 *Steinka* heimild um leikvöll 65°32.032N 24°27.734V



Steinka 117, horft í SA.

Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Hvallátra segir: "Upp af Fúluvík er klettur uppi í urðarrótum, tæplega niðri á jafnsléttu. Klettur þessi, sem hrunið hefur úr Bjarnanúp, heitir Steinka. Kletturinn er 4-5 metrar á hæð og sléttur kantur þeim megin, sem snýr til sjávar. Hafa menn oft reynt hæfni sína á að klífa þessa hlið Steinku." Í lýsingu Þórðar Jónssonar segir einnig um Steinku: "Nokkuð upp af víkinni, á smábrekku, stendur stór steinn, um fjögura metra hár, mjög vel sléttur á þeim kantinum, sem snýr til sjávar, svo þar sést varla arða á eða hola, er festa mætti í fingur. Svo lengi, sem vitað er, hefir steinn þessi verið notaður til

æfinga fyrir þá, er reyna vilja færleik sinn. Var sá talinn liðtækur í bjargi, er þarna færi liðlega neðan á steininn. Steinninn heitir Steinka." Steinka er um 50 m VSV við rætur Bjarnarnúps, um 100 m norðan við tjörnina á Nesi og um 50 m SSA við steinbítsgarða 077. Á þessu svæði er grasigróin, grýtt brún eða hjalli sem er 2-4 m á hæð og liggur fram í suðvestur í áttina að tjörninni á Nesi. Steinka er stór klettur sem líklega hefur hrunið úr Bjarnarnúpi niður á láglendið. Steinka er um 3 m á hæð, um 3,5 m breið og 1-1,5 m þykk. Að vestan er hlið Steinku alveg marflöt og hallar um 80° niður til vesturs. Flöturinn er um 3,5x3 m stór. Kletturinn stendur nánast upp á endann upp úr graslendinu og er mjög áberandi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 22-23; Ö-Hvallátrar ÞJ, 6


BA-138:118 garðlag túngarður 65°31.800N 24°27.284V
Leifar af grjóthlöðnum túngarði 118A og 118B eru greinilegar efst í norðurjaðri gamla heimatúnsins að Hvallátrum beggja megin við malarveg 612 og Látragil. Um 85 m eru á milli túngarðsbrotanna þar sem vegur og gil skilja þau að. Túngarðsbrot 118A er um 170-200 m norðaustan við Húsabæ 003 á meðan 118B er um 240 m ANA við Húsabæ 003. Hluti af túngarði 118A er sýndur á túnakorti Hvallátra frá 1915.
Vestan við Látragil liggur grjótgarður 118A um nokkuð slétt grasigróið tún og beygir svo í SSV upp á og liggur yfir Tröllhól 066 út á brún hans að suðvestanverðu. Eins og áður var nefnt er hluti af túngarði 118A sýndur á túnakorti Hvallátra frá 1915 en þar virðist hann aðeins enda við Látragil í stað þess að liggja upp á Tröllhól 066 til suðvesturs svo að sá hluti túngarðs gæti verið yngri en 1915. Austan við Látragil liggur túngarðsbrot 118B fyrir sunnan og neðan malarveg 612 um grýtta grasi- og mosagróna brekku sem hallar 5-10° til suðvesturs. Túngarðar 118A og B afmarka efstu horn gamla heimatúnsins sitt hvoru megin við Látragil og ná yfir svæði sem er um 230 m á lengd, um 90 m á breidd og liggur VNV-ASA. Garðlögin eru bæði vel grjóthlaðin. Garðbrot 118A kemur í ljós í túni um 200 m NNA við Húsabæ 003 og um 95 m VNV við Örlygshafnarveg 612. Þaðan liggur garðlagið í ASA um 80 m í átt að veginum og Tröllhól 066 áður en það beygir í suðvestur við miðjan norðausturenda Tröllhóls upp á hólinn. Á Tröllhól er garðlagið um 40 m langt og liggur yfir hólinn þveran og endilangan þar sem það endar. Garðlag A er hlaðið úr köntuðu og ávölu hraungrýti sem líklega hefur verið tekið úr læknum í Látragili. Garðlagið er um 1 m á breidd og 0,3-1 m á hæð. Hleðslur eru nokkuð signar en þó má sjá 4-6 umför þar sem hleðslur standa enn nokkuð vel. Grjótið er mosagróið og vel hulið skófum. Garðlag B byrjar í norðri á suðurbakka Látragils um 80 m ASA við norðurenda Tröllhóls 066. Frá bakka Látragils liggur garðlag B um 50 m í suður áður en það beygir og liggur um 30 m í ASA þar sem það endar við hálffallna girðingu. Garðlag B er stærra um sig en A. Garðlag B er hlaðið líkt og A úr köntuðu og rúnuðu hraungrýti sem og hellum. Garðlag B er um 1 m á breidd og standa hleðslur á köflum nokkuð vel eða allt að 1,5 m háar á meðan hlutar eru nokkuð signir niður í 0,4 m (2-8 umför). Nyrðri hluti garðlagsins er í betra ástandi en sá syðri. Um 10 m sunnan við Látragil er um 0,5 m breitt hlið í garðinn sem líklega gerði fólki og búpeningi kleift að labba út úr heimatúni upp í hlíðar til austurs. Þessi hluti túngarðs er ekki sýndur á túnakorti Hvallátra frá 1915.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 118, horft í NV.

Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915

BA-138:119 tóft 65°31.773N 24°27.287V






Tóft 119 undir Tröllhól, horft í suðvestur.

Lítil grjóthlaðin tóft 119 er fast suðvestan undir Tröllhól 066 um 10 NNV við málmrör undir Örlygshafnarvegi í Látragili um 150 m norðaustan við Húsabæ 003. Tóft þessi er ekki sýnd á túnakorti Hvallátra frá árinu 1915.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróin grýtt brekka í suðausturjaðri gamla heimatúnsins sem hallar 2-5° til suðvesturs á norðurbakka Látragils. Látragil er þar brúað, 1-2 m á dýpt með ógrónar malarhlíðar.
Tóftin er lítil og grjóthlaðin, um 4 m á lengd, um 2 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Norðausturhlið tóftarinnar er um 4 m hár lóðréttur klettaveggur í suðvesturenda Tröllhóls 066. Veggir tóftarinnar eru signir og mosagrónir og hlaðnir úr köntuðu og ávölu hraungrýti. Veggirnir eru 0,5-1,2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Norðvesturveggur er mikið til hruninn inn í tóftina en innanmál hefur líklega verið 1,2-2 m á lengd og um 1 m á breidd. Gengið var inn að suðvestan en inngangur er siginn saman og <0,3 m á breidd. Hlutverk þessa mannvirkis er óljóst en mjög líklega er hér annað hvort um að ræða einhverskonar aðhald fyrir fénað eða tóftin hefur verið hlaðin til gamans af krökkunum á Hvallátrum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Tóft 120, horft í austur.

BA-138:120 tóft 65°31.775N 24°27.150V

Óljós einföld tóft er 35 m sunnan við Örlygshafnarveg 612, um 85 m ASA við Tröllhól 066 og um 1 m austan við túngarð 118 rétt ofan og norðaustan við hliðið sem þar er á garðinum.

Á þessu svæði sunnan og neðan við malarveg 612 er grýtt grasi- og mosagróin brekka sem hallar 5-10° til suðvesturs.

Tóftin er grjóthlaðin en nokkuð óljós vegna sigs og hefur trúlega ekki verið mikið meira en 3,5-4 m á lengd og um 3 m á breidd. Tóftin liggur VSV-ANA. Innanmál hennar er greinilegra en utanmál því hún hefur líklega verið grafin inn í brekkuna að hluta. Veggir eru um 1 m á breidd, <0,5 m á hæð og aðeins 1-2 umför. Hugsanlega hafa veggir tóftarinnar verið rændir grjóti þegar túngarður 118 var hlaðinn. Innanmál tóftar er um 3x1 m. Gömul fallin girðing liggur yfir austurenda hennar. Gengið var inn í tóftina að vestanverðu en þar er aðeins óljós <0,2 m hár grjótþröskuldur. Ef byggt hefur verið yfir tóftina hefur trúlega verið timburþil þar sem gengið var inn. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hugsanlega gæti hafa verið hér lítið hesthús eða hrútakofi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:121 tóft 65°31.465N 24°28.101V

Tóftaleifar eru niðri á sandinum nálægt svonefndum Sölvatanga um 700 m vestur af bæjarstæði Heimabæjar (001).

Mjög sendnar grundir.

Sandur hefur fokið að en mannvirkjaleifar eru þó vel sýnilegar. Greinilegust er bogadregin hleðsla, rúmlega 20 m löng og liggur hér um bil A-V en sveigir til suðvesturs vestast um litla, sandfyllta þúst sem væntanlega er hluti af mannvirkinu. Hún er um 6 x 4 m stór NA-SV. Hlaðið hefur verið úr ávölu fjörugrjóti og er hleðslan allt að 0,8-0,9 m há en sandur upp að henni víða. Ekki er vitað hvaða mannvirki stóð hér en þó uppi getgátur um að það tengist fjörubeit fyrir sauðfé.

Hættumat: engin hætta



Tóft 121, horft í vestur.

BA-138:122 varða 65°29.748N 24°25.559V

Varða sem danskir landmælingamenn hlóðu er á hæsta punkti Látrabjargs, hæst á Hvanngjárfjalli, um 440 m yfir sjávarmáli. Þetta er 3,7 km suður af Hvallátrum. Snögggróin bjargbrún. Varðan er 20-30 m frá brúninni. Alveg greinileg varða. Undir henni er hlaðinn stallur, hálfgróinn, 2-3 m í þvermál og 0,3 m hár. Uppi á honum er smávarða, 0,5-0,6 m há. Hér er því mun veigaminna mannvirki á ferð en aðrar landmælingavörður á svæðinu (sjá t.d. 137:045). Varðan mun sjást í góðu



Varða 123 á Látrabjargi, horft í suður.

skyggni allt frá Snæfellsnesi.
Hættumat: engin hætta

BA-138:123 þúst útihús 65°31.805N 24°27.392V
Á uppdrætti Þórðar Thorlacius af Hvallátrum frá 1915 er sýnd tóft norðarlega í túni, um 120 m norðvestur af Tröllhól 066 og tæpa 200 m norður af Húsabæ 003.
Tún sem hefur verið sléttað en er þónokkuð mishæðótt og sinugróið.
Enn er greinileg þúst á þessum stað, um 12 x 6 m stór frá austri til vesturs. Hún er eins og sléttur stallur, 0,2-0,4 há. Grjót gægist upp úr henni á örfáum stöðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915

BA-138:124 varða
65°29.461N 24°29.076V
Varða er upp af suðurenda Efri-Seljadals, á Seljahjalla. Hún er utan í stórgrýttri urð og sést ekki vel ofan frá en vel úr norðri.
Hún er ágætlega hlaðin úr stórum, flötum hellum, um 1,5 m há og mikil um sig, allt að 1 m í þvm. Hún er tekin að hrynja til suðvesturs. Ekki er ljóst um tilgang en gæti þó verið merki við enda Flagahlíðarvegar (131).
Hættumat: engin hætta


Varða 124, horft í norður.

BA-138:125 hleðsla 65°29.448N 24°29.567V
Í Barðsbrekkum, sem eru vel grónar, er mikið af skásettu eggjagrjóti og smáhleðslum sem talið er að séu svonefnd fuglabyrgi, en undir grjótið mun fugli hafa verið stungið til geymslu í skugga til skemmri tíma þegar verið var við bjargsig. Þetta er rétt við stíginn sem liggur upp á Látrabjarg, um 750 m vestur af Kálfaskor og um 750 m SSA af seli frá Látrum, sjá 018.
Grónar en grýttar brekkur mót norðri.
Þar sem uppgefið hnit er sjást leifar af tveimur allstórum byrgjum, sem gætu verið fuglabyrgi eða vaðbyrgi þar sem vaður hefur verið geymdur á þeim tíma sem sigið var í bjargið. Stígurinn liggur svotil yfir það vestra (A), eða fast við vesturendann á því. Það er um 1,5 m í þvermál og markast af hellum sem hafa verið reistar upp á rönd. Þær sem eru að suðaustanverðu slúta innyfir byrgið. 2 m norðaustar er annað byrgi, (B). Það er gert úr stórum hellum, um 3 x 1 m á stærð frá norðaustri til suðvesturs. Austur af byrgjunum tveimur er síðan stórgrýti og sumstaðar hellur sem gætu hafa verið reistar skáhallt upp á rönd á stóru svæði, allt að 50 x 20 m frá austri til vesturs. Sennilega er þó töluvert af grjótinu svona frá náttúrunnar hendi, þótt það kunni að hafa verið notað til að skýla fugli. Ekki eru teljandi hleðslur þarna til viðbótar en þess má geta að lokum að mikið er af skásettum hellum um 200 m austar, um miðja vegu milli þessa svæðis og vaðbyrgis 124. Það svæði er merkt C á korti.
Hættumat: stórhætta,


Grjót í Barðsbrekkum 124, horft í suðvestur.

vegna ábúðar

BA-138:126 varða 65°30.490N 24°29.719V

Grjóthlaðin varða er í norðausturbrún Brunnanúps um 600 m ofan og sunnan við Brunna 013, um 270 m NNV við Hálsvörðu 020 og um 550 m ASA við skotbyrgi 049.
Varðan er gróflega hlaðin úr hraungrýti á stórum steini fremst á fjallsbrúninni í grýttu mólendi þar sem gott útsýni er yfir Brunna sem og yfir að Látrum. Ekki sést vel þaðan yfir að Látrabjargi.
Varðan er um 1,8 m á hæð (8-10 umför), um 1,5x1 m að flatarmáli og ferköntuð þó horn hennar séu ávöl. Varðan mjókkar örlítið upp í topp í 0,5x1 m. Grjótið í vörðunni er vel gróið skófum og er mosa- og grasigróið inn á milli steina. Varðan er hærri að ANA nær brekkunni en að VSV. Hlutverk og aldur vörðunnar eru óljós.
Hættumat: engin hætta



Varða 126, horft í norður.

BA-138:127 varða 65°30.596N 24°30.031V

Lítill grjóthlaðinn vörðustubbur er um 240 m ASA við skotbyrgi 049 í norðausturbrún Brunnanúps um 600 m sunnan við Brunna 013 og um 2,7 km suðaustan við Hvallátra 001. Á þessu svæði er brún fjallsins grýtt og mosagróin. Norðaustan við vörðuna hallar brekkan skarpt um 40-60° niður til norðausturs á meðan að upp frá henni er aflíðandi 10-20° brekka efst uppí topp núpsins til suðvesturs. Gott útsýni er frá vörðunni yfir á Brunna, yfir að Hvallátrum og út á sjó.
Varðan er hlaðin úr grjóti á stórum steini sem er um 0,5 m breiður, um 1,2 m á lengd og 1,2-1,5 m á hæð. Grjóthrúgan ofan á klettinum er um 0,3 m á hæð (3 umför) og um 0,5x1 m að flatarmáli en mjókkar upp í topp. Ekki er alveg víst að hér sé um fornleif að ræða og nákvæmt hlutverk er óþekkt.
Hættumat: engin hætta





Varða 128, horft í NA.

BA-138:128 varða
65°30.630N 24°30.383V

Grjóthlaðin varða er um 5 m SSV við blábrún Brunnaháls, um 50 m VSV við skotbyrgi 049 og um 2,9 km suðvestan við Hvallátra 001.
Á þessu svæði er grýttur en nokkuð flatlendur mosa- og lyngigróinn malarháls.
Varðan er stór og stæðileg en gróflega hlaðin. Varðan er egglaga í grunninn, um 2 m á lengd, um 1,5 m á breidd og um 1,7 m á hæð (9 umför). Varðan er strýtulaga og mjókkar því upp í topp niður í um 0,5x0,3

m. Ekki er ljóst hvort um er að ræða fornleif og nákvæmt hlutverk er óþekkt.
Hættumat: engin hætta



Varða 129, horft í SV.

BA-138:129 varða
65°30.513N 24°30.274V
Grjóthlaðin varða er í suðvesturbrún Brunnanúps um 240 m SSA við skotbyrgi 049 og um 3 km suðvestan við Hvallátra 001.
Á þessu svæði er grýtt mosagróin klettabrún og skriða. Mjög brattir klettar eru niður frá vörðunni til suðvesturs. Varðan er grjóthlaðin, um 1x1 m að flatarmáli og um 1,5 m á hæð (um 20 umför). Grunnflötur hennar er gróflega ferkantaður. Varðan er að mestu hlaðin úr hellugrjóti og mjókkar örlítið upp í topp í 0,5x0,5 m en hallar örlítið fram af klettabrúninni í vestur. Varðan sést ekki frá bæ en frábært útsýni er frá vörðunni yfir Gildruhjalla, inn með fjallinu suðvestanverðu, út að Látrabjargsvita og út á sjó. Nákvæmt hlutverk er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

BA-138:130 *Sæluhöfn* frásögn lending 65°29.777N 24°24.246V
Samkvæmt Gísla Má Gíslasyni hét "Sæluhöfn" í fjörunni sunnan undir Vælaskorarfjalli við suðausturenda Djúpadals rúma 7 km vestur af Keflavík.
Víkin er skeifulaga og mjög greinileg á korti.
Engar frekari heimildir fundust um staðinn en þess má geta að Sæluhöfn er einnig þekkt norðan Látrabjargs, sjá 016.

BA-138:131 *Flagahlíðarvegur* heimild um leið 65°30.763N 24°27.966V
Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar á Hvallátrum segir: "Upp af Miðmundarhæðum liggur Flagahlíðarvegur heima frá Látrum og út á Bjarg. Hann kemur út í Melalaut, sem er fyrir neðan Sléttanef og fyrr getur. Heiman og ofan við Miðmundahæðir er smátjörn, sem heitir Flagahlíðarvatn. ... Þegar komið er heim eftir Flagahlíðarvegi, er komið niður að stórum hól grasivöxnum vinstra megin við veginn. Hann heitir Sjónshóll. Af honum sést vel heim og út á sjó. Ofan við hann eru Lágarnar. ... Fyrir vestan Hrunið, sem fyrr var nefnt, lækkar bjargið. Rétt fyrir neðan Kálfaskor er Flagahlíðarhald. Þangað liggur vegur frá Látrum út á bjargið." Vegurinn lá sem hér segir, frá Látrum og út á Melabjarg. Hann lá til suðvesturs frá bæ, svo til suðurs austan við Flagahlíðarvatn (norðan við það mun vera varða á Sjónshól) og svo þaðan eftir misgengi, sem birtist á loftmyndum sem tiltölulega bein lína til suðurs, alla leið inn á Melabjarg sem er rúma 4 km suður af Látrum í beinni loftlínu. Vel virðist móta fyrir götunni í gróningum í misgenginu en hún var ekki skoðuð sérstaklega á vettvangi. Eftirfarandi vörður voru skráðar á vettvangi og hafa líklega átt að vísa á Flagahlíðarveginn: Grjóthlaðin varða A er í Arnarnúpi um 1,3 km SSV við Hvallátra 001, um 100 m NNV við vestustu Lágatjörnina og um 60 m norðaustan við læk sem rennur úr fyrrnefndri tjörn í norðvestur niður á láglendið.



Varða 131A, horft í norður.

Grjóthlaðin varða B er um 360 m SSV við vörðu A og um 1,7 km SSV við Hvallátra 001. Varðan stendur á grýttum mosagrónum grjóthjalla á klettasnös um 3 m vestan við brún hjallans. Hjallinn er um 200 m sunnan við Brúnina og um 200 m suðvestan við litla tjörn ofan við Brúnina. Kletturinn er vel mosa og lyngigróinn. Varðan er gróflega hlaðin úr stóru hellugrjóti, um 1,5x1 að flatarmáli og um 1,5 m á hæð (8-10 umför). Varðan er ferköntuð en mjókkar aðeins upp í topp í 1x0,5 m.
Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Hvallátrar, 7, 13 og 14

BA-138:132 varða samgöngubót
65°30.077N 24°31.212V
Grjóthlaðin varða er sunnan við Látrabjargsveg efst á Smáhömrum um 40 m sunnan við efstu brún hamranna, um 540 m ASA við Látrabjargsvita og um 4,1 km suðvestan við Hvallátra 001. Smáhamrar eru háir klettahjallar sem liggja í ANA frá Látrabjargi fast ofan og suðaustan við Látrabjargsveg. Austast og efst í Smáhömrunum er grasi- og mosagróin 1,5-2 m há hæð þar sem varða 138:132 og hleðslur 138:133 standa. Varða 132 stendur í norðurbrún hæðarinnar og sést hún vel frá Látravegi og -vita. Varðan er grjóthlaðin strýta sem er með egglaga grunnflöt, 2x1,2 m að flatarmáli. Varðan er um 2 m á hæð (um 20 umför) og mjókkar niður í um 0,2x0,2 m í toppinn. Varðan er vel hlaðin úr hellusteinum. Hefur varðan líklega þjónað sem mið við sjósókn.
Hættumat: engin hætta



Varða 132, horft í NV.

BA-138:133 hleðsla skotbyrgi 65°30.068N 24°31.224V
Greinilegar leifar grjóthleðslna eru um 540 m ASA við Látrabjargsvita efst í Smáhömrum um 20 m SSV við vörðu 132, um 80 m NNV við litla tjörn efst á hjallanum og um 4,1 km suðvestan við Hvallátra 001. Smáhamrar eru háir klettahjallar sem liggja í ANA frá Látrabjargi fast ofan og suðaustan við Látrabjargsveg. Austast og efst í Smáhömrunum er grasi- og mosagróin 1,5-2 m há hæð þar sem varða 132 og hleðslur 133 standa. Varða 132 stendur í norðurbrún hæðarinnar og sést hún vel frá vegi og vita. Hleðslurnar samanstanda aðallega af hellugrjóti en eru nokkuð signar. Mannvirkið er um 2 m á lengd, um 1,2 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Svo virðist sem norðaustur- og suðausturveggir séu enn greinilegir en norðvesturveggur sé hruninn inn. Gengið hefur verið inn að suðvestanverðu. Innanmál hefur verið um 1x0,5 m. Standandi veggir eru 0,3-0,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð (1-3 umför). Líklega er hér um skotbyrgi að ræða. Gott útsýni er á þessum stað yfir Bugana og niður í Bása sem og yfir í suðvesturhlíð Brunnanúps.
Hættumat: engin hætta






Byrgi 133, horft í NA.

BA-138:134 hleðsla skotbyrgi
65°29.891N 24°29.953V
Óljósar grjóthleðslur eru efst í Seljabrekku um 120 m NNV við sel 018, 1,6 km ASA við Látrabjargsvita og um 3,2 km suðvestan við Hvallátur 001. Á þessu svæði er grýtt brún efst í brekku sem hallar 20-40° til suðvesturs. Rétt fyrir neðan mannvirkið undir brúninni er brekkan vel grasigróin. Gott útsýni er yfir sel 018, út á Bugana og yfir brekkurnar neðar í hlíðinni frá þessum stað. Mannvirkið er um 2 m á lengd, um 1,2 m á breidd, um 0,5 m á hæð og liggur norðvestur-suðaustur. Ekki er hægt að greina innanmál þar sem hleðslur eru mjög signar niður til norðvesturs. Greinilegar hleðslur eru þó enn til staðar í suðausturenda grjóthrúgunnar þar sem hún er köntuð og með tvö greinileg horn. Þar má greina 2-5 umför. Staðsetning og stærð mannvirkisins gefa til kynna að hér sé líklega um leifar af skotbyrgi að ræða. **Hættumat:** engin hætta





Hleðsla 134, horft í NV.



Varða 135, horft í NV.

BA-138:135 varða
65°29.985N 24°29.967V
Grjóthlaðin varða er í suðvesturbrún Hálsins um 300 m norðan við sel 018, um 1,5 km ASA við Látrabjargsvita og um 3,1 km suðvestan við Hvallátur 001. Á þessu svæði er grýtt mosagróin skriða og lækkar landið til vesturs niður á Bugana í nokkrum hjöllum. Varðan er grjóthlaðin, um 1,2x0,5 m í grunnflatarmál og um 1 m á hæð (6-9 umför). Varðan er strýtulaga og því um 0,3x1 m í toppinn. Varðan er hlaðin á litlum kletti sem er um 0,5 m á hæð. Gott útsýni er yfir Bugana og út á sjó frá þessum stað. Varðan sést vel frá Látrabjargsvita. Hlutverk óljóst.
Hættumat: engin hætta


BA-138:136 varða



Varða 136, horft í SV.

65°30.458N 24°30.751V
Grjóthlaðin varða er í norðvesturbrún Gildruhjalla um 30 m suðaustan við Látrabjargsveg, um 1 km norðaustan við Látrabjargsvita og um 3 km suðvestan við Hvallátra 001. Varðan stendur um 13 M hærra en vegurinn en sést vel þaðan sem og frá Látrabjargsvita. Á þessu svæði eru mosa- og lyngigrónar grýttar en nokkuð sléttar klappir. Land hallar hér 2-10° niður til suðvesturs. Varðan er grjóthlaðin og ferköntuð, um 1x1 m í grunnflatarmál og um 1,5 m á hæð (12-17 umför). Varðan er aðeins um 0,4x0,4 m efst en hún mjókkar þó aðeins rétt í toppinn. Nákvæmt hlutverk vörðunnar er óljóst en hugsanlega gæti hún hafa þjónað sem mið eða hugsanlega beint ferðalöngum í áttina að einstiginu á Skollahillu 023.
Hættumat: engin hætta

BA-138:137 tóft skotbyrgi 65°30.456N 24°30.947V






Skotbyrgi 137, horft í norður.

Grjóthlaðið skotbyrgi er á Básum vestan undir Brunnanúpi um 80 m norðvestan og neðan við Látrabjargsveg, um 90 m suðvestan við tóftir 080A og 080B og um 2 m suðaustan og ofan við bakkann þar sem fjaran tekur við. Básar eru grasi- og lyngigróinn þýfður bali fast norðvestan og neðan við Látrabjargsveg. Brekkan hallar á svæðinu 2-20° til norðvesturs niður að fjöru. Fjörubakkinn er 1-5 m hár, rofinn og brattur og breytist í þverhnípta klettar þegar nær dregur Brunnanúpi. Byrgið er vel grasigróin, egglaga hola sem grafin hefur verið niður í bakkann. Utanmál er um 1,5 m á lengd, um 1,2 m á breidd og liggur austur-vestur. Innanmál holunnar er aðeins um 1x1 m og dýpt er <0,3 m. Virðast hliðar hennar aðeins grjóthlaðnar að norðan. Hleðslan er aðeins ein bogadregin röð af hellugrjóti sem er um 0,5 m breið og <0,5 m há (2-5 umför). Hleðslur standa <0,2 m upp úr grasinu umhverfis holuna. Grjótið er þakið skófum. Staðsetning og stærð gefa til kynna að mjög líklega er hér um skotbyrgi að ræða. Gott útsýni er frá holunni upp í brekkurnar fyrir ofan.
Hættumat: engin hætta

BA-138:138 tóft skotbyrgi 65°32.127N 24°27.429V




Skotbyrgi 138, horft í SV.



Grjóthlaðið skotbyrgi er í blábrún Bjarnarnúps um 870 m NNA við Hvallátra 001 og um 330 m sunnan við skotbyrgi 139. Á þessu svæði er mosa- og lyngigróin grýtt og moldug klettabrún beint austur og upp af fiskigörðum 077 norðan við Hvallátra. Brún Bjarnarnúps er hér þverhnípt og að minnsta kosti 150 m á hæð. Skotbyrgið er hlaðið bæði úr hraungrýti og hellum, um 2 m á lengd, um 1,5 m á breidd og liggur NNA-SSV. Hleðslur veggja eru signar, um 0,5 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð (2-6 umför). Gengið hefur verið inn að norðanverðu en inngangur er óljós og aðeins um 0,3 m á breidd. Innanmál er D-laga, um 1 m á lengd og um 0,8 m á breidd. Grjót er vel nokkuð þakið skófum og tóftin er mosa- og lyngigróin að innan. Mjög gott útsýni er út yfir fjöruna norðan við Hvallátra og yfir bæina á þessum stað. **Hættumat:** engin hætta

BA-138:139 tóft skotbyrgi 65°32.303N 24°27.381V





Skotbyrgi 139, horft í SV. Það sem er merkt "B" á teikningu hér til hliðar er varða 140.

Grjóthlaðið skotbyrgi er efst á Bjarnarnúpi, 1-2 m suðaustan við vesturbrún núpsins, um 330 m norðan við skotbyrgi 138 og um 1,2 km NNA við Hvallátra 001. Á þessu svæði eru flatlendar, lyngi- og mosagrónar malarbreiður. Varða 140 er aðeins um 3 m sunnan við skotbyrgið. Skotbyrgið er hlaðið úr hraungrýti og þykkum hellum, er kassalaga og um 2x2 m að utanmáli. Hleðslur eru að miklu leiti hrundar inn í tóftina en veggir hafa þó trúlega verið um 0,5 m á breidd. Rústin er nú (2013) <0,5 m á hæð. Innanmál er óljóst vegna grjóthruns og engin greinileg ummerki eru um hvar gengið hefur verið inn. Hugsanlega gæti hafa verið inngangur í suðvesturhorni tóftar. Innanmál hefur trúlega verið um 1x1 m. Góð yfirsýn er frá tóftinni í austur út yfir Bjarnarnúp en tóftin er of fjarri brúninni til að hægt hafi verið að hafa góða yfirsýn yfir hlíðarnar og fjöruna undir núpnum þegar legið var inni í tóftinni.
Hættumat: engin hætta

BA-138:140 varða 65°32.301N 24°27.381V

Grjóthlaðin varða er um 5 m suðaustan við vesturbrún Bjarnarnúps, um 3 m sunnan við skotbyrgi 139 og um 1,2 km NNA við Hvallátra 001.



Varða 140, horft í SV.


Á þessu svæði eru flatlendar, lyngi- og mosagrónar malarbreiður. Skotbyrgi 139 er aðeins um 3 m norðan við vörðuna.
Varðan er vel hlaðin strýta sem er að mestu úr hellugrjóti. Grunnflatarmál hennar er um 1x1 m og er hún óreglulega hringlaga. Varðan er um 1,2 m á hæð (10-12 umför) og mjókkar niður í um 0,3x0,3 m í toppinn. Upp úr toppinum stendur einn langur steinn upp á rönd sem þó er tekinn að halla ískyggilega til suðausturs. Varðan sést ekki frá Hvallátrum 001. Hlutverk hennar er óljóst og ekki er alveg víst að hér sé um fornleifa að ræða. Milli vörðu og skotbyrgis 139 er svo lítil grjóthrúga sem gott er að sitja á. Hrúgan er hlaðin úr hellugrjóti, um 0,5x0,5 að flatarmáli og <0,4 m á hæð (3-4 umför). Hlutverk hennar er óljóst.
Hættumat: engin hætta

BA-138:141 tóft 65°30.416N 24°31.261V



Tóft 141, horft í norður.

Grjóthlaðin tóft er um 2 m norðan við austurenda eystri Bástjarnar sunnan undir 2-3 m háum grýttum fjörukambi um 340 m VSV við beitarhús 080A.
Á þessu svæði er grasigróin grýtt brekka sem hallar 2-5° til SSA. NNV hlíð fjörukambsins á móti er grýtt og ógróin. Tjörnin sunnan við tóftina er í grunnri grasigróinni dæld innan við fjörukambinn og er hún um 18 m breið, um 55 m á lengd og liggur gróflega ANA-VSV. Mjög stutt er hér niður að sjó.
Tóftin hefur að mestu verið hlaðin úr sæbörðu grjóti, er um 10 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr ANA-VSV. Tóftin er þó frekar L-laga en fullkomlega kassalaga þar sem vesturendi hennar er aðeins 6 m á breidd á meðan austurendinn er um 9 m.



Gengið var inn í tóftina til ANA á suðurhlið en austurhluti og vesturhluti hliðarinnar, sitthvoru megin við innganginn, stangast ekki á þar sem eystri hlutinn er 1-1,5 m sunnar en sá vestari. Inngangurinn um 3 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru mjög signir, 1-1,5 m á breidd og <0,5 m á hæð, en 3-4 umför má sjá þar sem veggir standa að hluta ennþá. Um 3 m langur partur af austurvegg í norðausturhorni virðist vera náttúrulegur 0,5 m hár grasigróinn bakki. Tóftin virðist í fljótu bragði vera einföld en leifar af grjóthlöðnum 1-2 m löngum og 0,5-1 m breiðum totum sem liggja út frá norður og austurveggjum inn í tóftina gætu gefið til kynna að henni hafi einhvern veginn verið skipt niður í minni hólf. Leifar af timbri og staurum eru hér og þar inni og umhverfis tóftina. Staðsetning og útlit gefur til kynna að hér sé hugsanlega um gamalt uppsátur að ræða en þó er ekki útilokað að mannvirkið gæti hafa verið einhvers konar aðhald fyrir skepnur.
Hættumat: engin hætta

BA-138:142 hleðsla herslugarður
65°30.756N 24°29.788V



Herslugarðar 142, horft í NV.

Grjóthlaðnir herslugarðar eru í rótum Brunnanúps að norðanverðu um 2,5 km suðvestan við Húsabæ 003 og 5-150 m sunnan og ofan við Örlygshafnarveg (612) og verbúðirnar í Brunnum 013.
Hlíð Brunnanúps á þessu svæði er mjög rofin og lítið annað en stórgrýtt moldar- og sandflag. Brekka hallar 5-10° niður til NNA. Grjótgarðarnir ná yfir svæði sem er um 300 m á lengd, um 100 m á breidd og liggur VNV-ASA í ASA frá Örlygshafnarvegi langleiðina inn hlíðina að gerði 143. Garðarnir eru mjög útflattir og eru lítið annað en einfaldar raðir eða dreifar af misstóru grjóti sem eru 0,3-0,5 m á breidd og <0,4 m á hæð (1-3

umför). Garðarnir liggja flestir NNA-SSV niður brekkuna en þó eru a.m.k. sex raðir sem liggja þvert á brekkuna á víð og dreif um svæðið. Garðarnir mynda engin greinileg hólf og margir eru stuttir án greinilegs framhalds. Lengd garðanna nær frá 7 m upp í allt að um 70 m. Ekki er útilokað að eitthvað af görðum hafi horfið í vesturenda svæðisins þegar Örlygshafnarvegur var lagður á sínum tíma.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-138:143 gerði 65°30.712N 24°29.540V
Lítið grjóthlaðið gerði með tveimur þústum innan veggja er innarlega neðst við rætur Brunnanúps um 60 m ASA




Horft yfir gerði 143 til NA,



Sokkin garðhleðsla í gerði 143.

við herslugarðasvæði 142 og um 2,5 km suðvestan við Húsabæ
003. Hlíð Brunnanúps á þessu svæði er mjög rofin og lítið annað en stórgrýtt moldar- og sandflag. Brekka hallar 5-20° niður til NNA.
Gerðið er grjóthlaðið, um 50 m á lengd, um 45 m á breidd og liggur VNV-ASA meðfram rótum Brunnanúps.



Innan veggja er gerðið mjög rofið svo hleðslur umhverfis standa 0,5-1 m hærra en botn þess þar sem hann er lægstur neðarlega í gerðinu. Botn gerðis er lítið annað en illa mosagróið og grýtt skeljasandsflag. Grjóthleðslur umhverfis gerðið eru að mestu úr köntuðu grjóti og mjög útflattar, varla meira en 1-2 umför þar sem þær eru heillegastar, 1-2 m á breidd og <0,4 m á hæð. Tvær grjóthlaðnar þústir A og B eru innan gerðisins. Gengið var inn í gerðið gróflega fyrir miðju að norðanverðu fast austan við þúst A. Þúst A er fast sunnan undir norðurvegg gerðisins vestan við innganginn. Þústin er ferköntuð, um 4x4 m að utanmáli og um 2x2

að innanmáli. Hleðslur eru útflattar, um 1 m á breidd og <0,3 m á hæð (varla 1 umfar af grjóti). Þústin stendur hér allt að 1 m upp úr kalksandinum vegna rofs. Þúst B er um 10 m SSA og ofan við þúst A. Þúst B er óljósari en stendur um 0,5 m upp frá botni svipað og þúst A. Grjóthleðslan í toppi þústar er um 7x3 m að utanmáli og liggur NNA-SSV. Útveggir eru lítið annað en óljós einföld röð af grjóti sem rétt stingst upp úr mosanum. Um 6x1,5 m eru í innanmál á milli raðanna. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Hlutverk þessara mannvirkja er óljóst en hugsanlega hafa þau verið í einhverjum tengslum við verstöð 013 niðri við ströndina. Hér mun Ásgeir Erlendsson á Látrum einhverntíma hafa grafið í tóft og fann þar arnarkló og leifar af skóflu.
Hættumat: engin hætta



Álagablettur 144, horft í NA,

BA-138:144 álagablettur
65°31.566N 24°26.481V
Lítill grasigróinn grjóthólmi er í Látravatni um 20 m frá vesturbakka vatnsins. Hann vat talinn álagablettur.
Hólminn er grasigróinn, um 35 m á lengd, um 15 m á breidd og liggur VNV-ASA. Hólminn stendur um 0,5 m upp úr vatninu en vatnshæð ræður því hvort hólminn er landtengdur eður ei. Hólminn er athvarf máva og annarra fugla á svæðinu.
Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.
Hættumat: engin hætta

BA-138:145 *Látranes* heimild um verbúð 65°31.977N 24°27.840V
1942 segir í Barðstrendingabók: "Sumir aðkomumenn höfðu búðir og vergögn á svonefndu Látranesi, sunnanvert við Bjarnarnúp, en settu upp á svonefndu Látrarifi [099]. ... Á nesinu er hvergi lending [sjá þó Steinólfsvík 058], heldur klappir einar og flúðir og ærið brimsamt," segir í Barðstrendingabók.
Búðatóftir voru á Látranesi, á suðvesturbakka nessins milli aflraunasteina 071 og réttar 057.
Slétt og grösugt nes. Tóftirnar eru horfnar, þeim mun hafa verið ýtt út um 1960. Engar þústir eru sýnilegar á yfirborði en fiskbein gægjast út úr bakkanum hér og þar. Jarðvegur er þar þunnur (0,2-0,3 m) og stórgrýtisurð framan við.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Bstbók, 195.



Látranes. Þar voru áður verbúðir, sjá t.d. 145-147. Húsin eru fjárhús en til hæari sést rétt 057.

BA-138:146 hleðsla 65°31.942N 24°27.792V
Heðsla sést í rofabakka 15-20 m norður af fjárhúsum á Látranesi 076.
Grösugur bakki, rofinn næst sjó og er hvítur sandur í rofi en grýtt fjara niður af.
Í bakkanum sjást greinilegar leifar af grjóthleðslu, sennilega hlöðnum vegg, 2-3 umför grjóts. Við hann fundust einnig leifar af fiskbeinum - sennilega öskuhaugur. Engar leifar sjást á yfirborði á þessum slóðum, enda hefur nesið verið sléttað að töluverðu leyti. Á þessum slóðum er sýnd bygging á túnakorti
Hættumat: hætta, vegna rofs

BA-138:147 heimild um verbúð 65°31.979N 24°27.734V
Kristinn Guðmundsson man eftir töluverðum rústum, líklega leifum verbúða, norðaustan við tjörnina á Látranesi. Þetta er tæpa 500 m norður af þorpinu á Hvallátrum.
Slétt graslendi er nú norðan tjarnar. Þar er töluverð grænka.
Þessum rústum var rutt út með jarðýtu, líklega nálægt 1960. Kristinn man eftir töluverðum mannvistarleifum í sárinu og gripum, líklega úr öskuhaug.
Hættumat: hætta

BA-138:148 *Leiðarsteinn* náttúrumin samgöngubót 65°31.664N 24°27.211V



Leiðarsteinn 148, horft í austur.

"Upp af Bænhúshól [002] er lítill steinn upp af lautinni, sem heitir Leiðarsteinn. Í hann átti Bænhúsið að bera, þegar lent var á Látrum," segir í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Leiðarsteinn er í túni, um 40 m suðaustur af tóft 047. Jarðfastur klettur í túni, nú býsna sokkinn og gróið allt í kringum hann. Ekkert manngert sést á þessum slóðum. Steinninn telst strangt til tekið ekki til fornleifa en hann hefur menningarsögulegt gildi og er vel þekktur af flestum á Látrum. Því er hann skráður hér.
Heimildir: Ö-Hvallátrar AG, 25

BA-138:149 þúst verbúð 65°31.958N 24°27.807V
Mjög óljósar rústir eru fremst á bakka norður á Látranesi, um 10 m sunnan við réttina 057.
Sléttur grasbakki. Sennilega hafa mannvirki staðið á þessum stað en verið rutt út og sléttuð að hluta, svo aðeins vottar mjög óljóst fyrir grunni. Þústin nær yfir svæði sem er alls rúmlega 5 x 5 m stórt. Rofnað hefur framan af vesturendanum. Mannvirki er sýnt á þessum slóðum á túnakorti 1920.

BA-138:150
65°31.954N 24°27.718V
Norður á Nesi (þ.e. Látranesi) er tjörn. Úr henni rennur lækur til suðurs eða SSA. Í farveginum, sem er auður þegar þetta er ritað, sjást leifar af grjóthleðslum utan í bökkunum, einkum nyrst eða næst tjörninni.
Sléttir grasbakkar eru beggja megin við lækinn. Sennilega hefur farvegurinn verið lagaður til og hlaðið í bakkanna að einhverju leyti þótt þær hleðslur séu nú að mestu leyti



 Hleðslur í farvegi, sjá 150, horft í suður.

horfnar. Sennilega hefur rennsli úr tjörninni verið stýrt, jafnvel hleypt úr henni en þó ekki vitað í hvaða tilgangi. Alls eru 50-60 m frá tjörn og fram á sjávarbakka. Hleðslurnar sem sjást eru stopular en víðast jafnháar og skurðurinn er djúpur, 0,2-0,3 m.
Hættumat: engin hætta

BA-138:151 þúst 65°31.514N 24°27.015V

Lítilfjörleg grjóthrúga, mögulega hleðsluleifar, eru um 50 m austur af Helguþúfu, en það er áberandi þúfa eða hóll á brúninni ofan eða sunnan við þorpið á Látrum.
Mosagróinn melur, Hvallátraþorp er raunar í hvarfi ef staðið er nákvæmlega við hleðsluna.
Grjóthrúgan er sporöskjulaga, um 1,2 x 1 m á stærð frá NA-SV. Grjótröð er umhverfis og líkt og fyllt hafi verið upp í dæld í miðju. Ef þetta fyrirbæri er manngert er helst að giska á að það séu leifar af skotbyrgi, þótt lítið sé. Þetta er nánast í fyrirhuguðu vegarstæði nýs Örlygshafnarvegar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Grjóthrúga 151, horft í vestur.

BA-138:152 hleðsla 65°31.341N 24°27.101V

Óljós hleðsla er um 300 m suður af þúst 151. Hún er mjög gróf, utan í jarðföstum kletti á hól, um 100 m suður af Helguþúfu eða rúmlega það. Mosagróinn grjóthóll á sömu brún og Helguhóll er á.
Hér sést eitt umfar stórgrýtis og myndar e.k. hólf sem er opið mót suðaustri, um 2 m í þvermál að utanmáli. Ekki er hægt að fullyrða að hér hafi verið mannvirki en af umhverfi að dæma verður þó að teljast líklegt að grjót hafi verið tínt saman af fólki.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-138:153 *Heiðnakinn* þjóðsaga 65°29.875N 24°23.886V

Í Vestfirzkum sögnum er sagt frá Heiðnukinn: "Á dögum Guðmundar biskups hins góða er þess getið, að menn þóttust þess vísir, að í Látrabjargi byggi óvættur ein, sem ein vildi fyrir því ráða og spillti mjög veiði mennskra manna. Urðu sigamenn þá fyrir svo miklum slysum, að ekki þótti einleikið. Kom það oft fyrir, þá er sigamaður var niðri í bjargi, að þeir, sem uppi á því voru og gættu festarinnar, urðu þess vísir, að hún varð allt í einu mannlaus, og fannst maðurinn síðar dauður og allur lemstraður undir bjarginu með nokkuð af festinni við sig. En endar hennar voru eins og þeir hefðu verið skornir í sundur með beittu eggjárni. Einu sinni sem oftar er sigamaður niðri í bjargi og sér þá, að nokkuð fyrir ofan sig kemur grá, loðin loppa út úr berginu með skálm eigi litla og ber hana að festinni, svo að þegar fara sundur tveir þættirnir, en ekki hinn þriðji. Þorir nú maðurinn ekki að láta draga sig upp á einum þætti, sker hann því í sundur með hníf sínum og gefur merki til að draga festina upp, og er það gert. Þeim, sem upp á



Heiðnakinn 153, horft í vestur.

bjarginu voru, brá í brún að fá festina mannlausa og að sjá, að hún hafði verið þverkubbuð í sundur. Fara þeir þá með hana heim að Látrum og fá hana í hendur gömlum, blindum og karlægum manni, sem fjölfróður þótti. Hann þefar úr þverskorna endanum og segir síðan, að einn þátturinn sé skorinn sundur af mennskum manni, en hinir tveir af einhverjum óvætti. ... Finnst maðurinn þar [í bjarginu] heill á húfi, því að óvætturinn hafði ekki sinnt honum frekar."
Heiðnakinn er í Látrabjargi um 5 km SA af byggðinni á Látrum, vestan við Djúpadal. Austan við dalin er Kristnakinn (merkt B á korti). Ýmsar sagnir eru tengdar þessum stöðum, t.d. eftirfarandi sem einnig er prentuð í Vestfirzkum sögnum: "Þess er getið, að eitt sinn hafi tveir sauðamenn frá látrum rekið fé þaðan út í Djúpadal. Komu þá að þeim flagðkonur eða skessur tvær og vildu grípa þá. Slapp annar þegar frá þeim og komst heim að Látrum í rökkrinu. Var hann þá móður mjög og dapurí bragði. Heimamenn spurðu hann um hinn sauðamanninn. Vildi hann fátt um það segja, en kvað vísu þessa: "Stóra Helga stolið var,/ stáls er hniginn baldur,/ skelmisfullar skessurnar / sköpuð honum aldur." En nú hittist svo á, að Helgi var heim kominn og hafði einnig undan komizt, og heyrðu menn hann svara, undir loftinu með vísu þessari: "Ýmist birtir eftir skúr,/ Ýmsir fagna lýðir. / Heimtur trölli höndum úr / Helgi kom heim um síðir." Eitt sinn lá skotmaður frá Látrum fyrir refur úti í Djúpadal og varð þar gott til fanga. Þegar hann hefir fengið 19, var það eitt sinn sem oftar, að hann lá í skothúsi sínu. Heyrði hann þá sagt í Kristnukinninni: "Skal hann lengi líðast?" Þá var svarað í Heiðnukinninni: "Hann skal gripinn fljótt." Þá var aftur svarað úr Kristnukinninni: "Látum hann fylla tuginn". Stökk þá skotmaðurinn af stað og fýsir ei lengur að bíða. En nú sér hann flagðkonu veita sér eftirför. Vill hann þá skjóta á hana með byssu sinni, en hún kveikti ekki. Slítur hann þá af silfurhnappana, er voru á bol hans, og hefir fyrir hleðslu í byssunni. Kveikti hún þá, og skýtur hann á óvættina hvert skotið eftir annað. Fjarlægðist hún við hvert skot, en sótti á aftur, svo að 18 skotum varð hann að skjóta á leiðinni heim að Látrum, og seinast skaut hann við bænhúsið rétt fyrir sunnan bæinn og slapp hann við það."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Vestfirzkar sagnir I, 164-166 og 170-171

BA-138:154 varða 65°31.626N 24°25.895V
Grjóthlaðin varða er um 200 m ofan og norðaustan við Látravatn og um 50 m ofan og norðaustan við malarveg 612. Á þessum stað er grýtt og mosagróin hjallabrún í um 120 m hæð yfir sjávarmáli, fast ofan og norðan við Örlygshafnarveg 612. Varðan er kassalaga og hlaðin úr hellugrjóti, um 1,5x1 m að grunnflatarmáli og um 1,5 m á hæð (10-12 umför). Varðan er ekki toppmjó heldur er hún jafnbreið frá grunni upp í topp. Grjótið er vel gróið skófum. Þessi varða er líklega ekki tengd leið 051 um Látraheiði til Keflavíkur (BA-137:001) þar sem hún er um 100 m ofan og norðaustan við gömlu götuna. Ekki er útilokað að varðan hafi staðið við vetrarleið 053 yfir að Breiðavík (BA-139:001) sem lá um Reiðleit upp á Látraháls (sjá nánar í 053), en engin greinileg ummerki fundust um aðra götu svo ofarlega í hlíðinni.
Hættumat: engin hætta

BA-138:155 heimild um hleðslu 65°29.384N 24°27.885V
Í örnefnalýsingu segir: "Niðri í bjarginu er Hrunhöfði niður af Hruninu. Vestar og nokkuð neðarlega eru Kvíarhillur. Gengið er á þær úr fjöru. Kvíarhillur draga nafn af því, að þar var fuglinn kvíaður, sem kallað var. Hlaðið var fyrir hillurnar og fuglinn tekinn fyrir innan." Ekki var farið í Kvíarhillur sumarið 2013, enda stórhættulegt. Ekki er ljóst hvort þar sjást enn hleðslur. Uppgefið hnit var tekið uppi á brún í námunda við Kvíarhillur.
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 5

BA-138:156 *Fúlavík* heimild um lendingu 65°31.899N 24°27.736V
"Lúða er við leiðina inn á Fúluvík, sem myndast, þar sem saman kemur Nesið og sandurinn. Í vestanátt safnast mikill þari í víkina og leggur af honum mikla lykt. Í Fúluvík er nú lending," segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu Þórðar Jónssonar segir: "Gegnum þessar hleinar, heim með rifinu, sjáum við 200 m langa vör, sem Látramenn gerðu á árunum um og eftir 1940." Þetta er staðurinn þar sem lent var í seinni tíð, framan við tóftir 075. Þetta er um 500 m NV af Heimabæ 001. Fúlavík er í raun alveg nyrst í Látravíkinni en fyrir framan hana er dálítið rif sem gengur til suðurs og skýlir þannig lendingunni sem er innan við rifið. Af lýsingunni að dæma kann innsiglingin innan við að vera manngerð að svo til öllu leyti.
Lendingin er sennilega of ung til að teljast til fornleifa lögum samkvæmt, þótt þar kunni auðvitað að hafa verið lent fyrir 1940.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 19; Ö-Hvallátrar ÞJ, 8

BA-138:157 þjóðsaga skotbyrgi
"Eitt sinn lá skotmaður frá Látrum fyrir refum úti í Djúpadal og varð þar gott til fanga. Þegar hann hefir fengið 19, var það eitt sinn sem oftar, að hann lá í skothúsi sínu. Heyrði hann þá sagt í Kristnukinninni: "Skal hann

lengi líðast?" Þá var svarað í Heiðnukinninni: "Hann skal gripinn fljótt." Þá var aftur svarað úr Kristnukinninni: "Látum hann fylla tuginn."" Þessi saga er skráð í Vestfirzkum sögnum. Þótt mörg skothús hafi verið skrá á Látrum er ekki vitað um slíkt á þessum slóðum, en Djúpidalur er á kortum merktur um 2 km SSA af bæ 001. Ekki var gengið mikið um þær slóðir sumarið 2013 og ekki loku fyrir það skotið að þar kunni að leynast skotbyrgi.

Önnur sögn, að líkindum um sama skothús er einnig úr Vestfirzkum sögnum: "Sigmundur hét bóndi, er bjó á Látrum og var Þórðarson. Ólafur hét bóndi, er bjó í Breiðuvík. hann var talinn göldróttur mjög. Sagt er, að Sigmundur ætti Breiðuvík og vildi þangað flytjast, en reka Ólaf nauðugan burt. Heitaðist Ólafur við hann og stóð í deilu þessari með þeim um hríð. ... Var það nótt eina, er hann [Sigmundur] lá í skothúsinu, að þyngsli mikil lögðust ofan á húsið og fylgdi þeim myrkur mikið. Greið Sigmundur þá til byssu sinnar, er hlaðin var, og vildi skjóta, en enginn var kostur að eld tæki. Sleit þá Sigmundur hálshnapp úr silfri af skyrtu sinni og hafði að byssuhlaði. Kveikti þá byssan og komst Sigmundur á leið heim. En nú sér hann milli sín og bæjarins folald, sem var flegið og dró á eftir sér húðina. Sótti það þegar að Sigmundi, en hann varði sig með byssunni og skaut að því úr henni. Hörfaði það undan við hvert skot, en leitaði fljótt á aftur, og svo var ásókn þess áköf, að 18 skotum varð Sigmundur að skjóta áður hann næði til bæjarins. Seinast skaut hann á mýrinni fyrir neðan Heimabæinn. En það var ætlun manna, að Ólafur bóndi í Breiðuvík hefði sent Sigmundi sendingu þessa."
Heimildir: Vestfirzkar sagnir I, 170-171 og 172

BA-138:158 65°31.941N 24°27.737V
"Næst stönsum við heimst á Nesinu, á sléttum grasbala, sem Andri heitir, þar var heygður síðasti reiðhestur Erlendar Kristjánssonar, er um langt skeið var stórbóndi á Látrum. Hesturinn var heygður eftir lát eiganda og hét Hvítingur," segir í örnefnalýsingu Þórðar Jónssonar. Andri heitir hóllinn sem er norðan við naust 075 en austan við fjárhúsin norður á Nesi (Látranesi), sjá 076.
Grösugur hóll. Ekki lá vitneskja fyrir um greftrunarstaðinn þegar skrásetjari var á vettvangi og því var hann ekki skoðaður sérstaklega. Uppgefið hnit er tekið af korti.
Heimildir: Ö-Hvallátrar ÞJ, 8

BA-138:159 *Jötunsaugu* heimild um vörslugarð
"Niður af Lofthillu eru Jötunsaugu, 80-90 faðmar niður á þau. Það eru allstórir strokklaga hellar eða skútar, sem mjókka inn, með þunnum vegg milli. Þeir eru mjög fuglríkir, en þröngir innst, svo að þar verður að skríða. Er þar svo loftlaust, að ekki er líft. Hlaðið var fyrir skútana, svo að ekki er hægt að fara nema takmarkað inn. Þetta blasir við af sjó, eins og augnatóftir að sjá," segir í örnefnalýsingu AG.
Af augljósum ástæðum var ekki sigið niður í Jötunsaugu sumarið 2013.
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 6

BA-138:160 heimild um lendingu 65°31.972N 24°27.883V
"Við höldum aðeins lengra eftir kambinum og stönsum við gamla fjárrétt. Upp í gegnum hleinarnar þar fyrir framan gengur mjór vogur, gæti verið gerður af manna höndum. Þarna var annar lendingarstaður þeirra Nesmanna með steinbítinn, en báti varð þar ekki heldur bjargað á land vegna stórgrýtis," segir í örnefnalýsingu Þórðar Jónssonar. Þessi vogur er hér um bil beint fyrir framan fjárréttina á Látranesi, sjá 057.
Sjávarstaða var há á staðnum á vettvangi og því sást ekki til vogsins. Hann sést á loftmynd (og var hnit fengið þaðan), býsna reglulegur, 20-30 m langur og á bilinu 7-13 m breiður, mjókkar til austurs næst landi. Ekki er hægt að staðfesta af myndinni hvort hann hafi verið ruddur af manna höndum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar ÞJ, 8



Gata 161, horft í NA. Helgubúfa í baksýn.

BA-138:161 gata leið
Greinilegur, ruddur troðningur liggur upp sunnan við Helguþúfu í átt að Látravatni. Sennilega er þetta hluti af leiðinni yfir Látraheiði, sjá 051. Hálfgróin brekka. Troðningurinn liggur upp hálfgróna brekku í smáhlykkjum, mjög greinilegur og hefur verið ruddur eða grjót tínt úr honum. Vegurinn er varðaður en sérhver varða ekki skráð - einungis skal þess getið að tvær vörður við leiðina á þessum stað teljast í hættu

vegna fyrirhugaðrar lagningar nýs Örlygshafnarvegar. Þær eru merktar A og B á korti.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-138:162 vegur leið 65°31.712N 24°26.728V



Leifar af vegi 162, horft í NV.

Leifar af vegagerð frá því fyrir miðja 20. öld sjást norðan við Látravatn, hér um það bil samsíða núverandi vegi sem liggur um þorpið á Látum og út á bjarg. Þetta er nánar tiltekið tæpa 500 m austur af hjarta byggðarinnar á Látrum. Slétt graslendi er ráðandi á þessum slóðum. Einfaldar grjótraðir (ca. 0,2 m háar) sem afmarka vegarstæði eða veg, og eru víðast hvar um 3-4 m á milli. Alls sjást leifar þessar á rúmlega 300 m löngum kafla þarna við vatnið, ekki alveg samfellt þó. Minjarnar teljast ekki til fornleifa lögum samkvæmt en eru merkileg heimild um upphaf vegagerðar í Rauðasandshreppi. Gísli Már Gíslason telur að verkið hafi verið unnið fyrir tíma jarðýtunnar, líklega fyrir tilstilli Gísla Jónssonar, Bíldudals-Gísla, sem var þingmaður þar vestra til 1959 eða þar um bil. Hrafnkell Þórðarson, f. 1935, reyndist muna eftir þessari vegagerð og færði þeim sem unnu að henni m.a. kaffi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar




Fuglabyrgi 163, horft í norður.

BA-138:163 hleðsla
65°29.642N 24°30.280V
Á nokkrum stöðum nálægt brún Látrabjargs eru svæði með uppreistum hellum sem talið er að fugli hafi verið stungið undir - fuglabyrgi. Hér er skráð svæði sem er tæpa 400 m vestur af byrgjum 164.
Gróið svæði nálægt bjargbrún en mikið af grjóti á stóru svæði. Fjölfarinn stígur liggur yfir svæðið. Hér gildir það sem áður var sagt um hina staðina, að á nokkrum stöðum kunna hellur að hafa verið lagaðar til í þessum tilgangi en mjög erfitt er þó að greina á milli hvað kann að vera manngert og hvað náttúrulegt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:164 hleðsla skemma 65°29.518N 24°29.867V
Tvö Hrútanef eru í Látrabjargi og á milli þeirra er lægð sem heitir Söðull. Þar eru mörg meint fuglabyrgi, um 270 m vestur af öðrum byrgjum sem hér hafa númerin 125 A og B. Grónar brekkur með talsverðu grjóti. Norðan í Söðli eru mörg meint fuglabyrgi, þ.e. steinar sem standa upp á rönd (eða skáhallt), jafnvel með holrýmum undir. Talið er að fugl hafi verið geymdur þar sem skuggi myndast við eða undir steinum en ekki er alltaf auðsætt að þau séu manngerð. Þarna sjást þó tvö byrgi sem eru nánast sambyggð og teljast þau veglegustu hleðslurnar á svæðinu þótt grófhlaðin séu. Mögulega hefur vaður verið geymdur í þeim. Það nyrðra (A) er tvö hólf, það eystra 2 x 1 m að utanmáli frá N-S, opið í norðurátt. Inn af því til vesturs er hlaðið lítið skot, minna en 1 m í þvermál, opnast í austurátt og hefur stór hella verið lögð ofan á fyrir þak. Hleðslur eru lágar, ekki meira en 0,3-0,5 m. Byrgi B er fast sunnan við og stendur eilítið hærra, það er tæplega 1 m í þvermál að utanverðu, mjög lágar hleðslur, engar dyr sýnilegar. Trúlegt virðist að byrgin hafi verið hlaðin utan um fugl og þá einkum til að





Byrgi 164, horft í SV.

framkalla skugga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:165 *Bjarnabæli* þjóðsaga draugur 65°29.592N 24°26.326V
Bjarni Jónsson bjó um eða fyrir miðja 18. öld á miðbænum að Látrum og þótti mjög fjölkunnugur. "... Bjarni [fór] með öðrum mönnum drottins dag einn að rissuungaveiði út í Saxagjá. ... Vildi hann þá ná unga einum, er óhætt var til að komast, en hnaut fram af, og sat unginn eftir. En Bjarni kom ofan í urð og fékk þegar bana. Litlu síðar féll urð ofan á líkið, og heitir þar síðan Bjarnabæli. Vildu menn nú sækja lík Bjarna á skipi og flytja til kirkju. En jafnskjótt og menn leituðu þess í urðinni, var grjóti að þeim kastað í æsingi mesta svo að nauðulega komust þeir undan. Sagt er, að oft væri reynt að ná líki Bjarna, en ávalt færi á sömu leið. Þóttust allir vita, að hann væri afturgenginn, og sáu hann freskir menn sem ófreskir. Drap hann niður fénað manna, og elti menn með ópi og hrinum, svo að hann ærði suma menn nálega til bana, en kyrkti aðra, að sagt var."
Þetta er ein af fjölmörgum þjóðsögum um hættur við bjargsig. Ekki var farið á staðinn en uppgefið hnit er hér um bil á Saxagjá.
Heimildir: Vestfirzkar sagnir I, 174-178.



Þollur 166 á Látrabjargi.

BA-138:166 65°29.693N 24°30.587V
Á Látrabjargi er vitað um einn þoll sem notaður var við bjargsig. Hann er 1,4 km suðaustur af vitanum á

Bjargtöngum. Þýft graslendi, töluvert um grjót inn á milli.
Þollurinn er ekki annað en steinn, væntanlega lítill jarðfastur klettur, sem lítið ber á, enda hálfur undir þúfu. Erfitt er að meta stærð hans. Vaðnum mun hafa verið brugðið um þollinn þegar sigið var í hillu neðar í bjarginu á þessum stað.
Hættumat: engin hætta

BA-138:167 hleðsla
65°30.034N 24°31.182V
Afar lítilfjörleg hleðsla er við tjörn uppi á Smáhömrum, um 80 m suður af vörðu 132, skammt frá brún Látrabjargs.
Graslendi er við tjarnarbakkann.
Þetta er grjótröð, 2-3 m löng og nær alveg hrunin en liggur þó alveg í yfirborðinu, er hvorki sokkin né gróin. Helst má giska á að hleðslan standi í tengslum við refaveiðar, að menn hafi hugsanlega skýlt sér bakvið hana, og sennilega er hún ekki mjög gömul.
Hættumat: engin hætta



Hleðsla 167, horft í vestur.

BA-138:168 heimild um mógrafir 65°31.479N 24°27.530V
Samkvæmt Kristni Guðmundssyni voru mógrafir á að giska 2-300 m sunnan við Svanborgarhús 012. Þar eru grónir en sendnir bakkar. Ekki er alveg greinilegt hvar grafirnar hafa verið. Hnit var tekið af korti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-138:169 *Djúpadalsvegur* heimild um leið 65°30.080N 24°24.695V
"Stefnt var í Djúpadalsskarð frá bæjunum. Þegar farið er út á Djúpadal, er farið fram hjá tveimur lautum í Holtunum, sem nefndar eru Kistur. Djúpadalsvegur var farinn út á Bjarg," segir í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Djúpidalur er um 2 km suður af þorpinu á Látrum. Þar er Djúpadalsvatn. Djúpdalsskarð er sunnar, nær bjarginu. Leiðin var ekki skoðuð sérstaklega á vettvangi en auðvelt ætti að vera að rissa hana upp á kort eftir fyrirliggjandi upplýsingum. Ekki er vitað til að þessi leið hafi verið vörðuð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvallátrar, 15

BA-139 Breiðavík

30 hdr. 1703. Bændaeign. Hálfkirkja þar frá 1431 til 1824 að sóknarkirkja var sett í Breiðuvík, nú aflögð. Í örnefnaskrá Trausta segir: "Bæirnir voru raunar tveir, en öll húsin voru byggð hlið við hlið, og því hefur líklega yfirleitt ekki verið notað fleirtöluorðið bæir." Ö-Breiðavík, 5. Kirkjan í Breiðuvík átti Breiðuvíkurbjarg og Lambahlíð í Látrabjargi og eru merki við Bæjarbjarg á Melalykkju en við Keflavíkurbjarg á Gorgán. 1458 var B. 36 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur - DI V, 163. 1576 var B. 36 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 7.7.1622 selur Ísleifur Eyjólfsson Birni Magnússyni B. 36 hdr að dýrleika. Jarðabréf, 113. 3.5.1703 er B. 36 hdr jörð meðal eigna Páls Björnssonar í Selárdal - útræðisjörð, afgengileg af sandi, landsk 2 1/2 hdr í fiski, brekönum eða hverju sem má, 10 1/2 kúgildi og gjalda aldrei í smjöri - JÁM XIII, 204.
1920: 7,6 ha, garðar 2135 m2, 1/3 sléttað. Útmæling, 0,4 ha. Útmæling 0,1 ha, Lambhúsvöllur, 150 m2. Kálgarðavöllur, 0,3 ha.
1840: "bæði góð heyskapar-, útigangs- og fjörujörð." SSV, 211. 1942: "Fram af víkinni er dálítill dalur, femur grösugur. Eru þar slægjur og beitiland gott. Vetrarbeit er góð í Breiðavík, og fjörusæld. útræði er ágætt, og bjargið fyrrum mjög gagnsamt, en er nú minna nytjað. / Norðan við Breiðinn lækkar fjallið mjög og heitir þá Hnífar. Þar og í Breiðnum verpur nokkuð af fýl." Bstbók, 98. 1959: "... stór og góð bújörð. Þar er aðstaða til róðra svipuð sem á Hvallátrum, en engjar betri, haglendi og útbeit í betra lagi." ÁFÍ 1959, 122


BA-139:001 *Breiðavík* bæjarhóll bústaður 65°33.120N 24°20.772V
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarit III: Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: "Breiðavík var upphaflega 36 hundruð forn, sem hafði lækkað í 30 hundruð forn 1861. Nýja matið það ár var 28,5 hundruð. Jörðin var tvíbýlisjörð, auk heimila húsfólks, sem treysti á sjóinn." Bærinn Breiðavík er í samnefndri vík um 5,8 km ANA við Hvallátra BA-138:001 og um 800 m norðan við þjóðveg 612. Gamli bæjarhóllinn í Breiðuvík er í norðvesturrótum fjallsins Halls um 300 m norðaustan við núverandi bæjarstæði og hótel í Breiðavík, um 380 m NNA við kirkju (1964) og um 160 m ASA við kirkjugarð 003.
Gamli bæjarhóllinn stendur um 5 m hærra í landslaginu en núverandi bæjarstæði í Breiðavík. Vel sést til bæjarhóls frá núverandi bæjarstæði.



Bæjarhóll 001, horft í NV.

Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarrit III: Fólkið, landið og sjórinn segir um fremri jörðina: "Íbúð; baðstofa með torf- og grjótveggjum, þiljað uppi og niðri, með lofti og gólfi, torf- og járnþaki, 10,4x3,14 (32,7 m2), vegghæð 2,51 metrar. Í baðstofuhúsinu voru 4 herbergi og eldhús, 1 eldavél og 2 ofnar. Gömul, metin á 600 krónur. 17 önnur hús, og kofar fylgdu þessum parti." Samkvæmt túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 náðu mannvirki heima við bæ yfir svæði sem var um 70x60 m að flatarmáli og lá norðaustur-suðvestur. Bæjarhólnum í Breiðavík hefur nú (2013) verið raskað að hluta þannig að norðvestan í hólnum er kassalaga 22x18 m stór hola sem liggur NA-SV. Í botni holunnar er tjörn. Umhverfis holuna að norðan, norðvestan og vestan eru grasigrónir 0,5-3 m háir hraukar af efni sem hafa trúlega komið upp úr henni. Að minnsta kosti stór kálgarður og eitt mannvirki eru horfin vegna þessa rasks ef miðað er við túnakort og eftirstandandi mannvirki á hólnum (sjá 095). Nokkur tími virðist hafa liðið síðan holan var grafin en hlutverk hennar er óþekkt. Nokkuð er þó ennþá greinilegt af mannvirkjum á hólnum á um 65x40 m stóru svæði sem liggur NNA-SSV, sunnan og suðvestan við umrædda holu. Hér er um að ræða um 30 m langa og um 12 m breiða, grjót- og torfhlaðna bæjartóft með að minnsta kosti fimm greinilegum hólfum (A-E) og tveimur dældum sem hugsanlega gætu einnig hafa verið hólf (F-G). Tóftin stendur um 2 m hærra en botn holunnar. Öll hólf tóftarinnar liggja norðvestur-

suðaustur, fyrir utan hólf E sem liggur norðaustur-suðvestur. Gengið hefur verið inn í hólfin að norðvestan. Hólf A, C og D eru samsíða með 1-1,5 m breiðum veggjum á milli. Suðausturveggir hólfanna mynda saman beina línu sem liggur norðaustur-suðavestur. Hólf A er um 3x2,5 m að innanmáli og hólf C er um 4x3,5 m. Í botni hólfs C, gróflega fyrir miðju, er um 1 m breiður og <0,4 m hár grjótveggur. Hugsanlega gæti verið hér um garðaundirstöður að ræða en þó gæti þetta einnig hafa verið veggur sem er hruninn. Hólf D hefur orðið verst úti en aðeins um 1x1,5 m bútur af suðausturhorni hólfsins er sýnilegur og er hann um 1 m djúpur. Hólf B er um 1 m ofan og suðaustan við hólf A og er það um 3x1 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og torfi, 1-2,5 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Hólf F og G eru um 3 m suðvestan við hólf B. Hófin eru lítið annað en óljósar <0,4 m djúpar grasigrónar dældir sem liggja einnig norðvestur-suðaustur og eru opnar til norðvesturs. Hlutverk hólfanna eru óljós en samfallið hólf E, sem hefur líklega verið um 6x1-2m að innanmáli, gæti hugsanlega hafa verið heystæði eða hlaða. Þrjú þó nokkuð stærri hólf eru greinileg umhverfis bæjartóftina, tvö gróflega kassalaga (H-I) hlið við hlið suðvestan við hana (13x12 m og 23x8-10 m) sem liggja NNA-SSV, og eitt L-laga (J) austan og norðaustan við hana (5-14x9-22 m) sem liggur norðaustur-suðvestur. Hólfin hafa mjög líklega verið kálgarðar. Garðlög eru greinileg umhverfis kálgarðana (H-J). Garðlögin eru grjót- og torfhlaðin, 1-2 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Þau eru sigin og vel grasigróin en þó glittir í grjóthleðslur hér og þar, þá sérstaklega austan við bæ. Hólf H hallar nokkuð niður til SSV að innan fram af SSV-brún bæjarhóls og hólf I til VNV. Að lokum er óljós röð K af grjóti sem er ofan í holunni norðvestan við bæjarhólinn, um 8 m norðvestan við hólf C. Röð K liggur norðvestur-suðaustur frá suðaustur bakka holunnar út í tjörnina um 5 m. Röðin er um 0,5 m á breidd og <0,3 m á hæð. Óljóst er hvort um mannvirki er að ræða eða hvert hlutverk þess hafi átt að vera.





Bæjarhóll 001, horft í austur. Brúin 037 liggur upp að hólnum úr vestri.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920; Vestfjarðarrit III, 233-234

BA-139:002 *Bænhústóft* tóftir bænhús 65°33.177N 24°20.840V
"Bænhústóft. Rétt norðan við veginn, þegar komið var niður á Túnbrekku, nærri slétt við jörðu, en vottaði þó fyrir umgjörð," segir í örnefnaskrá. Í Túnbrekku eru tvær þústir 014 og 087 og tvær tóftir og garðlag 002A-C. Aðeins við tóftir 002 sjást greinilegar leifar af bogadregnu garðlagi sem hugsanlega gæti hafa verið hluti af bænhúsgarði. Mannvirkin eru neðst í Túnbrekku um 3 m norðan við þúst 014 og um 100 m NNV við bæjarhól

001. Á þessu svæði er grasigróin túnbrekka. Tóftirnar eru við rætur brekkunnar þar sem landið er nokkuð sléttlent en brekkan ASA við tóft hallar um 5-10° til VNV. Fast norðvestan við tóftirnar hefur svæðið verið sléttað í tún og röð af stóru grjóti hefur verið ýtt upp að tóftunum út úr túni. Stór skurður sem liggur norðaustur-suðvestur skilur nú á milli tóftanna og sléttaðs túns.



Meint bænhústóft, horft í vestur. Fjær sést yngri kirkjugarður, sjá 003.



Tóftir A og B ásamt gerði C eru á svæði sem er um 25 m á lengd, um 15 m á breidd og liggur NNA-SSV. Tóft A er nyrst, um 10 m á lengd, um 6 m á breidd og liggur VNV-ASA. Tóftin er tvískipt og gengið hefur verið inn í hana að vestanverðu. Hólf I er um 4x1 m að innanmáli og liggur VNV-ASA. Um 1 m vestan við það er hólf II. Hólf II er um 2x1 m að innanmáli og snýr líkt og hólf I. Hlutverk þessarar tóftar er óljóst en líklega er hér um útihús að ræða frekar en bænhústóft. Tóft B er fast SSV við tóft A. Tóftin er einföld og liggur samsíða tóft A VNV-ASA. Innanmál B er mjög óljóst en er trúlega um 4x2 m. Veggir tóftanna eru signir og grasigrónir og því aðeins 0,2-0,4 m á hæð, 2-3 m á breidd og vel rúnaðir. Engar grjóthleðslur eru greinilegar. Líkt og tóft A þá er hlutverk B óljóst. Hér gæti verið um bænhús að ræða en þó kæmu aðrir möguleikar einnig til greina eins og t.d. að hér hafi verið smiðja eða gripahús. Tóft A virðist vera aðeins yngri og greinilegri en tóft B. Fast SSV við tófirnar er fallegt og greinilegt bogadregið garðlag sem myndar hálfhring sem er 10-12 m í þvermál að innan. Garðlagið er um 2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Aðeins tvö grjót eru greinanleg í garðlaginu sem annars virðist torfhlaðið og nokkuð sigið. Engin ummerki virðast vera um að tóft hafi verið í miðju hólfsins. Þar sem garðlagið er bogadregið gæti vel verið um leifar af bænhúsgarði að ræða en þar sem engin ummerki eru um mannvirki í miðju þess og tóftir A og B eru nokkuð NNA við það og jafnvel byggðar ofan í það gæti einnig verið um venjulegt aðhald eða rétt að ræða. Frekari rannsóknir þarf til að skera úr um nákvæmt hlutverk þessara mannvirkja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 14

BA-139:003 kirkjugarður útkirkja 65°33.154N 24°21.047V
"Hólavöllur. Rétt neðan við Brúna [047], aðeins til vinstri handar, þegar farið var frá bænum, var lángur hóll. Á honum var kirkjugarður, og þar stóð kirkjan. Annar hóll var rétt sunnan kirkjunnar" segir í örnefnaskrá. Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarrit III, Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: "Í Breiðavík var bændakirkja, frá 1825 sóknakirkja fyrir íbúa "víkna", (Keflavíkur, Látra, Kollsvíkur, auk Breiðavíkur). Áður þurftu þeir að ganga alla leið til Bæjar til að meðtaka guðsorðið. Þar var timburkirkja, byggð 1899, metin á 1800 krónur 1916, sem var frekar lítið. Hún gekk af sér, og var orðin afar léleg þegar ný kirkja, steinsteypt, leysti hana af hólmi 1964. "Kirkjubóndinn" (ríkið frá 1930), kostaði rúmlega helming smíðinnar, en kirkjan hafði verið í umsjá safnaðarins frá 1957." Kirkjugarðurinn í Breiðavík er á Hólavelli um 200 m VNV við bæjarhól 001 og um 300 m norðan við Breiðavík (1912).

Hólavöllur er grasi gróinn lágur sandás eða bakki sem liggur NNA-SSV og er hluti hans sléttaður að austan. Malarvegur liggur frá Breiðavík vestan með Hólavelli í NNA að kirkjugarðinum vestanverðum þar sem



Kirkjugarður 003, horft í NV.



Kirkjugrunnur 003, horft í vestur.

er malarplan. Um 20 m breið og 0,5-1 m djúp dæld dæld er milli malarplans og kirkjugarðs. Austan við ásinn eru sléttuð tún og skurðir.

BREIÐAVÍK (VB) (SAURBÆJARÞING) - HÁLFKIRKJA

1431: Anno domini m. cd. xxx. j. skipade herra Johannes med gudz nad biskup j Skalhollti halfkirkiv j breidavijk er liggur j Savrbæar þijngum med þeim maldaga: ad hvn skal eiga x hvndrad j heimalandi. sem Þordur jonsson gaf henni. er þa atti greinda jord. skal hvn taka heima manna Tijvnder oc lysitolla alla meire og menne. oc luka presti ij merkur kaups; Vmáld DI IV 469. {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 79}. 1703: Þar er hálfkirkja, og er þar embættað tvisvar á ári. Hefur prestur þar fyrir af kirkjujarðarinnar eignarmanni ei nema vi álnir (eins og af bænhúsum plagast eftir dómi hr. Odds). Skulu þar hafa verið tvö kirkjukúgildi, nú úr fallin. JÁM VI, 313. 31.12.1824: Kirkja í Breiðuvík gerð að sóknarkirkju; (PP, 179) [konungsbréf] Undir þessa sóknarkirkju lágu Keflavík, Hvallátur, Breiðavík, Láginúpur og Kollsvík. Í Sýslum og sóknalýsingum frá árinu 1840 segir m.a.: [Breiðuvíkurkirkja á] tiltekið pláss í [Látrabjargi] og Geldingsskorardal, sem er hvilft í bjargið og fuglabjarg." Kirkjugarður Breiðavíkur hefur nýlega verið endurbættur en timburkirkja stóð í garðinum fram til 1963. Miðað við endurhlaðinn grunn hennar innan við kirkjuhliðið virðist kirkjan hafa staðið um 4 m innan við hliðið, verið um 4x6 m að flatarmáli og snúið VNV-ASA. Kirkjugarðurinn er um 22x25 m að stærð og liggur NNA-SSV. Minnismerki í kirkjugarðinum um gömlu kirkjuna var reist 2006. Í garðinum eru þó nokkur ómerkt leiði en elstu steinar virðast vera basaltsteinar frá 19.öld og liggja þeir flatir. Flest merkt leiði eru frá 20.öld. Garður umhverfis kirkjugarðinn hefur greinilega verið endurbættur nýlega og er hlaðinn úr torfi og grjóti, allt að 1,5 m hár. Kirkjugarðurinn er ósléttaður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM VI, 313; Ö-Breiðavík, 15; DI IV 469; PP, 179; SSV, 214

BA-139:004 tóft+garðlag fjós 65°33.149N 24°20.768V



Fjós o.fl. 004, horft í SA.

Á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 er tvískipt hús og gerði eða kálgarður um 20 m norðan við bæjarhól 001 fast norðan við götu 092. Í örnefnaskrá segir m.a.: "Síða. Það var túnhlutinn fyrir neðan götu og heiman Lambhústún [sjá 009 og 010]. Náði heim að kúahlöðu og fjárhúsi, sem stóðu skammt fyrir norðan bæinn, og að neðanverðu heim að Túnbrekku. Túnbrekka. Niður af fyrrnefndri hlöðu og fjósi, sem var áfast henni og nær bænum, svo og niður af bæjarhúsunum, var svonefnd Túnbrekka." Þessar lýsingar koma heim og saman við þrískipta tóft og gerði 004A og 004B sem eru um 30 m norðan við bæjarhól 001 og um 65 m suðaustan við bænhús 002 í Túnbrekku.

Á þessu svæði er grasigróinn hóll eða hjalli sem er um 35x40 m að flatarmáli, 0,5-1 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur. Graslendið er tekið að hlaupa í þúfur. Ekkert grjót er innan gerðis. Fast suðvestan við hólinn eru grasigrónar 1-1,5 m háar hrúgur (15x25 m svæði sem liggur norðvestur-suðaustur) af uppmokstri úr stórri og djúpri holu sem grafin hefur verið niður í bæjarhólinn norðvestanverðan og hylja þessar hrúgur suðurhorn gerðis B.

Tóft A og gerði B eru samtengd á svæði sem er um 16x22 m að flatarmáli og liggur ANA-VSV. Tóft A er þrískipt, um 15x16 m að flatarmáli og liggur NNV-SSA. Veggir hennar eru grjót- og torfhlaðnir, 0,2-1,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Öll hólf tóftarinnar liggja NNV-SSA. Hólf I er stærst og greinilegast. Það er einfalt, um 12x2 m að innanmáli og 0,5-1,2 m á dýpt. Gengið hefur verið inn í hólfið að NNV og er hugsanlega hægt að greina leifar af hlöðnum inngangi sem fallinn er saman. Engar greinilegar jötur eða garðaundirstöður eru sjáanlegar í þessari tóft en út frá lögun er líklegra að hér hafi verið fjárhús með jötum frekar en fjós. Hólf II er vestan við norðurenda hólfs I. Um 1-2 m breiður veggur skilur á milli þeirra. Hólf II er um 4x2 m að innanmáli og er það opið til NNV. Hlutverk þessa hólfs er óljóst en hugsanlega gæti hafa verið timburþil þar sem gengið var inn. Austan við mitt hólf I er svo hólf III. Þetta hólf er mjög óljóst og eru veggir þess útflattir, eða varla 0,2-0,5 m á hæð, og botn þess stendur um 1,5 m hærra en botn hólfs I. Innanmál er óljóst en hefur trúlega verið um 4x4-5 m að innanmáli. Gengið hefur verið inn að NNV. Hugsanlega gæti verið hér búið að fylla upp í fjós og hlöðu sem nefnd voru í örnefnaskrá og að þetta hólf hafi náð lengra til norðurs. Fast SSA við hólf III í sléttu graslendi er L-laga mjó dæld sem er um 10 m á lengd, um 1 m á breidd og <0,3 m á dýpt. Tilgangur hennar er óljós en þó gætu þetta verið leifar af einhverskonar mannvirki sem hefur verið sléttað. Þó nokkrar endurbætur og rask hafa að minnsta kosti átt sér stað síðan túnakort var gert um 1920. Gerði B er fast VSV við tóft A. Gerðið er um 9x16 m að innanmáli og liggur NNV-SSA. Samkvæmt túnakorti var gerðið um 20 m á breidd og um 25 m á lengd og lá ANA-VSV svo að það virðist sem að gerðið hafi hugsanlega verið lengt til suðurs en stytt til vesturs. Garðlag umhverfis gerðið er hlaðið úr torfi og grjóti, um 1 m á breidd og um 0,2-0,5 m á hæð. Það liggur í VSV út frá SSV-horni hólfs II um 6 m áður en það beygir hornrétt í SSA. Í SSA liggur garðlagið um 6 m áður en það hverfur undir uppmokstur úr holu norðvestan við bæjarhól 001. Út frá SSV-horni hólfs I eru óljósar hleðslur og skarpur bakki sem er um 0,2-0,4 m á hæð og liggur 7 m í SSA að tröð 092 sem myndar suðurenda gerðisins. Tröðin hverfur einnig undir uppmokstur í vestri. Engin ummerki sjást um garðlag í vestur út frá suðvesturhorni hólfs I líkt og sýnt er á túnakorti. Hér hefur líklega verið einhvers konar aðhald fyrir búpening eða kálgarður. Teikning af rústunum er með bæjarhól 001 hér framar.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Breiðavík, 14

BA-139:005 tóft útihús 65°33.060N 24°20.771V



Tóft 005, horft í NV.



Á túnakorti Breiðavíkur frá árinu 1920 er mannvirki eða hús sýnt um 115 m sunnan við bæ 001 og um 230 m VSV við hesthús 007. Þessi staðsetning kemur heim og saman við einfalda útihústóft sem er neðarlega í norðvesturhlíð Halls um 110 m sunnan við bæjarhól 001 og um 230 m VSV við hesthús 007.
Á þessu svæði er grasigróin þýfð og grýtt brekka sem hallar um 5-30° til vestnorðvesturs. Fast framan og VNV við tóftina er 2-3 m breiður og um 10 m langur nokkuð láréttur grasigróinn hjalli sem liggur NNA-SSV meðfram tóftinni en hún hefur trúlega verið grafin örlítið niður í brekkuna. Austan við tóftina hallar brekkan 20-30° en að vestan 5-10°. Tóftin er einföld, um 9 m á lengd, um 6 m á breidd og liggur VNV-ASA. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir en nokkuð signir inn í tóftina, 1,5-2 m á breidd, 0,5-1,5 m á hæð að innan en 0,4-1,2 m utan við tóftina. Gengið er inn að VNV en inngangur er um 0,5 m á breidd og greinilegur þó hann sé siginn saman. Inngangur er á VNV-vegg í vesturhorni tóftar fast NNA við SSV-vegg. Engar jötur eða garðaundirstöður eru greinilegar vegna hruns. Hugsanlega gæti hafa verið hér fjár- eða hesthús.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

BA-139:006 *Brunnhús* heimild um vatnsból 65°33.079N 24°20.890V

"Kaldibrunnur [048] (eða Kaldabrunnur). Skammt utan við áðurnefndan hrygg [Klungur] fór graslendið í Brekkunni að dragast saman niður að mýrlendinu og endaði loks í horni. Í lægð fyrir utan hrygginn var uppspretta og hlaðinn utan um lítill brunnur. Þetta var Kaldabrunnur. Úr honum rann lækur niður í mýri fyrir neðan og síðan heim eftir. Hér um bil í vestur frá bænum var í 80-100 m fjarlægð byggt hús yfir lækinn. Þar var tekið neyzluvatn, þvegnir þvottar og afvatnað saltmeti. Héðan rann lækurinn svo neðan við Tungur, og í framhaldi af honum var Brúarlækur. Brunnhús. Það var fyrrnefnt hús [006], sem lækurinn rann í gegnum," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá því um 1920 er lítið mannvirki sýnt um 80 m VSV við bæ 001 í vestur- og suðvesturjaðri heimatúns. Ekki er útilokað að um sé að ræða Brunnhúsið sem nefnt er hér að ofan en þó er því til foráttu að enginn lækur er teiknaður til eða frá mannvirkinu.



Hugsanleg staðsetning á Brunnhúsi 006, horft í SV.

Vestan undir bæjarhól 001 eru sléttuð tún, framræstar þýfðar mýrar, skurðir og uppkastshrúgur.
Ekki er útilokað að mannvirki 006 á túnakorti 1920 sé Brunnhúsið en þó er einnig hugsanlegt að Brunnhúsið hafi verið staðsett á svipuðu svæði en utan við heimatún og sjáist því ekki á túnakortinu. Svæðinu hefur verið mikið raskað svo ekki er hægt að sjá hvar mannvirki stóðu eða lækir runnu áður á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 16; Túnakort 1920


BA-139:007 tóft útihús 65°33.130N 24°20.529V

Í örnefnaskrá segir svo: "Hundruð. Svo nefndist sá hluti, sem syðri jörðin átti í brekkunni fyrir framan Enni. Fremst og efst á Hundruðunum, í túnjaðrinum, var hesthús." Þrískipt tóft er í suðausturhorni gamla heimatúnsins áfast túngarði 015 að vestanverðu um 80 m sunnan við tóft lambhús og hlöðu 008 og um 190 m austan við bæjarhól 001. Tóftin stendur hátt norðan undir Halli í grasigróinni brekku sem hallar 5-10° til norðurs niður að tóft 008.



Tóft 007, horft í vestur.

Tóftin er þrískipt, um 12 m á lengd, um 5-7 m á breidd og liggur gróflega austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru torf- og grjóthlaðnir (hellur og hraungrýti), 1-1,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Túngarður 015 liggur á þessum stað NNA-SSV niður brekkuna og tengist hann tóftinni við norðaustur og suðausturhorn hennar. Hólf A er stærst eða um 5x2 m að innanmáli og liggur austur-vestur. Gengið var inn í hólfið að norðanverðu um 0,5 m breiðan inngang sem er staðsettur á norðurvegg um 1 m austan við norðvesturhorn hólfsins. Mikið grjóthrun er inni í hólfinu úr veggjum tóftar. Hólf B er austan við hólf A og skilur um 1 m þykkur veggur á milli þeirra. Hólf B er um 2x2,5 m að innanmáli og liggur einnig austur-vestur. Gengið er inn í hólfið í gegnum norðurvegg um 0,5 m breiðan inngang fast austan við vesturvegg hólfsins í norðvesturhorni þess. Leifar af hvalbeini úr þaki eru sjánlegar efst í vegg í norðausturhorni tóftar. Ekki virðist hafa verið innangengt úr hólfi A yfir í B en greinilegur 0,5 m breiður samfallinn inngangur er milli hólfa B og C. Hugsanlegt er að stór hella hafi verið yfir innganginum sem er fallin inn í hólf B. Gengið var inn í hólf C til suðurs í suðvesturhorni hólfs B í gegn um suðurvegg, um 0,5 m austan við vesturvegg. Veggir hólfs C standa um 2,5 m til suðurs út úr tóftinni suðaustanverðri. Innanmál hólfs C er 1x2 m og liggur það norður-suður þvert á hin tvö hólfin. Inni í hólfi C er inngangur í gegn um norðurvegg, fast upp við austurvegg í norðausturhorni hólfs. Hleðslur eru nokkuð signar inn í tóft í öllum hólfum. Óljóst er hvaða tilgangi tóftin hefur gengt en ekki er útilokað að hér hafi verið fjárhús eða hesthús. Samkvæmt örnefnaskrá á að hafa staðið hesthús á þessu svæði en óljóst hvort átt er við tóft 007 eða þúst 084.



Túngarður 015

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 14


BA-139:008 tóft lambhús 65°33.174N 24°20.538V

Á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 er skráð útihús um 210 m ANA við bæjarhól 001 og um 50 m vestan við túngarð 015. Í örnefnaskrá Breiðavíkur segir m.a.: "Aukatún. Það tilheyrði nyrðri jörðinni og var niður af fremsta hluta Hundraðanna, en fyrir ofan fyrrnefnda götu [041] sem lá fram á Stöðulholt [035]. Þetta Aukatún var ... viðbót við eldra túnið, líklega ekki ræktað neitt að ráði, fyrr en rétt fyrir síðustu aldamót." Þessar lýsingar koma heima og saman við tóft 008 sem er um 200 m ANA við bæjarhól 001, um 70 m suðvestan við útihústóft 011 og um 45 m vestan við túngarð 015..



Tóft 008, horft í NV

Á þessu svæði er grasigróið gamalt tún sem er smágrýtt og tekið að hlaupa í þúfur. Brekkan þar sem tóftin er hallar 5-10° til NNV. Tóftin er tvískipt, um 16 m á lengd, um 6 m á breidd og liggur ANA-VSV. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir hennar um 1,5 m á breidd og um 1-1,5 m á hæð (4-10 umför). Tóftin er byggð upp við brekku og er útveggur að sunnan verðu því aðeins 0,2-0,5 m á hæð að utan en 1-1,5 m hár að innan. Hólf A var lambhús og eru greinilegar garðaundirstöður í miðju hólfi. Hólfið er um 6x3 m að innanmáli og liggur ANA-VSV. Garðaundirstöðurnar eru grjóthlaðnar og vel grasigrónar, um 5,5 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Krær sitt hvoru megin við garða hafa verið um 1 m á breidd. Um 0,5 m breitt bil er milli vesturveggjar og garða þar sem hægt hefur verið að ganga á milli krónna. Svo virðist sem aðeins hafi verið gengið inn í tóftina á einum stað í gegn um norðurvegg inn í lambhúsið, í norðvesturhorni tóftar fast upp við vesturvegg hennar. Inngangur er um 0,5 m á breidd. Austan við lambhúsið var hlaðan eða hólf B. Hlaðan er nokkuð stór og er gólf hennar að minnsta kosti 0,3 m lægra en gólf lambhússins. Enginn grjótveggur er milli hólfanna svo líklega hefur verið skilið á milli hlöðu og lambhúss með timburþili. Hólf B er um 7x3 m að innanmáli og liggur ANA-VSV líkt og hólf A. Enginn inngangur er inn í hlöðu í gegn um grjótveggina svo mjög líklega hefur verið hlöðugat í þaki, hugsanlega á austurgafli. Þak er þó alveg horfið og mikið er um grjóthrun úr veggjum í gólfi tóftar bæði í hólfi A og B.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Breiðavík, 14

BA-139:009 tóft hesthús 65°33.182N 24°20.633V


Á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 eru skráð tvö útihús 009 og 010 um 160-180 m norðaustan við bæ 001. Í örnefnaskrá Breiðavíkur segir m.a.: "Lambhústún. Það var niður af Aukatúninu heimanverðu, neðan við götuna, sem fyrr var nefnd. Viðbót við þetta tún, fram að túngarðinum, var verið að rækta um líkt leyti og Aukatúnið [008]. Á þessu túni var hesthús [009] og lambhús [010]," segir í örnefnaskrá. Þessi lýsing passar vel við fyrrnefndar tóftir sem sjást á túnakorti Breiðavíkur. Hesthús 009 og samfastur kálgarður sem ekki er merktur inn á túnakort Breiðavíkur eru um 150 m norðaustan við bæjarhól 001, um 30 m sunnan við lambhús 010 og um 75 m vestan við lambhús 008, fast neðan og norðan við núverandi vegslóða (sjá 041) sem liggur til ANA út úr heimatúni. Á þessu svæði er nokkuð flatlent grasigróið heimatún sem hallar 0-5° til NNV. Nokkrir stórir steinar standa á þessu svæði upp úr graslendinu.

Mannvirkið samanstendur af hesthúsi og kálgarði sem eru saman um 19 m á lengd, um 8 m á breidd og liggja norðaustur-suðvestur. Hesthúsið sjálft er um 8 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn að norðvestanverðu og er inngangurinn nokkuð greinanlegur þó hann sé samfallinn. Veggir tóftarinnar

eru signir og vel grasigrónir, um 2 m á breidd, 0,4-1,2 m á hæð og eru stórir klettar hluti af suðausturvegg. Innanmál tóftarinnar er um 4x2 m. Botn hennar er ójafn vegna hruns. Kálgarður er fast suðvestan við hesthúsið og sjást óljósar leifar af garðlögum sem legið hafa umhverfis garðinn. Kálgarðurinn liggur norðaustur-suðvestur líkt og hesthústóftin. Að sunnan er hluti garðlagsins horfið í vegslóða en sést þó nokkuð greinilega að öðru leiti. Þar er það um 2 m á breidd og 0,3-0,3 m á hæð. Hins vegar eru suðvestur- og norðvesturhliðar garðlagsins óljósar og




Tóft 009, horft í suður.



aðeins sjást þar daufar, grasigrónar <0,3 m háar ytri brúnir. Innanmál kálgarðsins hefur verið um 11x8 m og er lítill sem enginn halli í botni þess. Beð eru ennþá nokkuð greinileg inni í garðinum. Má greina um átta beð sem mynda hálfgert öldumynstur. Beðin liggja norðvestur-suðaustur og er hvert um sig um 1 m á breidd. Um 0,2-0,3 m eru á milli beða og eru toppar þeirra um 0,2 m háir. Þessi kálgarður er ekki sýndur á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 en staða og stærð hússins sjálfs passar vel við útihús sem merkt er þar á þessum stað. Líklega hefur kálgarðurinn því verið gerður eftir 1920.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Breiðavík, 14

BA-139:010 tóft lambhús 65°33.199N 24°20.641V





Tóft 010. horft í SA.


Á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 eru skráð tvö útihús 009 og 010 um 160-180 m norðaustan við bæ 001. Í örnefnaskrá Breiðavíkur segir m.a.: "Lambhústún. Það var niður af Aukatúninu heimanverðu, neðan við götuna, sem fyrr var nefnd. Viðbót við þetta tún, fram að túngarðinum, var verið að rækta um líkt leyti og Aukatúnið [008]. Á þessu túni var hesthús [009] og lambhús [010]," segir í örnefnaskrá. Þessi lýsing passa vel við fyrrnefndar tóftir sem sjást á túnakorti Breiðavíkur. Lambhús 010 er um 180 m NNA við bæjarhól 001, um 50 m norðaustan við Brú 027 og um 30 m norðan við lambhús 009. Á þessu svæði er grasigróin brekka í heimatúni sem hallar 2-5° til NNV. Lambhúsið er einfalt, um 7,5 m á lengd, um 5,5

m á breidd og snýr NNV-SSA. Gengið hefur verið inn að norðanverðu undan brekkunni. Inngangur er nokkuð siginn saman en ennþá greinanlegur í miðjum NNV-vegg og hefur hann verið um 0,5 m á breidd. Innanmál tóftar er um 5x2,5 m. Í miðju tóftar eru hugsanlega signar garðaundirstöður sem eru um 0,5 m breiðar og <0,3 m á hæð. Tóftin er hlaðin úr torfi- og grjóti og eru veggir hennar 1-1,5 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð (3-6 umför). Nokkuð er um ávalt grjót í veggjunum gróið skófum. Hleðslur eru teknar að bólnga út að innan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Breiðavík, 14

BA-139:011 tóft+garðlag útihús 65°33.210N 24°20.472V




Tóft 011, horft í SA.



Á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 er merkt inn mannvirki fast vestan við túngarð 015 um 270 m ANA við bæjarhól 001. Á þessu svæði eru nú (2013) tvískipt útihústóft A ásamt gerði B fast vestan og innan við túngarð 015, um 80 m norðaustan við tóft 008 og um 280 m ANA við bæjarhól 001.
Á þessu svæði er grasigróið og þýft gamalt tún sem er grýtt hér og þar. Fast norðan og neðan við tóftina er gamli vegslóðinn frá bæ sem liggur í ANA út úr heimatúninu.
Tóft A og gerði B eru á svæði sem er um 30x20 m að flatarmáli og liggur norður-suður. Tóft A er um 4 m vestan við túngarð 015. Tóftin er tvískipt, um 11 m á lengd, 5-6 m á breidd og liggur austur-vestur. Veggir hennar eru grjót- og torfhlaðnir, 1,2-1,5 m á hæð (3-6 umför) og 1-2 m á breidd. Hólf I er um 4x2 m að innanmáli og liggur austur-vestur. Gengið hefur verið inn í hólfið að vestan verðu, hugsanlega um timburþil, en seinna virðist hafa verið hlaðið fyrir vesturendann um 2,5 m löngum, um 1 m breiðum og um 0,5 m háum vegg sem lokar nú hólfinu. Greina má hugsanleg ummerki um glugga eða samfallinn inngang á norðurvegg í norðausturhorni hólfsins. Veggir eru nokkuð teknir að síga inn. Hlutverk þessa hólfs er óljóst en hugsanlega gæti hafa verið hér hlaða eða fjárhús en þó eru engin greinileg ummerki um garðaundirstöður. Hólf II er austan við hólf I og skilur um 2 m breiður veggur á milli þeirra. Hólf II er einnig 4x2 m að innanmáli en liggur norður-suður. Hólfið er opið til norðurs og hefur þar trúlega verið timburþil. Greinilegar grasigrónar undistöður jötu eru meðfram austurvegg hólfsins. Undirstaðan er grjóthlaðin, 0,3-0,4 m á breidd og <0,3 m á hæð. Hlutverk hólfsins er óljóst en hugsanlega gæti hafa verið hér hesthús. Stórt rofabarð er ofan í norðurvegg tóftarinnar. Gerði B er fast sunnan við tóft A og hefur það trúlega þjónað sem aðhald eða rétt fyrir búpening. Gerðið er um 15 m á lengd, um 10 m á breidd og liggur austur-vestur. Garðlagið eða veggur gerðisins er grjóthlaðinn og 1-1,2 m á breidd en <0,3 m á hæð (1-2 umför). Garðlagið liggur til suðurs frá suðvesturhorni tóftar A um 9 m þar sem það beygir til ASA. Garðlagið liggur gróflega samsíða langás tóftar A um 13 m í ASA þangað til það tengist túngarði 015. Túngarður 015 er austurveggur gerðisins. Tóft A þjónar að miklu leiti sem norðurveggur gerðissins en þó sjást leifar af um 4 m löngum, um 0,5 m breiðum og <0,3 m háum (1 umfar)) grjóthlöðnum garði sem tengir austurenda tóftar A (nær suðausturhorni) við túngarð 015 og lokar þar með gerðinu að norðaustanverðu. Enginn greinilegur inngangur er lengur inn í hólfið þar sem hleðslur eru mjög signar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

BA-139:012 tóft+garðlag útihús 65°33.227N 24°20.463V



Einföld tóft A og lítið gerði B eru fast vestan við túngarð 015 um 20 m norðan við fjárhús 011, um 300 m norðaustan við bæjarhól 001 og norðan og neðan við núverandi vegslóða sem liggur í ANA frá bæjarhól út úr heimatúni. Garðlagið er áfast túngarði 015 í norðausturhorni gerðis. Þessi mannvirki eru ekki sýnd á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920. Hugsanlega hafa þær verið fallnar úr notkun er kortið var teiknað eða staðið utan túngarðs.
Á þessu svæði er grasigróin brekka í gamla heimatúninu sem hallar 2-5° til norðurs.
Tóft A og gerði B ná saman yfir svæði sem er um 13 m á lengd, um 8 m á breidd og liggur norður-suður. Tóft A er einföld, um 4 m á lengd, um 3,5 m á breidd og liggur norður-suður. Veggir hennar eru grjóthlaðnir og vel grasi- og mosagrónir, um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð (3-4 umför). Gengið var inn í tóftina að norðan og ekki er ólíklegt að þar hafi verið timburþil. Innanmál tóftar er 2,5-3x1-1,5 m. Gerði B er um 0,5 m norðan við tóft A. Gerðið samanstendur af mjög illa förnu garðlagi sem er lítið annað en einföld um 1 m breið röð af grjóti sem er <0,2 m hæð og myndar 6x6 m stórt hólf upp við túngarði 015 vestanverðan. Gengið hefur verið inn í hólfið trúlega við túngarð 015 í suðausturhorni gerðis þar sem um 2,5 m breitt op er á milli garðlags og túngarðs. Hlutverk mannvirkjanna er óljóst en hugsanlega gæti hafa verið hér hrútakofi eða lítið hesthús og aðhald eða rétt fyrir búpening.




Tóft 012, horft í suður.

Hættumat: engin hætta

BA-139:013 tóft útihús 65°33.043N 24°20.771V



Tóft 013, horft í NV



Grjóthlaðin tóft er neðarlega í vesturhlíð Halls um 130 m sunnan við bæjarhól 001, 30 m sunnan við tóft 005 og um 260 m ANA við Breiðavík (1912). Þessi tóft er ekki sýnd á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920. Þessi mannvirki eru ekki sýnd

á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 en hefðu þó verið innan túngarðs 015 á þeim tíma. Hugsanlega hafa þær verið fallnar úr notkun er kortið var teiknað.
Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 5-10° til norðvesturs. Tóftin stendur á mjóum hjalla í brekkunni og er hér um að ræða sama hjalla og tóft 005 stendur á. Tóftin er þrískipt og L-laga, um 12 m á lengd, um 8 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og torfi en hleðslur eru signar og veggir því aðeins 0,5-1 m á hæð (3-6 umför) og 1-1,5 m á breidd. Langásar hólfa snúa allir norðvestur-suðaustur. Hólf A er stærst eða um 6x1-1,5 m að innanmáli en mikið grjóthrun úr veggjum er inni í hólfinu. Gengið hefur verið inn að norðvestan. Hólf B er suðaustan við hólf A og er það um 3x2 m að innanmáli. Botn B virðist um 0,5 m hærri en botn A. Mun minna er af grjóthruni inni í hólfi B. Um 1 m breiður veggur skilur milli hólfa A og B. Hólf C er norðaustan við hólf A. Hólf C er um 3x1,5 m að innanmáli en um 1,5 m breiður veggur skilur á milli hólfa A og C. Hugsanlega hefur verið gengið inn í hólf C að norðvestanverðu líkt og í hólfi A en vegna sigs veggja er enginn inngangur þar greinanlegur. Hólf A og C eru 0,5-1 m á dýpt á meðan hólf B er <0,4 m á dýpt að innan. Hlutverk tóftar er óljóst en ekki er útilokað að hér hafi verið fjárhús og hlaða eða stekkur.
Hættumat: engin hætta

BA-139:014 þúst útihús 65°33.159N 24°20.844V
Þúst 014 er vestan og neðan girðingar í Túnbrekku um 90 m NNV og neðan við bæjarhól 001, um 2 m sunnan við hugsanlegan bænhúsgarð 002B. Þústin er í grasigróinni brekku (Túnbrekku) sem hallar 2-5° til norðvesturs og liggur hún niður í grasigróna mýri sem ræst hefur verið fram með skurðum. Brekkan er norðvestan í hjalla sem er um 50 m norðvestan við útihús 004. Þúst 014 er tvískipt, um 12 m á lengd, um 10 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Þústin er vel grasigróin og hleðslur eru svotil útflattar því veggir eru varla 0,2-0,4 m á hæð og 2-4 m á breidd. Hér hafa mjög líklega verið tvískipt útihús og hafa hólfin bæði snúið norðvestur-suðaustur. Hólf A er suðvestan við hólf B. Hólf A er um 8-9 m á lengd en varla um 1 m á breidd. Gengið hefur verið inn að norðvestan. Lítið sem ekkert grjót er sjáanlegt á yfirborði en hugsanlega glittir þó í hleðslur í suðausturenda hólfsins. Hólf B er um



Þúst 014, horft í austur.

4 m norðaustan við hólf A. Hólf B er um 3,5x2 m að innanmáli en enginn inngangur er sjáanlegur. Nákvæmt hlutverk er óljóst en ekki er útilokað að hér hafi staðið einhvers konar útihús.
Hættumat: engin hætta

BA-139:015 garðlag túngarður
65°33.119N 24°20.547V
"Hér er komið heim að túngarði, sem var fyrir framan túnið og náði niður undir mýrar. Stöðullinn [035] var skammt frá túngarðinum, ofan til við veginn, frá bæjunum og fram á Stöðulholt." Túngarður 015 í Breiðavík er enn til staðar óslitinn við rætur Hallsins í suðaustur- og austurjaðri gamla heimatúnsins í Breiðavík 80-300 m frá bæjarhól 001.
Suðaustan við bæjarhól 001 liggur túngarðurinn um grýtta hálfgróna fjallshlíð Hallsins sem hallar 5-20° til VNV og NNV, fast ofan við gamla grasigróna heimatúnið. Austan við bæjarhól 001 liggur túngarðurinn um hálfgróinn mel norður í mýri.
Túngarðurinn er grjóthlaðinn, um 725 m langur, 0,5-1 m breiður og 0,2-1 m á hæð (2-10 umför). Hleðslur eru nokkuð signar en garðurinn er greinilegastur suðaustan og ofan við bæjarhól 001. Garðurinn kemur



Hluti af túngarði 015, horft í suður.


í ljós í suðri í grýttu graslendi ofan og norðaustan við Klungrin. Þaðan liggur hann í NNA um 150 m í mildum bugðum og beygjum heim í átt að bæjarhól. Um 100 m suðaustan við bæjarhól 001 beygir túngarðurinn meðfram Hallinum og liggur um 150 m í ANA út í suðausturhorn heimatúnsins. Þar beygir túngarðurinn til NNA og liggur austur fyrir túnið um 130 m áður en hann breytir aftur um átt og liggur í norður 125 m. Þar er komið í norðausturhorn gamla heimatúnsins. Héðan beygir túngarðurinn frá heimatúninu í norðaustur og liggur um 150 m fram af bökkunum niður í mýri. Þar tengdist hann áveitukerfi 047 með skörpu horni þar sem garðurinn beygir til norðvesturs út í mýrina og endar við stóran og breiðan áveituskurð. Á loftmynd má sjá að garðlag þetta lá áður langa leið í norðvestur út í mýrina áður en svæðið var ræst fram. Um 100 m ASA við bæjarhól 001 hefur verið hlaðið óvenjulegt lítið hólf A ofan á túngarðinn. Hólfið er einfalt og grjóthlaðið, um 2 m á lengd, um 1,5 m á breidd og liggur ANA-VSV. Innanmál er um 1,2x0,5 m. Veggir hólfsins eru ein röð af grjóti 0,2-0,3 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð (1-2 umför). Botn hólfsins er túngarðurinn sem þarna á þessu svæði er um 1 m á hæð að norðanverðu og 0,2-0,4 m á hæð að sunnanverðu ofar í brekkunni. Hlutverk þessa hólfs er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Breiðavík, 13



Hluti af túngarði 015, horft í suðvestur.

BA-139:016 *Klungrahlaða* tóft fjárhús 65°33.002N 24°20.865V





Klungrahlaða 016, horft í NV.

"Góðan spöl fyrir sunnan Enni gekk hryggur niður Brekkuna og dálítið niður í Mýrlendi neðan Brekkunnar. ... Á nefndum hrygg var nokkuð grýtt og þýft, eins og raunar var yfirleitt í Brekkunni. Sá staður var nefndur Klungur. Klungrahlaða. Það var hlaða ofan til við Klungrin. Áfast henni var fjárhús," segir í örnefnaskrá. Klungrahlaða er í norðvesturbrún hjalla vestan undir Halli um 225 m SSV við bæjarhól 001 og um 170 m austan við gamla steinhúsið í Breiðavík (1912). Hjallinn, sem er milli núverandi bæjarstæðis og fjallsins sem nefnist Hallur, er 2-3 m á hæð að norðvestanverðu og stórgrýttur en grasi- og mosagróinn. Brekka milli fjalls og tóftar hallar 10-20° til norðvesturs niður á brún hjallans. Grasigróin mýri og skurðir taka við neðan og norðvestan við hjallann. Tóftin er tvískipt, um 9 m á lengd, um 5 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, 1-1,5 m á breidd og 1-1,2 m á hæð (4-8 umför). Hugsanlega hefur hluti tóftar verið grafinn ofan í hjallann. Leifar af þaki eru ennþá í tóftinni norðvestanverðri. Eftir þeim leifum að dæma hefur þakið verið byggt úr timbri og bárujárni sem haldið var einnig niðri með torfi en það er nú hrunið inn í tóftina og að stórum hluta horfið. Gengið var inn í


tóftina að norðvestan um 0,5 m breiðan inngang í gegnum norðvesturvegg fast upp við suðvesturvegg í vesturhorni tóftarinnar. Inngangur er siginn saman en ennþá greinilegur. Gengið var þar inn í hólf A sem er um 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustur af hólfi A er hólf B sem er um 2x2 að innanmáli en hleðslur þar eru nokkuð signar inn í tóftina. Inngangur er ekki vel greinanlegur milli A og B vegna sigs veggja. Engar undirstöður garða eða jötur eru greinanleg í tóftinni en hólf B hefur líklega verið hlaðan á meðan hólf A þjónaði sem fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðavík, 16

BA-139:017 *Breiðavíkurver* tóft verbúð 65°32.637N 24°24.780V
1703 segir í Jarðabók Árna og Páls: "Á vori um vertíð liggja búendur þar við búðir, lángt frá bænum. Stundum hefur þar á vor eitt aðtökuskip verið, aldri fleiri. Búðir þessar eru 4 nú. Eina þar af brúkar þetta aðtökuskip, þá þar gengur, og er sú fyrsta byggð í fyrra. Hinar 3 brúka búendur sinn hverja. Þar ganga nú 3 skip. 1) aðtökuskipið, sem fyrr er skrifað er 3ggja manna far. 2) og 3) eiga búendur, 4ramanna og 3ggja manna far." Væntanlega hafa þessar búðir verið í Breiðavíkurveri en það er rúma 3 km m vestur af bæjarhól 001. Nöfn voru á mörgum búðanna og sömuleiðis á lendingum og vörum (sem fá sérnúmer) en gerð verður grein fyrir þeim í lýsingunni hér á eftir. Guðmundur Ólafsson fór á staðinn árið 1994. Í heildarlýsingu hans segir: "Á 1 - 2 km löngum kafla við ströndina eru miklar leifar af verbúðum, fiskgörðum, uppsátrum, naustum, lendingarmerkjum, spilum, saltfiskverkunarhúsi, vörum, fiskreitum og skothúsi fyrir tóftu. Mannvirki þessi eru flest hlaðin úr grjóti. Sums staðar standa veggir enn í upprunalega hæð, allt að 2 m." Um staðinn segir í örnefnalýsingu: "Breiðavíkurver, eða í daglegu tali meðal heimamanna aðeins Ver, nefndist athafnasvæði það til róðra, sem hér um ræðir." Staðurinn var friðlýstur árið 1971 en í Friðlýsingarskrá segir: "Naust og verbúðir í Breiðuvíkurveri, syðst í Breiðuvík." Uppdráttur er til af svæðinu frá 1975-1980, byggður á loftmyndum og uppmælingum. Þessi uppdráttur er birtur í skýrslu Guðmundar Ólafssonar frá 1995 og var töluvert stuðst við hann á vettvangi. Guðmundur mældi upp rústir af naustum sem í lýsingunni hér á eftir eru nefndar Ii, en þær eru nú svotil horfnar. Einnig mældi hann upp rúst K og hluta af rústahól I.
Verstöðin er á grónu svæði vestarlega í Breiðuvík. Milli Breiðavíkurbæjar og vers er breið og mikil vík, opin mót hafi og breið sandfjara þar upp af. Sandur nær víða uu í og jafnvel upp fyrir miðjar hlíðar en gróið er við víkina þar sem verminjarnar eru. Þar er um 100 m breið gróin spilda upp að fremur brattri og grýttri fjallshlíð.
Alls nær rústasvæðið yfir svæði sem er um 6-700 m langt og allt að 70 m breitt. Á því sjást búðarústir (bæði úr torfi, grjóti og steypu). Undir þessu númeri eru skráðar rústir og rústahólar auk fiskgarða en lendingar og lendingarmerki fá sérnúmer (sjá Bót 070, Grásleppuvör 051, Kumbari/Þráður 019). Margar búðanna eru kenndar við nafngreinda menn og þótt ekki séu þær tímasettar má ætla að meirihluti sýnilegra rústa sé frá lokum 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu.
Lýsingin hefst austast. Þar er (vestan við lendingarmerki við Bót 070 A og B) heilleg rúst af búð (hér nefnd A) sem á korti Gunnars Guðmundssonar og Ólafs Guðmundssonar (hér eftir GG og ÓG) er nefnd Bræðraborg en Steinbúð innan sviga. Þetta er mjög heilleg búðartóft úr grjóti sem hefur verið límt saman með steypu. Steypan liggur einkum í utanverðiri hleðslunni og hefur sumsstaðar verið sett milli steina þegar búðin var reist en líka sjást merki um að henn hafi verið klastrað á eftir á - t.d. er það augljóst í dyrum sem eru á miðjum norðurlangvegg. Alls er búðartóftin um 7,4 x 5 m stór frá austri til vesturs, einföld og hleðslur mjög stæðilegar, allt að 1,8-1,9 m háar en lægst er tóftin á suðausturhorni. Neðsti hluti hleðslu, e.k. fótstykki, sendur um 10 cm út fyrir vegghleðsluna. Tóftin er nærri full af sandi en þó gróðurtorfa þar ofan á mestan part. Þó er rof inn af dyrunum og



Tóft 017 A, horft í suðvestur.

hugsanlegt að einhver hafi byrjað á að grafa út úr búðinni. Fast austan við dyrnar að utanverðu eru stórir steinar og steypa ofan á þeim, hugsanlega leifar af seti.



Um 20 m vestan við tóft A er dreif af flötum steinum í sandinum, gætu verið leifar af fiskreit. Þessi dreif er um 15 x 8 m stór frá austri til vesturs en á þessum slóðum og raunar umhverfis tóftina er lítt gróið en sendið mjög.

bein, skeljabrot o.fl. á kafi í sandi.

Tóft B er 60-70 m vestur af A. Hún er nefnd Langagörn á korti GG og ÓG og í skýrslu Guðmundar Ólafssonar kemur fram að hún hafi verið hlaðin 1910 af Jóni Guðjónssyni, Guðmundi Bjarna Ólafssyni, Sveini Benónýssyni, Haraldi Ólafssyni og Ólafi Finnboga Ólafssyni. Þarna var skv. Guðmundi geymdur saltfiskur en síðar var búðin notuð sem fjárhús. Hér sjást leifar af gríðastóru mannvirki en alls er tóftin um 25 x 6 m stór frá austri til vesturs en að langmestu leyti á kafi í sandi og hulin jarðvegstorfu sem virðist bæði heldur breiðari og lengri en mannvirkið sjálft. Það grillir í grjóthleðslu í austurenda og sést að horn byggingarinnar hafa verið bogadregin eða rúnnuð. Tóftin er allt að 2 m há sé mælt upp á brún jarðvegstorfunnar. Greina má tvö dyraop, bæði á norðurlanghlið, annað austarlega en hitt vestarlega. Líkt og tóft A er þessi smekkfull af sandi en þó rof inn frá eystri dyrum og má vera að þar (eins og í A) hafi einhver ætlað að grafa út úr tóftinni. Járn liggur í austurenda. Fast vestan við tóftina er dreif af litlum, flötum




Tóft 017C, horft í SA.

steinum og rusladreif sömuleiðis, sjást þar bæði Tóft C er um 15 m vestur af B. Hún er nefnd verbúð Ó.Ó. á korti GG og ÓG og í skýrslu Guðmundar Ólafssonar kemur fram að þar sé átt við Ólaf Ólafsson (d. 1898). Tóftin er um 16 x 6 m stór frá austri til vesturs, vel stæðileg og

Til vinstri: Uppdráttur af rústasvæði í Breiðavíkurveri. Hér aftar er uppdrátturinn bútaður niður í smærri einingar

aðeins hér um bil hálffull af sandi og ógrín að ofan og innanverðu. Hún er aðeins eitt hólf, um 10 x 4 m stórt að innanmáli. Það rís hæst vestast og þar eru hleðslur hátt í 2,5 m á hæð. Dyr hafa verið á miðjum norðurvegg og er veggur þar hátt í 2 m þykkur með hellulögðum inngangi. Einnig virðist hugsanlegt að dyr hafi verið suðaustast á



tóft en þar er hornið meira og minna á kafi í sandi. Sést þó þar á kafla að veggur hefur verið tvöfaldur og sandur á milli ytra og innra byrðis. Segja má að vesturendi tóftar sé einnig á kafi í sandi og jarðvegi. Við vesturendann er dreif af smáu grjóti, skelbrotum og fiskbeinum, líka sjást þar nokkrir ryðgaðir járnhlutir og kolabútar, mögulega kox. Meðfram NA- og SA-hornum, sem eru rúnnuð líkt og á tóft B, eru líka mjóar dreifar af litlum, flötum steinum en minna af beinum.




Tóftir D, C og B fjærst. Horft í NA.

Sunnan við þessa tóft (C) eru rofabörð en milli tveggja slíkra sjást hleðsluleifar á sendnu yfirborðinu, líklega eftir fiskgarð. Þar fannst líka öngull, um 3-4 cm langur, með agnhaldi. Þetta er nánar tiltekið um 20 m sunnan við tóftina miðja. Hinn meinti fiskgarður er um 13 m langur en ekki stendur steinn yfir steini. Tóft D er aðeins 4-5 m vestur af C. Ekkert virðist vitað um þetta mannvirki sem þó er kallað "verbúð" í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þetta er vart meira en jarðvegstorfa nú sem slútir yfir grjóthlaðnar veggjaleifar. Torfan er 8 x 4 m stór og mest um 1,5 m há, snýr norður-suður. Fátt er hægt að segja um gerð mannvirkisins en þó hefur talsvert verið lagt í hleðslu vesturveggjar þar sem í hana sést, en á þremur til fjórum stöðum sjást steinaraðir úr smáu, flötu grjóti sem lagt er upp á rönd eða skáhallt, líkt og klömbruhleðslu úr torfi. Lítil dreif af smáu grjóti er



Hús F, horft í NA

þétt upp við mannvirkið að austanverðu og heldur stærri dreif (um 5 x 3 m N-S) af flötum steinum við það vestanvert.



Líklegur fiskreitur er milli barða um 20 m SSV af tóft D, það er flöt steinlögn en ekki sérlega regluleg - virðist dálítið kúpt. Engin bein eða rusl sést hér á yfirborði.

Tóft E er rúmum 70 m vestur af D. Á korti GG og ÓG stendur að þetta sé líklega búð Gríms Árnasonar, síðar fjárhús. Þetta er lágreist tóft og gróin en þó sýnilega ung, enda er talsvert bárujárn innan veggja. Hún snýr norður-suður og er alls 12 x 6 m stór, opin í norðurátt. Tóftin er einföld, grjót sést vel í suðvesturhorni innanverðu. Smáupphækkun í miðju gætu verið garðaleifar, þó virðist mögulega vera járn undir sverði. Veggjahæð er víðast hvar 0,3-0,4 m en mest um 1 m í suðausturhorni.

Ei: Um miðja vegu milli tóftar E og F er dálítill hóll, algróinn og um 10 m í þvermál. Í honum gætu hæglega leynst mannvistarleifar þótt ekkert sjáist í þær á yfirborði.

Tóft F er um 50 m VNV af E. Á korti GG og ÓG er hún kölluð búð Sigurðar Guðmundssonar eða Sigurðar eintóma. Hún er er 10-15 m ofan (suðvestan) við steinsteypta búð (sjá G). Þetta er tvískipt tóft, alls 11 x 5 m stór frá austri til vesturs. Austar er hólf sem er um 5 x 3 m aða innamáli frá austri til vesturs, með stórt op á norðurhlið, allt að 2 m breitt. Mikið timbur og þakefni er í tóftinni. Veggir eru heilir en lágir, aðeins um 0,4 m. Þak hangir uppi á vesturhólfinu sem snýr N-S og er um 4-5 x 2-3 m á stærð frá norðri til suðurs. Uppi eru raftar og helluþak með torfi ofan á. Op ér á vesturhlið þessa hólfs en mjög lágt og ekki manngengt. Sennilega hefur þessi kofi síðast verið hafður fyrir kindur.



Austurgafl á húsi G, horft í SV.

Tóft G (ef tóft skyldi kalla) er mest áberandi mannvirkið á svæðinu, uppistandandi veggir hlaðins húss. Hún er 10-15 m norðaustan við búðartóft F. Um hana segir í skýrslu Guðmundar Ólafssonar (bls. 15): "Verbúð, svonefnd Steinbúð Jóns Guðjónssonar. Reist um 1915-1920. Timburloft var í húsinu. Sofið var uppi og fiskurinn saltaður niðri. Steinbúð var í notkun fram undir 1950. Síðast voru þar synir Sveins Benjamínssonar, Aðalsteinn og Sveinn." Búðin er enn mjög stæðileg og veggirnir gnæfa yfir aðra veggi í verinu. Húsið hefur

verið byggt úr grjóti og steypu, ekki á ósvipaðan hátt og múrsteinshús, þ.e. grjót er aðalefnið en mikið steypt upp á milli og sömuleiðis bæði utan og innan á veggina. Veggir standa að langmestu leyti, aðeins efsti hluti gafla er hruninn. Alls er húsið um 5 x 4 m að stærð, dyr í norður á miðjum langvegg en einnig hafa verið dyr bakatil vestast. Gluggar eru á báðum göflum efst, hvor um sig 60-70 cm í þvermál. Einnig er gluggi neðarlega á miðjum norðurgafli. Að innanverðu, einkum í vesturvegg, er sýnilegt að steypan er úr skeljasandi. Greinilegt er að veggir hafa verið reistir í áföngum, um 50-60 cm í einu á hæðina og væntanlega endurspeglar það breidd móta. För sjást líka eftir steypumót úr timbri - þá líklega steypt en fyllt að hluta til með grjóti í mótin? Að utanverðu eru veggir líkt og múrhúðaðir, með þunu lagi af steypu. Þykkt veggja er um 15 cm. Inni eru bitar þversum yfir húsið á tveimur stöðum en að öðru leyti er timburloftið horfið. Þeir er í um 1,2 m hæð frá gófli og steyptir inn í veggina. Göt sjást í steypunni eftir tvo slíka bita til viðbótar. Hæð veggja er um 2,2 m í langhliðum og allt að 3 m í göflum.

Tóft H er lítil og lágreist, 3-4 m vestan við tóft F. Hún er 5,5 x 3,5 m stór frá austri til vesturs, einföld, dyr líklega í norðurátt. Leifar af járngafli sjást austan til, inni í tóftinni.

Hóll I er aðalrústahóllinn á svæðinu, beint upp af voginum sem nefndist Kumbari. Hóllinn er 25-30 m norðvestur af Steinbúð G. Á þessum hól eru 4-5 sambyggð hólf. Í skýrslu Guðmundar Ólafssonar (bls. 13) kemur fram að þetta séu leifar verbúða og hér mun m.a. hafa verið Kumbarabúð. Hólfin standa mishátt á hólnum og eru öll fremur ungleg að sjá en vafalaust eru eldri mannvistarleifar undir. Ekki er innangengt milli hólfanna sem vísa með dyr ýmist í norður, vestur eða suður. Alls er hóllinn hátt í 20 m í þvermál þar sem mest er og hátt í 2 m hár. Hólfið sem er á hæsta hluta hólsins er merkt i). Það er um 6 x 3 m að innanmáli frá austri til vesturs og dyr á miðjum norðurvegg. Veggir eru úr grjóti, að mestu grónir og ná mest um 0,6 m hæð. Hólf ii) er sambyggt að sunnanverðu. Það er heldur lægra en með þykkum og veglegum veggjum sem eru lítið farnir að hrynja. Innamál er um 4 x 3 m frá austri til vesturs. Skv. skýrslu Guðmundar Ólafssonar er þetta búð Haraldar Ólafssonar en ekki er sagt hvenær hún var síðast í notkun. Hólf iii) er langlægst utan í hólnum vestanverðum. Það er um 4 x 2 m að innanmáli frá norðri til suðurs, dyr í vestur á miðjum langvegg. Veggir eru mikið til grónir og fremur lágir. Milli hólfa ii) og iii) er sennilega eitt hólf til viðbótar en mjög er það óljóst, eins og sléttur



Tóft H, horft í SA.



Rústahóll 017l, horft í norður.

stallur á hólnum, um 3 x 2 m á stærð N-S. Hólf iv) er austast á hólnum, 5 x 3 m stórt frá norðri til suðurs og með dyr í suður. Það er hálffullt af þakefni: röftum, stórum hellum og torfi. Í skýrslu Guðmundar Ólafssonar kemur fram að þetta hús hafi verið byggt við verbúð Haraldar Ólafssonar (sjá iii) síðar.

Ii. Við bakkann fast austan við hólf iv) á rústahól I eru leifar af tóft sem er nær alveg hrunin í sjó. Þetta er bogadreginn gafl, vel hlaðinn utan í sjávarbakka og hafa verið um 5 m milli langveggja. Hann er um 1,6 m á hæð og sést utan í honum þakefni: raftar, hellur og torf. Þegar Guðmundur Ólafsson kom á staðinn 1994 voru þarna tvær sambyggðar tóftir af naustum en sjór þá tekinn að narta í þær, sérstaklega þá nyrðri. Leifarnar sem sjást nú eru þá það síðasta sem eftir er af syðri tóftinni, þeirri sem Guðmundur kallaði 1.2. Um tóftirnar segir Guðmundur: "1.1. Naust. Tóftin er hlaðin úr grjóti, að innanmáli um 2 m breið og um 8 m löng. Hún er breiðust um miðjuna og dregst að sér til endanna. Innsti hluti veggjanna er hlaðinn í boga. Þar er tóftin aðeins um 1 m breið. Sjórinn er búinn að brjóta hluta af norður langhlið naustsins, en innri hluti veggjarins er um 1 m hár. Gólfið í naustinu hallar niður að sjónum og fremst stendur veggurinn enn í um 2 m hæð. Sá veggur er sameiginlegur með 1.2. 1.2 Naust. Samliggjandi tóft 1.1, einnig hlaðin úr grjóti. Tóftin er að innanmáli um 2,5 x 8 m. Hluti þaksins er enn uppistandandi. Þakhallinn virðist hafa verið mjög lítill." Þessi mannvirki eru alveg horfin að undanskildum veggnum sem fyrst var lýst. Má ætla að um 8 m breið ræma af strandlengjunni á þessum bletti hafi hrunið í sjó, en landbrot virðist langmest á þessum stað í Breiðavíkurveri og rústahóll I því augljóslega í hættu líka. Dálítið rof er í bakkann þar sem naustin voru og norður af þeim stað og þar sést bæði í fiskbein, greinilega í öskuhaug, og einnig fannst brot af krítarpípu sem gæti verið frá 17.-18. öld.

Mannvirki J er um 12 m norðvestur af rústahól I. Í skýrslu Guðmundar Ólafssonar, sem fór á staðinn 1994, segir um þetta hús: "Geymsluhús. Veggir eru heilir. Hornin eru bogadregin að utan. Þakið er torfþak lagt ofan á bárujárn. Húsið var upphaflega reist um aldamótin 1900 og er enn uppistandandi." Geymsluhúsið er enn undir þaki með sambyggðri tóft að vestanverðu sem snýr þvert á það. Húsið sjálft snýr hér um bil austur-vestur, meðfram strandlengjunni og er alveg á blábrúninni - varla langt þar til norðurlangveggurinn gefur sig og hrynur fram af kantinum. Mannvirkið er tvískipt, húsið sjálft austar er undir þaki en vestast er tóftin sem snýr þvert á það. Alls er mannvirkið rúmlega 15 m langt og um 7 m breitt. Húsið er að innamáli um 8 x 3 m stórt frá austri til vesturs, dyr austast á suðurhlið. Ekki sjást leifar af görðum eða jötum. Hitt hólfið við vesturendann gæti verið af nausti, snýr opi til norðurs að sjónum og er um 5,5 x 2 m stórt að innan frá norðri til suðurs. Þetta mannvirki er í stórhættu vegna landbrots.




Hús J, horft í NV

Nú verður lýst nokkrum rústahólum sem allir eru vestar en mannvirki J, en svæðið sem þar tekur við einkennist annars helst af fiskgörðum og -reitum. Um 20 m VSV af húsi J er hóll (merktur X) sem er ekki ósennilegt að sé manngerður að einhverju leyti, enda sker hann sig mjög frá umhverfinu. Hann þekkist best á því að á honum er steinn með áletrun til minningar um bræður sem reru úr Breiðavíkurveri, Guðmund B. Ólafsson og Harald Ólafsson, en þeir drukknuðu við Vestmannaeyjar árið 1926. Hóllinn er áberandi en sandfylltur undir sverði, um 20 m í þvermál. Leifar af fiskgarði sjást í honum sunnanverðum. Annar hóll sem einnig gæti verið manngerður að einhverju leyti (merktur Y) er 25-30 m norðvestar, einnig sandfylltur og yfirgróinn, um 10-15 m í þvermál. Fiskgarður gengur upp að honum suðaustanverðum. Um 20 m norðvestar, nálægt sjávarbakka, er þúst (Z), líklega rústaleifar, um 6 x 4 m stór frá austri til vesturs en ekki nema um 0,3 m há. Nú verður sagt nánar frá fiskgarðasvæði, sem rústahólarnir eru inná og vesturhluti Breiðavíkurvers einkennist helst af.

Fyrir framan eða norðan hól X en vestan við hús J taka við fiskgarðar á býsna löngu svæði upp af ströndinni. Þar eru líka tvær greinilegar rústir (K og L) en annars virðist svæðið fyrst og fremst hafa verið notað til að þurrka og hugsanlega verka fisk Svæðið smáhæðótt og á því eru rústahólarnirn X-Z sem áður var lýst. Fiskgarðarnir eru rúmlega 20 talsins á strandlengjunni næstu 150 metrana eða svo. Þeir virðast lagðir nokkur skipulega út, eru á grasi vöxnum sjávarbakka og liggja flestir hér um bil samsíða í röð og snúa norður-suður. Lengd flestra garða er á bilinu 10-14 m þótt á því séu undantekningar. Flestir garðanna eru alveg hrundir og sandur hefur fokið upp að þeim svo að líklega sést aðeins í efstu grjótröðina. Hér má nefna að þeir tveir garðar sem eru næstir húsi J eru

hlaðnir í lægð milli tveggja hóla á sjávarbakkanum sem gætu hugsanlega geymt mannvistarleifar undir sverði.



Að öðru leyti er vísað í uppdrátt um legu fiskgarða.



Tóft K og fiskgarðar, horft í NA.



Tóft L, horft í austur.

Tóft K er tæpa 80 m vestur af húsi J. Þetta er falleg tóft innanum fiskgarða, er á eiði milli tjarnar og sjávar. Hún er 7 x 5 m stór frá austri til vesturs, veggir grjóthlaðnir og lítið teknir að hrynja, allt að 1,4 m háir. Dyr eru á suðurlanghlið og snúa þar með frá sjónum. 4-5 m eru fram í sjávargrjótið til norðurs og sennilega hefur alls engin lending verið á þessum stað. Horn tóftarinnar eru áberandi ávöl að utan, ekki ósvipað og á húsi J. Talsvert grjót er á svæði norðan við tóftina, jafnvel eins og þar hafi verið upphlaðin upphækkun sem gæti þá hafa verið um 4 x 3 m stór A-V

Tóft L, sú síðasta sem hér verður lýst, er um 30-40 m suðvestur af K og líkist henni að sumu leyti. Hún er um 7,5 x 5 m stór frá austri til vesturs, einnig með dyr í suður, en er verr farin en K og gæti verið eldri - eða jafnvel mögulegt að aldrei hafi verið lokið við byggingu hennar? Veggir eru úr lagi gengnir og suðurhlið er illa farin, líkt og vanti í hana grjót. Fast austan við er flöt grjótlögn, sennilega fiskreitur eða vinnslusvæði af einhverju tagi, um 5 x 5 m á stærð.

Flatar grjóthleðslur, sennilega fiskreitir, sjást á nokkrum stöðum í vesturhluta Breiðavíkurvers. Einn slíkur úr ávölu grjóti eru vestur og suður af tóft K. Sunnan við sömu tóft er annar reitur um 8 x 4 m stór frá austri til vesturs, en hinn sem er vestar er um 10 x 6 m frá norðri til suðurs. Öll þessi mannvirki (tóftin, reiturinn og nokkrir fiskgarðanna í nágrenni) er áberandi snyrtilegt og vel skipulagt. Enn einn fiskreitur er tæpa 50 m austur af tóft K, sá er um 10 x 6 m stór frá NA-SV. Um 14 m vestan við hann eru mjög óljósar garðhleðslur sem gætu hugsanlega hafa myndað gerði en erfitt er um það að segja. Það gæti hafa verið um 5-6 m í þvermál.

Þá er lokið lýsingu á minjum í Breiðavíkurveri. Einn stað fórst fyrir að skoða á vettvangi, en það er brunnstæði sem er merkt inn á kort GBG og ÓG sem mælt var fyrir 1976. Það er líklega um 30-40 m suðvestur af hól I sem er beint upp af Kumbara. Í bláendann má geta þess að gengið var frá Breiðavíkurveri til vesturs með ströndinni og þar fundust engar frekari minjar. Á bakaleiðinni var gengin efri leiðin, fjær ströndinni og þar fundust á nokkrum stöðum óverulegar grjóthrúgur og mögulegar hleðsluleifar sem gætu tengst Breiðavíkurveri, sjá 074.
Hættumat: stórhætta vegna rofs
Heimildir: JÁM VI, 314: G.Ó.: Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi, bls. 11; Ö-Breiðavík, bls. 3-4; Fornleifaskrá, 34



Líklegur fiskreitur austan við K, horft í austur.

BA-139:018 heimild um leið 65°32.510N 24°24.031V
Í örnefnalýsingu segir frá leiðinni sem lá úr Breiðavíkurveri 017 og heim að Breiðuvík: "Úr verinu og heim að bæ lá leiðin yfirleitt meðfram sjónum eða efst á rifinu, þar til komið var í svonefndan Rifshaus. Þá var beygt til hægri og tekin stefna beint á bæinn. ... Leiðin öll heim mun vera um 3 km og tæplega hálfnuð úr verinu í Rifshaus." Engin merki sjást um þessa leið, en hún hefur að mestu leyti legið um sand og harðlendi. Vegalengdin er alls rúmir 3 km.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 5.

BA-139:019 *Kumbari* heimild um lendingu
65°32.633N 24°24.710V
Í örnefnalýsingu segir: "Í Kumbara var ekki hægt að lenda eða komast fram, nema um hálffallinn sjó eða þar yfir, og þó því aðeins, að gott væri í sjóinn, sérstaklega ef ekki var háflæði. Meðan steinbítsveiðar voru aðallega stundaðar, en það var fram að seinustu aldamótum, var róðrum yfirleitt hagað þannig, að lent var í Kumbara um flæði og gert þar að, enda mátti heita ógerningur að verka steinbítinn, þar sem sandurinn hafði náð tökum en það var rétt innan við Kumbarann." Kumbari er vogurinn sem gengur inn að Breiðavíkurveri 017 til vesturs.
Langur og mjór vogur. Til að koma bátum inn á Kumbara var stundum farið yfir Þráð, en það var rudd siglingaleið yfir skerið framanvið, sjá 075.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 3



Kumbari 019 á fjöru, horft nokkurnveginn í austur.

BA-139:020 tóft rétt 65°33.783N 24°20.747V
Grjóthlaðin tóft, sennilega lítil rétt eða skotbyrgi, er 60-80 m VNV af Urðarhvammi 023.
Valllendi. Ekki er aðhald frá náttúrunnar hendi á þessum stað.
Grjóthlaðin rétt og alveg ógróin. Hún er tæplega 5 x 5 m að stærð, einföld og með op í suður. Hvítar skófir vaxa





Ofar: Mógrafasvæði 021 hérna megin við skurðinn, horft í V.

Neðar: Réttartóft 020, horft í NA.

á hleðslum sem standa þokkalega, mest um 0,5 m háar
Hættumat: engin hætta

BA-139:021 náma mógrafir
65°33.772N 24°20.708V
Mógrafir sjást 80-100 m utan eða norðaustan við býlið sem kallað var Stekkur eða Urðarhvammur (023).
Slétt mýri, ekki mjög blaut.
Hér sjást greinilega stungnar mógrafir, um 1 m djúpar. Alls er svæðið á að giska um 25 x 15 m stórt frá norðri til suðurs. Ekk
Hættumat: engin hætta

BA-139:022 vegur leið
65°33.874N 24°20.664V
Sumarleið yfir í Kollsvík lá um Flosagil. Þar sjást leifar upphlaðins vegar. "Gatan upp á Hjalla nefnist Hjallagata [klettabelti sem nær að Flosagili, sem er fyrir norðan stekk]. Þessi gata greindist frá Hafnarvegi [072] skammt fyrir neðan fjallshlíðina," segir í örnefnalýsingu. Gatan er alveg greinileg upp með gilinu rétt um 1,5 km NNA af bæjahólnum gamla í Breiðavík, sjá 001.
Töluvert gil og bratt meðfram því með urð og skriðum.
Farið hefur verið upp skarðið að norðanverðu við gilið og sjást þar talsverðar vegabætur. Rudd hefur verið gata, um 2 m breið og sumsstaðar hlaðið undir eða við hliðina þar sem brattast er. Ekki var farið alla leið upp skarðið á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 23-24.




Leifar af vegi í Flosagili 022, horft í vestur.



Urðarhvammur 023, bæjartóft vinstra megin. Í fjarska sjást bæjarhúsin í Breiðavík. Horft í suðvestur.

BA-139:023 *Stekkur/Urðarhvammur* tóft býli 65°33.746N 24°20.565V
1942 segir í Barðstrendingabók: "Vestan undir Breiðnum er fornt eyðibýli, er hét að Stekk." "Flosahryggur. Það er stór hryggur undir Flosagili, gamalt hrun úr því og síðan framburður eftir vatni. Nokkuð graslendi er í hryggnum neðanverðum, þar sem hann breiðir úr sér. ... Stekkur. Hann var spölkorn fyrir framan Flosahrygg, rétt undir fjallshlíðinni. Þar var aflangur hóll meðfram hlíðinni, en neðri hluti hennar var stórgrýtisurð. Á Stekknum voru tóttir nokkrar, enda var búið þar nokkur ár eftir 1850. Eini ábúandinn, sem um er vitað þar, var Ólafur Þorgrímsson bóndi í Breiðuvík, Sigurðssonar, kvæntur Þóru Þórðardóttur. Árið 1851 er þetta býli nefnt Urðarhvammur, og er það skiljanlegt af framansögðu, en 1854 er það nefnt Stekkur. Vafalaust er þó Stekksnafnið miklu eldra en þetta og líklegt, að staðurinn hafi verið lagður niður sem stekkur, þegar hér var komið," segir í örnefnalýsingu. Stekkur er auðfundinn, enda rústir þar greinilegar, rúmlega 1 km NNA af bæjarhól 001.

Lítið túnstæði á kúptum, háum hólum undir stórgrýtisurð. Neðar er valllend slétta og svo mýrarflæmi að Vatninu. Í Urðarhvammi sjást þrjár tóftir auk túngarðs. Alls er svæðið rúmlega 80 x 60 m stórt frá austri til vesturs. Tóft A er sérdeilis falleg og skýr bæjartóft í flata efst á hólnum - jafnvel óvenju myndarleg tóft fyrir kotbýli. Ekki virðist svo mikil upphleðsla undir að hægt sé að tala um bæjarhól. Tóftin er alls um 15 x 13 m stór frá norðri til suðurs en að auki er hólf sambyggt henni að vestanverðu. Inngangur hefur verið sunnan megin og þaðan sjást skýr og greinileg göng inn eftir tóftinni. Úr göngunum er gegnt inn í þrjú aðskilin hólf; eitt innst eða nyrst en tvö á vinstri hönd. Innsta hólfið (i) er 4,5 m að innanmáli (A-V), miðhólfið (ii) 6 x 3 m A-V og það syðsta (iii) 4 x 2 m A-V. Ekki er innangengt milli hólfa þótt öll opnist þau inn í göngin. Fjórða hólfið (iv) er stakstætt austan við göngin, með dyr í suðurátt, og má giska á að það hafi verið skemma. Það er um 4 x 2 m stórt innanmáls. Að lokum er hólf sambyggt tóftinni að vestanverðu um miðbikið (v), um 5 x 3 m innanmáls, alveg opið í norðurátt. Það er dálítið niðurgrafið og byggt utan í jarðfastan klett sem myndar hluta af vesturvegg. Þetta gæti verið útihús; hlaða eða fjós, sennilega með timburþili til norðurs. Vestan við þetta hólf er lækjarfarvegur, nú þurr. Veggir standa víðast hvar sæmilega eða vel það en eru þó lægstir í hólfi v. Í þeim er fremur stórt og gróft grjót en myndarlega hlaðið. Veggir ná allt að 1,6 m hæð og eru sýnu hæstir norðarlega í



tóftinni en víðast hvar eru hleðslur í svipuðu ástandi. B er túngarður umhverfis rústasvæðið. Urðin, sem hvammurinn dregur nafn sitt af, markar túnið til norðurs en túngarðurinn gengur út frá henni í boga og markar tún til suðurs, austurs og vesturs. Alls er túnstæðið rúmlega 80 x 60 m stórt frá austri til vesturs. Garðurinn er fremur siginn, mes 0,4-0,6 m á hæð og sést lítið í grjót. Alls engar heillegar hleðslur eru í honum og óhætt að segja að hann sé mun fornlegri en sjálf bæjartóftin. Austur- og vesturhlið hans má rekja en suðurhliðin er mjög óljós (enda í deiglendi) á jörðu niðri en sést þokkalega á loftmynd. Að austanverðu styðst garðhleðslan að einhverju leyti við jarðfasta kletta. Tóft C er framan undir kúpta hólnum sem tóft A er á, rúma 30 m suður af henni og mun neðar. Þetta er líklega rétt, 7 x 4 m stór frá austri til vesturs en mókkar í austurátt. Dyr eru á miðjum suðruvegg og mikið grjóthrun innan veggja, sem ná mest um 0,5 m hæð. Tóftin er niðurgrafin um h.u.b. 0,5 m. Sennilega hefur þessi tóft verið byggð utan í túngarðinn þótt hann sjáist ekki á þessum stað. Tóft D er um 40 m norðvestur af A, líklega útihústóft með áföstum kálgarði. Tóftin er um 6 x 4 m stór frá norðri til suðurs, dyr í suðurátt. Grjóthleðslur sjást að innanverðu og veggir ná um 0,8 m hæð. Gerði er áfast henni að austanverðu en hleðslur þar mun lægri (um 0,3 m) og algrónar. Urð og náttúrulegir klettar marka gerðið til norðurs en það er hlaðið að sunnan og austan og er innamáls um 8 x 4 m frá norðri til suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bstbók, 98; Ö-Breiðavík, 8.


BA-139:024 *Hlað* tóft rétt 65°33.316N 24°18.957V

"Hlað. Það var uppi undir hlíðinni, rétt fyrir framan Hafnargil. Þar voru tóttabrot, og var þar (um síðustu aldamót) oft setið hjá kúm fyrstu dagana, sem þær voru úti á vorin," segir í örnefnalýsingu. Hlað er ofarlega í hlíð, langt ofan við dalbotninn í víkinni, uppundir urðarhjalla um 100 m austan við Hafnagil. Þetta er um 1,3 km norðaustur af bæjarhól 001. Gróinn og áberandi hóll við hlíðarrætur, toppmyndaður er komið er að honum úr vestri, með myndarlegri hundaþúfu. Mjög gott útsýni er yfir dalinn frá þessum stað. Ágætlega grónir slakkar eru víða í brekkunum í kring.

Tóftin er hlaðin utan í hólnum norðanverðum, í smáhalla mót norðri. Hún samanstendur af tveimur byggingarskeiðum. Annars vegar er hér nokkurn veginn hringlaga rétt sem spannar breidd hólsins annars vegar og svo smærra hólfi inni í réttinni og er það mjög líklega yngra en hún. Réttin er alls hátt í 15 x 15 m stór og hefur verið rekið inn að norðanverðu en dyr gætu líka hafa verið að norðvestan - hugsanlega hefur verið fyllt upp í þær. Veggir eru mikið signir og grónir grasi og lyngi. Réttin er um 7 x 7 m að innanmáli en fer þó allt upp í 8 m mest. Réttin rís hæst vestast þar sem hundaþúfan er. Veggir eru allt að 3 m breiðir og hefur grjót fallið bæði



Hlað 024, horft til suðurs.



inn og út fyrir veggi. Hin tóftin, sem er inni í réttinni, er allt að 5 x 5 m stór, skeifulaga, stórkarlalega hlaðin úr stóru grjóti úr urðinni fyrir ofan. Hún er með op í norður, að ógreinilega opinu sem sést á ytri tóftinni. Veggir eru hrundir, ógrónir en smá mosi á þeim. Veggjahæð mest um 0,4 m. Við fyrstu sýn gæti virst sem innri tóftin væri af smalakofa en ekki er útilokað að í henni hafi verið mjólkað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 9.

BA-139:025 tóftir sel 65°32.964N 24°19.212V
"Glúmshöfði. Það var hluti af fjallinu sunnan til við Víkina [fram úr sjálfri Breiðavíkinni] ... Seljagil. Það var heiman við Glúmshöfða og átti upptök sín upp á fjalli. Í það rann lækur úr Neðra-Stæðavatni. Seljagilseyrar. Þar sem Seljagil kom niður á undirlendi í Víkinni, voru eyrar með þessu nafni. Þar voru tóttaleifar gamlar, og hefur þar óefað verið sel. Seljaflói. Það var mýrlendi við ána, niður af heimri enda Glúmshöfða." Selið á Seljagilseyrum er NNA undir Glúmshöfða, fast framan við mynni Seljagils í Víkinni sunnanverðri, um 250 m utan og vestan við Víkurbotn og um 1,2 km ASA við bæ 001 í beina línu. Gönguleið frá bæ 001 að seli er um 1,8 km.




Rústasvæði 025, horft í NNA.

Á þessu svæði er mosa- og lyngigróin skriða. Hér skiptist Seljagilslækurinn í mynni gilsins í tvennt og liggur í hlykkjum til norðurs niður í Ána. Landið hallar 0-5° til NNA. Fast vestan við lækinn á þessu svæði er 3-4 m hátt illa gróið malarholt eða hóll í rótum fjallsins.
Fimm tóftir (A-E) og ein þúst (F) fundust við skráningu á eyrunum á svæði sem er um 90x60 m að flatarmáli og liggur norður-suður. Mannvirki A er stærst og er það ofarlega í suðurenda svæðisins fast austan við götu 061. Mannvirki A er í raun tvær samsíða tóftir A1 og A2 sem báðar liggja NNA-SSV en gætu verið misgamlar. Tóftirnar ná yfir svæði sem er um 15x12 m að flatarmáli. Eystri hluti mannvirkisins, A1, er mun stæðilegri og

greinilegri en sá vestari A2. Tóft A1 er tvískipt og um 9x6 m að flatarmáli. Hólf I er sunnar og er það um 3x2 m að innanmáli og liggur NNA-SSV á meðan hólf II er 2x1,5 m og liggur VNV-ASA. Engir greinilegir inngangar eru inn í hólfin en tóftin er vel grasigróin. Líklega hefur verið gengið inn að NNV. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir en nokkuð signir og 1-2 m á breidd. Tóftin er um 1 m á hæð að utanverðu en hólfin aðeins um 0,5 m djúp að innan. Eystri tóft A2 er fast VNV undir tóft A1. Tóft A1 virðist jafnvel liggja yfir ASA-vegg A2 og er A2 mun lægra sett. Tóft A2 er þrískipt en mun óljósari en A1, um 10 m á lengd og 3-4 m á breidd. Hólf III er syðst og er það fast upp við vesturvegg hólfs I í A1. Hólfið er um 2,5x1-1,5 m að innanmáli. Veggir þess eru 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,5 háir. Botn hólfs II er a.m.k. 0,5-1 m lægra en botn hólfs I í A1. Hólf IV er mjög óljóst í beinu framhaldi af hólfi III til NNA og er mjög mjó og djúp dæld sem tengir á milli hólfanna. Hólf IV er varla 0,3-0,5 m á breidd og 1-1,5 m á lengd að innanmáli og aðeins 0,2-0,3 m djúpt. Um 1 m breiður veggur skilur á milli hólfanna. Um 1 m NNV við hólf IV er svo hugsanlega eitt hólf í viðbót, hólf V. Hólf V er lítið annað en óljós dæld í grasigrónum þúfum sem er um 1x1,5 m að innanmáli og <0,2 m á dýpt. Ekki er útlokað að tóft A1 hafi verið endurbyggð ofan á hluta af eldri tóft A2. Enginn greinilegur inngangur er inn í hólf V því veggir þess eru að mestu útflattir eða sokknir. Líklega er hér um að ræða leifar íveruhúss og/eða mjólkurhúss (A2) sem tilheyrði gamla selinu og hugsanlega yngra beitarhúss (A1).

Tóftir B og C eru hlið við hlið í brún um 1-2 m hás grjótholts eða skriðu á austurbakka Seljagilslækjar, fast vestan við götu 061 um 15 m NNV og neðan við mannvirki A. Tóft B er 1 m neðar og NNV en tóft C. Lítil lækjarspræna rennur niður í Ána milli tófta B/C og A. Tóft B er einföld, um 3,5x3 að utanmáli og liggur austur-vestur. Enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur en hugsanlega hefur verið gengið inn að norðanverðu. Innanmál tóftar er 1,5x1 m. Tóft C er mjög lík B en þó aðeins stærri, um 4x5 m að utanmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Enginn greinilegur inngangur er í tóftina. Tóftin er um 2x1,5 m að innanmáli. Tóftirnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti en veggir þeirra eru mjög signir, um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hægt er að greina 1-2 umför þar sem sést í hleðslur. Hlutverk þessa tófta er óljóst.



Tóft D er um 40 m norðan við tóft A og um 1 m ANA við götu 061 sem liggur á þessu svæði upp með Seljagilslæknum til suðurs. Tóft D er tvískipt, um 11x9 að flatarmáli og liggur norður-suður. Gengið var inn í hólfin að norðanverðu undan brekkunni. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti en nokkuð signir. Þeir eru vel grónir mosa og lyngi, 1-2 m á



Tóftir 025 B og C, horft til SA.

breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Aðeins er hægt að greina 2-3 umför á 1-2 stöðum þar sem sést í hleðslur ennþá í veggjum. Hólf I er vel greinilegt og hefur það verið 3-4x1,5-2 m að innanmáli. Hólf II er óljósara og sigið saman að innan, það hefur líklega verið aðeins stærra en hólf I. Svo virðist sem gengið hafi verið inn með vesturvegg hólfs I um 6 m áður en komið var inn í hólf II. Hólf II hefur líklega verið 3x2 m að innanmáli áður en það seig saman og lá NNA-SSV. Hér gæti verið um kvíar að ræða.

Tóft F er efst á svæðinu á austurbakka Seljagilslækjar undir brekkunni í náttúrulegu aðhaldi um 20 m VSV við tóft A. Tóftin sést ekki frá tóft D en sést ágætlega ofar í brekkunni þegar staðið er við tóftir B og C. Tóft F er einföld og grjóthlaðin upp að brekkunni, um 4 m á lengd og um 3,5 m á breidd. Gengið var inn að norðanverðu. Veggir eru 0,5-1 m á breidd og 0,3-1 m á hæð (3-6 umför) og vel mosa- og lyngigrónir. Innanmál er um 2x2. Veggir eru hæstir að sunnan en vesturveggur er hruninn að hluta. Um 3-4 m eru frá lækjarbakka að malarbakkanum sem tóftin stendur undir. Á malarbakkanum stendur tóft A aðeins innar. Hér gæti verið um einhvers konar aðhald að ræða eða kannski smalakofa. Að lokum er það svo þúst E en hún er hinu megin við lækinn. Þústin er á mosa- og lyngrónu flatlendi fast norðan við götu 061, um 30 m vestan við Seljagilslækinn og um 80 m norðvestan við tóft A fast undir háum malarbakka sem áður var nefndur á vesturbakka Seljagilslæjar. Þústin er um 4,5 m á lengd, 2-2,5 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Þústin er vel mosa- og lyngigróin grjóthrúga sem er um 0,2-0,5 m á hæð. Ekki er alveg víst að um mannvirki sé að ræða en hugsanlega er hægt að sjá út tvö hólf í grjótinu. Ef um hólf er að ræða hefur norðvestara hólfið vera stærra en hið suðvestara og minnir útlit þústarinnar svolítið á lítinn stekk eða kví.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 10

BA-139:026 *Vörðuvað* heimild um vað 65°33.280N 24°20.019V

"Vörðuvað. Þar lá vegurinn [028] yfir Ána, inn í Örlygshöfn og norður í Kollsvík. Þar voru einnig stillur á ánni, en hvergi annarsstaðar," segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur að líkindum verið þar sem nú liggur bílfær vegur yfir ána um 600 m austur af bæjarhól 001.



Óljósar leifar af Brú 027, horft í NV.

Áin er um 5 m breið og grunn á þessum stað. Greiðfært er yfir ána, bakkar grónir og grösugir. Engin varða sést hér en um 100 m neðar við ána er lítil holt við hana vestanverða með hundaþúfu og e.t.v. einhverju grjóti undir sverði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 11

BA-139:027 *Brú* garðlag samgöngubót 65°33.185N 24°20.699V

"Seyl. Hún lá niður mýrarnar framan til við Síðu og norðan megin við uppgróinn garð, er notaður var sem

hestavegur, þegar reitt var heim af engjum. Brú. Fyrrnefndur garður heiman til við Seylina mun hafa verið nefndur Brú, en líklega eingöngu af þeim, sem voru á nyrðri jörðinni og notuðu þennan veg." Mjög óljós grasigróinn garður eða upphleðsla liggur fram af bæjarhjallanum í NNA niður í mýri um 100 m norðaustan við bæjarhól 001 og um 30 m vestan við hesthús 049.
Á þessu svæði er þýft graslendi í bakka bæjarhjallans sem hallar 2-5° til norðvesturs, grasigróin framræst mýri og framræsluskurðir. Garðlagið er torfhlaðið og grasigróið en nokkuð sigið og niðurtroðið. Garðlagið er um 155 m á lengd, 1-2 m á breidd, 0,2-0,3 m á hæð og liggur norðvestur-suðaustur. Garðlagið kemur í ljós á norðvesturbrún bakkans sem bæjarstæðið er á og liggur í norðvestur niður af bakkanum samsíða litlum læk niður í mýrina sem nú hefur verið ræst fram með mörgum skurðum. Garðlagið er skorið af slíkum skurði á einum stað um 100 m frá suðausturenda þess. Í norðvestri hverfur garðlagið þar sem tveir framræsluskurðir mætast í horni en engin greinileg ummerki er að sjá um framhald hinu megin. Trúlega hafa hestar gengið ekki aðeins á garðlaginu heldur einnig sitt hvoru megin við það þar sem að á loftmynd er svæðið beggja megin við garðlagið þar sem það liggur út í mýrina allt að 10-15 m breitt og vel grasgrænt. Ekki er útilokað að margar hestagötur finnist á svæðinu en erfitt er að sjá þær á jörðu niðri vegna grasvaxtar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 15.

BA-139:028 *Breiðavíkurháls* vegur leið 65°33.504N 24°19.338V
1942: "... yfir Breiðinn liggur ... vegur frá Breiðavík í Kollsvík. Heitir sú leið Breiðavíkurháls," segir í Barðstrendingabók. "Vörðuvað [sjá 026]. Þar lá vegurinn yfir Ána, inn í Örlygshöfn og norður í Kollsvík. Þar voru einnig stillur á ánni, en hvergi annarsstaðar," segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir í sömu skrá: "Hafnargil. Svo heitir kvos allmikil í fjallshlíðina, nokkurn veginn í norðaustur af bæjunum. Upp með því að norðan liggur vegurinn í Örlygshöfn...." Vegur þessi sést enn vel upp með gilinu en hefur klofnað í tvennt þar ofan við og legið annars vegar í Kollsvík og hins vegar í Örlygshöfn (072).
Vegurinn liggur upp bratta urðarhlíð til norðurs eða norðvesturs um 2-300 m norðan við Hafnargil.
Ekki vannst tími til að rekja veginn langt. Hann sést sem allt að 2 m breið slóð skáhallt upp fjallið. Gömul síma- eða raflína fer þarna yfir fjallið á sama stað. Farið var upp þennan slóða bæði til að komast á veginn til Kollsvíkur en eins áleiðis í Örlygshöfn. Ekki var farið upp á staðinn þar sem leiðir klofna en á loftmynd sést leiðin í Kollsvík greinilega. Hún er sömuleiðis sýnd á korti herforingjaráðs frá 1933.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bstbók, 98; Ö-Breiðavík, 11 og 23; Herforingjaráðskort 1933

BA-139:029 *Eyrarvað* heimild um vað
"Eyrarvað (mig minnir, að það væri einnig nefnt Fjárvað.). Það var yfir Ána neðan til á Eyrum." Áin hlykkjast um flatar og fremur kennileitasnauðar mýrar. Ekki var hægt að staðsetja Eyrarvað á vettvangi frekar en mörg önnur vöð að öðru leyti en því að það hefur verið neðarlega.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 11

BA-139:030 *Ósvað* heimild um vað
"Mjóistrengur. Hann var nokkuð fyrir neðan Eyrarvað [029], miklu grynnri og mjórri en Hestastrengur. Um aldamótin 1900 voru bakkarnir meira að segja að mestu grónir saman, og flóði þar yfir í vatnavöxtum. Ósvað. Það var alllangt fyrir neðan Mjóastreng, nokkurn veginn niður undan Grænadýi. Á þessu vaði var Áin mjög grunn og aur- eða malarbotn." Áin hlykkjast um flatar og fremur kennileitasnauðar mýrar. Ekki var hægt að staðsetja Ósvað á vettvangi frekar en mörg önnur vöð að öðru leyti en því að það hefur verið neðarlega.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 11


BA-139:031 *Gíslavað* heimild um vað
"Gíslavað. Það var fyrir neðan Ósvað [030], og þurfti að stinga það úr árbökkunum, til þess að fært væri með hesta. Gísli, sem þetta er kennt við, mun hafa gert þessar ráðstafanir til að stytta sér leið við heyfluttninga, hefði annars þurft að fara upp á Ósvað. Nafnið er víst ekki gamalt, en ekki hef ég séð með vissu, hver þessi Gísli hefur verið." Áin hlykkjast um flatar og fremur kennileitasnauðar mýrar. Ekki var hægt að staðsetja Gíslavað á vettvangi frekar en mörg önnur vöð að öðru leyti en því að það hefur verið neðarlega.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 11.

BA-139:032 *Illálsvað* heimild um vað
"Illáll. Stekkjarmýrum [kenndar við Stekk/Urðarhvamm, sjá 023] hallar heim að ánni. Í þeim voru seylar og mjög blautt, einkum heiman til. Vatnið safnaðist mest á einn stað, þar sem Áin breytir um stefnu til vesturs. Þar nefnist Illáll, og var hann slæmur yfirferðar. Illálsvað. Það var, þar sem Illáll kom í Ána. Þar var malareyri, og rann vatnið mest við norðurbakkann." Áin hlykkjast um flatar og fremur kennileitasnauðar mýrar. Ekki var hægt að staðsetja Illálsvað á vettvangi frekar en mörg önnur vöð.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 11-12.

BA-139:033 *Tobbuvað* heimild um vað
"Ós. Það var hluti af ánni, milli Ósvaðs [030] og Vatnsins ... Tobbuvað. Það var, þar sem mættust Ósinn og Vatnið." Áin hlykkjast um flatar og fremur kennileitasnauðar mýrar. Ekki var hægt að staðsetja Tobbuvað á vettvangi frekar en mörg önnur vöð á Ánni.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 12.

BA-139:034 tóft kvíar 65°33.157N 24°20.436V
"Hér er komið heim að túngarði [015], sem var fyrir framan túnið og náði niður undir mýrar. Stöðullinn var skammt frá túngarðinum, ofan til við veginn, frá bæjunum og fram á Stöðulholt. Þar voru kýr mjólkaðar á sumrin [035], og einnig var þar kví fyrir mjólkurær [034]." Kvíarnar fyrir mjólkurær sem um er rætt í örnefnaskrá eru um 30 m austan við túngarð 015 og um 270 m ANA við bæ 001.
Á þessu svæði er frekar flatlent grasi- og mosagróið holt. Brekka hallar hér 2-5° til NNA.
Tóftin er tvískipt, um 12 m á lengd,
um 5 m á breidd og liggur norður-




Kvíar 034, horft í suðaustur.

suður. Tóftin er grjóthlaðin og hefur hugsanlega verið grafin aðeins ofan í brekkuna. Veggir tóftar eru 1-2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð (3-5 umför). Innanmál tóftar er mun greinilegra en útlínur veggja en mikið grjóthrun er inni í tóft úr veggjum. Gengið var inn í tóftina, hólf A, að norðanverðu þar sem nú (2013) er um 0,5 m breiður inngangur í gegn um siginn grjóthlaðinn vegg. Hólf A er um 6x2 m að innanmáli og liggur norður-suður. Hólf B er sunnan við hólf A. Milli hólfanna er siginn 1,5 m breiður veggur og því enginn greinilegur inngangur á milli hólfanna. Hólf B er um 2,0x1,5 m að innanmáli og nokkuð sigið saman. Sjá má leifar af gaddavír inni í tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 13

BA-139:035 *Stöðullinn* heimild um kvíar 65°33.167N 24°20.448V
"Hér er komið heim að túngarði [015], sem var fyrir framan túnið og náði niður undir mýrar. Stöðullinn var skammt frá túngarðinum, ofan til við veginn, frá bæjunum og fram á Stöðulholt. Þar voru kýr mjólkaðar á sumrin [035], og einnig var þar kví fyrir mjólkurær [034]." Kvíar 034 sjást ennþá greinilega um 30 m austan við túngarð 015 og um 270 m ANA við bæ 001. Samkvæmt lýsingu örnefnaskrár hafa kýrnar verið mjólkaðar á svipuðu svæði austan við túngarð 015 en ekki fundust nein sérstök mannvirki.
Á þessu svæði er frekar flatlent grasi- og mosagróið holt frá túngarði 015 yfir á Stöðulholt sem er frekar bert malarholt um 120 m austar. Brekka hallar hér 2-5° til NNA.
Ekkert sést til fornleifa á svæðinu. Ekki þarf að vera að sérstakt hólf hafi verið fyrir kýrnar heldur hafi þær bara verið mjólkaðar á holtinu án sérstaks aðhalds.
Hættumat: engin hætta



Tóft 036, horft í vestur.

BA-139:036 tóft rétt 65°33.663N 24°20.440V
Tóft er vestan undir aflöngu holti sem liggur NV-SA langsum með Breiðnum, í átt að Urðarhvammi/Stekk 023. Hún er um 180 m SA af bæjartóftinni 023A. Ekki er ósennilegt að hún tengist búsetu á staðnum. Slétt valllendi. Einföld tóft, 7 x 4-5 m stór frá norðri til suðurs (heldur breiðari nyrst), op er nyrst á vesturvegg. Hún er gróin að sunnan en mikið grjót í norðurenda, gróft og stórt. Tóftin líkist rétt, gæti t.d. verið af kvíum en er tæplega hústóft. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta

BA-139:037 *Brú* gata leið
"Brú. Fyrir rneðan Túnbrekku var upphækkaður vegur með skurðum beggja vegna. Á þessari leið rann lækur norður í Vatn, og yfir hann var hellubrú. En þessi vegarspotti (um 50 m), frá Túnbrekku og niður fyrir læk, var allur nefndur Brú. Af því að hann var að nokkru hærri en umhverfið, líktist hann tilsýndar langri brú." Brú er um 120 m VNV við bæ 001 og um 50 m ANA við kirkjugarð 003 og er hún hluti af leið 037 frá bæjarhól 001 niður að kirkjugarði 003.
Vegslóðinn liggur frá kirkjugarði 003 um grasigróin tún, yfir Brú og upp á grasigróið bæjarholtið. Beggja vegna Brúar eru djúpir skurðir sem liggja VNV-ASA og NNA og SSV við skurðina eru sléttuð tún.
Brú er hluti af um 180 m langri götu sem liggur í VNV frá bæjarhól 001 milli túna yfir að Hólavelli þar sem kirkjugarður 003 er staðsettur. Vegslóðinn heldur áfram vestan við Brú og liggur norðan við kirkjugarðinn fyrir norðvestur horn hans inn á malarbílastæði vestan við garðinn þar sem hann endar. Brú er 4-5 m á breidd og um 60 m á lengd en stendur líklega ekki mikið meira en 0,2-0,5 m hærra en umhverfið. Engin ummerki má lengur sjá á yfirborði um hellubrúna sem nefnd er í örnefnaskrá. Í ASA-enda Brúar eru grasigrónar jarðvegshrúgur sem trúlega hafa komið upp úr skurðum við brúna. Núverandi slóði liggur norður fyrir hrúgurnar og ASA upp fyrir Túnbrekku þar sem hann beygir til norðausturs og liggur norðvestur fyrir fjós og gerði 004. Vegurinn hefur verið eyðilagður á þessu svæði og beint til norðausturs því samkvæmt túnakorti frá 1920 lá hann áfram upp í ASA alveg upp að bæ milli bæjarhóls 001 og fjóss 004.



Brú 037, horft í SA.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Breiðavík, 15


BA-139:038 *Lambhúsvöllur* heimild um lambhús 65°33.000N 24°21.107V
"Lambhúsvöllur. Í útsuður frá bænum, skammt fyrir heiman Fiská, voru hólar, sem höfðu verið ræktaðir, aðallega eftir að þar hafði verið byggð hlaða og lambhús. Þetta svæði var kallað Lambhúsvöllur. Árið 1912 var syðri bærinn í Breiðavík rifinn og í hans stað byggt steinhús úti á Lambhúsvelli ofanverðum." Gamla

íbúðarhúsið í Breiðavík frá árinu 1912 er staðsett austan við miðja víkina um 650 m norðvestan við Örlygshafnarveg, um 300 m vestan við fjallið Hall og um 350 m suðvestan við gamla bæjarhólinn 001. Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 voru lambhúsin og hlaðan um 30 m NNV við gamla íbúðarhúsið.
Á þessu svæði er stórt malarplan og steinsteypt viðbygging gamla gistiheimilisins sem byggð var 1952.
Samkvæmt túnakorti voru húsin þrískipt og náðu yfir um 20x15 m svæði sem lá NNV-SSA. Ekkert sést til þessa mannvirkja í dag vegna sléttunar og byggingafræmkvæmda. Á gömlum ljósmyndum sést að á þessum slóðum stóðu stór útihús, fjárhús, í beinu framhaldi af íbúðarhúsinu gamla og viðbyggingu norðan við það. Kristinn Guðmundsson frá Látrum minnist þess þegar þessi hús voru rifin, en við þá framkvæmd kom upp mikið af mannabeinum. Ekki er ljóst hvað var gert við beinin og ekki heldur víst hvort þessi beinafundarstaður stendur í samhengi við beinafundi við gamla íbúðarhúsið, sjá 040.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðavík, 16; Túnakort 1920

BA-139:039 tóft rétt 65°32.943N 24°21.124V
Gamla réttin í Breiðavík er um 425 m suðvestan við gamla bæjarhól norðurbæjarins 001, um 70 m SSV við gamla íbúðarhúsið [052] byggt 1912 og um 65 m norðvestan við Breiðavíkurkirkju (1963). Þetta var sundurdráttarrétt margra bæja í Rauðasandshreppi. Norðan við réttina er stórt tjaldstæði sem nýtt er í ferðaþjónustu í Breiðavík. Austan og sunnan við tóftina er graslendi og um 5 m vestan við tóftina rennur Fiská í NNV niður fyrir endann á tjaldstæðinu áður en hún beygir til vesturs niður á sandana.
Réttin er hlaðin úr hraungrýti og hellum en hleðslur standa að mestu. Réttin er um 23 m á lengd, um 12-20 m á breidd og liggur norður-suður. Henni er skipt í eitt aðalhólf A og fimm minni dilka B-F. Gengið er inn í alla dilkana úr aðalhólfi A. Hólfin eru öll nokkuð hornrétt og liggur langás þeirra allra norður-suður. Veggir eru vel grasi- og mosagrónir í toppinn og að utanverðu, 1,2-1,5 m á breidd og 1-1,6 m á hæð (5-12 umför). Gengið er inn í aðalhólf réttarnnar að norðanverðu og er inngangur um 2 m á breidd. Aðalhólf A er um 11x6,5 m að innanmáli. Norðurveggur réttarinnar er um 23 m á lengd og liggja hólf B og D í suður frá honum sitt hvoru megin við A. Gengið er inn í dilk B til austurs um 0,5 m breiðan inngang fast upp við norðurvegg. Dilkur B er um 6x3 m að innanmáli. Gengið er inn í dilk D til vesturs um 0,5 m breiðan inngang á austurvegg dilks D um 1 m sunnan við norðurvegg. Dilkur D er um 6x2 m að innanmáli. Dilkur C er sunnan við dilk B en um 1 m breiður veggur skilur á milli þeirra. Dilkur C er eini dilkurinn þar sem hægt er að ganga inn að utan um 0,5 m breiðan inngang á austurhlið. Einnig er gengið inn í dilk C úr hólfi A um 0,5 m breiðan inngang á miðjum vesturvegg C. Dilkar B, C og E eru allir vestan við eystri útvegg réttarinnar. Dilkar E og F eru syðstir. Dilkur E er að mestum hluta sunnan við dilk C en um 2 m af breidd E eru þó sunnan við hólf A. Dilkur F er allur sunnan við suðvesturhluta hólfs A. Gengið er inn í dilk E um 0,5 m breiðan inngang á suðurvegg fast upp við austurvegg í suðausturhorni hólfs A á meðan gengið er inn í dilk F um suðurvegg fast upp við vesturvegg í suðvesturhorni hólfs A. Dilkur E er stærstur, eða 5x4,5-5 m að innanmáli, en hann er örlítið mjórri að sunnan en að norðan þar sem eystri útveggur liggur þar skáhallt NNA-SSV. Dilkur F er minnstur eða um 4x1,5 m að innanmáli sem gerir það að verkum að suðurendi



Tóft 039, horft í NV.



réttar er ekki beinn. Örlítið hrun er greinanlegt í þremur dilkum D-F en margir veggir tóftarinnar hafa nýlega verið endurhlaðnir. Botn réttarinnar er hálfgrasigróinn skeljasandur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-139:040 kuml legstaður
"Lambhúsvöllur. Í útsuður frá bænum, skammt fyrir heiman Fiská, voru hólar, sem höfðu verið ræktaðir, aðallega eftir að þar hafði verið byggð hlaða og lambhús. Þetta svæði var kallað Lambhúsvöllur. Árið 1912 var syðri bærinn í Breiðavík rifinn og í hans stað byggt steinhús úti á Lambhúsvelli ofanverðum. Við gröft þarna fyrir húsunum hefur komið upp eitthvað af mannabeinum," segir í örnefnaskrá. Í grein eftir Mattías Þórðarson í Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1924 segir einnig um staðinn: "Þegar grafið var fyrir undirstöðum steinhúss þess, sem nú 1913 er verið að byggja í Breiðuvík, fundust það í jörðu allmörg bein, manna og hesta. Einkum komu þau í ljós við vesturhlið hússins, og við suðvesturhornið fann ég nokkur mannabein um 30 sm í jörðu." Að lokum segir svo í Kuml og haugfé: "Vafalaust eru þetta leifar af kumlum fornmanna. Ekki er ástæða til að ætla, að neitt haugfé hafi verið, úr því að það er ekki nefnt, en heimildir góðar. Þó kynnu kumlin að hafa verið rænd. Matthías Þórðarson hefur sjálfur talað við finnandann. Trausti Ólafsson, sem er bróðir mannsins, er byggði húsið, hefur sagt mér, að íbúðarhús þetta hafi verið reist allfjarri gamla bæjarstæðinu og utan túns. Ekki veit hann til, að forngripir fyndust." Gamla íbúðarhúsið í Breiðavík 052 frá árinu 1912 stendur austan við miðja víkina um 650 m norðvestan við Örlygshafnarveg, um 300 m vestan við fjallið Hall og um 350 m suðvestan við gamla bæjarhólinn 001. Á þessu svæði er nú (2013) Hótel Breiðavík og stórt sléttað malarplan. Við vesturhlið gamla hússins er stór timburpallur. Búið er að byggja umfangsmiklar steinsteyptar viðbætur við gamla íbúðarhúsið bæði að norðan og sunnan. Ekkert sést til fornleifa. Bein hafa verið að finnast allt framundir þennan dag, bæði vestan við húsið (2005) og nú síðast (2012-2013) austan við gamla íbúðarhúsið, þar sem hefur verið reistur nýr matsalur. Að sögn Kerans Ólasonar fundust engir gripir og leit út eins og svæðinu hefði verið raskað áður, enda kom aðeins upp bein og bein á stangli. Hér má geta þess að einnig eru sagnir eru um mannabeinafund spottakorn norðan við gamla íbúðarhúsið, sjá 038.




Gamla íbúðarhúsið í Breiðavík, horft í austur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðavík, 14; Matthías Þórðarson 1925, 46; KEKH, 89.

BA-139:041 gata leið 65°33.180N 24°20.613V
Á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 liggur heimreið 041 í framhaldi af götu 037 frá bæjarhól 001 norðaustanverðum til ANA út úr heimatúni í gegn um túngarð 015 um 290 m norðaustan við bæjarhól 001 og um 20 m sunnan við tóft og rétt 011. Á þessu svæði er yfirgróið graslendi fast norðan undir 0,5-2 m háum hjalla í heimatúni. Heimreiðin lá til ANA frá austurenda götu 037 við norðausturhorn bæjarhóls, fast sunnan við garð 004B. Gatan lá áfram til norðvesturs fram hjá hesthúsi 009 að ofan og sunnanverðu og áfram þaðan í austur framhjá fjárhúsi 008 að norðanverðu. Gatan lá svo út úr heimatúni í gegn um túngarð 15 um 20 m sunnan við tóft og rétt 011. Þar beygði gatan til norðausturs í átt að Stöðulholti (sjá 035). Lítið sem ekkert sést til gömlu götunnar í dag vegna grasvaxtar og sléttunar en innan túns hefur gatan verið um 280 m löng. Núverandi veglóði

liggur ANA-VSV aðeins neðar um túnið en sá eldri. Líklega er þetta sami slóði og lá áfram til austurs, að Vörðuvaði (026), upp með Hafnargili en skiptist þar og lá annarsvegar í Kollsvík (028) og hins vegar í Örlygshöfn (072).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

BA-139:042 tóft skotbyrgi 65°32.974N 24°20.577V





Skotbyrgi 042, horft í SSA.

Lítið grjóthlaðið skotbyrgi er í blábrún Hallsins um 400 m austan við Breiðavíkurbæ, um 320 m suðaustan við bæjarhól 001 og um 50 m SSV við Grýluvörðu 065. Skotbyrgið stendur á milli tveggja kletta í klettabrúninni að vestanverðu efst í hlíðinni. Grýtt fjallshlíð sem er lítt gróin og mjög brött til vesturs. Skotbyrgið er einfalt og grjóthlaðið, um 2x1,5 m að utanmáli og liggur gróflega norður-suður. Innanmál er um 1x1 m. Náttúrulegur klettur, um 0,5 m hár, þjónar sem norðurveggur hólfsins og klettabrún Hallsins sem austurveggur með hleðslugrjóti ofaná. Hleðslur í suður- og vesturveggjum eru 0,3-0,5 m breiðar og 0,2-0,5 m á hæð. Hleðslur eru signar og eru mest 2-4 umför greinanleg, aðallega hellugrjót. Tóftin er gróin lyngi og mosa. Botn hólfsins er mjög ósléttur og hallar niður til vesturs. Hleðslur vestan megin eru að hluta hrundar niður brekkuna út úr tóftinni.
Hættumat: engin hætta

BA-139:043 heimild um skemmu
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarit III, Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: "Þurrabúð, (húsmannalóð), var á hluta Sigríðar Traustadóttur, og átti Magnús Jónsson hana." Þessi lóð ásamt þremur byggingum er mjög líklega merkt inn á túnakort frá því um 1920. Þar er hún sögð vera um 0,1 ha að stærð og mælt upp af M.J., sem mjög líklega stendur fyrir Magnús Jónsson. Nákvæm staðsetning þessarar þurrabúðar er óþekkt.
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarrit III: Fólkið, landið og sjórinn segir einnig: "Var byrjað að rækta lóðina, sem þá gaf af sér 4 hesta töðu og 2 tunnur matjurtir. Húsið var geymsluhús, hálfir veggir úr grjóti, en hálfur úr timbri, með járnþaki. Hús var ætlað sem íbúðarhús, en var enn notað til geymslu, metið á 300 krónur. Býlinu fylgdi hlaða (60 krónur), 2 fjárhúskofar, (10 og 30 krónur), og 4 strengja girðing um lóðina, 95 faðma löng, (60 krónur). Ekki átti að borga leigur fyrir lóðina næstu fimm árin." Ekkert sést til fornleifa og ekki er vitað hvar mannvirkið stóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Vestfjarðarit III, 234-235

BA-139:044 heimild um fjárhús
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarit III Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: "Þurrabúð, (húsmannalóð), var á hluta Sigríðar Traustadóttur, og átti Magnús Jónsson hana." Þessi lóð ásamt þremur byggingum er mjög líklega merkt inn á túnakort frá því um 1920. Þar er hún sögð vera um 0,1 ha að stærð og mælt upp af M.J., sem mjög líklega stendur fyrir Magnús Jónsson. Nákvæm staðsetning þessara bygginga er óþekkt.
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarrit III: Fólkið, landið og sjórinn segir einnig: "Var byrjað að rækta lóðina, sem þá gaf af sér 4 hesta töðu og 2 tunnur matjurtir. Húsið var geymsluhús, hálfir veggir úr grjóti, en hálfur úr timbri, með járnþaki. Hús var ætlað sem íbúðarhús, en var enn notað til geymslu, metið á 300 krónur. Býlinu fylgdi hlaða (60 krónur), 2 fjárhúskofar, (10 og 30 krónur), og 4 strengja girðing um lóðina, 95 faðma löng, (60

krónur). Ekki átti að borga leigur fyrir lóðina næstu fimm árin." Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Vestfjarðarit III, bls. 234-235

BA-139:045 heimild um fjárhús
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarit III: Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: "Þurrabúð, (húsmannalóð), var á hluta Sigríðar Traustadóttur, og átti Magnús Jónsson hana." Þessi lóð ásamt þremur byggingum er mjög líklega merkt inn á túnakort frá því um 1920. Þar er hún sögð vera um 0,1 ha að stærð og mælt upp af M.J., sem mjög líklega stendur fyrir Magnús Jónsson. Nákvæm staðsetning þessara bygginga er óþekkt.
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarrit III: Fólkið, landið og sjórinn segir einnig: "Var byrjað að rækta lóðina, sem þá gaf af sér 4 hesta töðu og 2 tunnur matjurtir. Húsið var geymsluhús, hálfir veggir úr grjóti, en hálfur úr timbri, með járnþaki. Hús var ætlað sem íbúðarhús, en var enn notað til geymslu, metið á 300 krónur. Býlinu fylgdi hlaða (60 krónur), 2 fjárhúskofar, (10 og 30 krónur), og 4 strengja girðing um lóðina, 95 faðma löng, (60 krónur). Ekki átti að borga leigur fyrir lóðina næstu fimm árin." Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Vestfjarðarit III, bls. 234-235

BA-139:046 tóft útihús 65°33.730N 24°20.541V



Tóft 046, horft í NV.


Tóft er á hól 15-20 m austan við Urðarhvamm/Stekk 023.
Kúptur og fallegur, gróinn hóll.
Einföld og mjög snyrtileg tóft, 6 x 4 m stór og snýr SV-NA, opin til SV, fram af hólnum. Hleðslur eru 3-4 umför og ná 0,5 m hæð. Hér gætu hafa verið kvíar eða lítið útihús frá Urðarhvammi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 16.

BA-139:047 renna áveita
"Sef. Ofan til við syðri enda Túnbrekkunnar kom væta undan brekkunni, svo að þar myndaðist hálfgert dý. Frá því seytlaði vatn eftir um það bil 2 m breiðri lænu niður í læk þann, sem upptök sín átti í Kaldabrunni [048]. Þessi læna hét Sef. Tungur. Nokkru fyrir sunnan Sefið hafði verið stunginn djúpur skurður niður í fyrrnefndan læk, sem hér var þráðbeinn á löngum kafla, af því hann hafði verið stunginn upp og lagaður til um leið." Þetta hefur væntanlega verið í mýrlendinu neðan við Túnbrekkuna en erfitt að staðsetja nákvæmlega. Enginn skurður sést nú sem hægt er að koma heim og saman við lýsinguna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðavík, 16

BA-139:048 *Kaldibrunnur* brunnur vatnsból 65°33.035N 24°20.838V
"Kaldibrunnur. Skammt fyrir utan áðurnefndan hrygg fór graslendið í Brekkunni að dragast saman niður að mýrlendinu og endaði loks í horni. Í lægð fyrir utan hrygginn var uppspretta og hlaðinn utan um lítill brunnur. Þetta var Kaldibrunnur. Úr honum rann lækur niður í mýri fyrir neðan og síðan heim eftir. Hér um bil í vestur frá bænum var í 80-100 metra fjarlægð byggt hús yfir lækinn [sjá 006]. Þar var tekið neyzluvatn, þvegnir þvottar og afvatnað saltmeti. Héðan rann lækurinn svo neðan við Tungur, og í framhaldi af honum var Brúarlækur." Nákvæm staðsetning Kaldabrunns er óljós. Búið er að raska umhverfinu austan og norðaustan við Hótel Breiðavík umtalsvert með skurðum og sléttun til þess að ræsa fram mýrina og rækta landið svo erfitt er að

staðsetja brunninn út frá lýsingu í örnefnaskrá. Hnit var tekið við litla vatnsuppsprettu í rótum Halls norðan við Klungur um 200 m norðaustan við Hótel Breiðavík og um 160 m SSV við bæjarhól 001 en þó ekki er útilokað að brunnurinn hafi verið suðaustar í mýrinni nær Hótel Breiðavík austan við Klungur.
Nákvæm staðsetning Kaldabrunns er óljós. Búið er að raska umhverfinu austan og norðaustan við Hótel Breiðavík umtalsvert með skurðum og sléttun til þess að ræsa fram mýrina og rækta landið svo erfitt er að staðsetja brunninn út frá lýsingu í örnefnaskrá. Hnit var tekið við litla vatnsuppsprettu í rótum Halls norðan við Klungur um 200 m norðaustan við Hótel Breiðavík og um 160 m SSV við bæjarhól 001 en þó ekki er útilokað að brunnurinn hafi verið suðaustar í mýrinni nær Hótel Breiðavík austan við Klungur.
Ekkert sést til fornleifa. Líklegt er að brunnurinn sé horfinn vegna rasks á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðavík, 16

BA-139:049 tóft útihús 65°33.176N 24°20.602V





Tóft 049, horft í suður.

Útihústóft sem ekki er merkt inn á túnakort Breiðavíkur frá 1920 er um 165 m norðaustan við bæjarhól 001 fast ofan og sunnan við núverandi vegslóða (sjá 041) út úr túni til norðausturs. Á þessu svæði er vel gróinn, 2 m hár bakki í heimatúni. Brekkan hallar 10-20° til norðvesturs niður að vegslóða. Útihúsið er grafið inn í brekkuna. Tóftin er einföld, um 8 m á lengd, um 5 m á breidd og liggur NNV-SSA.Gengið hefur verið inn að norðanverðu. Inngangur er fallinn saman en er nokkuð greinilegur ennþá. Hefur trúlega verið um 0,5 m á breidd upp við vesturvegg í gegnum norðurvegg. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og veggir eru 1-2 m á breidd og 1-1,5 m á hæð. Veggir eru vel grasigrónir að utan en hleðslur eru hrundar inn að austanverðu, a.m.k. efsti hluti veggjar. Aðrir veggir standa nokkuð vel þó vesturveggur er farinn að bólgna nokkuð út á kafla að innan. Innanmál tóftar er 4 x 2 m en botn tóftarinnar er þakinn hleðslugrjóti. Líklega er hér um lítið fjárhús eða hesthús að ræða sem byggt hefur verið eftir 1920.
Hættumat: engin hætta

BA-139:050 heimild um tún 65°32.944N 24°20.980V
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarrit III: Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: "Sama gilti um blett Sveins Benónissonar [sjá einnig 043-45]. Hann gaf af sér 2 hesta töðu, og 2 tunnur af kartöflum, og á honum var geymsluhús úr torfi og grjóti, 4,39x2,51 m, metið á 60 krónur. Einnig fjárhús fyrir 20 kindur, metið á 30 krónur." Þessi blettur er mjög líklega merktur á túnakort Breiðavíkur frá því um 1920 en þar er lítill 0,4 ha skiki merktur inn ásamt einu mannvirki sem mælt var út af S.B., sem mjög líklega stendur fyrir Svein Benónísson. Nákvæm staðsetning þessa túnbletts er óljós en þó er vitað hvar hús Sveins stóð: hér um bil þar sem rimlahlið er nú (2013) í heimreið niður að Hótel Breiðavík um 115 m suðaustan við hótelið, um 60 m NNA við Breiðavíkurkirkju og um 360 m SSV við gamla bæjarhól 001.
Á þessum stað er eins og áður sagði um 4 m breiður malarvegur með rimlahliði úr járni sem liggur í vestur niður að Hótel Breiðavík. Engin greinileg ummerki um jarðrækt má greina á þessu svæði.
Á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 er aðeins merkt inn eitt mannvirki í suðvesturhorni skikans. Mannvirkið virðist hafa verið um 15x15 m að flatarmáli. Ekki er ljóst hvort hér er um að ræða skemmu eða fjárhús en samkvæmt lýsingu Birgis Þórissonar var skemman aðeins um 4,4x2,5 m að flatarmáli svo að ekki passar stærð hennar við teikninguna. Ekki er útilokað að húsin hafi verið sambyggð en engin skýr skipting er þó teiknuð á

túnakortið. Við rimlahliðið að sunnanverðu eru leifar af um 1 m háum, 1-2 m breiðum og 6-8 m löngum grjóthleðslum eða vegg sem gæti hugsanlega hafa verið hlaðinn upp úr grjóti úr áðurnefndum mannvirkjum. Slíkt er þó erfitt að ganga úr skugga um. Mjög líklegt telst að þessi mannvirki sem um er rætt hafi einfaldlega ekki enn verið reist þegar túnakort Breiðavíkur er teiknað um 1920 þar sem Sveinn Benónýsson er ekki skráður bóndi í Breiðavík fyrr en 1927-1946 þó að hann hafi flutt þangað ungur. Sveinn var fyrst vinnumaður Sigríðar Traustadóttur sem átti Breiðavík neðri. Ekki er útilokað að mannvirkið sem merkt er á túnakortinu sé kálgarður frekar en skemma eða fjárhús og skikinn á túnakortinu sé aðeins innsýn í upphaf búskapar Sveins Benóníssonar í Breiðavík.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Vestfjarðarrit III, 235; Túnakort 1920

BA-139:051 *Grásleppuvör* heimild um lendingu 65°32.628N 24°24.517V
Í örnefnalýsingu segir: "Grásleppuvör. Í hlein þá eða grjótrif, sem var heiman til við Kumbara, var rudd vör (aðeins fáir metrar), er hét þessu nafni. Hefur það auðvitað staðið í sambandi við notkun hennar vegna grásleppuveiða, er voru fyrrum talsverðar í þaranum fram af Verinu. En annars var vörin notuð almennt til þess að koma fiski af Bót og út í Kumbara, þegar gert var að fiskinum þar. til þess að bátur gæti flotið yfir hleinarnar heiman til við Grásleppuvör, þurfti að vera talsvert fallið að, en þó að bátur flyti ekki, var hægt að draga fiskinn á seilum þessa leið. Oft var hægt að koma bátum þessa leið, þótt eigi væri fært upp Þráðinn [sjá 019]. Síðan þetta var, hefur mikill sandur borizt í fjöruna, og var þá rudd önnur vör nokkru framar." Grásleppuvör er merkt inn á kort, uppmælingu af Breiðavíkurveri sem gerð var 1976 en kortið kom út árið 1994 og er birt í skýrslu Guðmundar Ólafssonar um fornleifaskráningu í Rauðasandshreppi. Hún er sýnd hér um bil beint niður af tóft 017B, rúma 150 m vestur af Bót 070, en það var aðallendingin í Breiðavíkurveri.
Sandfjara. Engin mannvirki sjást á þessum stað. Ef rýnt er í loftmynd virðist sjá móta fyrir dökkri línu, hugsanlegum ruðningi, gegnum austasta hluta rifsins sem markar Kumbara að norðanverðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 13; Ö-Breiðavík, 4

BA-139:052 *Breiðavík* heimild um bústað 65°32.987N 24°21.086V
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarit III: Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: Hitt býlið, 14 hundruð forn (neðri jörðin), sem Sigríður Traustadóttir og synir hennar bjuggu á, var metið jafnhátt að landverði, 2600 krónur, hús á 7760 krónur, ogn ýjar jarðabætur 284 krónur. Þessi jarðapartur bar 4 kýr, 4 hross, og 160 fjár. Tún gáfu af sér 130 hesta, en engjar 150. ... 3 matjurtagarðar gáfu af sér 14 tunnur. Íbúðarhús þeirra var í sérflokki miðað við húskost á flestum sveitabæjum í sýslunni, enda var það metið á 7000 krónur, (byggt 1912)." Gamla íbúðarhúsið í Breiðavík 052 sem byggt var árið 1912 er austan við miðja Breiðavík um 650 m norðvestan við Örlygshafnarveg, um 300 m vestan við fjallið Hall og um 350 m suðvestan við gamla bæjarhólinn 001. Um 135 m SSA og ofan við húsið er núverandi kirkja í Breiðavík. Gamla íbúðarhúsið er teiknað á Lambhúshól (sjá 038) inn á túnakort Breiðavíkur frá því um 1920 og stendur þar eitt og sér á þeim tíma.
Stórt sléttað malarplan er norðan, vestan og suðvestan við húsið. Við vesturhlið gamla hússins er stór timburpallur. Búið er að byggja umfangsmiklar steinsteyptar viðbætur við gamla íbúðarhúsið bæði að norðan- og sunnanverðu. Gistiheimili og íbúð voru byggð við gamla húsið árið 1952.
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarrit III: Fólkið, landið og sjórinn segir einnig: "Íbúðarhús þeirra var í sérflokki miðað við húskost á flestum sveitabæjum í sýslunni, enda var það metið á 7000 krónur, (byggt 1912). Það var úr steinsteypu, tvílyft með járnþaki; 7,53x7,53 m (56,7 m2), vegghæð frá kjallara 5,35 metrar. Í húsinu voru 10 herbergi og 2 eldhús, 3 eldavélar og 4 ofnar. Kjallari er undir öllu húsinu úr sama efni, og er vatnsleiðsla í hann. 19 önnur hús fylgdu jörðinni, þar af 5 verbúðir." Húsið er nú (2013) hluti af Hótel Breiðavík og er það alfarið nýtt til þess að hýsa ferðamenn. Mynd af húsinu er við umfjöllun um kumlstæði 040.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Vestfjarðarit III, 234

BA-139:053 heimild um bústað
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarit III: Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: "Þriðja þurrabúðin fylgdi hinum partinum [efri jörðinni]. Hana átti Jóhann Eiríksson, og var hún útmæld, innan túngirðingar, en ekki sögð komin í rækt 1916. Þó gaf hún af sér 5-6 hesta af töðu, og 2 matjurtagarðar 3 tunnur. Á lóðinni stóð íbúðarhús úr grjóti og torfi, þiljað að innan, með lofti og gólfi, járn- og torfþaki, 5,65x3,14 m (17,4 m2). Í húsinu var 1 herbergi, eldhús, og geymsla uppi. Það var metið á 350 krónur. Einnig var 20 króna fjárhús yfir 20 fjár [054]. Lóðin var líka afgjaldslaus um 5 ár enn." Þessi túnblettur er ekki skráður á túnakort Breiðavíkur frá því um 1920. Nákvæm staðsetning þessarar þurrabúðar er óþekkt.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Vestfjarðarit III, 235

BA-139:054 heimild um fjárhús
Í bók Birgis Þórissonar Vestfjarðarit III: Fólkið, landið og sjórinn segir m.a.: "Þriðja þurrabúðin fylgdi hinum partinum [efri jörðinni]. Hana átti Jóhann Eiríksson, og var hún útmæld, innan túngirðingar, en ekki sögð komin í rækt 1916. Þó gaf hún af sér 5-6 hesta af töðu, og 2 matjurtagarðar 3 tunnur. Á lóðinni stóð íbúðarhús [053] úr grjóti og torfi, þiljað að innan, með lofti og gólfi, járn- og torfþaki, 5,65x3,14 m (17,4 m2). Í húsinu var 1 herbergi, eldhús, og geymsla uppi. Það var metið á 350 krónur. Einnig var 20 króna fjárhús yfir 20 fjár. Lóðin var líka afgjaldslaus um 5 ár enn." Þessi túnblettur er ekki skráður á túnakort Breiðavíkur frá því um 1920. Nákvæm staðsetning þessa fjárhúss er óþekkt.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Vestfjarðarit III, 235

BA-139:055 *Sveinsvarða* varða 65°31.286N 24°23.076V
"[Húsvarða, sjá BA-138:050] er utar á fjallinu en staðir þeir, sem nú hafa verið nefndir, liðlega 300 m yfir sjó. Framhjá henni að austanverðu liggur vegurinn út á bjarg. Frá Breiðavík stefnir bjargvegurinn í aðalatriðum á Sveinsvörðu, beygir þá í suðaustur og sker brátt veg þann, sem liggur inn Látraheiði, en þaðan er stefnan til suðurs út á Geldingsskoradal. Þar og nokkuð utar var aðallega farið á bjarg úr Breiðavík. Með áburðarhesta var þessi leið farin á 1-1 1/2 klst." Sveinsvarða er um 100 m neðan og norðan við bílveginn að Keflavík, nokkru norðvestar en afleggjari í Geldingsskorardal. Hún er austanvert við smákant eða gildrag ofan við bratta brekku. Þetta er um 4 km suðvestur af bænum í Breiðavík. Nú eru raunar tvær vörður á þessum stað og smáskarð á milli þeirra. Sveinsvarða mun vera sú sem er sunnar eða suðaustar en hin hlaðin upp fyrir nokkrum árum.



Sveinsvarða 055 hægra megin, yngri varða til vinstri, horft í NA.

Grýtt hæð, lækkar skarpt niður af henni til norðurs. Varðan er hlaðin úr flötum hellum á kletti, ferköntuð í grunninn, um 1 m há en hærri ef staðið er undir henni að norðvestan. Hún er um 1 m á kant í grunninn en efri hlutinn bungar á sérkennilegan hátt út til vesturs og má segja að varðan breikki upp á við. Leiðin sem lá frá Breiðavík út á bjarg sést vel vestan undir vörðunni, sjá 056.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 20

BA-139:056 vegur leið 65°31.378N 24°23.103V
"[Húsvarða, sjá 138:050] er utar á fjallinu en staðir þeir, sem nú hafa verið nefndir, liðlega 300 m yfir sjó. Framhjá henni að austanverðu liggur vegurinn út á bjarg. Frá Breiðavík stefnir bjargvegurinn í aðalatriðum á Sveinsvörðu [055], beygir þá í suðaustur og sker brátt veg þann, sem liggur inn Látraheiði [138:051], en þaðan er stefnan til suðurs út á Geldingsskoradal. Þar og nokkuð utar var aðallega farið á bjarg úr Breiðavík. Með áburðarhesta var þessi leið farin á 1-1 1/2 klst, " segir í örnefnalýsingu. Þessi leið er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1933. Hún lá frá Breiðavík til suðvesturs út á Bæjarbjarg og skaraðist við leið 051 sem lá milli Látra og Keflavíkur.
Leiðin lá að mestu leyti um ógróið land, urðir og holt.

Leiðin var skoðuð hjá Sveinsvörðu og sést vel við hana. Það er stígur með fremur sléttum botni en grýtt allt í kring. Varðan er ennfremur sýnd á herforingjaráðskorti frá 1933.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 20; Herforingjaráðskort 1933

BA-139:057 *Hádegisvarða* varða eyktamark 65°32.645N 24°20.850V
"Hádegisvarða. Hún var á Fossbrekku [0fan við Fossa], rétt við Fiská. Reyndar voru vörður beggja megin við ána, en skammt var á milli þeirra. Sú, sem var austar, hefur líklega verið hin eiginlega Hádegisvarða." Tvær litlar vörður eða grjóthrúgur eru á klettabrún beggja megin við Fiskárgil um 700 m sunnan við Breiðavík, um 5 m neðan og norðan við Örlygshafnarveg og um 215 m VSV við gatnamót Örlygshafnarvegar og heimreið niður að Hótel Breiðavík. Vörðurnar standa á ógróinni klöpp sitt hvoru megin við djúpt Fiskárgil þar sem áin rennur niður á láglendið. Vörðurnar sjást vel frá bæ.



Eystra vörðubrotið 057, horft í norður.

Eystri varðan sem talin er vera hið eiginlega eyktarmark stendur á um 0,5 m háum steini. Varðan er frekar einföld lítil hrúga af grjóti ofan á steininum sem er varla 0,5x0,5 m að flatarmáli og <0,5 m á hæð (4-6 umför). Framan og norðvestan við steininn er önnur lítil grjóthrúga. Vestari varðan er mun sterklegri, grjóthlaðin strýta sem er um 0,5x0,5 m að flatarmáli og 0,6-0,8 m á hæð (6-8 umför).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 20.

BA-139:058 *Fylgsni* hleðsla 65°32.215N 24°19.028V
Í örnefnalýsingu segir: "Neðra-Stæðavatn. Í Stæðunum voru allstór vötn, og hét það sem nær var bænum, Neðra-Stæðavatn. Í vötnunum var nokkur silungur. Úr neðra vatninu var samband við Seljagil [sjá 025]. Efra-Stæðavatn. Það var spölkorn fyrir ofan neðra vatnið, og rann lækur á milli þeirra. Efra vatnið mun sums staðar hafa verið alldjúpt. Flygsni [058 og 059]. Við bæði vötnin var lækurinn [sem rann á milli þeirra] hlaðinn upp í streng og hellur lagðar yfir. Þessi



Fylgsni 058, horft í NA.

fylgsni voru stöku sinnum notuð til silungsveiða á þann hátt, að læðzt var að þeim og lokað fyrir báða enda." Enn eru óljós ummerki um silungagildrur til staðar í læknum fast norðan við Efra-Stæðavatn um 350 m suðaustan við Neðra-Stæðavatn og um 2,1 km suðaustan við bæ 001.
Á þessum stað er langt og mjótt gróið dalverpi þar sem lækurinn rennur milli vatnanna. Lækurinn er grýttur, 1-1,5 m breiður og <0,3 m djúpur. Lækjarbakkar eru grasi grónir. Í læknum má ennþá sjá merki um hrundar hleðslur þar sem mikið er um hellugrjót á um 3x3 m stóru svæði en því miður er ekki hægt að sjá neitt skýrt mannvirki út úr hleðslugrjótinu lengur, án efa vegna sífellds vatnsaga.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Breiðavík, 21-22.

BA-139:059 *Fylgsni* hleðsla 65°32.385N 24°19.193V

"Neðra-Stæðavatn. Í Stæðunum voru allstór vötn, og hét það sem nær var bænum, Neðra-Stæðavatn. Í vötnunum var nokkur silungur. Úr neðra vatninu var samband við Seljagil. [sjá 025] Efra-Stæðavatn. Það var spölkorn fyrir ofan neðra vatnið, og rann lækur á milli þeirra. Efra vatnið mun sums staðar hafa verið alldjúpt. Fylgsni [058 og 059]. Við bæði vötnin var lækurinn [sem rann á milli þeirra] hlaðinn upp í streng og hellur lagðar yfir. Þessi fylgsni voru stöku sinnum notuð til silungsveiða á þann hátt, að læðzt var að þeim og lokað fyrir báða enda." Við suðurenda Neðra-Stæðavatns eru engin ummerki um hleðslur lengur í núverandi lækjarfarvegi en hugsanlega má sjá helludreif í vatnsborði um 5 m vestan við núverandi lækjarfarveg, um 340 m NNV við Efra-Stæðavatn og um 1,8 km suðvestan við bæ 001.



Fylgsni 059, horft í NNV.



Óljósir troðningar 060 við Neðra-Stæðavatn, horft í SA.

Á þessu svæði er vatnið mjög grunnt eða <0,3 m á dýpt og lækjarbakki er grasigróinn, mjög lágur og aflíðandi.
Í vatninu fast við vatnsbakkann er hægt að greina hugsanlega helludreif á um 3x2 m stóru svæði en ekki er hægt að greina nein sérstök form eða mannvirki úr hrúgunni, án efa vegna sífellds vatnsaga.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Breiðavík, 21-22.

BA-139:060 *Stæðavegur* gata leið
65°32.256N 24°19.058V
Í örnefnaskrá Breiðavíkur segir: "Stæðavegur. Svo nefndist vegurinn til Keflavíkur um Stæður." Stæðavegur er einnig

nefndur í örnefnaskrá Keflavíkur: "Stæðavegur, sem er milli Keflavíkur og Breiðavíkur, er sagður liggja um Stæðaskarð í skrá Ara Gíslasonar, en Hafliði þekkir ekki það nafn. Vegurinn liggur sunnan eða suðvestan við Stæður. Þar er skarð eða lægð, sem hann liggur um. ... Í skrá A.G. og fyrri athugasemdum er nefnt Stæðagil, lítið gil norðvestur frá bæ. Segir, að farið hafi verið upp með því, þegar farið var til Breiðavíkur. Hafliði man ekki eftir þessu gili." Vegur þessi er sýndur á herforingjaráðskorti og liggur hann frá Breiðavík til suðvesturs upp á milli Stæðavatna um 2 km suðaustan við bæ 001 niður í Keflavík BA-137:001 að vestanverðu. Vegurinn hefur legið um grýtt fjallendi og illa gróna malarkamba mest alla leiðina. Samkvæmt herforingjaráðskorti lá vegurinn upp með Fiská og inn með Hallnum suðvestanverðum til suðausturs í átt að Neðra-Stæðavatni. Ferðast var meðfram neðra vatninu suðvestanverðu og sjást þar aðeins ummerki um 0,3-0,5 m breiðar götur sem liggja inn með illa grónum malarbakkanum. Leiðin lá fyrir neðra vatnið til austurs milli vatnanna og upp með Efra-Stæðavatni norðaustanverðu til suðausturs upp fjallshlíðarnar inn í skarðið á milli Keflavíkurstæða og Brunnhæðar. Þegar komið var í gegn um skarðið lá leiðin niður til ASA niður í Keflavík um svokallað Stæðagil sem ekki allir þekkja, niður að Keflavíkuránni suðvestan við bæ BA-137:001. Leiðin frá Breiðavík til Keflavíkur hefur verið um 7 km á lengd. Ekki er ljóst hversu mikið af götunni er ennþá sjáanlegt og ekki er hægt að fylgja henni eftir á loftmynd. Engin greinileg ummerki eru um leiðina á vesturbakka Keflavíkurár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 22; Ö-Keflavík, 13-14

BA-139:061 *Brúðgumaskarð* gata leið 65°32.028N 24°15.247V
Í örnefnaskrá Breiðavíkur segir: "Brúðgumaskarð. Það er á leiðinni úr Breiðavík og inn á Rauðasand [og samkvæmt herforingjaráðskorti einnig yfir í Sauðlauksdal], um 3 km frá Víkurbotni, þar sem halla tekur inn af fjallinu. Sagan segir, að brúðhjón hafi verið á leið til Bæjarkirkju á Rauðasandi og hafi brúðguminn orðið bráðkvaddur á þessum stað." Leið þessi er sýnd á herforingjaráðskorti og liggur hún frá Stöðulholti inn með Breiðavík sunnanverðri til suðausturs upp í Víkurbotna og þaðan um Brúðgumaskarð, um 4,7 km suðaustan við Breiðavíkurbæ 001, niður í Hafnarlautir. Leiðin heldur áfram úr Hafnarlautum til austurs beina leið yfir í Sauðlauksdal BA-150:001. Leiðin liggur um mosa- og lyngigróna móa og mýrar og lítt gróin malarholt.
Í viðbót við örnefnaskrá segir einnig: "Brúðurin Guðrún að nafni, fór með fríðu föruneyti frá Kollsvík til Saurbæjar á undan brúðgumanum, sem kom á eftir með presti. Presturinn kom einn að Saurbæ og sagði við brúðina: "Komdu sæl og blessuð, Guðrún mín. Alla daga kemur kvöld", og sagði henni, að brúðguminn hefði orðið bráðkvaddur í Brúðgumaskarði."




Vörður á leið vfir Brúðaumaskarð, siá 061S, horft í vestur.

Gata þessi er mjög greinileg og er hún stikuð frá Stöðulholti í Breiðavík upp í Víkurbotna. Leiðin liggur um víkina sunnanverða um seltóftir 025 og þar fer leiðin að fikra sig upp í botnana. Þegar komið er í Víkurbotna er leiðin vörðuð með reglulegu millibili suðaustur yfir Brúðgumaskarð. Vörðurnar eru vel grjóthlaðnar og eru þær frá 0,5 og upp í 2 m á hæð og 0,5-1,5x0,5-1,5 m að flatarmáli. Gatan er oftast ein- til tvískipt, 0,2-0,5 m á breidd og 0,1-0,5 m á dýpt. Frá Stöðulholti í Breiðavík ofan í Hafnarlautir suðaustan við Brúðgumaskarð er um 6 km löng leið. Suðaustan við skarðið voru krossgötur. Beygt var til suðurs inn á götu niður í Svarthamragil ef fara átti til Keflavíkur BA-137:001 og upp til norðurs yfir í Örlygshöfn milli Kjalar og Vandardalseggjar (sjá leið BA-137:035). Einnig var hægt að halda áfram til ASA ef fara átti yfir á Rauðasand eða í Sauðlauksdal BA-

150:001. Frá Breiðavík yfir í Sauðlauksdal voru samtals 18-20 km.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 22; Ö-Breiðavík, viðb.

BA-139:062 *Fornusel* örnefni sel
"Þau liggja til hægri við veginn upp í Brúðgumaskarð [061], nokkru eftir að komi er upp úr Víkinni. Þau tilheyrðu nyrðri jörðinni, og voru nytjaðar slægjur það um aldamótin 1900. Óvíst er, hversu langt er síðan þar var haft í seli." Fornusel fundust ekki þrátt fyrir þó nokkra leit. Nákvæm staðsetning er óþekkt.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 22-23

BA-139:063 tóft 65°32.937N 24°20.349V





Tóft 063 horft í suður.

Óljós tóft er efst í Hallinum norðaustan undir hárri klettahrúgu um 200 m suðaustan við Grýluvörðu 065 og 470 m suðaustan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er grýttur og lítt mosagróinn hjalli. Tóftin stendur norðaustan undir 1-2 m háum klettarana sem er mjög klofinn. Berg á svæðinu er mjög flögótt. Brekka hallar 0-5° til norðausturs.
Tóftin er einföld og um 3x3 m að utanmáli. Tóftin er hlaðin úr hellugrjóti og eru timburleifar í tóftinni. Náttúrulegur klettur er nýttur í suðvesturvegg tóftarinnar. Veggir tóftar eru 0,5-1 m breiðir og 0,2-0,5 m háir (2-8 umför). Innanmál tóftar er 2x1,5 m og liggur norðaustur-suðvestur. Gengið hefur verið inn líklega að austanverðu undan brekkunni en enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur. Líklega er hér um skotbyrgi að ræða en einnig gæti verið að tóft hafi verið hlaðin af Breiðavíkurstrákunum. Nákvæmt hlutverk er óljóst.
Hættumat: engin hætta



Varða 064, horft í NNV.

BA-139:064 varða 65°32.913N 24°20.427V
Grjóthlaðin varða er á Hallinum ofan við Breiðavíkurbæ um 465 m suðaustan við bæjarhól 001 og um 75 m suðvestan við tóft 063.
Á þessu svæði er stórgrýttur mosagróinn klettarani efst í Hallanum. Varðan stendur í rananum norðanverðum. Varðan sést ekki frá bæ.
Varðan er grjóthlaðin en illa farin, með grófann þríhyrningslaga grunnflöt sem er um 1x0,5x0,5 m að flatarmáli. Varðan er um 0,5 m há (3-5 umför). Hola er ofan í miðja vörðu um 30x20 cm að stærð og um

0,3 m á dýpt. Hlutverk og aldur óþekkt.
Hættumat: engin hætta

BA-139:065 *Grýluvarða* varða 65°33.000N 24°20.557V
"Svo hét varða á brún Hallsins, sunnan við hann miðjan." Varða er í brún Hallsins um 280 m SSA við bæjarhól 001 og um 400 m austan við Hótel Breiðavík. Líklega er varðan nýlega endurhlaðin en gæti líklega staðið á svipuðum eða sama stað og Grýluvarða. Engin önnur varða fannst á svæðinu.



Grýluvarða 065, horft í vestur.

Varðan stendur í blábrún Hallsins að norðvestanverðu og sést vel frá bæjarhól og hóteli.
Varðan er vel grjóthlaðin, með egglaga grunnflöt sem er um 1x1,5 m að flatarmáli og um 1,5 m á hæð (10-15 umför). Langás liggur austur-vestur. Varðan er með frekan flatan topp og mjókkar lítið frá grunni upp í topp. Hálfbrunninn staurbútur stendur efst á vörðunni. Varðan er að mestu úr hellugrjóti en þo eru þykkir steinar innan um. Mosi er tekinn að vaxa við rætur vörðunnar og allt grjót er vel gróið skófum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 25.

BA-139:066 *Lambahlíð* heimild um smalakofa 65°30.003N 24°19.741V
"Lambahlíðardalur. Hann skarst inn í bjargbrúnina utanvert við Keflavíkurbjarg, en utan við dalinn var Eyjaskorarnúpur. ... Lambahlíð. Hún var undir Lambahlíðardal. Þar var góð fjárbeit, þó að mikið væri um skriður og grjót. ... Sagt er, að Össur Sigurðsson, sem ólst upp í Breiðuvík og bjó þar í nokkur ár (f 1768.), hafi verið yfir fé í Lambahlíð að vetrum og hafzt við í kofa niðri á bökkum" Húsagjá er væntanlega kennd við þessi hús: "Húsagjá. Hún var innan til við miðjan Lambahlíðardal [066]." Lambahlíð er nefnd í Jarðabók Johnsen 1847: "A.M. getur um eyðipláz, Lambahlíð, millum Keflavíkur og Látra, sem tilheyri Breiðavíkur bænhúsi...." Húsagjá er 5-6 km suður af bæjarhól.



Lambahlíð 066, horft niður til SA.

Ekki var farið niður Húsagjá sumarið 2013


vegna óbærilegs bratta og bleytu. Horft var niður á bakkana frá brúninni en ekki sáust augljósar mannvistarleifar. Staðkunnugir telja þó að þarna niðri leynist einhverjar húsatóftir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 27; Ö-Breiðavíkurbjarg, 4; JJ, 182

BA-139:067 heimild um skotbyrgi
Í skýrslu Guðmundar Ólafssonar, þar sem m.a. er fjallað um minjar í Breiðavíkurveri (sjá 017) er ljósmynd af byrgi fyrir refaskyttu á bls. 17, frammi á sjávarbakka. Ekki er ljóst af lýsingunni hvort það var inni á meginrústasvæðinu eða hugsanlega austar við ströndina. Byrgið var ekki skoðað árið 2013 en kann að vera að skráningarmanni hafi sést yfir það. Ekki er óhugsandi að það sé horfið eða komið undir grjót vegna ágangs sjávar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 17

BA-139:068 tóft rétt



Rétt 068, horft í SSA.



Stór grjóthlaðin rétt er skammt utan við tóftir (hugsanlega verstöð) yst í norðanverðri Breiðavík, sjá 071. Þetta er með öðrum orðum allra nyrst í Breiðavík. Á grónum sjávarbakka, neðst í grýttri urð. Gróin brekka, fremur brött og um 8-10 m há er niður í fjöru.
Einföld réttartóft, um 10 x 10 m stór. Hún er mjög stórkarlalega hlaðin úr grjóthnullungum, allt að 1,5 m þykkir veggir, sumsstaðar settir smáu grjóti að utan. Hún rís hæst austantil, allt að 1,5 m. Þess má geta að þótt réttin sé smærri líkist hún mjög rétt við verbúðir á Látranesi, sjá BA-138:036.
Hættumat: engin hætta



Smávík sem gæti verið Vilhjálmsvör 069, horft í NV.

BA-139:069 *Vilhjálmsvör* heimild um lendingu
Í örnefnalýsingu, þeim hluta sem er vestast í Breiðavíkurlandi, segir: "Vilhjálmsvör. Þegar berginu sleppir, eru lágir bakkar. Þar er vör allstór, sem kennd er við Vilhjálm nokkurn, er hafði róið þaðan, og mun það nafn gamalt. Ekki er hægt að segja, að landtaka sé þar góð, því fjaran er grýtt og lítið var í hafátt, nema þó helzt fyrir vestansjó. Vorið 1899 sigldi frönsk skonnorta, Telephone að nafni, kvöld eitt í bliðskaparveðri upp í Vilhjálmsvör, eða barst þangað að miklu leyti með suðurfallinu. Átti að hafa komizt leki að skipinu, en eitthvað þótti það grunsamlegt. Afli þótti víst lítill, og ætluðu menn, að skipshöfnin hefði viljað losna frá veiðunum. Mestöllu úr skipinu var

bjargað og haldið mikið uppboð." Gengið var um svæðið en ekki er auðvelt að staðsetja vörina. Allt er mjög grýtt við ströndina og fremur óárennilegt til lendingar. Allir bakkarnir voru gengnir en hvergi fundust mannvirki eða annað sem gæti bent til þess hvar vörin hefur verið. Hnit var tekið á þeim stað sem hvað líklegastur þótti en það er í breiðu en grýttu viki milli kletta. Guðmundur Ólafsson virðist í sinni lýsingu frá 1994 telja að Vilhjálmsvör sé nær Breiðavíkurveri: "Vilhjálmsvör er vestast í verstöðinni. Hún er merkt á landakort, en á staðnum var ekki alveg ljóst hvar hún hefur verið; e.t.v. er það fremur grýtt vík, þar sem stór þríhyrndur steinn, reistur upp á rönd ofan við víkina, gæti hafa verið lendingarmerki." Af örnefnalýsingu að dæma sem og herforingjaráðskorti frá því upp úr 1930 verður að teljast líklegt að vörin hafi verið vestar, nær því þar sem hnitið var tekið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 10; Guðmundur Ólafsson 1995, 11; Herforingjaráðskort 1933



Efra leiðarmerki upp af Bót 070, horft í SV.



Neðra leiðarmerki upp af Bót 070, horft í SA.


BA-139:070 *Bót* heimild um lendingu 65°32.626N 24°24.319V
"Svo nefndist aðallendingin í Breiðavíkurveri, nokkuð fyrir heiman Grásleppuvör [051]. Þar var ægisandur," segir í örnefnalýsingu. Bót er um 100 m austur af austasta mannvirkinu í Breiðavíkurveri, sem er tóft 017A.
Siglt hefur verið fyrir tangann sem markar voginn Kumbara til norðurs, og þar beint upp í fjöru.
Lendingin hefur verið í fjörusandi og þar sjást ekki mannvirki næst sjónum. Staðurinn þekkist best á steyptum leiðamerkjum eða miðum sem þurfti að bera saman í innsiglingunni. Það neðra (A) er vel stæðilegt, steypustrýta á steyptum stalli en undir honum grjóthrúga. Það er 70-80 m upp frá fjöruborði. Flata hlið merkisins sem snýr til norðurs, að sjónum, er rauðmáluð. Hitt leiðarmerkið á Bót (B) er 85-90 m suðsuðaustar. Það er að mestu leyti komið á kaf í sand en hefur verið sömu gerðar og A, úr steypu. Nú standa einungis efstu 30-40 cm upp úr. Merkið hefur sýnilega verið rauðmálað einnig þótt liturinn sé nú mjög máður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 4

BA-139:071 tóft verbúð 65°34.347N 24°21.771V
Leifar nokkurra mannvirkja eru nyrst og austast í Breiðavík, undir Breiðnum. Þetta er rúma 2,5 km NA af bæjarhól 001. Ekki er að sjá að staðarins sé getið í heimildum.
Lítið undirlendi er á þessum slóðum en þó eru rústirnar á grasi gróinni ræmu, í brekku sem hallar niður að sjó til SV. Fjaran er hér fremur grýtt og ekki augljós merki um rudda vör. Þess má þó geta að lending hefur verið um 300 sunnar en þar er steypt leiðarmerki, sjá 081.



Gerði 071A, horft í SV.

Alls sjást á staðnum a.m.k. 5 tóftir auk gerðis sem hugsanlega tengist fiskverkun eða -þurrkun. Rústirnar eru á svæði sem er alls um 120 x 40 m stórt NV-SA. Lýsingin hefst hér nyrst og vestast, næst ströndinni. Þar er gerði A skammt upp frá fjöruborðinu. Það er um 17 x 15 m stórt frá A-V, ferkantað að lögun. Hleðslur eru úr grjóti, víðast hvar hrundar en austurhlið stendur þó einna best, allt að 0,5 m. Suðurhliðin liggur ofan í rás og engu líkara en hún sé sokkin. Engin augljós mannvirki sjást inni í gerðinu en þar eru tveir hólar sem virðast náttúrulegir og á milli þeirra dæld með jarðföstum kletti. Ekkert augljós op sést á veggjum en kindagata liggur yfir gerðið vestanvert og hefur myndast rof í veggjum af þeim sökum. Rúst B er um 5 m ofan eða austan við SA-horn gerðisins. Hún er reist utan í 2-3 m hátt bjarg er með sléttum vegg og myndar austurgafl rústar. Alls er hún um 8 x 5 m stór með dyr í suðvestur, veggir standa vel og eru ágætlega hlaðnir, allt að 1,3 m á hæð. Tóftin er grafin inn í brekkuna til austurs. Tóft C er um 20 m sunnar, í líkri hæð í brekkunni. Húner 8 x 4 m stór SV-NA, niðurgrafin svo að ytri brúnir eru vart greinilegar. Grjóthleðslur sjást vel að innanverðu, dyr snúa í suðvesturátt. Svo virðist sem eldri mannvistarleifar séu undir á þessum stað Grunn dæld (0,3 m) er t.d. beint austan við tóftina, smávegis grjót sést í botni hennar. Smáþúst er samvaxin tóftinni að vestanverðu og hóll er einnig fast austan við rústina og samvaxinn henni, álíka stór og hún og lítil dæld í honum næst rúst. Frá suðvesturhorni rústar liggur líkt og manngerð renna (en algróin) niður brekkuna 3-4 m, að norðausturhorni rústar D. Hún snýr líkt og hinar, SV-NA með dyr í SV. D rís mun lægra en C, er eiginlega undir hólnum sem C er á. Tóftin er um 8 x 5 m stór (6 x 2,5 innnanmáls), grjóthleðslur í



veggjum í ágætu standi og ná allt að 0,6 m hæð. Þúst er við tóftina sunnanmegin og hallar þaðan niður að læk sem rennur til sjávar sunnan við C og D. Tóft E er tæpum 50 m suðvestur af D, alveg frammi á sjávarbakka og uppi. Þarna eru tvær samfastar tóftir sem tekið er að brotna saman af, stærð alls um Hleðslur standa bærilega en tóftirnar eru niðurgrafnar og veggurinn milli þeirra alveg ógróinn. Báðar eru opnar til suðvesturs, hvor um sig 7-8 x 2,5 m að innanmáli. Fram af er snarbrattur um 10 m hár bakki niður í fjöru. Helst líkjast tóftirnar naustum en en þessi bratti bakki vekur þó upp efasemdir, enda hefði ekki verið alveg auðvelt að draga báta hér upp. Slitróttar leifar sjást af þriðja hólfinu sambyggðu norðvestan við en það virðist að hluta hafa hrunið niður

brekkuna. Að lokum eru rústaleifar F um 5 m suðaustan við E og heldur ofar í brekkunni. Leifarnar ná yfir svæði sem er alls um 8 x 5 m stórt frá SV-NA en engu líkara en mannvirkið sem hér stóð hafi verið rifið að hluta eða jafnvel aldrei verið lokið við það. Aðeins sjást leifar af einum vegg, vestasta hluta suðvesturveggjar, og virðist sem dyr hafi snúið í SV. Grjót sést í veggjum og markar fyrir leifum innra byrðis. Staður þessi minnir að nokkru leyti á verstöð, þá helst staðsetning (yst í vík), fjöldi tófta, staðsetning og einnig gerðið (A), sem líkist t.d. gerði sem sést á Brunnaverstöð á Hvallátrum (sjá BA-138:013). Það sem er óvenjulegt hér er þó lögun og áttahorf rústanna, sem líkist ekki verbúðum sem sjást annarstaðar (t.d. í Breiðavíkurveri, á Brunnaverstöð eða í Keflavík). Frekar minna tóftir hér á fjárhús (sérstaklega B-D) en þó eru merki um eldri rústir undir.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Gerði 071B, horft í norður.



Tóft 071C, horft í norður.



Tóft 071D, horft í suður.



Gerði 071E, horft í suður.

BA-139:072 *Hafnarvegur* vegur leið 65°33.487N 24°19.345V
Í örnefnalýsingu segir: "Niður af holtinu í Vörðuvaði (026) lá Hafnarvegur." Ennfremur segir í sömu lýsingu: "Það var vegurinn úr Breiðavík og inn í Örlygshöfn, sem venjulega var kölluð þar ytra aðeins Höfn." Eins og fram kemur í lýsingu við veginn í Kollsvík (sjá 028) var leiðin sameiginleg framanaf, upp með Hafnargili, en klofnaði uppi á fjalli. Ekki var leiðinni fylgt þangað sem hún skiptist en vegurinn í Örlygshöfn er greinilegur, bæði á loftmynd og á herforingjaráðskorti frá 1933.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 13; Ö-Breiðavík, 23; Herforingjaráðskort 1933

BA-139:073 *Lambabyrgi* tóft stekkur 65°32.706N 24°21.117V



Lambabyrgi 073, horft í NA.

"Svo hétu tóttaleifar undir fjallshlíðinni skammt fyrir utan Fiská [rennur niður á sandana skammt fyrir utan [Lambhúsvöll 038]. Meðan fært var frá, voru lömb höfð þarna fyrst eftir fráfærur," segir í örnefnalýsingu. Þessi tóft er undir hárri klettaborg 100-150 m suðvestan við Fiská, um 8-900 m suðvestur af bæjarhól 001. Land fer hér hækkandi upp til suðurs og suðvesturs. Fiská rennur um stóra kvos þar sem skiptast á grýttir hólar og grösugar, jafnvel mýrlendar dældir. Lítil, tvískipt tóft, hlaðin á stalli utan í brekku. Hún snýr hér um bil austur-vestur og er alls um 8 x 6 m stór. Stærra hólfið er vestar, um 5 x 4 m að innanmáli frá norðri til suðurs. Áfast því að austan er minna hólf, aðeins um 1,5 m í þvermál að innan. Hugsanlega hefur verið op á milli hólfa en allt er þar nú hrunið. Veggir eru grjóthlaðnir, veggir í minna hólfi úr smærra grjóti. Þeir ná allt að 0,9 m hæð og eru mosagrónir sums staðar. Aðkenning að þriðja hólfinu kann að vera austan við réttina er mjög er það

óljóst, hugsanleg gróin og hrunin hleðsla.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðavík, 18

BA-139:074 hleðsla herslugarður 65°32.533N 24°24.897V



Ein af hleðslum 074, horft í NA.

Mjög óverulegar hleðsluleifar sjást á þremur stöðum upp undir hlíðinni 170-180 m suður og suðvestur af tóftum F, G og H í Breiðavíkurveri 017.
Sléttar og sendnar grundir upp undir hlíð, hálfgrónar.
Á þessum stað sjást leifar af tveimur hleðslum og ein grjóthrúga. Hleðsla A er vestast, 12-15 m löng frá austri til vesturs, alveg hrunin og jarðlæg. B er um 30 m austar, einnig illa farin hleðsla sem gæti hafa verið um 15 m löng frá austri til vesturs. Að lokum er ólöguleg grjóthrúga(C) um 50 m austur af B. Óljóst er hvaða hlutverki þessar minjar hafa gegnt en hugsanlega tengjast þær Breiðavíkurveri 017. Þó liggur t.d. ekki í augum uppi að hagkvæmt hafi verið að hafa þurrkgarða svo langt frá verinu. Ekki er óhugsandi að fleiri minjar leynist á þessu svæði en séu komnar á kaf í sand.
Hættumat: engin hætta

BA-139:075 *Þráður* heimild um lendingu 65°32.626N 24°24.602V
Fyrir framan voginn Kumbara (sjá 019) við Breiðavíkurver gengur rif út frá ströndinni til austurs og lokar honum af. Ef horft er á loftmynd virðist sem rás hafi verið rudd yfir rifið, mögulega svo að hægt væri að koma bátum þar yfir. Í skýrslu sinni frá 1995 segir Guðmundur Ólafsson: "Þráðurinn, Renna gegnum skerið framan við Kumbara," og er væntanlega átt við þennan stað. Ennfremur segir í örnefnalýsingu: "Þráður...Það var skipaleið, sem rudd hafði verið fram úr Kumbara. Hleinarnar kringum Kumbarann komu alveg upp úr um fjöru, og Þráðurinn mátti þá heita þurr." Lengd Þráðarins hefur verið um 50 metrar en hún var metin af loftmynd, þar sem enn sést móta fyrir honum. Á bls. 12 í skýrslu Guðmundar Ólafssonar um fornleifaskráningu í Rauðasandshreppi eru sýnd leiðarmerki fyrir Þráð. Þau eru merkt inn á sama hátt og leiðarmerki fyrir Bótina (sjá 071) en þau eru stæðilegar steypuvörður (ef svo má að orði komast). Leiðarmerki fyrir Þráð voru hins vegar ekki skráð á vettvangi og ekki ljóst um hvers konar kennileiti var að ræða. Annað er merkt skammt vestan við tóft 017D (sjá 075b á korti)en hið syðra, bakmerkið, virðist hafa verið uppi á fjallinu ofan við Breiðavíkurver.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1995, 12 og 16



Varða 076, horft í suður

BA-139:076 varða
65°30.029N 24°18.270V
Landmælingavarða er um 2,8 km vestur af gamla bæjarstæðinu í Keflavík 001. Þetta er um 1 km austur af Lambahlíð 066. Varðan stendur fremst á klettum og snarbratt er þar fram af.
Stæðileg varða en þó aðeins tekið að hrynja úr henni að austanverðu. Hún er hátt í 2 m á hæð og mjókkar upp á við. Þvermál í grunninn er líklega um 1,5 m.
Hættumat: engin hætta

BA-139:077
65°30.660N 24°19.412V
Varða sem er ferköntuð í grunninn er utan í brekku um 2-300 m SSV af landmælingavörðu 137:045 á Brunnahæð. Þar er grýtt brekka. Varðan er rúmlega 1 m á hæð, vel hlaðin. Ekki er að sjá að hún sé

hluti af varðaðri leið og ekki ljóst hvaða hlutverki hún gegndi.

BA-139:078 heimild um útihús
65°33.136N 24°20.787V
Á túnakorti Breiðavíkur frá 1920 sjást stakt útihús og stór tvískiptur kálgarður fast norðvestan við bæ 001 og fast sunnan við austurenda götu 037.Á þessu svæði er nú (2013) stór 2-3 m djúp hola með tjörn í botninum og umhverfis tjörnina eru stórir grasigrónir hraukar af efni sem líklega hefur komið upp úr holunni þegar hún var grafin.
Kálgarðurinn hefur samkvæmt túnakorti verið um 50-60 m á lengd og um 20 m á breidd og var lítið hús fast við NNA-enda hans. Ekkert sést til fornleifa vegna rasks á bæjarhól 001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

BA-139:079 varða áfangastaður 65°30.619N 24°19.943V
"Allt í kringum brunninn [080] er aragrúi af smávörðum, sem eru til orðnar á þann hátt, að það hefir orðið venja, að hver sá, sem í fyrsta sinn færi yfir heiðina, hlæði þar vörðu. En fyrir þetta starf átti hann aldrei að villast á heiðinni, hversu oft sem hann færi yfir hana," segir í Vestfirzkum sögnum. Vörðukraðak þetta er á svæðinu kringum Gvendarbrunn 080, fast við bílveginn sem liggur í Keflavík. Þetta er um 6 km suðaustur af Látrum í beinni loftlínu.



Vörður við götuna 138:051, horft í suður.

Urð sunnan undir Brunnahæð. Mikið af grjótinu liggur á lausu og er fyrirtaks hleðslugrjót.
Geysiáhugaverður staður og síbreytilegur, enda eru vörður sífellt að bætast við. Leið BA-138:051 yfir Látraheiði liggur um svæðið, norðan við núverandi veg og skammt frá Gvendarbrunni 089. Vörðubýsnin eru að mestu leyti norðan við veginn, á svæði sem er um 300 m langt og 60 m breitt en svo er líka búið að hlaða margar vörður neðan eða sunnan vegarins - á svæði sem er heldur styttra og líklega um 30 m breitt. Vörðurnar skipta hundruðum. Erfitt er að greina milli ungra varða og gamalla en þó eru vörður hvað mosavaxnastar næst Gvendarbrunni á svæði sem er á að giska 40 x 20 m stórt frá austri til vestrs. Þar sjást þó líka yngri vörður innanum. Vörðurnar eru af ýmsum gerðum en flestar mjög litlar. Giska má á að 80-90 % þeirra séu lægri en 0,5 m og flestar á bilinu 0,3-0,4 m á hæð, litlir steinar í hrúgu og ekki alltaf hleðslubragur þar á. Einstaka dæmi eru um vörður í fullri stærð, sömuleiðis nokkrar uppmjóar vörður sem eru gerðar úr einfaldri röð af flötu grjóti. Örfáar vörður skera sig meira úr, t.d. er stór flöt og aflöng hella reist upp á rönd með einum steini ofaná. Skv. Kristni Guðmundssyni á Hvallátrum hefur vörðum fjölgað mjög mikið á svæðinu síðan hann man fyrst eftir sér snemma á 6. áratug 20. aldar.
Heimildir: Vestfirzkar sagnir I, 179.



Vörðukraðak suðvestan við Gvendarbrunn 080, horft í vestur

BA-139:080 *Gvendarbrunnur* lind vatnsból 65°30.618N 24°19.938V
"Neðarlega í Látradal er vatn eitt allstórt, sem heitir Látravatn. En uppi á háfjalli, rétt hjá veginum, er lítil uppstrettulind, sem þornar stundum í þurrkasumrum. Er hún kölluð Gvendarbrunnur og má telja víst, að Guðmundur biskup góði hafi vígt brunn þennan um leið og hann vígði Látrabjarg," segir í Vestfirzkum sögnum. Brunnurinn er um 20-30 m austan við veginn sem liggur í Keflavík, á háheiðinni þar sem hann tekur að sveigja í austur. Þetta er sunnan undir Brunnahæð, rúma 6 km ASA af Hvallátrum.



Gvendarbrunnur 080, horft í austur

Brunnurinn er á leið sem enn sést vel, frá Látrum yfir í Keflavík (sjá BA-138:051). Kvos í urð sem er gróf og úfin en þó ekki með eggjagrjóti. Mikið af grjótinu liggur á lausu og er fyrirtaks hleðslugrjót. Brunnurinn er í lægsta punkti kvosarinnar, fast við rætur Brunnahæðar og um 3 m norðan við veginn gamla milli Hvallátra og Keflavíkur. Hann er mitt í vörðukraðaki, sjá 079. Sjálfur brunnurinn er lítil vatnshola, um 40 x 30 m stór í þvermál frá norðri til suðurs og líklega 20 cm djúp þegar þetta er ritað eftir mikið rigningasumar. Um hann er hleðsla, skeifumynduð og opin í suður en austurarmurinn lengri en sá vestari. "Gaflinn" beint yfir brunninum er hæstur, rúmlega 1,5 m sé mælt innanfrá en svo lækkar hleðslan smám saman í suðurátt, að örmum. Steinar í hleðslu eru býsna mosagrónir en þó eru efstu raðirnar greinilega seinni tíma viðbætur. Hleðslan er geysilega óvönduð, hlaðið úr allskonar grjóti misstóru og misköntuðu. Má jafnvel leiða að því líkum að ekki hafi verið hlaðið í einu lagi heldur hafi hleðslan orðið til á löngum tíma.




Leiðarmerki 081, horft í austur.

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Vestfirzkar sagnir I, 178-179.

BA-139:081 mannvirki lending
65°34.170N 24°21.459V
Steypt leiðarmerki er nyrst í Breiðavík, um 300 m suður frá rústum sem þar eru (sjá 071). Þar hefur því verið lending, en ekki fannst hennar sé getið í heimildum sem stuðst var við við skráninguna. Sendin strönd er niður af merkinu.
Engin mannvirki eða rudd vör sést í sjálfri lendingunni (merkt A á korti). Merkið (merkt B á korti) er sömu gerðar og leiðarmerki í Bót hjá Breiðavíkurveri (sjá BA-139:070), steypt strýta á stöpli.

BA-139:082 tóft naust 65°32.463N 24°19.421V





Naust 082, horft í NA yfir Efra-Stæðavatn.

Einfalt naust er við vesturbakka Neðra-Stæðavatns um 180 m norðvestan við suðurenda vatnsins og um 1,6 km suðaustan við bæjarhól 001. Bakki vatnsins er vel grasigróinn á þessum stað, um 2 m á hæð og nokkuð brattur. Naustið er lítt áberandi U-laga dæld inn í vatnsbakkann. Dældin er um 5 m á lengd, um 4 m á breidd, um 0,2-0,5 m djúp og liggur norðaustur-suðvestur. Fyrir munna dældarinnar er tvöföld, 3 m löng röð af grjóti (hugsanlega 1-2 umför) sem liggur norðvestur-suðaustur. Í miðri dældinni eru grjóthrúgur sem gætu verið hrundar hleðslur sem þöktu dældina að innanverðu. Mjög líklega hefur verið hér skýli fyrir lítinn bát.
Hættumat: engin hætta

BA-139:083 varða
65°32.677N 24°18.996V
Grjóthlaðin varða er nokkuð norðan við Neðra-Stæðavatn, um 10 m neðan og norðan við Örlygshafnarveg. Á þessum stað er grýtt, lítt mosagróin fjallsbrún. Varðan er hlaðin úr hellugrjóti, um 0,5x1 að grunnflatarmáli og um 1,5 m á hæð (15 umför). Tilgangur vörðu er óljós. Hugsanlega gæti hún tengst gamalli leið en þó gæti einnig allt eins verið um verk ferðamanna að ræða.
Hættumat: engin hætta




Varða 083, horft í NA.

BA-139:084 þúst hesthús




Þúst 084, horft í NNA.

65°33.141N 24°20.517V
Á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 er merkt inn útihús í suðvesturjaðri heimatúns vestan og innan við túngarð 015, um 190 m austan við bæjarhól og um 75 m sunnan við lambhús 008. Í örnefnaskrá segir svo: "Hundruð. Svo nefndist sá hluti, sem syðri jörðin átti í brekkunni fyrir framan Enni. Fremst og efst á Hundruðunum, í túnjaðrinum, var hesthús." Aflöng grasgræn þúst er fast vestan og innan við túngarð 015, um 10 m NNA við útihús 007 og um 210 m austan við bæjarhól 001. Stærð og stefna húsaþústarinnar koma heim og saman við húsið sem sýnt er á túnakorti á þessu svæði.Á þessu svæði er grasigróið tún í ójafnri brekku



sem hallar 10-20° til norðvesturs.
Þústin er vel grasigróin, um 10 m á lengd, um 6 m á breidd og liggur gróflega NNA-SSV samsíða túngarði 015. Þústin er aflöng og stendur lítið meira en um 0,4 m uppúr grasinu en útlit gefur sterklega til kynna að hér sé um samfallið útihús að ræða. Erfitt er að sjá út nokkur hólf inni í þústinni fyrir utan smá dæld 1,5x1,5 m að innanmáli í suðurenda þústarinnar. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar á yfirborði. Samkvæmt örnefnaskrá á að hafa verið hesthús á þessu svæði en hvort er átt við þúst 084 eða yngra útihús 007 er óljóst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Breiðavík, 14

BA-139:085 tóft útihús 65°33.090N 24°20.714V





Tóft 085, horft í SV.

Tóft 085 er á örlitlum grasigrónum bakka í Enni í norðvesturenda Halls um 60 m suðaustan og ofan við bæjarhól 001 og um 10 m neðan og norðvestan við túngarð 015 innan heimatúns. Á þessu svæði er nokkuð slétt grasigróin brekka sem hallar 10-20° í norðvestur niður að bæjarhól 001. Hjallinn sem tóftin stendur á er varla stærri en tóftin sjálf eða um 10x5 m að flatarmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Tóft 085 er einföld, um 6,5 m á lengd, um 4 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Innanmál er um 3x1 m. Veggir tóftarinnar eru nokkuð signir og vel grasigrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Ekkert sést til hleðslugrjóts í grasinu. Tóftin er byggð inn í brekkuna svo suðausturveggur hefur líklega verið að miklu leiti náttúrulegur bakki sem nú (2013) er varla 0,5-1 m hæð. Á miðjum norðvesturvegg er hugsanlegur samfallinn inngangur sem er <0,5 m á breidd. Þessi tóft er nokkuð sigin og ekki sýnd á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 svo líklegt er að hún hafi verið fallin úr notkun á þeim tíma. Hlutverk er óljóst en hér gæti hafa verið lítið fjárhús eða heystæði.
Hættumat: engin hætta

BA-139:086 gata leið 65°33.070N 24°20.705V
Gata 086 liggur úr SSV norður fyrir Hallinn í miðri brekku um 100 m suðaustan við bæjarhól 001 og 1-5 m suðaustan og ofan við túngarð 015. Gatan tengist leið 061 á Stöðulholti (sjá 035) um 400 m ANA við bæjarhól 001. Suðaustan við bæjarhól 001 liggur gatan um grýtta hálfgróna fjallshlíð Hallsins sem hallar 10-20° til VNV og NNV ofan við gamla grasigróna heimatúnið. austan við heimatún Breiðavíkur liggur gatan niður á og yfir hálfgróið malarholt þar sem hún tengist leið 061. Gatan er mjög greinileg en lítt gróin og einföld. Sá kafli götunnar sem er sjáanlegur suðvestan við bæjarhólinn er um 600 m langur, 0,2-0,4 m á breidd og 0,1-0,3 m á dýpt. Gatan kemur í ljós á Klungrunum norðan við malarveginn niður að Hótel Breiðavík um 180 m ASA við hótelið. Þaðan liggur gatan í NNA um 250 m meðfram Hallinum áður en hún beygir í ANA norður fyrir hann. Meðfram Hallinum norðanverðum liggur gatan aðra 250 m í ANA framhjá heimatúni Breiðavíkur niður á Stöðulholtið (sjá 035) þar sem hún beygir í NNA og liggur 120 m yfir holtið þangað til hún rennur saman við leið 061. Líklegast hefur verið farið um þessa götu þegar ekki átti að stoppa í Breiðavík t.d. á leið milli Hvallátra BA138 og Kollsvíkur BA-142 eða Örlygshafnar. Gatan er merkt sem gönguleið. **Hættumat:** engin hætta

BA-139:087 þúst útihús 65°33.152N 24°20.857V

Túnbrekka er um 80 m norðvestan við bæjarhól 001 og fast norðan við vegslóða 037. Í Túnbrekku um 10 m norðan við slóða 037 eru óljósar leifar, eða þúst, af hugsanlegu mannvirki.

Á þessu svæði er Túnbrekka vel grasigróin slétt brekka sem hallar 5-10° til VNV. Þústin stendur efst í brekkunni þvert á hallann. Þústin er vel grasigróin, um 7 m á lengd, um 5 m á breidd og liggur NNA-SSV. Hugsanlega má greina útlínur sokkinna veggja sem mynda austurhorn hugsanlegrar tóftar. Veggir eru varla 0,2-0,3 m á hæð og um 1 m á breidd. Veggbrotið er alls 6-7 m langt. Um 6 m suðvestan og VSV við veggbrotið standa tveir stórir steinar upp úr grasinu. Steinarnir eru hálfsokknir í jörðu. Ekki er víst að þústin sé leifar af mannvirki en ef svo er ekki ólíklegt að um útihús sé að ræða en nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Hættumat: engin hætta



Þúst 088, horft í NV.


BA-139:088 þúst útihús
65°33.142N 24°20.568V

Greinileg þúst er í heimatúni um 30 m norðvestan við hesthús 007 og um 170 m ANA við bæjarhól 001. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 0-5° til NNV.

Þústin er um 12 m á lengd, um 8 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og liggur norðvestur-suðaustur. Engin ljós ummerki er um hólf í þústinni en hún lítur þó mjög út eins og sléttað útihús. Nákvæmt hlutverk er óljóst.

Hættumat: engin hætta

BA-139:089 tóft útihús 65°33.120N 24°20.674V






Tóft 089, horft í SSV.

Tóft 089 er í heimatúni um 60 m austan við bæjarhól 001 og um 50 m norðvestan og neðan við túngarð 015. Á þessu svæði er grasigróin brekka í túni sem hallar um 2-5° til NNV. Tóftin er einföld og nokkuð sigin, um 7 m á lengd, 4-5 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Innanmál hennar er um 4x1 m. Veggir eru mjög grasigrónir og signir, 1-2 m á breidd og 0,2-0,5 má hæð. Ekkert sést í grjóthleðslur á yfirborði. Gengið var inn í tóftina að norðvestan en inngangur er orðinn nokkuð óljós og er <0,2 m á breidd. Nákvæmt hlutverk þessarar tóftar er óþekkt. Hún er ekki sýnd á túnakorti Breiðavíkur frá því um 1920 og hefur hún því líklega verið fallin úr notkun á þeim tíma. Hér hefur hugsanlega verið lítið fjárhús.

Hættumat: engin hætta

BA-139:090 tóft útihús 65°33.121N 24°20.625V





Tóft 090, horft í SA.


Útflött útihústóft er í heimatúni um 110 m austan við bæjarhól 001 og um 30 m austan við þúst 089. Á þessu svæði er grasigróin brekka í túni sem hallar 5-10° til NNV. Flatlendið framan og norðan við tóftina er nokkuð flatt og mjög grænt svo ekki er ólíklegt að sléttað hafi verið eitthvað á því svæði. Tóftin er einföld, um 12 m á lengd, um 8 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Gengið hefur verið inn að norðvestan og hefur tóftin trúlega verið grafin að hluta inn í brekkuna. Innanmál er svolítið óljóst en hefur líklega verið a.m.k. um 4x2 m. Veggir eru vel grasigrónir og signir, 2-4 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Ekkert sést til hleðslugrjóts. Nákvæmt hlutverk tóftar er óljóst en ekki er ólíklegt að hér hafi staðið útihús, hugsanlega fjárhús eða hesthús.

Hættumat: engin hætta

BA-139:091 tóft rétt 65°33.127N 24°20.603V



Rétt 091, horft í suður.



Í heimatúni er einföld tóft um 10 m norðaustan við tóft 090 og um 130 m austan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er grasigróin brekka innan heimatúns sem hallar 5-20° til NNV. Tóftin er einföld, egglaga og vel grasigróin. Hún er um 9 m á lengd, um 8 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti en eru nokkuð signir, um 2 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Trúlega hefur verið gengið inn að norðanverðu undan brekkunni en ekki er hægt að greina skýran inngang. Innanmál tóftar er um 5x4 m en botn hennar er ójafn og þýfður. Líklega er hér um litla rétt að ræða.

Hættumat: engin hætta

BA-139:092 mannvirki
Lítill skurður er 125 m ANA við bæjarhól 001 og um 20 m sunnan við hesthús 009. Á þessu svæði er deig mýri í heimatúni í brekku sem hallar 0-5° til NNV. Skurðurinn er að mestu beinn og liggur norðvestur-suðaustur. Skurðurinn er um 50 m á lengd, um 0,2-0,4 m á breidd og 0,1-0,4 m á dýpt. Uppspretta virðist vera í suðurenda skurðar sem rennur undan Halli svo ekki er ólíklegt að skurðurinn hafi verið handgrafinn til þess að leiða vatnið úr uppsprettunni niður fyrir tún.
Hættumat: engin hætta



Skurður 092, horft í NV.

BA-139:093 tóftir 65°32.795N 24°21.176V
Á loftmynd sést óljós rúst vestan við Fiská en sunnan við nokkurnvegin ferkantaðan túnskika sem afmarkast með skurðum á alla vegu. Þetta er um 350 m SSV af núverandi bæjarstæði í Breiðavík. Gróið land. Tóftin fannst á loftmynd eftir að vettvangsskráningu lauk. Hún virðist vera tvískipt og sennilega er op á báðum hólfum í norður. Alls er umfang rústarinnar um 10 x 10 m eða rúmlega það. Sennilega er hún lágreist og veggir algrónir. Sennilega eru þetta útihús en ekki þó óhugsandi að hér séu komin hús sem eru sýnd á stakstæðum túnskika á túnakorti um 1920 og merkt Skiki Magnúsar Jónssonar/MJ. Umræddur túnskiki er ekki sýndur í réttri afstöðu við heimatúnið á túnakortinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915

BA-139:094 *Steinka* varða samgöngubót 65°32.111N 24°25.162V
Í Vestfirzkum sögnum I segir: "Gat hann þess, að þegar hann hefði verið kominn upp á Látrahváls og að vörðu, sem Steinka er nefnd, hefði hann mætt kvikindi nokkru, og þar hefði viðureign sín byrjað við það, en endað hefði hún hjá vörðunni í Lambahlíðarskarði á Látraheiði, og mundi nokkur verksummerki sjást á vörðu þeirri um viðureign þessa, og ekki myndi framar verða vart við þetta í sinni tíð." Í örnefnaskrá Breiðavíkur 139:001 segir um Steinku: "Steinka. Af Búðarbrekkum [ofan við verbúðirnar við Kumbrana] liggur vegurinn enn nokkuð á ská út á fjallið. Verður þar brátt fyrir lágur hjalli, sem nefnist Steinka. Frá Steinku liggur vegurinn þvert yfir hálsinn." Hér að framan ber frásögnum af Steinku greinilega ekki saman. Í fyrri lýsingunni er Steinka varða á meðan að í þeirri seinni er hún hjalli. Grjóthlaðin varða var skráð neðst á Látrahálsi á malarhjalla upp og suður af Búðarbrekkum suðvestan við Sandbugana, 50-100 m norðvestur af leiðinni (138:053) yfir Látraháls og um 3,5 km VSV við Breiðavík 052. Á þessu svæði er grýttur og lítt mosagróinn hjalli sem hallar 2-10° niður til norðausturs. Varðan er grjóthlaðin og kubbsleg, um 1x1,2 m að flatarmáli og 1-1,2 m á hæð (8 umför). Hleðslur eru signar en varðan er að mestu hlaðin úr þykku hellugrjóti. Hún virðist ekki hafa staðið alveg við götu 138:053 yfir Látraháls milli Breiðavíkur og Hvallátra, sem er um 100 m í burtu, en þó virðist á loftmynd sem eldri ógreinlegri leiðarangi hafi legið áður niður af hjallanum um 50 m nær svo ekki er það alveg útilokað.




Steinka 094, horft í NA.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Vestfirzkar sagnir I, 185; Ö-Breiðavík, 18-19

5. Niðurstöður

Alls voru skráðir 345 minjastaðir á jörðunum þremur. Þó eru einstakar fornleifar miklu fleiri, enda geta verið margar tóftir og garðlög á hverjum minjastað. Af heildinni er óvenju hátt hlutfall varðveittra tófta og annarra sýnilegra mannvirkja, enda hefur hlutfallslega litlu verið raskað á svæðinu vegna aukinnar ræktunar eða annarra umsvifa í búskap, sem annars sjást víða á landbúnaðarsvæðum. Það er óhætt að segja að svæðið hafi nokkra sérstöðu vegna hinna vel varðveittu minja og vegna þess byggðamynsturs sem þar er, og einkennist helst af fjölsóttum verstöðvum. Landslag á svæðinu er, líkt og víðast hvar á Vestfjörðum, fremur hrjóstrugt að stórum hluta. Há og brött fjöll eða björg rísa upp úr sæ en gróðurlendi er fyrst og fremst upp af láglendi við víkur og fjarðabotna. Milli byggðra svæða eru hrjóstrugar heiðar og fjalllendi. Bæði Breiðavík og Hvallátrar standa upp af breiðum víkum mót norðri með talsvert miklu og gróðursælu undirlendi sem fer smáhækkandi upp til heiða. Keflavík,



Skráningarsvæðið. Bæirnir (Breiðavík, Hvallátrar, Keflavík) sýndir með rauðum punktum en verstöðvar með gulum. Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á Rauðasandi eða bæjunum við Patreksfjörð.

sem er sunnan á skaganum, hefur á hinn bóginn rýrari landgæði, er í djúpu dalverpi með takmörkuðu graslendi og minni möguleikum til ræktunar. Byggðamynstur og dreifing minja mótast að miklu leyti af landsháttunum. Flestar minjar eru óhjákvæmilega þar sem umsvif manna voru mest, í túnum umhverfis bæi, þar sem skepnum var beitt skammt utan túns og í högum fjær og hér einnig í verstöðvum þaðan sem róið var. Minjar á heiðum uppi tengjast

hins vegar helst samgöngum (helst vörður) og hér einnig nytjum í bjarginu. Verstöðvamynstrið er afar einkennandi á bæjunum þremur, enda voru fjölsóttar verstöðvar í landi þeirra allra, sem skýrist fyrst og fremst af nálægð skagans við góð og gjöful fiskimið. Bæði í Breiðavík og á Hvallátrum hafa bæir (fleiri en einn, enda margbýlt) staðið upp af víkum þar sem láglendið er hvað mest. Verstöðvarnar hafa hins vegar verið fjarri bæjum við víkurendana eins og sést á meðfylgjandi korti. Í Keflavík hefur bærinn sjálfur hins vegar staðið uppi í kvos fjarri ströndinni en strandlengjan sjálf verið lögð undir verstöðina.

Bæjarstæði og býli

Bærinn í Breiðavík var fluttur til vesturs, á núverandi stað, snemma á 20. öld og því er gamla bæjarstæðið, norðan undir Hallinum, varðveitt með stórum bæjarhól og fjölda rústa. Sömu sögu má segja af Keflavík, en þar var búið fram yfir 1930 og hefur bæjarstæðið haldist óbreytt síðan og túninu ekkert verið raskað. Túnið á Hvallátrum hefur þróast talsvert allt fram á þennan dag. Þar er vitað um þrjú meginbæjarstæði: Heimabæ (138:001), en við hann var einnig bænhús (138:002), Húsabæ (138:003) og Miðbæ (138:009). Bæjarstæðin eru í misjöfnu ásigkomulagi: á Heimabæjarhólnum stendur nú sumarbústaður en ekki er líklegt að bæjarhóllinn hafi raskast mikið af þeim sökum. Fjöldi húsa stendur á Húsabæ en engar stórvirkar framkvæmdir hafa verið þar á 20. öld – frekar hægfara uppbygging. Þar hafa fundist gripir á 20. öld í bökkum gils framan við bæinn og líklegt að þar hafi veir öskuhaugur. Miðbær brann árið 1955 og er talið að rústunum hafi verið jafnað út eftir það, enda var vegur lagður yfir bæjarstæðið. Þar vottar ekki fyrir hólmyndun en hugsanlegt er að mannvistarleifar séu eftir undir sverði, ekki síst næst gilinu norðan við bæinn. Nokkrar þurrabúðir eru þekktar úr heimildum bæði í Breiðavík og á Hvallátrum. Litlar leifar sjást af slíkum býlum í dag aðrar en af Gústukofa (138:031) á Hvallátrum, sem er frábært dæmi um þurrabúðarbýli frá því snemma á 20. öld og telst merkilegar minjar á landsvísu. Bærinn, sem er að stofni til hlaðinn úr torfi og grjóti, er enn undir þaki en líftími hans styttist óðum, enda stendur hann opinn fyrir veðri og vindum. Leifar fleiri býla eru þekktar á svæðinu. Básar (138:081) voru skv. heimildum býli sem átti að hafa eyðst í svartadauða. Nafnið er þekkt í dag á undirlendi við sjóinn skammt austur af Bjargtangavita. Þar sjást nokkrar rústir sem virðast raunar yngri en svo að þær gætu hafa farið í eyði á 14.-15. öld en ekki útlokað að þær tilheyri búsetu af einhverju tagi. Hætta steðjar að rústum í Básum vegna sjávarrofs. Urðarhvammur (139:023) hét býli í landi Breiðavíkur sem byggðist um skeið á 19. öld, líklega á gömlu stekkjarstæði.

Þar eru geysilega fallegar og vel varðveittar rústir af litlum bæ undir grýttri urð, túngarði sem afmarkar lítið túnstæði og útihúsum.

Kirkjur, mannabein og meintir legstaðir

Í Breiðavík var sóknarkirkja allt frá árinu 1825 en fyrir þann tíma geta heimildir um hálfkirkju á staðnum. Núverandi kirkja, sem stendur ofan við bæinn, var vígð 1964 en eldri kirkjugrunnur og kirkjugarður eru norðvestar, niðri á sléttum grundum neðan túns (139:003). Þar stóð eldri sóknarkirkja (sú síðasta reist 1899) en ennþá eldra kirkjustæði er einnig þekkt í gamla túnfætinum. Þar heitir Bænhústóft (138:002) og sjást þar mjög óljósar tóftir og garðleifar í sveig sem gætu verið leifar af gömlum, hringlaga kirkjugarði. Ekki er vitað hvenær kirkja var flutt af þessum stað og niður á grundirnar, kannski þegar Breiðavíkurkirkja var gerð að sóknarkirkju en gæti líka hafa verið miklu fyrr. Nokkrum sinnum hefur orðið vart við bein manna og hrossa á yngra bæjarstæðinu í Breiðavík, þar sem íbúðarhús (og síðar skóli) var reist árið 1912 á svonefndum Lambhúsvelli (sjá 138:040). Fyrst var það þegar húsið var reist og þá virðist Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörður, hafa farið á staðinn þótt lítið hafi verið ritað um þá ferð – en fram kemur í örstuttri frásögn í Árbók Fornleifafélagsins að hann hafi fundið nokkur mannabein við suðvesturhorn hússins, um 30 cm. í jörðu. Síðan hafa oft komið upp mannabein, einnig norðar, þar sem stóðu fjárhús (sjá 038). Umfang beinafundarsvæðis og frásagnir benda til að hér gæti hafa veirð kumlateigur úr heiðnum sið eða mögulega grafreitur við enn eldri kirkju, enda hafa engir gripir fundist svo staðfest sé sem tengja mætti við heiðiinn sið. Því miður eru upplýsingar svo brotakenndar að fátt er af þeim að ráða. Bænhús (138:002) hét á Hvallátrum rétt sunnan við bæjarstæði Heimabæjar, þar sem síðar var reist býlið Gimli á 20. öld. Heimildir geta um bænhús á staðnum „til forna“ en það var löngu affellt þegar Árni og Páll rituðu jarðabók sína árið 1710. Engin ummerki sjást nú um bænhúsið og ekki er vitað um mannabeinafundi á staðnum. Öllu óljósari eru sagnir af mannabeinafundum annarstaðar í Hvallátralandi. Í hólnum Kárna (138:038) er ýmist sagt að eigi að vera dysjaðir margir erlendir ræningjar eða foringi þeirra, Kárni. Svipað er að segja af ávölum, manngerðum hól í verstöðinni á Brunnum, Kúlureit (sjá 138:013G), en þar áttu sömuleiðis að hafa verið dysjaðir ræningjar og mannabein áttu að hafa komið í ljós. Báðar sagnir hafa verið tengdar Spánverjavígum þótt ekki geti heimildir um komu eftirlifenda að Látrum. Hugsanlega eiga sagnir við einhver rök að styðjast en varla verður þó skorið úr um það nema með fornleifarannsókn.

Verstöðvar

Utan túna á skráningarsvæðinu eru verstöðvaminjar langsumfangmestu minjastaðirnir. Heimildir geta aðallega um steinbítsveiðar á vorvertíð en fátt er vitað um þróun þessara verstöðva, sem líklegt er að hafi verið í notkun um aldir. Þangað var sótt úr nágrannasveitum, t.a.m. Tálknafirði, Arnarfirði og reyndar líka frá Rauðasandi. Umfangsmestu minjarnar eru í Breiðavíkurveri (139:017) og á Brunnum (138:013). Á báðum stöðum sjást mikil ummeki um verbúðir, fiskgarða og önnur mannvirki sem tengjast útræði. Róið var frá Breiðavíkurveri langt fram á 20. öld og sjást þess merki í þróun húsagerðar en tóftir eru bæði hlaðnar, hlaðnar og steyptar og loks yngsta búðin með steyptum veggjum. Á Látranesi hefur verbúðum að mestu verið spillt en þar eru fiskgarðar á stóru svæði enn sýnilegir (sjá 138:077). Norðaustast í Breiðavíkinni eru þónokkrar minjar sem tæpast geta verið eftir annað en útræði þótt ekki virðist þeirra getið í heimildum (139:071). Þá eru vel varðveittar minjar í Keflavík einnig, ekki síst vestan við Ormalækinn (137:032). Auk verbúða, fiskgarða og annarra minja sem tengjast beint búsetu, útgerð og verkun á verstöðvunum má finna þar merkilegar minjar sem eru til vitnis um aðrar hliðar samfélagsins. Þetta eru aflraunasteinar, en þeir eru þekktir bæði á Brunnaverstöð og Látranesi. Þá er þekktur staður á Látranesi, kletturinn Steinka, þar sem krakkar æfðu bjargsig.

Minjar á bjarginu

Látrabjarg er, eins og fram kom í fornleifaumfjöllun með deiliskipulagsgreinargerð, þungamiðja svæðisins í margvíslegum skilningi. Þótt þar séu fáar áþreifanlegar fornleifar er mikilvægi bjargsins að miklu leyti fólgið í menningarlegum þáttum ekki síður en því áþreifanlega: jarðfræðinni, fuglunum eða nytjum sem hafa mátti af bjarginu. Sérstaða menningar á svæðinu markast að miklu leyti af bjarginu og bjargferðum og hagfræði bjargsins, þ.e. skipulag, hagnýting og skipting nytja er síðan rannsóknarefni út af fyrir sig. Sögur af bjargferðum og ekki síður björgunarafrekinu við Látrabjarg gegna mikilvægu hlutverki fyrir samfélagið og bjargið verður . Örnefni eru mikilvægar „minjar“ í þessu samhengi og í tengslum við þau varðveitast minningar. Tiltölulega fáar áþreifanlegar minjar eru eftir um bjargferðir en hér skulu þó taldar þær helstu. Einn þollur var skráður (138:066), en hann er ekki annað en jarðfastur steinn sem stendur upp úr sverði og vaður var festur í við bjargsig. Meint fuglabyrgi voru skráð á nokkrum svæðum, þ.e. byrgi sem fugli var stungið

undir í geymslu í skamman tíma. Þetta eru í flestum tilvikum hellur sem standa skáhallt upp úr jörðinni nálægt bjargbrún og ekki alltaf auðvelt að átta sig á því hvort þær eru svo frá náttúrunnar hendi eða lagaðar til af mönnum (sjá t.d 138:163). Þó fundust hlaðin byrgi innan um á 2-3 stöðum (sjá t.d. 138:164) sem gætu hafa verið notuð fyrir fugl eða hugsanlega vað (138:125). Veglegasta tóftin á bjarginu er hins vegar þekkt sem vaðbyrgi (138:084) og mun vaður hafa verið geymdur þar á sigtíma. Í heimildum er getið um hleðslur í bjarginu sjálfu á tveimur stöðum, annars vegar í Kvíarhillum (138:155) og hins vegar í Jötunsaugum (138:159). Ekki lögðu fornleifafræðingar í bjargsig þessu sinni og því ekki vitað um ástand minja nú.

Nánar verður fjallað um einstaka minjaflokka á svæðinu þegar skráning þar verður lengra komin.

Heimildaskrá:

ÁFÍ 1959: Jóhann Skaptason. 1959. *Árbók Ferðafélags Íslands 1959. Barðastrandarsýsla*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Birna Lárusdóttir, Borghildur Sturludóttir og Þórhildur Þórhallsdóttir. 2014. Látrabjarg - deiliskipulag. Greinargerð deiliskipulags við Látrabjarg ásamt umhverfisskýrslu. Baark arkitektar í samstarfi við Vesturbyggð, Umhverfisstofnun ogVegagerðina.

Bstbók: Barðstrendingabók, Reykjavík 1942.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.

Einar Guðmundsson. 1999. *Ljós við Látraröst. Frásöguþættir Ásgeirs Erlendssonar á Látrum*. Hrafnseyri: Vestfirska forlagið,

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 1995. *Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi, Vesturbyggð, V-Barðastrandarsýslu 20.-26. ágúst 1994*. Rannsóknaskýrslur Fornleifadeildar 1994 VII. Þjóðminjasafn Íslands.

Herforingjaráðskort frá 1912. Landmælingar Íslands.

Herforingjaráðskort frá 1933. Landmælingar Íslands.

Jarðabréf: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43.

KEKH: Kristján Eldjárn. Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi. 2. útg. Adolf Friðriksson ritstýrði. Reykjavík: Mál og menning, 2000.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Matthías Þórðarson. 1925. "Smávegis." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1924, bls. 42-58.

Niðjatal: *Niðjatal hjónanna Sigríðar Eggertsdóttur og Kristjáns H. Sigmundssonar bónda, Heimabæ, Hvallátrum*. [tekið saman af börnum og barnabörnum sumarið 2000].

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1997. *Svæðisskráning fornleifa í Vesturbyggð* (FS031-96041). Fornleifastofnun Íslands.

PP: *Prestatal og prófasta.* 2. útg. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1949-1951.

SSV: *Sóknalýsingar Vestfjarða* I-II. Reykjavík 1952.

Túnakort frá því um 1920 fyrir Hvallátra, Breiðavík og Keflavík. Þjóðskjalasafn Íslands. (sjá einnig hér: http://skjalaskrar.skjalasafn.is:8080/default.aspx?id=SVMtw57DjS0wMDIxLTAwMDAtMDEyLUU=)

Túnakort Þórðar Ó. Thorlacius 1915. [uppruni óljós]

Vestfjarðarit III: Birgir Þórisson (ritstj.). 2011. *Fólkið, landið og sjórinn. Vestur-Barðastrandarsýsla 1901-2010.* Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða.

Vestfirzkar sagnir I, safnað hefur Helgi Guðmundsson, 2-3. Reykjavík: Bókaverzlun Guðmundar Gamalíelssonar : Fagurskinna, 1933-1949

Ö-Breiðavík: Örnefnalýsing Breiðavíkur. Trausti Ólafsson frá Breiðavík skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Breiðavík viðb.: Viðbót við örnefnaskrá Breiðavíkur. Þórhallur Vilmundarson skráði eftir Ásgeiri Erlendssyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Breiðavíkurbjarg: Breiðavíkurbjarg og Saurbæjarbjarg. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Ö-Hvallátrar: Örnefnalýsing Hvallátra e. Ara Gíslason, lesin yfir með Daníel Eggertssyni frá Hvallátrum. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Ö-Hvallátrar aths.: Tekið úr svörum Þórðar Jónssonar á Hvallátrum, skráð 1968. Spurningar áttu við skrá Ara Gíslasonar. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Ö-Hvallátrar ÞJ: Örnefnalýsing Hvallátra , Þórður Jónsson skráði 1955. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Keflavík: Örnefnalýsing Keflavíkur. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki: Kort










Keflavík


Stærð: 2,7 ha, 1/4 slétt.
Kálgarðar: 618 m²





Hvalláhur
Stærð: 8 ha.
Kálg. 1898 m²
töft 008
007 hjallur
Miðbær 009
006 fjós
004 hlaða
002 Gimli (bænhús)
068 fjós
Heimabær 001
094 vegur
012 Svanborgarhúsið
011 fjós
0
100
metrar


Lárannsið.
Stæ. 1,9 ha.
076 fjárhús (áður verbúðir)
075 naust o.fl.
146 hleðsla
149 þúst
Húsaþúsið.
Stæ. 3 ha.
Kálg. 8 aqur
Tröllhóll
123 útihús
103 útihús
102 útihús
108 útihús
003 Húsabær
(með kálgarði)
107 útihús
0
50
metrar


N
W
E
S
0 0,5 1 2
Km
mkv:
1:80.000
á A4
Fornminjar
Leiðir
Yfirlitskort 1


N
W
E
S
0 0,5 1 2
Km
mkv:
1:80.000
á A4
Landamerki
RALA
Sérkort
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
Yfirlitskort 2


Sérkort 1
138013H
138069
138013G
138142
138143B
138143A
Sérkort 1c
138023A
138128
138049
138127
138079A
138079B
138023B
138129
138137
138136
138081
138141
138080C
138024
138126
138025A
138025C
Sérkort 1a
138073
138016
138020
138019A
138078
138132
138133
138167
138135
138134
138018E
138018J
138021
138022
138018G
138018H
Sérkort 1b
138018K
138095
138166
138163
138164
138125A
138125B
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar





Sérkort 1a



Sérkort 1b

Sérkort 1c



138013H
138013G
138013E
138069
138013D
138142
138143A
138143B
N
W
E
S
0 10 20 40
M
Fornminjar
Garðar
mkv:
2.000
á A4



Sérkort 2
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
138121
138096
138042
138039
138038
138041
138013A
138032
138033
138070
138131A
138040
138013H
138069
138013G
138013D
138142
138143A
138143B
138131B
Sérkort 1c
138127
138126
138019A
138020
138019C
138019B
138019D
138026
138135
138027


Sérkort 2a
N
W
E
S
0
25
50
M
mkv:
2.500
á A4
Fornminjar
Garðar
138038
138013A
138032
138013B
138033
138070



138122
138165
138028
138124
138084
138155
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar


Sérkort 3


Sérkort 4
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
139069
138140
138139
138138
138077 I
138077 III
138117
138059
138160
138147
138116
138115
138149
138158
138114
138150
138089
138156
Sérkort 4a
138053I
138053H
138050
138053F
138053G
138112
138113
138123
138111
138064
138045
138109
138119
138120
138104
138118B
138107
138108
138009
138106
138043
138098
138105
138067
138036
138082
138148
138063
138062
138083
138012
138099
138110
138087
138011
138097
138092
138088
Sérkort 4b
138168
138035
138151
138065
138161
138051D
138085
138086
138152
138030
138100
138101
138053C
138072
138053D
138053A
138053B
138162a
138091
138054
138056
138144
138154
138051K
138051E
138051J
138051F
138051A
138051B
138051I
138051G
138051H



Fornminjar
Garðar
138077 I
138077 III
138077 II
138117
138059
138077 IV
138071
138116
138145
138160
138147
138057
138115
138149
138114
138150
138074
138089
138146
138158
138076
138075
138156
N
W
E
S
0
25
50
M
mkv:
2.500
á A4
Sérkort 4a



138111
138113
138112
138045
138123
138118A
138064
138066
138102
138104
138103
138119
138120
138005
138109
138093
138058
138118B
138108
138009
138008
138017
138107
138060
138105
138003
138031
138106
138094
138006
138007
138014
138036
138098
138010
138001
138004
138067
138063
138047
138002
138068
138061
138048
138148
138082
138062
138012
138083
138046
138055
138015
138099
138087
138034
138088
138092
138011
138097
N
W
E
S
0
20
40
M
mkv:
2.000
á A4
Fornminjar
Garðar
Sérkort 4b



138052
138169
138153
138130
Sérkort 5
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar



Sérkort 6
139017L
139017K
139017X
139019
139075
139017J
139075b
139051
139070
139017H
139017D
139017C
139017B
139070A
139074A
139074B
139074C
139070B
138053J
139018
Sérkort 6a
139094
138053I
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
139056
139055



Sérkort 6a
N
W
E
S
0 20 40 80
M
mkv:
4.000
á A4
Fornminjar
Garðar
139017L
139017X
139017J
139019
139017I
139017H
139017G
139075
139051
139070
139017f
139017E
139075b
139017D
139017B
139017A
139070A
139074A
139074B
139074C
139070B
138053J



N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
139068
139071E
139071F
139081A
139081B
139022
139020
139021
139023D
139046
139023C
139036
139028
139072
139026
139012
139027
139003
139037
139049
139087
139035
139034
139037B
139014
139090
139091
139078
139089
139084
139006
139086
139015A
139048
139016
139040
139052
139065
139042
139039
Sérkort 7a
Sérkort 7



N
W
E
S
0
25
50
M
mkv:
2.500
á A4
Fornminjar
Garðar
139012
139011
139010
139027
139002
139041
139009
139049
139037A
139037
139037B
139014
139087
139092B
139008
139035
139004
139092A
139034
139078
139088
139084
139001
139091
139007
139089
139090
139015
139015A
139085
139006
139086
139005
139013
139048
139016
Sérkort 7a



139028
139072
139024
139025E
139025C
139025D
139025F
139025A
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
Sérkort 8



139006
139086
139085
139048
139016
139040
139052
139065
139042
139039
139050
139064
139025E
139025C
139025D
139025F
139025A
139093
139073
139057B
139057A
139083
139061A
139061B
139061E
139061D
139082
139059
139060
139058
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
Sérkort 9


138051C
137045
139077
139079
139080
138051 x
139066
139076
0 50 100 200
M
N
W
E
S
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
Sérkort 10


139061A
139061B
139061D
139061F
139061C
139061E
139061G
139061H
139061I
139061L
139061N
139061O
139061K
139061M
139061J
139061P
139061Q
139061R
139061S
139061T
139061U
139061V
139061W
139061X
139061
139061Y
139061Z
137038
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
Leiðir
Sérkort 11


137047
137035
137034
137022A
137022B
137036A
137036B
137073
137042B
137081
137072
137042A
137052
137071
137075
137021
137041
137067
137076
137074
137069
137066
137043
137056
137065
137048
137058
137049
Sérkort 12b
137015
137017
137018
137016
137010
137027
137013
137055
137079
137015b
137053
137054
137007
137031A
137031B
137032E
137062
137078
137032D
137032X
137051
137046b
137050
137046
Sérkort 12a
N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
Sérkort 12


137031A
137031B
137032E
137032F
137062
137078
137032D
137032C
137032B
137032A
137032X
137051
Sérkort 12a
N
W
E
S
0 5 10 20
M
mkv:
1.500
á A4
Fornminjar
Garðar


Sérkort 12b
137042A
137042B
137061B
137011A
137061C
137081
137077A
137077B
137072
137063
137011B
137020
137075
137071
137008
137070
137041
137037
137040
137069
137004B
137076
137019
137068
137030
137060
137001
137061A
137004A
137002
137059C
137003
137059A
137074
137009
137061D
137064B
137012
137064A
137043
137014
137066
137058
137048
137056
137057
137049
137065
137015
137017
137018
N
W
E
S
0
20
40
M
mkv:
2.000
á A4
Fornminjar
Garðar


N
W
E
S
0 50 100 200
M
mkv:
10.000
á A4
Fornminjar
Garðar
137024
137023
137047
137034
137022A
137022B

Sérkort 13